Seinna skrefið í nýju barnabótakerfi tekur gildi í ársbyrjun. Breytingarnar sem hafa verið innleiddar undanfarin tvö ár hafa tryggt 3.000 fleiri fjölskyldum barnabætur en raunin hefði verið í óbreyttu kerfi. Nýju fyrirkomulagi fylgir einnig töluvert hagræði fyrir barnafjölskyldur, því auk þess sem stuðningur er eflur með hækkingu fjárhæða, minni skerðingum og lægri jaðarsköttum, þá verða einnig teknar upp samtímagreiðslur barnabóta. Í því felst að biðtími eftir greiðslum verður aldrei meiri en fjórir mánuðir en biðtími gat áður verið ríflega ár frá fæðingu barns.

Stjórnvöld hafa sömuleiðis lagt áherslu á að verja kaupmátt bóta almannatrygginga undanfarin ár. Því til marks var tekin sérstök ákvörðun um að hækka bætur, umfram hækkun í fjárlögum, um mitt ár 2022 og 2023 til að mæta áhrifum verðbólgu.

Áhersla á aðhald

Ríkissjóður hefur staðið gegn vexti eftirspurnar og verðbólgu síðastliðin tvö ár og útlit er fyrir að svo verði enn á næsta ári. Það ár munu áhrif efnahagslega aðhaldsins koma fram í auknum mæli.

Til viðbótar við mikinn viðsnúning síðustu misseri eru 17 milljarða ráðstafanir útfærðar í frumvarpinu til að hægja á vexti útgjalda. Þar af er gert ráð fyrir að launakostnaður stofnana lækki um 5 milljarða króna. Mun því koma til nokkurrar fækkunar stöðugilda í stofnanakerfinu sem bæði getur komið fram í gegnum starfsmannaveltu og uppsagnir. Vörður verður þó áfram staðinn um framlínustarfsemi, m.a. á sviði heilbrigðismála, löggæslu, dómstóla og menntamála.


Þá lækka önnur rekstrargjöld á borð við ferðakostnað, auk þess sem lögð verður áhersla á hagkvæmari opinber innkaup en stefnt er að um 4 milljarða hagræðingu með þeim aðgerðum. Enn fremur er aukið á aðhald innan ráðuneyta og dregið úr nýjum verkefnum – og er með því stefnt að 8 milljarða hagræðingu.



Góður árangur í stafvæðingu ríkisins styður við að verkefnið takist vel samhliða áframhaldandi bættri þjónustu við landsmenn. Í þeim efnum er af mörgu að taka en nefna má að innleiðingu stafrænna þinglýsinga er að miklum meirihluta lokið og er áætlað að þær spari samfélaginu um 1,6 milljarða króna árlega. Heimsóknir á Ísland.is hafa margfaldast á síðustu tveimur árum og nema nú milljónum ár hvert enda hundruð þjónustuleiða verið innleiddar með tilheyrandi sparnaði á tíma og fjármunum fyrir bæði almenning og starfsfólk. Daglega bætast nýjar þjónustuleiðir við vefinn en nú þegar fara mánaðarlega tugþúsundir umsókna í gegnum umsóknarkerfi Ísland.is.

Heimsóknir á Ísland.is


Fjöldi flettinga í milljónum eftir ársfjórðungum



Samhliða aðhaldi í útgjöldum er ráðist í nokkrar aðgerðir á tekjuhlið ríkisfjármálanna. Nefna má að fyrsta skrefið verður tekið í breyttri gjalddöku af ökutækjum og umferð á nýju ári, líkt og boðað hefur verið. Tekjur ríkissjóðs af þeirri skattlagningu hafa rýrnað mikið á undanförunum árum samhliða breytingum á bílaflota landsmanna. Til að bregðast við þeirri þróun verður innleitt nýtt, einfaldara og samngjarnara kerfi þar sem greiðslur eru í auknum mæli tengdar notkun. Þannig verður áfram hægt að standa að metnaðarfullri uppbyggingu samhliða nauðsynlegu viðhaldi vegakerfisins. Í fyrsta skrefi er horft til raf- og tengiltvinnbíla sem hafa hingað til borið takmarkaðan kostnað af notkun vegakerfisins. Gjaldtöku verður þó hagað með þeim hætti að eftir sem áður verður umtalsvert hagkvæmara að eiga slíka bíla heldur en bensín- eða díselbíla. Á næsta ári munu ívilnanir til stuðnings vistvænum samgöngum sömuleiðis breyta um form og hverfa úr virðisaukaskattkerfinu en verða þess í stað útfærðar á gjaldahlið í gegnum Orkusjóð.

Tekjur af ökutækjum og eldsneyti hafa lækkað mikið

%VLF



Gistináttaskattur var felldur niður tímabundið á tímum faraldursins. Að óbreyttu er gert ráð fyrir að hann taki aftur gildi um áramót og leggist þá einnig á skemmtiferðaskip. Nú stendur yfir vinna með hagaðilum þar sem skoðaðar verða ólíkar leiðir, m.a. í ljósi tæknibreytinga, um breytt gjalda- og skattaumhverfi fyrir greinina. Krónutölugjöld verða hins vegar almennt ekki


látin fylgja verðlagi, ólíkt fyrra ári þar sem þau héldust í við verðlagsforsendur. Þannig munu þau aðeins uppfærast um 3,5% um áramót en með því eru skattarnir um 3 ma.kr. lægri en ef þeir hefðu fylgt verðlagi.

Forgangsraðað fyrir öflugt samfélag

Í samræmi við þá megináherslu frumvarpsins að bæta áfram afkomuna og vinna gegn verðbólguþrýstingi hefur það ekki að geyma stór ný útgjaldamál. Vöxtur útgjalda ríkissjóðs að nafnvirði er þannig að stærstum hluta drifinn áfram af launa- og verðlagsbreytingum en ekki nýjum ákvörðunum. Þær eru áætlaðar um 68 ma.kr. á næsta ári sem er um tveir þriðju hluta aukningarinnar á útgjaldahlíðinni og eru þær hlutfallslega miklar í sögulegu samhengi. Hins vegar er áfram fjárfest í mikilvægum innviðum og vaxtargreinum hagkerfisins auk þess að bæta og styrkja þjónustu við almenning.


Heilbrigðismál tæpur þriðjungur útgjalda

rammasett útgjöld, án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga




Heilbrigðismál eru í forgrunni nú líkt og áður. Stærsta einstaka framkvæmdin í frumvarpinu er bygging nýja Landspítalans en fjárheimild til verkefnisins er augin um 10,5 ma.kr. og verður tæplega 24 ma.kr. á árinu. Spítalinn sem rís nú hratt er stærsta fjárfestingaverkefni ríkisins í sögunni og mun gjörbylta aðstöðu og umgjörð heilbrigðisþjónustu í landinu. Alls aukast útgjöld til heilbrigðismála um rúmlega 14 ma.kr. að raungildi milli ára en auk byggingar Landspítalans má nefna rekstur hjúkrunarrýma, framlög til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga og samninga við sérgreinalækna.

Stóraukna fjárveitingar til byggingar nýs Landspítala 2024



Það er mikilvægt að létta skrefin inn á fasteignamarkað en þar skiptir framboð mestu máli samhliða áframhaldandi lækkun verðbólgu sem ætti að fylgja lækkun vaxta. Nýbyggðum íbúðum hefur fjölgað umtalsvert á þessu ári og enn er mikill kraftur í byggingu nýs íbúðarhúsnæðis en fjöldi íbúða í byggingu er við sögulegt hámark. Mikilvægt er að kröftug uppbygging haldi áfram en þar spila sveitarfélög lykilhlutverk. Ríkið mun sömuleiðis halda áfram að leggja sitt af mörkum með tvöföldun stofnframlaga til uppbyggingar leiguíbúða innan almenna íbúðakerfisins þannig að í stað þess að 500 íbúðir verði byggðar árlega árin 2024 og 2025 með stuðningi ríkisins verði þær 1.000 á ári. Sömuleiðis verður horft til frekari lánsfjárheimildar til hlutdeildarlána í samræmi við þetta markmið en gert er ráð fyrir að áætlanir vegna lánveitinga verði endurmetnar við aðra umræðu frumvarpsins.

Fjöldi íbúða í byggingu við sögulegt hámark



Heimild: Fasteignaskrá HMS.

Fyrirnefndar aðgerðir spila stærstan þátt í því að næstmest aukning útgjalda er í félags-, húsnæðis- og tryggingamálum en þar hafa fyrirnefndar kerfisbreytingar í barnabótum sömuleiðis mikið að segja. Útgjöld til málefna umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks hafa sömuleiðis aukist umtalsvert samhliða fjölgun í þeim hópi að undanfögnu. Gert er ráð fyrir að heildarframlög þvert á málefni útlendinga, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks verði ríflega 15 ma.kr. Hækkunin nemur 7 ma.kr. á raunvirði á milli ára en m.a. er um að ræða framlög vegna fæðis- og húsnæðiskostnaðar, endurgreiðslur til sveitarfélaga og samninga um samræmda móttöku flóttafólks.

Af öðrum málum má nefna að fjárfestingarframlög til samgönguframkvæmda aukast um 2,4 ma.kr. milli ára og 1,3 milljarða aukning í rekstrarframlögum rennur til eflingar háskólastigsins m.a. til að auka samkeppnishæfni í alþjóðlegum samanburði. Þá á að fjölga nemendum í starfs- og tækninámi á framhaldsskólastigi. Helmingshækkun verður á stuðningi við einkarekna fjölmiðla á milli ára. Framlög til varnarmála eru aukin, m.a. til að standa að sameiginlegum tímabundnum verkefnum í Úkraínu. Undirbúningur vegna heildarendurskoðunar á örorkulífeyriskerfinu heldur áfram á árinu 2024, stutt verður við innlenda framleiðslu á korni og kaup björgunarskipa fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörgu verða styrkt.

Mikið í húfi

Áframhaldandi lækkun skulda er grundvallaratriði á komandi ári. Það er ekki aðeins mikilvægt til að búa í haginn fyrir áföll sem geta fyrirvaralaust haft mikil áhrif á lítið samfélag á eldfjallaeyju. Lægri skuldir munu sömuleiðis draga úr vaxtakostnaði ríkissjóðs sem er enn of hár og styrkja getu okkur til að sækja fram og lækka skatta þegar fram í sækir. Áframhaldandi afkomubati, sala á eignarhlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka og viðvarandi efnahagsbati munu stuðla að frekari lækkun skulda.

Markmiðið er að komast á þann stað sem við vorum á árið 2019 enda var sterk staða okkar gulls ígildi þegar á reyndi ári síðar. Til viðbótar við afkomubata og aðhald er tónninn því settur með enn frekari aðgerðum. Eitt grundvallaratriði á því samhengi er að fjármálareglur taka gildi ári fyrir en áætlað var en þeim var tímabundið vikið til hliðar í heimsfaraldri. Samhliða munum við leggja mat á árangur af núverandi fjármálareglum og kanna tækifæri til að gera enn betur. Frumvarp um stofnun Þjóðarsjóðs verður sömuleiðis lagt fram að nýju til að styrkja enn frekar áfallapol ríkissjóðs til framtíðar.


Árangur næst þó ekki aðeins með aðhaldi og reglusetningu. Við þurfum að halda áfram að stækka kókuna, breikka tekjustofninn og fjölga tækifærum á Íslandi. Þar gengur okkur vel en mikil tækifæri eru enn til staðar. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna endurgreiðslna á rannsókn- og þróunarkostnaði fyrirtækja muni nema um 15 ma.kr. á komandi ári. Undanfarin ár hefur ríkissjóður aukið gríðarlega fjárfestingu sína á þessu sviði og er nú óvída meira fjárfest í rannsóknum og þróun.

Þessi stuðningur hefur þegar borið ríkulegan ávöxt og hefur störfum í hátækni- og hugverkaiðnaði fjölgað umfram önnur störf síðastliðin þrjú ár. Vonir standa til að ábatinn af þessari fjárfestingu aukist ár frá ári með fjölbreyttum og eftirsóttum störfum sem styðji við hagsæld samfélagsins alls. Fjárfesting vísisjóða í frumkvöðlafyrirtækjum hefur stóraukist og útflutningstekjur í greininni hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár. Nýlega seldu frumkvöðlar á Vestfjörðum íslenskt hugvit fyrir tæplega tvö hundruð milljarða króna. Við það tilefni sagði stofnandinn að í dag væri hvergi betra að vera nýsköpunarfyrirtæki en á Íslandi. Í þessu kristallast það samfélag sem við viljum halda áfram að byggja.

Ísland er í sterkri stöðu og öllu máli skiptir að halda fast í árangurinn. Hratt batnandi staða ríkissjóðs og áframhaldandi vöxtur stuðlar að efnahagslegum stöðugleika og samhliða gæti verðbólgan lækkað hröðum skrefum en jákvæð þróun í þeim efnum er stærsta hagsmunamál samfélagsins alls. Það er því sannarlega mikið í húfi.

2 Efnahagsstefna


Þenslan í þjóðarbúinu er í rénun og útlit fyrir að ágætt jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum árið 2024 samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem liggur til grundvallar þessu fjárlaga-frumvarpi. Spáin byggist á því að verulega hægi á fólksflutningum til landsins en hröð fólksfjölgun hefur verið megindrífkraftur hagvaxtar undanfarin ár. Spáin er í meginatriðum samhljóða öðrum nýlegum hagspám fyrir árið 2024 en nokkuð bjartari fyrir yfirstandandi ár. Efnahagshorfur kalla á að unnið verði að áframhaldandi afkomubata og lækkun opinberra skulda. Stuðlar það að viðnámsþrótti hagkerfisins og bættri ytri stöðu. Þá er enn nokkuð í land með að verðbólga verði á ný í markmiði þótt gert sé ráð fyrir að hún fari fremur hratt lækkandi. Raungerist þessar fyrirætlanir skapast forsendur fyrir lækkun vaxta. Lækkun raunvaxta getur stuðlað að áframhaldandi kröftugri fjárfestingu. Viðvarandi fjárfesting getur að sama skapi átt þátt í að bæta framleiðnivöxt hagkerfisins, en aukin framleiðni er forsenda sjálfbærs vaxtar lífsskjara.



Spenna á vinnumarkaði virðist hafa minnkað undanfarna mánuði. Atvinnuleysi náði lágmarki fyrr á árinu og lausum störfum hefur fækkað. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að atvinnuleysi aukist lítillega og verði 4% árið 2024. Horfur eru á að verðbólga lækki áfram enda hefur verðbólguþrýstingur minnkað á breiðum grunni og áhrif hagstjórnarlegs aðhalds

Hagvöxtur verður nálægt langtímagetu árið 2024

Framlag undirliða landsframleiðslu til hagvaxtar



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

undanfarinna missera eru enn að koma fram. Enn er þó of snemmt að hrósa sigri og áfram er brýn þörf á samhæfingu hagstjórnar til þess að verðbólga lækki að markmiði. Þjóðhagsspáin gerir ráð fyrir að verðbólga verði að jafnaði 4,9% árið 2024 og lækki svo enn frekar árið eftir.

Einkaneysla og fjárfesting hafa vaxið af miklum krafti undanfarin tvö ár. Nú hægir á vextinum og nálgast hann jafnvægi árið 2024 gangi þjóðhagsspáin eftir. Þá er gert ráð fyrir 2–3% vexti einkaneyslu og fjárfestingar. Nýbyggðum íbúðum hefur fjölgað það sem af er ári og spár Hagstofan áframhaldandi vexti í íbúðafjárfestingu 2024. Hlutdeild fjárfestingar í landsframleiðslu er nú sú mesta frá fjármálakreppunni og gert er ráð fyrir að hún haldist jafn há árið 2024 þrátt fyrir að þenslan í þjóðarþúinu hjaðni og raunvextir hafi hækkað.

Vöxtur útflutnings, einkum ferðaþjónustu, hefur verið afar kraftmikill en talið er að útflutningsvöxturinn nálgist jafnvægi árið 2024 og verði þá 3%. Þótt hægi á vextinum standa allar helstu útflutningsgreinar sterkum fótum. Mikil útflutningsáform eru í nokkrum vaxtargreinum, s.s. fiskeldi og heilbrigðistengdum greinum, en ekki er búist við því að þau hafi veruleg áhrif á heildarútflutning fyrir en síðar. Halli á viðskiptum við útlönd 2024 verður áþekkur því sem verið hefur, eða 1–2% af landsframleiðslu, gangi spáin eftir. Bætt afkoma ríkissjóðs minnkar viðskiptahallann og styrkir þannig viðnámsþrótt þjóðarbúsins gagnvart ytri áföllum.

Spáin gerir ráð fyrir að nokkuð hægi á aðflutningi fólks til landsins enda hefur hann aðallega verið drifinn áfram af mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Spár undanfarinna ára hafa oft vanmetið fólksfjölgun sem hefur verið einn helsti drifkraftur hagvaxtar. Samhliða hægari fólksfjölgun og fjölgun íbúða er búist við því að húsnaðismarkaður færir áfram í átt að meira jafnvægi.

Staða heimila styrkist með lakkandi verðbólgu og vöxtum

Laun hafa hækkað meira en verðlag undanfarið ár og kaupmáttur launa hefur aukist á ný. Verðbólga leggst að jafnaði þyngst á þau sem hafa lægstar tekjur og mesta framfærslubyrði. Spornað hefur verið við þeirri þróun, m.a. með hækkingu viðmiða tekjuskattkerfisins og hækkingu bóta. Þannig hafa bætur almannatrygginga verið hækkaðar svo þær haldi í við verðbólgu en því til viðbótar hækkuðu húsaleigubætur um fjórðung milli ára frá miðju ári 2022, eignaskerðingarmörk í vaxtabótakerfinu hækkuðu um 50% í byrjun þessa árs og nýtt barnabótakerfi, sem er innleitt í skrefum í byrjun þessa árs og þess næsta, tryggir að bæturnar nái til 3.000 fleiri heimila en áður.

Hærrí vextir geta vegið á móti fyrir fjárhag skuldsettra heimila. Vaxtagjöld heimilanna, í hlutfalli við ráðstöfunartekjur, voru enn lág í sögulegu samhengi árin 2021–2022 en nálgust langtímameðaltal sitt á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs. Þau hafa líklega hækkað frekar. Þrátt fyrir hærri vexti eru vanskil á lánum til heimila enn með minnsta móti.

Þjóðhagsspáin byggist á þeirri forsendu að laun hækki með svipuðum hætti og á árunum 2019–2020 en þá var verðbólga jafnframt mun lægri en nú. Á þessum grundvelli er talið að kaupmáttur launa vaxi áfram 2024 og að vextir geti byrjað að lækka á því ári. Hagur heimilanna vænkast samhliða auknum kaupmætti, auknum verðstöðugleika og lægra vaxtastigi. Þetta samspil launa, verðbólgu og vaxta er viðkvæmt og krefst ábyrgðar og samstillingar á vinnu- markaði, í opinberum fjármálum og á sviði peningastefnu.

Ríkisfjármál eiga ekki að auka við eftirspurn í hagkerfinu

Ríkisfjármál geta haft fjölpætt áhrif á hagþróun. Við núverandi aðstæður hárrar verðbólgu og verðbólguvæntinga er mikilvægt að ríkisfjármálin stuðli ekki að enn frekari innlendri eftirspurn. Ólíkt því þegar mikill slaki myndast í hagkerfinu, líkt og í faraldrinum, geta aukin ríkisútgjöld eða skattalækkanir nú sem auka á halla ríkissjóðs haft í för með sér verulegan samfélagslegan kostnað í hærri verðbólgu og vöxtum.

Þá geta ríkisfjármál dregið úr öðru efnahagslegu ójafnvægi. Breytt skattlagning ferðaþjónustu líkt og stefnt er að, sem dregur úr þeim skattalega stuðningi sem greinin hefur notið,

er til þess fallin að jafna samkeppnisstöðu atvinnugreina og stuðla að efnahagslegum stöðugleika.

Áhrif ríkisfjármála á eftirspurn metin með tvennum hætti

Algengur mælikvarði á efnahagsleg áhrif ríkisfjármála er breyting á afkomu ríkissjóðs milli ára, leiðrétt fyrir tilteknum þáttum. Hér verða í fyrsta sinn birtir tvenns konar útreikningar á þessu. Útreikningarnir mæla það sama en með ólíkum hætti. Niðurstaða þeirra er hér svipuð, líkt og fjallað er um hér að neðan.

Í fyrsta lagi er lagt mat á hagsveifluleiðréttan frumjöfnuð ríkissjóðs. Í þeirri aðferð eru metin áhrif hagsveiflunnar á tekjur og gjöld ríkissjóðs dregin frá frumjöfnuði hans. Áhrif ríkisfjármála á eftirspurn eru talin ráðast af þeim hluta afkomubreytingarinnar sem eftir stendur. Í öðru lagi eru lagðar saman ákvarðanir um breytingar á tekjum og útgjöldum sem nánar er fjallað um í köflum 4 *Tekjur ríkissjóðs* og 5 *Gjöld ríkissjóðs*. Sú aðferð er ekki háð tölfræðilegu mati á áhrifum hagsveiflunnar.


Í báðum tilfellum byggist greiningin þó á mati á framleiðslugetu, þ.e. því stigi efnahagsumsvifa sem er talið samrýmast stöðugu verðlagi. Mikil óvissa ríkir nú um vöxt framleiðslugetu, einkum í ljósi mikillar fólksfjölgunar sem erfitt er að áætla hvort haldi áfram til lengdar. Þá hafa ítrekað verið miklar breytingar á mati Hagstofunnar á hagvexti liðinna ára og ársfjórðunga.

Hagsveifluleiðrétur frumjöfnuður bendir til aðhalds undanfarin ár

Mat á hagsveifluleiðrétum frumjöfnuði leiðir í ljós að ríkissjóður hefur haldið aftur af eftirspurn í hagkerfinu frá árinu 2022 eftir mikinn stuðning við heimili og fyrirtæki í gegnum faraldurinn. Enn gæti töluverðs aðhalds á yfirstandandi ári en áætlanir gera ráð fyrir að ríkisfjármálin dragi lítillega úr eftirspurn árið 2024, þ.e. hagsveifluleiðrétur frumjöfnuður ríkissjóðs eykst lítillega milli ára þegar tekið hefur verið tillit til spár um minnkandi framleiðsluspennu.

Ríkissjóður hefur dregið úr eftirspurn

Breyting í hagsveifluleiðrétum frumjöfnuði ríkissjóðs, % af framleiðslugetu



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.


Lítill útgjaldavöxtur samhlíða auknum tekjum

Hin aðferðafræðin til að leggja mat á eftirspurnaráhrif ríkissjóðs felst í því að leggja saman áhrif ákvarðana um lækkun eða hækkun tekna og útgjalda.

Jafnvægisvöxtur frumútgjalda er hér skilgreindur sem vöxtur framleiðslugetunnar á nafnvirði sem nemur 9 % á næsta ári samkvæmt spá Hagstofu. Með öðrum orðum er lítið svo á að

útgjöld geti vaxið að því marki á nafnvirði, s.s. vegna vísitölutenginga og langtímavaxtar hagkerfisins, án þess að í því felist ákvörðun um aukin umsvif ríkisins í hagkerfinu. Vaxi útgjöld meira telst það leiða af ákvörðunum um aukin umsvif. Atvinnuleysisbætur eru ekki taldar með enda leiða þær að mestu sjálfvirkt af hagsveiflunni.

Samkvæmt þessu aukast útgjöld um 9 ma.kr. umfram nafnvöxt framleiðslugetu 2024 eða sem nemur 0,2% af framleiðslugetu. Þar af má rekja um 13 ma.kr. til hækkunar á fjárheimildum vegna verðbólgu á árinu 2023 umfram forsendur síðustu fjárlaga sem færast inn í fjárlögum 2024. Lækkun annarra útgjalda vega á móti, þ.m.t. þær 17 ma.kr. útgjaldaráðstafanir sem kynntar voru í aðdraganda framlagningar frumvarpsins. Því til viðbótar aukast útgjöld um 7,5 ma.kr. þar sem stuðningur við orkuskipti færast frá VSK-kerfinu til Orkusjóðs. Á móti útgjaldavextinum vega sértækar tekjuráðstafanir sem sýndar eru í mynd að neðan og nema u.þ.b. 26 ma.kr., eða 0,5% af framleiðslugetu. Samanlagt dregur ríkissjóður úr eftirspurn í hagkerfinu um 0,3% af framleiðslugetu skv. þessari aðferðafræði.



Þessi útreikningur er í meginráttum í samræmi við tölfræðilega matið, þ.e. að ríkissjóður hamli lítillega eftirspurn árið 2024 samkvæmt frumvarpinu. Af þessum greiningum leiðir að ekkert svigrúm er til að auka ríkisútgjöld frekar eða draga úr fyrirhuguðum tekjuráðstöfunum án þess að það leiði beint til aukinnar eftirspurnar, og þannig hærrí verðbólgu og vaxta, nema samsvarandi ráðstafanir séu gerðar til að bæta afkomu á móti. Það sama gildir um endurlán ríkissjóðs til aðila á borð við Húsnæðissjóð, Betri samgöngur og Menntasjóð námsmanna.

Frávíkssviðsmyndir

Margþætt óvissa er um þróun efnahagsmála hverju sinni. Ráðuneytið hefur útbúið tvær sviðsmyndir sem fanga áhrif tiltekinnna óvissuþátta. Í sviðsmyndunum felst ekki heildstætt óvissumat heldur eru þær aðeins stílfærð dæmi um mögulega aðra hagþróun en í spá Hagstofunnar.

Bjartsýn sviðsmynd

Í bjartsýnni sviðsmynd ráðuneytisins er gert ráð fyrir meiri útflutningi og fjárfestingu. Eftirspurn eftir íslenskri ferðaþjónustu hefur vaxið af miklum krafti sem hefur einkum birst í mikilli fjölgun ferðamanna til landsins. Aukist útgjöld hvers ferðamanns hér á landi getur útflutningsverðmæti ferðaþjónustu einnig aukist. Væri það í takt við stefnu stjórnvalda um aukna framleiðni í greininni. Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir sama fjölda ferðamanna og í grunnspá Hagstofunnar, en að útgjöld hvers ferðamanns séu 6% meiri en þar er gert ráð fyrir. Í sviðsmyndinni er einnig gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við Hvammsvirkjun 2024 ólíkt grunnspá.

Í sviðsmyndinni er hagvöxtur 2024 um 1% meiri en í grunnspá eða sem nemur um 40 ma. kr. Atvinnuleysi er lítið eitt minna og kaupmáttur meiri.

Raungerist bjartsýna sviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði 10–15 ma.kr. betri á næsta ári í samanburði við áætlun fjárlagafrumvarpsins, eða sem nemur 0,3% af VLF. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs færi þannig úr 1% af VLF og yrði 0,7% af VLF. Skýrist það einkum af hærri tekjum í samræmi við breyttar efnahagsforsendur. Áhrifin á skuldir ríkissjóðs eru um 0,5% af VLF til lækkunar og skýrist breytingin til jafns af bættari afkomu og hærri VLF í útreikningi hlutfallsins. Skuldir ríkissjóðs skv. skuldreglu laga um opinber fjármál yrðu þannig 30,4% af VLF í árslok 2024 í stað 30,9% af VLF, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Svartsýn sviðsmynd

Í svartsýnni sviðsmynd ráðuneytisins eru óhagstæðari forsendur um þróun verðbólgu og vaxta. Verðbólga hefur nú um nokkurt skeið verið talsvert yfir markmiði og þótt hún hafi farið lækkandi eru verðbólguvæntingar enn of háar, bæði til skemmri og lengri tíma. Enn er því hætt á að trúverðugleiki verðbólgu markmiðs Seðlabankans reynist veikari en gert er ráð fyrir í grunnspánni. Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir því að kjölfesta verðbólguvæntinga verði aftur jafn laus og fyrir miðjan síðasta áratug. Við það verður verðbólga þrálátari en í grunnspá. Jafnframt er gert ráð fyrir meiri launahækkunum á næstu misserum en í grunnspá, t.d. í viðleitni til að viðhalda sama vexti í kaupmætti launa og í grunnspánni.

Í sviðsmyndinni er verðbólga 2024 um 1,5 prósentustigum hærri en í grunnspá og vextir að sama skapi. Kaupmáttur á mann og einkaneysla er um 0,5 prósentustigum minni en í grunnspá. Hagvöxtur er óverulega minni 2024, en neikvæð áhrif herra vaxtastigs á efnahagsumsvif koma í meiri mæli fram á árunum á eftir.

Raungerist svartsýna frávikssviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði 5–10 ma.kr. lakari í samanburði við áætlun fjárlagafrumvarpsins eða sem samsvarar 0,2% af VLF. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs færi þannig úr 1% af VLF og yrði 1,2% af VLF. Forsendur sviðsmyndarinnar leiða til hækkunar nafnverðs tekna um 15 ma.kr. vegna herra verðlags, en útgjaldaauki er metinn um 20–25 ma.kr. Hækkun útgjalda má rekja nokkurn veginn til jafns til hærri vaxtagjalda vegna aukinna verðbóta verðtryggðra lána og hærri frumgjalda vegna forsendna um þróun verðlags og launa. Vakin er athygli á því að í niðurstöðum sviðsmyndarinnar er gert ráð fyrir að frumgjöld ríkissjóðs sem tengd eru verðlagi taki breytingum innan ársins. Í framkvæmd má hins vegar gera ráð fyrir að hluti þeirra útgjalda komi ekki fram fyrr en ári síðar þegar fjárheimildir ráðuneyta og stofnana eru leiðréttar fyrir þróun verðlags umfram forsendur fjárlaga. Þannig kann hluti af afkomulækkun ríkissjóðs samkvæmt sviðsmyndinni að koma fram ári síðar. Áhrif á skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu eru um 0,1–0,2% af VLF til lækkunar, þrátt fyrir lakari afkomuhorfur. Þannig lækkar skuldahlutfallið um 0,3% af VLF vegna herra nafnverðs VLF í sviðsmyndinni en lakari afkoma hækkar hlutfallið um 0,1–0,2% af VLF á móti. Skuldir ríkissjóðs fara þannig úr 30,9% af VLF skv. áætlun fjárlagafrumvarpsins og verða 30,8% af VLF skv. forsendum sviðsmyndarinnar.

3 Markmið í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2024 í samhengi við helstu stefnumið fjármála-áætlunar fyrir árin 2024–2028.

The infographic consists of a blue header bar with a white circle on the left containing the text 'Rekstur ríkissjóðs á réttri leið'. To the right of the circle are four columns of text, each with a bold heading and a descriptive sentence.

Rekstur ríkissjóðs á réttri leið	Frumafkoma hefur batnað verulega og mun hraðar en áður áætlað.	Ráðstafanir auka tekjur og draga úr útgjaldavexti á næsta ári.	Skuldahlutfall fer lækkandi og meginmarkmiði fjármálastefnu er náð.
---	---	---	--

Framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál ríkissjóðs í þessum kafla er samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, svokölluðum GFS-staðli (e. Government Finance Statistics Manual). Markmið staðalsins er að veita góða sýn á efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna. Vakin er athygli á því að ríkisreikningur er birtur skv. IPSAS-reikningsskilastaðlinum (e. International Public Sector Accounting Standards) en fjallað er um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.

3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að 46 ma.kr. halli verði á heildarafkomu ríkissjóðs sem samsvarar 1% af VLF og hefur afkoman ekki verið betri síðan 2018. Stjórnvöld eru nú í raunhæfri stöðu að ná fram jákvæðum heildarjöfnuði ríkisins áður en langt um líður. Þá er áætlað að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. afkoma án vaxtagjalda og -tekna, verði jákvæður um rúmlega 28 ma.kr., eða 0,6% af VLF á næsta ári. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs á mælikvarða skuldareglu¹ laga um opinber fjármál verði í lok næsta árs um 1.400 ma.kr. eða 30,9% af VLF og lækkar hlutfallið milli ára.

Gangi þessar áætlanir eftir mun hafa tekist að festa í sessi þann mikla bata sem orðið hefur á afkomu- og skuldahorfum ríkissjóðs á undanförunum misserum. Mikill viðsnúningur hefur orðið á rekstri ríkissjóðs eftir þann gríðarmikla halla sem einkenndi reksturinn í kjölfar heimsfaraldursins árin 2020–2021. Þannig var halli á frumjöfnuði ríflega 190 ma.kr. hvort ár eða sem nemur 6–7% af VLF. Umfang batans hefur nýlega verið staðfest með ríkisreikningi fyrir árið 2022² og reyndist frumjöfnuður ríkissjóðs hafa verið orðinn lítilllega jákvæður það árið. Afkomubati frumjafnaðar milli árunna 2021 og 2022 nemur um 6% af VLF og ekki eru mörg dæmi í hagsögu Íslands þar sem jafn mikill viðsnúningur hefur átt sér stað milli ára. Þá á viðsnúningurinn í afkomuþróun ríkisins sér stað umtalsvert fyrr en gert var ráð fyrir þegar fjármálastefna árin 2022–2026 var lögð fram í upphafi kjörtímabilsins og samþykkt á Alþingi í febrúar 2022. Á þeim tíma var útlit fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs yrði fyrst jákvæður árið 2026. Þessi bætta staða ríkisfjármálanna endurspeglast jafnframt í uppfærðum afkomuhorfum


¹ Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum. Skuldareglan tekur til hins opinbera í heild og kveður á um að skuldir hins opinbera skuli ekki vera umfram 30% af VLF.

² Ríkisreikningur 2022 sem aðlagður hefur verið að hagskýrslustaðli GFS til samræmis við framsetningu fjárlaga, sbr. séryfirlit 2 í ríkisreikningi.

yfirstandandi árs sem gera ráð fyrir jákvæðum frumjöfnuði sem nemur 47 ma.kr. eða 1,1% af VLF og er það tæplega 100 ma.kr. betri útkoma en áætlun fjárlaga ársins 2023 gerði ráð fyrir.

Afkoma ríkissjóðs batnar um 2% af VLF frá síðustu fjárlögum og meira en 7% af VLF frá árinu 2020

% af VLF



Fjárlagafrumvarp ársins 2024 er sett fram í samræmi við markmið gildandi fjármálaáætlunar eins og lög um opinber fjármál gera ráð fyrir, en fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028 var samþykkt á Alþingi í júní sl. Meginleiðarljós samþykkrar fjármálaáætlunar er að standa vörð um efnahagsbatann sem náðst hefur eftir kórónuveirufaraldurinn og sporna við þenslu í hagkerfinu og verðbólgu á sama tíma og styrkur ríkisfjármálanna er endurbyggður. Til þess að ná settum markmiðum um afkomu- og skuldaþróun ríkissjóðs og styðja betur við markmið peningastefnu gerir fjármálaáætlunin ráð fyrir tilteknum ráðstöfunum til að bæta afkomu ríkissjóðs á næsta ári.

Tekjuáætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði 1.349 ma.kr., eða 29,8% af VLF. Á tekjuhlið er m.a. gengið út frá forsendum um heildarendurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis, að farið sé í aukna skattlagningu á ferðaþjónustuna og aukna gjaldtöku af fiskeldi. Þá verði farið í tímabundna hækkun á tekjuskatti lögaðila sem komi til framkvæmda á næsta ári sem skili sér í auknum tekjum á árinu 2025. Loks gerir tekjuáætlun ráð fyrir áframhaldandi áhrifum ráðstafana sem farið var í á þessu ári, m.a. varaflugvallargjald og breytingar á VSK-endurgreiðslum vegna íbúðarhúsnæðis. Samanlagt er áætlað að framangreindar ráðstafanir skili ríkissjóði um 25 ma.kr. í auknar tekjur á næsta ári. Nánar er fjallað um tekjuáætlun ársins 2024 í kafla 4.2.


Heildargjöld ríkissjóðs árið 2024 eru áætluð 1.395 ma.kr., eða 30,8% af VLF. Útgjaldahlíð ríkissjóðs vex milli ára að nafnvirði en stóran hluta aukningarinnar má rekja til verðlagsbreytinga. Þá er á næsta ári gert ráð fyrir 17 ma.kr. ráðstöfunum til að draga úr útgjaldavexti sem útfærðar eru í málefna sviðum ráðuneytanna. Þær ráðstafanir felast m.a. í því að draga saman rekstrarframlög og umfangi nýrra verkefna sem fyrirhuguð voru í forsendum fjármálaáætlunarinnar. Nánar er fjallað um útgjöld ársins 2024 í kafla 5.1.

Að teknu tilliti til framangreindra ráðstafana er heildarjöfnuður ríkissjóðs áætlaður í halla um 46 ma.kr., eða 1% af VLF á næsta ári, og frumjöfnuður ríkissjóðs er áætlaður jákvæður um rúmlega 28 ma.kr., eða 0,6% af VLF. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs batni verulega frá fjárlögum ársins 2023 en í samanburði við horfur yfirstandandi árs lækkar jöfnuðurinn um tæplega 19 ma.kr. milli ára. Rétt er í því sambandi að vekja athygli á

tveimur atriðum sem skekkja þann samanburð milli ára. Annars vegar falla til rúmlega 15 ma.kr. einkiptistekjur á árinu 2023 í tengslum við sölu Landsvirkjunar á Landsneti í lok síðasta árs. Hins vegar er gert ráð fyrir um 68 ma.kr. auknum útgjöldum vegna verðlagsbreytinga á árinu 2024. Þar af eru um 13 ma.kr. sem rekja má til aukinnar verðbólgu á yfirstandandi ári sem gert er ráð fyrir að færist inn í fjárheimildir í fjárlögum 2024 en ekki innan ársins 2023. Ef leiðrétt er fyrir þessum þáttum er frumjöfnuðurinn í reynd að batna um 10 ma.kr. milli ára, eða 0,2% af VLF.

Frumjöfnuður ríkissjóðs batnar milli ára þegar leiðrétt er fyrir einkiptistekjum og tilflutningi verðlagsbóta milli ára

Frumjöfnuður ríkissjóðs, % af VLF



* Frumjöfnuður ársins 2023 leiðréttur fyrir 15,5 ma.kr. einkiptistekjum vegna sölu Landsvirkjunar á Landsneti og 13 ma.kr. áhrifum verðlagsbóta ársins 2023 sem koma fram á árinu 2024.

Bata í frumjöfnuði ríkissjóðs á undanförunum misserum má fyrst og fremst rekja til þess hve vel hagkerfið hefur tekið við sér í kjölfar faraldursins. Tekjur ríkissjóðs hafa tekið hratt við sér á grunni hins sterka efnahagsbata og samhliða hefur verið gætt að því að sýna nokkurt aðhald á útgjaldahliðinni. Birtist aðhaldið m.a. í því að á meðan tekjuhliðin hefur tekið við sér og vaxið hraðar en nemur vexti landsframleiðslunnar eru frumgjöldin um hálfu prósentustigi lægri sem hlutfall af VLF árin 2023 og 2024 en þau voru árið 2022. Með öðrum orðum er ekki verið að ráðstafa öllum viðbótartekjum sem leiðir af hagsveiflunni í ný og aukin útgjöld heldur er þess í stað verið að nýta þær til að bæta afkomu ríkissjóðs.


Annar mælikvarði á rekstur ríkissjóðs er greiðsluafkoma en hún mælir innflæði í ríkissjóð á móti greiðslum úr ríkissjóði sem fram koma í sjóðstreymi. Greiðsluafkoman er lykilstærð þegar kemur að því að meta lánsfjárför og hefur því bein áhrif á skuldaþróun. Á árunum 2020–2021 var greiðsluafkoma ríkissjóðs í halla um á bilinu 6–7% af VLF hvort árið en halli á greiðsluafkomu er nú áætlaður um 0,8% af VLF á næsta ári. Þessi breyting er í takt við þróun heildarafkomu og styður enn frekar við þá þróun af stöðu ríkissjóðs sem hér er dregin fram.

Hraður efnahagsbati staðfestir réttmæti þeirra ákvarðana sem teknar voru í upphafi faraldursins um að ríkissjóður tæki stöðu með heimilum og fyrirtækjum á meðan hann geisadi og skapaði þeim um leið skilyrði til að veita kröftuga viðspyrnu þegar faraldrinum sleppti. Fylgifiskur þessa kröftuga efnahagsbata sem hefur drifið afkomubatan er há verðbólga, framleiðsluspenna og lítið atvinnuleysi. Afar mikilvægt er því að haga ríkisfjármálunum með þeim hætti að hún aftri ekki peningastefnunni að sinna sínu hlutverki við að ná niður verðbólgu og verðbólguvæntingum líkt og fjallað er um í kafla 2 *Efnahagshorfur*.

Þegar þróun opinberra fjármála á Íslandi er skoðuð í alþjóðlegu samhengi, þ.e. afkoma ríkis og sveitarfélaga, má sjá að batinn á frumjöfnuði hér á landi hefur verið kraftmeiri en hjá þróuðum ríkjum að meðaltali skv. spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Afkoma hins opinbera að batna hratt í alþjóðlegum samanburði

Frumjöfnuður hins opinbera, % af VLF




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Bætt afkoma og hagvöxtur hafa varnað því að skuldastaða ríkissjóðs versnaði jafn mikið og horfur voru á í upphafi heimsfaraldursins og hefur meginmarkmiði fjármálastefnu um stöðvun á vexti skuldahlutfallsins þegar verið náð. Eins og kunnugt er jukust skuldir ríkissjóðs umtalsvert í kjölfar faraldursins. Þannig fóru skuldir samkvæmt skuldareglu úr tæpum 22% af VLF í árslok 2019 og urðu rúmlega 33% af VLF í árslok 2021 þegar hlutfallið náði hámarki. Frá þeim tíma hafa skuldir á þennan mælikvarða farið lítillega lækkandi og stefnir hlutfallið í að verða innan við 31% af VLF í lok næsta árs. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir áframhaldandi sölu á eignarhlut í Íslandsbanka en miðað er við að eftirstandandi hlutur ríkissjóðs verði seldur í jöfnum hlutum á næsta ári og á árinu 2025 sem dregur úr lánsfjárbörf á næstu tveimur árum. Viðunandi skuldastig er forsenda þess að bregðast megi við óvæntum efnahagsáföllum og beita ríkisfjármálum sem sveiflujafnandi hagstjórnartæki líkt og til tókst í gegnum kórónuveirufaraldurinn. Þá felur hærra skuldastig í sér að efnahagsreikningur ríkissjóðs er viðkvæmari fyrir áföllum og útsettari fyrir markaðsáhættu, s.s. breytingum á

Skuldahlutfallið lækkar áfram og stefnir í 31% af VLF í árslok 2024

Skuldir skv. skuldareglu hækka um rúmlega 50 ma.kr. að nafnvirði milli 2023 og 2024 en lækka sem hlutfall af VLF



vöxtum, gengi krónunnar og verðbólgu líkt og fjallað er um í kafla 11 *Fjárhagsáætta ríkissjóðs*. Því er mikilvægt að áfram verði unnið að lækkun skuldahlutfallsins á komandi árum.

Ríkisstjórnin setti sér þau meginmarkmið í fjármálastefnu árin 2022–2026 að styðja við hagkerfið þar til efnahagslífið næði traustri fötfestu að nýju. Í framhaldinu yrði áhersla lögð á að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs og í því skyni var sett markmið um að bæta afkomu ríkissjóðs jafnt og þétt þannig að stöðva mætti hækkun á skuldum hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu eigi síðar en í árslok 2026. Þessu markmiði hefur nú verið náð. Samhliða yrði tryggt að tölulegar fjármálareglur laga um opinber fjármál gætu tekið gildi sama ár eftir að hafa verið tímabundið vikið til hliðar í miðjum kórónuveirufaraldrinum. Í ljósi bættrar stöðu ríkisfjármála og bjartra horfa í hagkerfinu eru nú uppi áform um að flýta gildistöku tölusettra skilyrða þannig að þau taki gildi ári fyrir en áður var áætlað. Þá verður hugað að framtíðaruppbyggingu viðnámsstyrks opinberra fjármála með frumvarpi um stofnun Þjóðarsjóðs sem verður lagt fyrir Alþingi á komandi haustþingi.

Samanburður við fjármálaáætlun

Afkoma ársins 2024 er í öllum meginatriðum í samræmi við þau stefnumið sem sett voru í fjármálaáætlun sem samþykkt var í júní sl. Þótt nokkur breyting hafi orðið á samsetningu og umfangi tekna og gjalda. Frá vinnslu fjármálaáætlunar hafa efnahagshorfur breyst á þann veg að nú er gert ráð fyrir hærri verðbólgu á yfirstandandi ári og því næsta ásamt herra vaxtastigi. Miðað við uppfærðar efnahagsforsendur batnar frumjöfnuður ársins 2024 um 15 ma.kr. en vaxtajöfnuður er lakari um 13 ma.kr. Samanlagt er afkoman á næsta ári áætluð 2 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Það svarar til 0,1% af VLF þegar einnig er tekið tillit til herra nafnvirðis landsframleiðslunnar.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjármála- áætlun 2024	Frumvarp 2024	br.	Fjármála- áætlun 2024	Frumvarp 2024	br.
Frumtekjur	1.298,0	1.312,3	14,3	29,2	29,0	-0,3
Frumgjöld	1.284,5	1.284,1	-0,4	28,9	28,4	-0,6
Frumjöfnuður	13,5	28,1	14,6	0,3	0,6	0,3
Vaxtatekjur	35,1	36,3	1,2	0,8	0,8	0,0
Vaxtagjöld	96,9	110,7	13,8	2,2	2,4	0,3
Vaxtajöfnuður	-61,8	-74,4	-12,6	-1,4	-1,6	-0,3
Heildartekjur	1.333,1	1.348,5	15,4	30,0	29,8	-0,2
Heildargjöld	1.381,4	1.394,8	13,4	31,1	30,8	-0,3
Heildarjöfnuður	-48,3	-46,3	2,0	-1,1	-1,0	0,1

Þá hefur orðið breyting á útfærslu afkomubætandi ráðstafana í samanburði við fjármálaáætlun. Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum á næsta ári. Í áætluninni var ráðstöfununum dreift til jafns á tekju- og gjaldahlið en í greinargerð áætlunnar innar var vísað til þess að þær yrðu nánar útfærðar við vinnslu fjárlagafrumvarpsins. Við útfærslu fjárlagafrumvarpsins var tekin ákvörðun um að þessar ráðstafanir skyldu vera útfærðar innan málefna sviða ráðuneyta á gjaldahlið. Af þeim sökum lækka bæði tekjur og gjöld um 4,5 ma.kr. í samanburði við fjármálaáætlun en afkomuáhrif þessara ráðstafana eru þau sömu.

Frumtekjur eru áætlaðar 14,3 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Breytingin

leiðir annars vegar af uppfærðum forsendum um meiri nafnvöxt landsframleiðslu samhliða aukinni verðbólgu sem hækkar tekjuáætlun um tæplega 19 ma.kr. og hins vegar af tilfærslu afkomubætandi ráðstafana af tekjuhlið yfir á gjaldahlið sem lækkar tekjuáætlun um 4,5 ma.kr. Vaxtatekjur eru áætlaðar 1,2 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun vegna breyttra efnahagsforsendna, þ.e. hærri verðbólgu og vaxtastigs. Samanlagt eru heildartekjur því áætlaðar 15,4 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni. Nánar er fjallað um breytingar á tekjuáætlun ársins 2024 frá fjármálaáætlun í kafla 4.4.

Frumgjöld eru áætluð 0,4 ma.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Þar vegast á aukin útgjöld vegna nokkurra afmarkaðra mála sem forsendur lágu ekki fyrir um við vinnslu fjármálaáætlunar auk áhrifa uppfærðrar þjóðhagsspár og 4,5 ma.kr. viðbótarlækkunar útgjalda í samanburði við fjármálaáætlun vegna tilfærslu afkomubætandi ráðstafana frá tekjuhlið yfir á gjaldahlið. Meðal nýrra útgjaldamála vega þyngst 3,7 ma.kr. aukin stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins. Aðgerðin er hluti af verðbólguaðgerðum ríkisstjórnarinnar á árunum 2024 og 2025 og hefur það markmið að auka framboð á húsnæðismarkaði. Áformað er að tvöfalda fjölda byggðra íbúða með stuðningi ríkisins úr 500 í 1.000 íbúðir á hvoru ári. Af öðrum stærri og veigameiri útgjaldamálum er rétt að nefna 1,9 ma.kr. aukningu framlaga vegna nýs samnings Sjúkratrygginga Íslands við sérgreinalækna. Gert er ráð fyrir að samningurinn auki útgjöld ríkissjóðs um rúma 4 ma.kr. á ársgrundvelli en fjárheimildir eru til staðar fyrir rúmlega 2 ma.kr. af þeirri fjárhæð. Á móti vegur endurmat á útgjöldum almannatrygginga vegna greiðslna til ellilífeyrisþega en útgjöld yfirstandandi árs stefna í að vera lægri en gert var ráð fyrir í forsendum fjármálaáætlunar vegna aukinna tekna ellilífeyrisþega.

Vaxtagjöld eru áætluð 13,8 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Breytinguna má að stærstum hluta rekja til herra vaxtastigs en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa hefur hækkað skarpt á undanförunum mánuðum sem leiðir til þess að gjaldfærðir vextir eru áætlaðir um 11 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir við vinnslu fjármálaáætlunar. Þá leiðir spá um hærri verðbólgu til um 3 ma.kr. hækkunar á áætlun verðbóta verðtryggðra lána. Samanlagt eru heildargjöld, þ.e. vaxtagjöld og frumgjöld, áætluð 13,4 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlið frá fjármálaáætlun í kafla 5.4.

Afkoma ársins 2023

Afkoma ríkissjóðs hefur batnað verulega á síðustu misserum og hefur batinn verið umtalsvert hraðari en fyrri spár gerðu ráð fyrir en afkoman í ár er ríflega 78 ma.kr., eða 2% af VLF, betri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Þá er frumjöfnuður ríkissjóðs nánast 100 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir. Með uppfærðum horfum yfirstandandi árs er búið að innbyrða áhrif af umtalsvert betri stöðu ríkisfjármála á árinu 2022 en gert var ráð fyrir við vinnslu fjárlaga seint á síðasta ári. Munurinn er til marks um hve skjótt afkoma ríkissjóðs hefur batnað á tímabilinu og þá fyrst og fremst tekjuhliðin til samræmis við kröftugan efnahagsbata.

Þjóðhagsgrunnur	Fjárlög 2023	ma.kr.		Fjárlög 2023	% af VLF	
		Áætlun 2023	br.		Áætlun 2023	br.
Frumtekjur	1.122,5	1.223,9	101,4	28,4	29,2	0,8
Frumgjöld	1.172,8	1.177,0	4,1	29,7	28,1	-1,6
Frumjöfnuður	-50,3	47,0	97,3	-1,3	1,1	2,4
Vaxtatekjur	25,4	36,0	10,6	0,6	0,9	0,2
Vaxtagjöld	94,7	124,1	29,4	2,4	3,0	0,6
Vaxtajöfnuður	-69,3	-88,1	-18,8	-1,8	-2,1	-0,4
Heildartekjur	1.147,9	1.259,9	112,0	29,0	30,1	1,0
Heildargjöld	1.267,5	1.301,0	33,5	32,0	31,1	-1,0
Heildarjöfnuður	-119,6	-41,1	78,5	-3,0	-1,0	2,0

Heildartekjur eru áætlaðar 112 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessi hækkun stafar annars vegar af bættum efnahagsforsendum og hins vegar aukinni verðbólgu en grunn-áhrif fyrra árs hafa einnig töluverð áhrif til hækkunar. Þá er gert ráð fyrir einskiptistekjum upp á 15,5 ma.kr. á árinu vegna sölu Landsvirkjunar á Landsneti undir lok síðasta árs sem skilar sér í auknum skatttekjum á þessu ári. Sem hlutfall af VLF eru tekjur áætlaðar um 30,1% sem er einu prósentustigi hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2023. Nánar er fjallað um endurmat tekjuáætlunar eftir einstökum tekjuliðum í kafla 4.1.

Frumgjöld eru áætluð nettó um 4 ma.kr. hærrí sem er óverulegt frávik frá áætlun fjárlaga. Þar vegast á nokkrir liðir til lækkunar og hækkunar útgjalda. Tekið er tillit til horfa um aukinn kostnað vegna móttöku flóttamanna og viðbótarútgjalda vegna félagsþjónustu erlendra aðila á árinu, samtals um 9 ma.kr. Horft er til uppfærðrar áætlunar um byggingu nýs Landspítala sem gerir ráð fyrir að nýta um 5 ma.kr. af uppsöfnuðum heimildum fyrri ára umfram framlög ársins í fjárlögum. Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna aðgerða stjórnvalda til að bæta hag tekju-lægri heimila vegna aukinnar verðbólgu á árinu, þ.e. að hækka bæt看 almannatrygginga um 2,5% frá miðju ári sem leiðir til nálægt 3 ma.kr. aukinna útgjalda. Þá er tekið tillit til þess að kostnaður Sjúkratrygginga Íslands vegna lyfjakaupa stefnir í að verða umtalsvert hærrí en heimildir á árinu. Á móti vega horfur um umtalsvert lægri útgjöld vegna örorku- og ellilífeyris á árinu í samanburði við áætlun fjárlaga og lægri kostnaður vegna atvinnuleysis en spáð atvinnuleysi er lægra en forsendur fjárlaga miðuðu við.

Í uppfærðum útgjaldahorfum málefna sviða hefur verið tekið tillit til endurmats á launa-forsendum fjárlaga vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið við ríkisstarfsmenn á yfirstand-andi ári. Í tengslum við það hafa verið millifærðir ríflega 17 ma.kr. til stofnana og verkefna af almenna varasjóðnum en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir svigrúmi á varasjóðnum til að geta mætt launahækkunum innan þessa árs.

Á móti þessum og öðrum útgjaldaugum á árinu vegur m.a. almennur varasjóður fjárlaga sem nemur 17,6 ma.kr. árið 2023 umfram launa- og verðlagsbætur sem þegar hafa verið færðar. Komi ekki til frekari tímabundinna og óvæntra útgjalda innan ársins mun varasjóðurinn vega á móti framangreindum útgjöldum og er nettó áætlað að frumgjöldin séu um 4 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum eins og að framan greinir. Gangi þessar áætlanir eftir eru frum-gjöldin um 1,6% af VLF lægri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir sem skýrist af mun hærrí nafn-virði VLF á yfirstandandi ári en spáð var í lok síðasta árs.

Vaxtagjöld eru áætluð um 29 ma.kr. hærrí en áætlun fjárlaga sem að stærstum hluta má

rekja til áætlunar um hærri gjaldfærslu vaxtagjalda vegna verðbóta verðtryggðra lána sem leiðir af umtalsvert hærri verðbólgu en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Samanlagt eru heildarútgjöld áætluð um 33 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga, að mestu vegna hærri vaxtagjalda, og nema heildarútgjöld um 31,1% af VLF sem er einu prósentustigi lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að hluti af verðlagsbótum í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 á rætur sínar að rekja til verðbólgu á yfirstandandi ári umfram forsendur fjárlaga. Þannig kemur hluti af áhrifum aukinnar verðbólgu ársins 2023 fram með tímatöf á gjaldahlíð ríkissjóðs á næsta ári þótt tekjuáhrif verðbólgunnar komi fram strax. Þetta leiðir til þess að afkoma yfirstandandi árs er betri en ella sem nemur þessum mun og hefur jafnframt þau áhrif að torvelda samanburð á afkomu milli ára.

Afkoma ársins 2024

Fjárlagafrumvarp ársins 2024 gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri ríkissjóðs sem nemi 46 ma.kr., eða 1% af VLF. Það er rúmlega 73 ma.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2023. Sem hlutfall af VLF nemur bati í afkomu milli þessara áætlana 2 prósentustigum sem rekja má hvort tveggja til hærri tekna og lægri útgjalda í hlutfalli við umfang hagkerfisins.

Í tekjuáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að heildartekjur verði 1.349 ma.kr., eða 29,8% af VLF. Þetta er yfir 200 ma.kr. hærri áætlun en í fjárlögum ársins 2023. Tekjuáætlunin er unnin á nafnvirði og má því rekja hluta tekjuaukans til aukinnar verðbólgu, en hagfelldari þjóðhagsforsendur og grunnáhrif fyrra árs leiða jafnframt til hækkunar.

Frumtekjur eru áætlaðar um 1.312 ma.kr. á næsta ári og aukast um tæplega 190 ma.kr. frá áætlun fjárlaga ársins 2023. Áætlun frumtekna næsta árs tekur mið af þeim skattkerfisbreytingum sem útlistaðar hafa verið hér að framan, auk þess sem tekjustofnar hafa verið metnir með hliðsjón af þróun efnahagsstærða. Frumtekjur fara úr 28,4% af VLF samkvæmt áætlun fjárlaga ársins 2023 og verða 29% af VLF á næsta ári samkvæmt áætlun frumvarpsins sem skýrist m.a. af hagfelldum skilyrðum á vinnumarkaði og aukinni neyslu innan lands, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna sem skýra auknar tekjur umfram það sem leiðir af breyttu verðlagi. Verði það raunin munu frumtekjur haldast áþekkar sem hlutfall af VLF og útkoma áranna 2022–2023 er nokkru hærri en árið 2019 þegar þær voru 28,4%. Vaxtatekjur eru áætlaðar rúmlega 36 ma.kr. á næsta ári sem er hækkun um tæpa 11 ma.kr. milli ára og leiðir af hærri vaxtastigi og hærri áætlun tekjufærðra verðbóta í samanburði við áætlun fjárlaga 2023. Nánar er fjallað um tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins í kafla 4.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2024 eru áætluð 1.395 ma.kr., eða 30,8% af VLF. Að frátöldum vaxtagjöldum, sem nema 2,4% af VLF, er áætlað að frumgjöld ríkissjóðs verði 1.284 ma.kr. á næsta ári, eða 28,4% af VLF. Gangi þessi áætlun eftir verða frumgjöld sambærileg að umfangi og árið 2019 þegar þau voru 28,1% af VLF. Í samanburði við fjárlög ársins 2023 er um að ræða tæplega 4% raunhækkun frumútgjalda þegar leiðrétt hefur verið fyrir áætluðum launa- og verðlagsbótum en þær nema um 68 ma.kr. í frumvarpinu. Í samanburði milli ára er þó rétt að taka tillit til hækkunar framlaga sem ætlað er að stuðla að orkuskiptum, en nánar er fjallað um þessi gjöld í 5. kafla. Þessi útgjöld voru áður í formi skattafsláttar og komu því fram á tekjuhlíð síðustu fjárlaga. Þá er gert ráð fyrir rúmlega 10 ma.kr. hækkun á framlögum vegna byggingar nýs Landspítala en þau framlög ráðast að stærstu leyti af framgangi verkefnisins. Að teknu tilliti til framangreindra tveggja þátta hækka frumgjöld aðeins um 2% að raunvirði frá síðustu fjárlögum. Innifaldar í þessum raunvexti eru 17 ma.kr. ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur samþykkt og hafa það að markmiði að draga úr útgjaldavexti og hefði raunaukning útgjalda að óbreyttu verið meiri sem því nemur.

Í samanburði við fjárlög síðasta árs hækkar áætluð fjárfesting um 10 ma.kr. milli ára, einkum vegna aukins þunga í bygging nýs Landspítala, en heildarfjárfesting er áætluð um 2,1%


af VLF sem er í námunda við langtímaeðaltal frá árinu 1998.

Vaxtagjöld eru áætluð nokkru hærrí en í fjárlögum ársins 2023, eða tæpum 16 ma.kr., einkum vegna hærrí vaxtastígs. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlið ríkissjóðs í kafla 5.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.		br.	% af VLF		br.
	Fjárlög 2023	Frv. 2024		Fjárlög 2023	Frv. 2024	
Heildartekjur	1.147,9	1.348,5	200,6	29,0%	29,8%	0,7%
Skatttekjur	896,4	1.059,7	163,2	22,7%	23,4%	0,7%
Skattar á tekjur og hagnað	387,8	456,6	68,8	9,8%	10,1%	0,3%
Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	11,1	12,1	1,0	0,3%	0,3%	0,0%
Eignarskattar	10,6	16,5	6,0	0,3%	0,4%	0,1%
Skattar á vöru og þjónustu	465,8	550,2	84,3	11,8%	12,1%	0,4%
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	5,0	6,8	1,8	0,1%	0,1%	0,0%
Aðrir skattar	16,1	17,5	1,4	0,4%	0,4%	0,0%
Tryggingagjöld	128,4	141,2	12,8	3,2%	3,1%	-0,1%
Fjárframlög	7,1	7,1	0,0	0,2%	0,2%	0,0%
Aðrar tekjur	116,0	140,5	24,6	2,9%	3,1%	0,2%
Eignatekjur	68,5	94,3	25,9	1,7%	2,1%	0,4%
þ.a. vaxtatekjur	25,4	36,3	10,9	0,6%	0,8%	0,2%
þ.a. arðgreiðslur	33,2	45,2	12,1	0,8%	1,0%	0,2%
Sala á vöru og þjónustu	41,2	40,3	-0,9	1,0%	0,9%	-0,2%
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	6,2	5,9	-0,4	0,2%	0,1%	0,0%
Heildargjöld	1.267,5	1.394,8	127,3	32,0%	30,8%	-1,3%
Rekstrarútgjöld	1.241,4	1.367,8	126,3	31,4%	30,2%	-1,2%
Laun	283,9	310,8	26,9	7,2%	6,9%	-0,3%
Kaup á vöru og þjónustu	205,0	225,6	20,6	5,2%	5,0%	-0,2%
Afskriftir	59,5	68,2	8,7	1,5%	1,5%	0,0%
Vaxtagjöld	94,7	110,7	16,0	2,4%	2,4%	0,1%
Framleiðslustyrkir	62,9	70,3	7,4	1,6%	1,6%	0,0%
Fjárframlög	438,2	473,8	35,5	11,1%	10,5%	-0,6%
Félagslegar tilfærslur til heimila	27,3	29,4	2,1	0,7%	0,6%	0,0%
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	69,9	79,0	9,1	1,8%	1,7%	0,0%
Fastafjárútgjöld	26,1	27,0	1,0	0,7%	0,6%	-0,1%
Fjárfesting í efnislegum eignum	85,6	95,3	9,7	2,2%	2,1%	-0,1%
Afskriftir (-)	-59,5	-68,2	-8,7	-1,5%	-1,5%	0,0%
Frumjöfnuður	-50,3	28,1	78,4	-1,3%	0,6%	1,9%
Vaxtajöfnuður	-69,3	-74,4	-5,2	-1,8%	-1,6%	0,1%
Heildarjöfnuður	-119,6	-46,3	73,3	-3,0%	-1,0%	2,0%

4 Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Tekjur ríkissjóðs aukast frá fyrra ári samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024 en þó minna en síðastliðin ár. Frá því að efnahagssumsvif jukust á ný í kjölfar þrenginga kórónuveirufaraldursins hefur vöxtur hagkerfisins ítrekað farið fram úr þeim spám er legið hafa til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga. Slíkt ástand varir ekki að eilífu og má nú sjá teikn á lofti um að toppur hagsveiflunnar sé þegar að baki. Í auknum mæli gætir áhrifa þeirra vaxtahækkana sem ráðist hefur verið í til að ná böndum á verðbólgu og er í þjóðhagsspá gert ráð fyrir auknu atvinnuleysi og minni launahækkunum. Einkaneysla vex ekki með sama hraða og fyrra ár og hægir á fjárfestingu. Þjóðhagsspáin felur þó ekki í sér neina kollsteypu. Verðmætasköpun er enn mikil og tekjustofnar ríkissjóðs stöndugir. Brugðist verður við breyttum aðstæðum með skattkerfisbreytingum sem nánar er fjallað um síðar í þessum kafla og verða tekjur ríkissjóðs samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga sama hlutfall landsframleiðslu árið 2024 og þær voru árið 2022.

 Hægir á vexti tekna	Tekjur ársins 2024 lækka lítillega sem hlutfall af VLF frá fyrra ári.	Tekjustofnar enn sterkir í sögulegum samanburði.	Ráðstafanir á tekjuhlíð miða að því að draga úr spennu í hagkerfinu.
--	--	---	---

Nánar er fjallað um áhrif efnahagsforsendna á einstaka tekjustofna og áhrif og umfang skattabreytinga síðar í kaflanum. Jafnframt eru breytingum á tekjuáætlun ársins 2023 gerð skil en tekjur yfirstandandi árs mynda grunn fyrir tekjuáætlun ársins 2024. Í lok kaflans má finna áætlun um skattstyrki ársins 2024 þar sem eftirgjöf í skattkerfinu er skipt eftir málefnasviðum. Taflan sem hér fylgir dregur fram helstu niðurstöður tekjuáætlunarinnar ásamt endurmati á tekjum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	2022 ¹	Áætlun		% af VLF		
		Endurmat 2023	Frumvarp 2024	2022	Endurmat 2023	Frumvarp 2024
Skatttekjur	874.406	991.359	1.059.651	23,2	23,7	23,4
Skattar á tekjur og hagnað	400.070	446.400	456.600	10,6	10,7	10,1
Skattar á launagr. og vinnuafll	9.981	11.058	12.077	0,3	0,3	0,3
Eignarskattar	14.035	15.254	16.512	0,4	0,4	0,4
Skattar á vöru og þjónustu	430.222	495.998	550.229	11,4	11,8	12,1
Tollar og aðflutningsgjöld	5.982	6.477	6.778	0,2	0,2	0,1
Aðrir skattar	14.116	16.172	17.455	0,4	0,4	0,4
Tryggingagjöld	115.564	132.373	141.215	3,1	3,2	3,1
Fjárframlög	1.937	6.534	7.124	0,1	0,2	0,2
Aðrar tekjur	130.544	129.653	140.542	3,5	3,1	3,1
Eignatekjur	76.766	86.228	94.340	2,0	2,1	2,1
Vaxtatekjur	22.976	36.009	36.278	0,6	0,9	0,8
Arður og hluti af tekjum ríkisft.	44.509	39.267	45.230	1,2	0,9	1,0
Aðrar eignatekjur	9.281	10.952	12.831	0,2	0,3	0,3
Sala á vöru og þjónustu	41.315	37.094	40.318	1,1	0,9	0,9
Ýmsar tekjur	12.463	6.331	5.884	0,3	0,2	0,1
Heildartekjur ríkissjóðs	1.122.451	1.259.919	1.348.532	29,8	30,1	29,8


¹ Framsetning ríkisreiknings (IPSAS-staðall) er aðlöguð að framsetningu fjárlaga (GFS-staðall). Sjá séryfirlit 2 á bls. 84 í ríkisreikningi 2022.

4.1 Endurmetin tekjuáætlun 2023

Heildartekjur yfirstandandi árs hafa verið endurmetnar og er áætlað að þær muni nema um 1.260 ma.kr., eða 30,1% af VLF. Lítur nú út fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 112 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þar af aukast skatttekjur og tryggingagjöld um 99 ma.kr. í samræmi við breyttar efnahagsforsendur og nýjustu upplýsingar um álagningu og innheimtu. Hagfelldari þjóðhagsforsendur og grunnáhrif fyrra árs hafa töluverð áhrif til hækkunar, en einnig má rekja hluta tekjuaukans til aukinnar verðbólgu þar sem tekjuáætlunin er unnin á verðlagi hvers árs.

Tekjur áætlaðar 112 ma.kr. meiri en í fjárlögum

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2023 (ma.kr.)



Af einstökum sköttum eða gjöldum aukast tekjur af virðisaukaskatti mest frá áætlun fjárlaga, eða um 22,5 ma.kr., enda er um að ræða stærsta einstaka tekjustofn ríkissjóðs. Endurmatið er í góðu samræmi við breytingar í þjóðhagsspa fyrir árið þar sem nú er gert ráð fyrir meiri einkaneyslu og verðbólgu en í þeirri spa sem lá til grundvallar samþykktum fjárlögum. Gert er ráð fyrir töluvert meiri tekjum af tekjusköttum bæði einstaklinga og lögaðila, eða 19,1 og 19,5 ma.kr. Endurmat tekjuskatts einstaklinga endurspeglar vöxt launastofnsins umfram forsendur fjárlaga, bæði fleiri vinnustundir og meiri launahækkanir. Hækkun tekjuskatts lögaðila endurspeglar nýjar upplýsingar fengnar úr ársreikningum stærstu fyrirtækja og má þar sérstaklega nefna skattgreiðslu Landsvirkjunar vegna hagnaðar af sölu á hlutum félagsins í Landsneti til ríkisins sem áætlað er að nemi ríflega 15 ma.kr. Enn fremur er nú gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti verði 18 ma.kr. vegna hærri vaxtastigs og meiri söluhagnaðar en gert hafði verið ráð fyrir.

Aðrar tekjur ríkissjóðs en skattar og tryggingagjöld eru áætlaðar 13,7 ma.kr. meiri en samkvæmt fjárlögum. Má rekja 10,6 ma.kr. til hækkunar mats á vaxtatekjum ríkissjóðs og 6,1 ma.kr. til aukinna arðgreiðslna en á móti kemur að sala á vöru og þjónustu er nú enduráætluð 4 ma.kr. minni en í fjárlögum.

4.2 Tekjuáætlun 2024

Tekjuáætlun fyrir fjárlagaárið 2024 byggir á endurmetinni tekjuáætlun ársins 2023 og þjóðhagsspa Hagstofu Íslands að teknu tilliti til fyrirhugaðra skattkerfisbreytinga.

4.2.1 Skattkerfisbreytingar

Meginstef þeirra skattkerfisbreytinga sem ráðast á í árið 2024 er að styrkja enn frekar tekjugrundvöll ríkissjóðs með því m.a. að endurheimta mikilvæga tekjustofna sem hafa rýrnað vegna tæknibreytinga og á sama tíma vinna gegn þeirri spennu sem hefur myndast í hagkerfinu. Með þeim er áfram vörðuð leið að jafnvægi milli tekna og gjalda ríkissjóðs án þess að vera of íþyngjandi fyrir almenning.

Til að sporna gegn þenslu í hagkerfinu er dregið úr skattalegum ívilnunum á byggingarmarkaði með því að **lækka endurgreiðslur virðisaukaskatts** af kostnaði vegna vinnu við

framkvæmdir á íbúðarhúsnæði úr 60% í 35%. Sú breyting hefur þegar verið lögfest og tók gildi um mitt yfirstandandi ár og verður árið 2024 því fyrsta heila árið þar sem lægra endurgreiðsluhlutfall gildir. Önnur skattabreyting sem hefur verið lögfest er upptaka **varaflugvallargjalds**. Leggst það á innanlands- og millilandaflug og er ætlað að standa undir framkvæmdum við flugvellina á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Gjaldið verður lagt á frá og með 1. nóvember nk. og verður 2024 því fyrsta heila ár gjaldtökunnar.

Af skattabreytingum sem til stendur að lögfesta á haustþingi ber hæst fyrra skrefið af tveimur að nýju heildarkerfi fyrir **skattlagningu á ökutæki og eldsneyti** sem ætlað er að auka tekjur ríkissjóðs um 7,5 ma.kr. árið 2024. Tekjur ríkissjóðs af þeirri skattlagningu hafa rýrnað mikið á undanförunum árum samhliða breytingum á bílafloða landsmanna. Til að bregðast við þeirri þróun verður um áramótin komið á nýju, einföldu og sanngjarnara kerfi þar sem greiðslur bifreiðaeigenda verða í auknum mæli tengdar notkun þeirra á vegakerfinu auk þess sem að lágmark bifreiðagjalds verður hækkað. **Gistináttaskattur** kemur til framkvæmda á ný um áramót en hann var felldur niður tímabundið vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Áætlað er að hann skili að óbreyttu 1,5 ma.kr. á komandi ári. Enn fremur eru áform um að breyta gildissviði skattsins og leggja á gjöld í tengslum við komur skemmtiferðaskipa en vinna stendur nú yfir með hagaðilum þar sem mat verður lagt á ólíkar leiðir um breytt gjalda- og skattaumhverfi fyrir greinina. Tekjuáhrif þeirra breytinga eru áætluð 2,7 ma.kr. **Verðmætagjald sjókvíaldis** verður hækkað úr 3,5% í 5% af markaðsverði afurða. Fallið var frá sambærilegri breytingu í meðförum fjárlagafrumvarps ársins 2023 þar sem beðið var niðurstaðna skýrslna Ríkisendurskoðunar og Boston Consulting Group um málefnið sem nú eru útkomnar. **Krónutölugjöld** munu uppfærast um 3,5% um næstu áramót ólíkt fyrra ári þegar þau voru látin fylgja verðlagshækkunum. Fyrir vikið rýrna gjöldin að raunvirði milli ára þótt tekjur ríkissjóðs aukist um 3,4. ma.kr. við breytinguna. Um áramótin er fyrirhugað að hækka álagningarprósentu **tekjuskatts lögaðila** tímabundið í eitt ár úr 20% í 21%. Sú hækkun mun þó ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af skattinum árið 2024 heldur koma til framkvæmda við álagningu lögaðila 2025 vegna rekstrarársins 2024.

Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2024, ma.kr. ¹

2024

Lögfestar breytingar

Endurgreiðsluhlutfall VSK lækkar úr 60% í 35%	6,0
Varaflugvallargjald	1,6
Tímabundinni niðurfellingu gistináttaskatts lýkur	1,5
Samtals	9,1

Ólögfestar breytingar

Endurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti	7,5
Gjaldtaka í ferðaþjónustu	2,7
Breytingar á verðmætagjaldi sjókvíaldis	0,6
Hækkun krónutölugjalda um 3,5% ²	3,4
Samtals	14,2
Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals	23,3

1. Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2024. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

2. Hækkun krónutölugjalda hefur jákvæð tekjuáhrif á ríkissjóð þrátt fyrir að gjöldin haldi ekki verðgildi sínu milli ára.


4.2.2 Umfjöllun um forsendur helstu tekjustofna

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 1.349 ma.kr. fjárlagaárið 2024 sem svarar til 29,8% af VLF. Þar af eru skatttekjur og tryggingagjöld áætluð 1.201 ma.kr.

Virðisaukaskattur er þriðjungur skatttekna

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2024

Ma.kr. (Hlutdeild)



Áætlaðar tekjur af **tekjuskatti einstaklinga** eru 277,2 ma.kr. árið 2024. Vel hefur árað á vinnumarkaði það sem af er ári, laun hafa hækkað, fjöldi vinnustunda aukist og atvinnuleysi haldist lítið. Innheimta staðgreiðslu hefur því verið með besta móti. Vegna verðbólgu á yfirstandandi ári munu skattleysis- og þrepamörk hækka umtalsvert næstu áramót vegna áður lögfesta breytinga um þróun viðmiðunarfrjárhæða. Önnur breyting, sem tók gildi fyrir tekjuárið 2022, fól m.a. í sér að þrepamörk hækka sem nemur verðbólgestigi við lok hvers árs að viðbættu 1% framleiðnivíðmiði. Henni er ætlað að koma í veg fyrir raunskattskrið og verja kaupmátt launa. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 7,4% verðbólgu í lok árs og er því áætlað að persónuafsláttur og þrepamörk hækki um 8,5% árið 2024.

Áætlað er að tekjur af **tekjuskatti lögaðila** verði 120 ma.kr. árið 2024 og tekjur af **sérstökum fjársýsluskatti** 5,8 ma.kr. Tekjuskattar af lögaðilum hafa vaxið mikið bæði í krónum talið og sem hlutfall af VLF frá þeim lágpunkti sem þeir náðu árið 2021. Gert er ráð fyrir að þeir nái hámarki árið 2023 sem hlutfall af VLF og lækki því aðeins frá fyrra ári árið 2024.

Tekjur ríkisins af **fjármagnstekjuskatti** samanstanda af staðgreiðslu vegna vaxtatekna og arðs ársins 2024 og eftirágreiddum skatti vegna söluhagnaðar og leigutekna fyrra árs samkvæmt álagningu í maí nk. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur skili 53,6 ma.kr. í ríkissjóð á árinu 2024.

Tekjur af **VSK** hafa aukist mikið undanfarin þrjú ár, eða um að jafnaði 17% árlega, gangi áætlun þessa árs eftir. Á næsta ári er því spáð að neysla landsmanna og erlendra ferðamanna og önnur umsvif sem skila ríkinu virðisaukaskatti vaxi hóflega og verðbólga hjaðni. Reiknað er með að einkaneysla án ferðalaga erlendis vaxi um 7,5% að nafnvirði og neysla erlendra ferðamanna um tæp 9%. Að grunni til myndi hlutfall VSK af VLF lækka nokkuð milli ára en á móti kemur að skattastyrkir verða minni. Ívilnanir til stuðnings vistvænum samgöngum munu breyta um form og hverfa úr virðisaukaskattskerfinu, en verða þess í stað útfærðar á gjaldahlíð í gegnum Orkusjóð á næsta ári. Þá munu síðbúnar endurgreiðslur vegna framkvæmda á tíma

faraldursins með hærri endurgreiðslurétt fjara út. Endurgreiðslur vegna vinnuliðar framkvæmda við íbúðarhúsnæði verða enn fremur minni en allajafna vegna lækkunar endurgreiðsluhlutfallsins í 35% 1. júlí sl. Þá er vænst áframhaldandi góðs árangurs af umbótum í eftirfylgni við skattframkvæmd sem skilað hefur umtalsverðum viðbótartekjum undanfarin ár.

Miðað við þessar forsendur mun VSK skila 416,4 ma.kr. í tekjur á næsta ári. Það er aukning úr 8,9% í 9,2% af VLF sem yrði hið mesta á þann mælikvarða frá kerfisbreytingunum 2015–2016. Vægi hans af sköttum og tryggingagjöldum í heild mun aukast nokkuð og verða tæp 35%.

Tekjur af **ökutækjum og eldsneyti** á árinu 2024 eru áætlaðar 63,3 ma.kr. Þar af eru 7,5 ma.kr. vegna fyrstu skrefa innleiðingar á nýju heildarkerfi fyrir skattlagningu ökutækja og eldsneytis og hækkun á lágmarksfjárhæð bifreiðagjalds.

Áætlaðar tekjur af **áfengisgjaldi** eru 26,6 ma.kr. á árinu 2024. Ekki er gert ráð fyrir kerfisbreytingum eða verulegum magnbreytingum og því eru áætlaðar tekjur í samræmi við áætlun ársins 2023 auk verðlagsbreytinga.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af **tryggingagjaldi** muni nema 141,2 ma.kr. árið 2024. Stofn tryggingagjalds hefur vaxið mikið undanfarin ár samhliða fjölgun vinnandi handa og miklum launahækkunum. Í þjóðhagsspa Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að dragi úr spennu á vinnumarkaði árið 2024, launahækkunir verði minni og að atvinnuleysi þokist upp, og því er gert ráð fyrir minni vexti tekna af tryggingagjaldi í fjárlagafrumvarpi 2024 en síðustu ár.

Vaxtatekjur samanstanda af vöxtum af skattkröfum og bankainnstæðum í innlendri og erlendri mynt auk vaxta og verðbóta af veittum lánum. Meiri hluti vaxtatekna er vegna veittra lána en þau hefur ríkissjóður veitt til að fjármagna m.a. útlán Menntasjóðs námsmanna, Húsnæðissjóðs og Byggðastofnunar auk ýmissa fjárfestingaverkefna. Vaxtatekjur ársins 2024 eru áætlaðar 36,3 ma.kr.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af **veiðigjöldum** nemi 12,2 ma.kr. árið 2024. Þar af er 2,1 ma.kr. tilkominn vegna verðmættagjalds af fiskeldi. Aukningin er í senn tilkomin vegna aukinnar framleiðslu en þó að mestu vegna hækkunar verðmættagjaldsins úr 3,5% í 5% og samspils þeirrar hækkunar við sólarlagsákvæði sem sett var á við upptöku gjaldsins og rennur út í skrefum til ársins 2026. Veiðigjald byggist á afkomu við veiðar hvers nytjastofns tveimur árum fyrir álagningu gjaldsins og er lagt á í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla. Áætlunin fyrir 2024 verður endurskoðuð þegar endanleg ákvörðun um álagningu veiðigjalda árið 2024 liggur fyrir hjá Skattinum í byrjun desember nk.

Yfirlit um **arð** frá félögum og hlutdeild í hagnaði B-hluta félaga ríkissjóðs má sjá í eftirfarandi töflu. Af eign ríkisins í viðskiptabönnunum tveimur er gert ráð fyrir samtals 17,2 ma.kr. arðgreiðslu á árinu 2024. Landsvirkjun greiddi 15 ma.kr. í arð árið 2022 en ráðgert er að arðgreiðslur fyrirtækisins nemi 19,7 ma.kr. árið 2023 og 20,1 ma.kr. árið 2024. Alls er áformað að ríkissjóður fái í sinn hlut 45,2 ma.kr. í arð frá félögum á næsta ári.

Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja (m.kr.)	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<i>Arður</i>		
Íslandsbanki hf.	5.200	5.400
Landsbankinn hf.	8.500	11.800
Landsvirkjun	19.700	20.100
Landsnet	3.400	4.600
Aðrir	560	560
Arður alls	37.360	42.460
<i>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</i>		
ÁTVR	500	250
Framlag Happprættis HÍ til Háskóla Íslands	425	1.638
Framlag frá Húsnæðissjóði	982	882
Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	1.907	2.770
Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	39.267	45.230

Tekjur af arði frá félögum eru settar fram samkvæmt GFS-staðlinum. Á rekstrargrunni er arðgreiðsla tekjufærð að því marki sem hún er ekki umfram hlutdeild ríkisins í áætlunum hagnaði af reglulegri starfsemi félags. Á greiðslugrunni er arðgreiðslan færð til fulls, óháð hagnaði félags. Í áætlun fyrir árin 2023 og 2024 eru arðgreiðslur ekki umfram hagnað af reglulegri starfsemi og tekjur því hinar sömu á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

4.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna


Hlutfall kynja er ólíkt milli starfsstétta og því geta skattabreytingar og aðrar álögur sem snerta einstakar atvinnugreinar eða leggjast með ólíkum hætti á tekjur eftir uppruna komið misjafnlega við kynin. Að sama skapi er neyslumynstur ólíkt milli kynja og gilda því sömu lögmál um álögur á vöru- og þjónustuviðskipti. Hér er að öllu leyti vísað til meðaltala enda eru áhrifin á einstaklinga í sömu starfsstétt eða með svipaða neyslu þau sömu burt séð frá kyni viðkomandi.

4.4 Breytingar á tekjuáætlun ársins 2024 frá fjármálaáætlun

Tekjur ársins 2024 eru áætlaðar 15,4 ma.kr. meiri en í fjármálaáætlun sem var samþykkt í júní sl. og nemur aukningin því 1,2% milli áætlana. Engu að síður breytast heildartekjur óverulega sem hlutfall af VLF enda byggir tekjuáætlun frumvarpsins á uppfærðri þjóðhagsspa og meiri nafnvexti landsframleiðslu samhliða nokkru meiri verðbólgu. Þvingst vegur 10,2 ma.kr. breyting á VSK sem skýrist bæði af grunnáhrifum fyrra árs og meiri aukningu þjóðarútgjalda 2024. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 5,8 ma.kr. en nýjar upplýsingar sem fengnar eru úr álagningarskrá einstaklinga fyrir tekjuárið 2022 hafa þar grunnáhrif til hækkunar. Tryggingagjöld lækka aftur á móti um 3,9 ma.kr. milli áætlana. Mat tekna af eignarsköttum hækkar um 3,5 ma.kr. og er það að nær öllu leyti vegna mikils vaxtar tekna af erfðafjárskatti á yfirstandandi ári sem hefur grunnáhrif á áætlun ársins 2024. Tekjur af erfðafjárskatti hafa vaxið stöðugt undanfarin ár og er þetta ekki í fyrsta sinn sem tekjur af honum eru endurmetnar til hækkunar milli áætlana. Óútfærðar afkomubætandi ráðstafanir þær sem ráðast á í árið 2024 hafa allar færst á gjaldahlíð ríkissjóðs en í fjármálaáætlun var gert ráð fyrir að helmingi þeirra yrði fundinn staður á tekjuhlið. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs lækka því um 4,5 ma.kr. af þeim sökum en á móti lækka gjöld ríkissjóðs um sömu upphæð.

Heildartekjur aukast um 15,4 ma.kr. frá fjármálaáætlun

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2024 (ma.kr.)



4.5 Skattastyrkir

Skattastyrkir ríkissjóðs árið 2024 eru áætlaðir 2,9% af VLF og dragast nokkuð saman á þann mælikvarða annað árið í röð. Yfirlit um skattastyrki, sem sjá má í meðfylgjandi töflu, sýnir í grófum dráttum aðkomu ríkisins að ýmsum málefnum og þann fjárhagslega stuðning sem veittur er með ívilnunum fremur en með beinum fjárframlögum sem færast á gjaldahlið. Neðra þrep VSK er uppspretta um 65% af skattastyrkjum í heild og reiknast það sem munurinn á neðra þrepinu og almenna þrepinu eða 13 prósentustig af skattstofni.

Breytingar á skattastyrkjum á næsta ári má einkum rekja til brottfalls skattastyrkja í VSK-kerfinu sem hafa hvatt til orkuskipta og vistvænna samgangna og hafa verið umfangsmiklir á málefnasviði umhverfismála undanfarin ár. Auk niðurfellingar VSK á vistvæna bíla má nefna stuðning í því formi við kaup heimila á hleðslustöðvum og hjólum og bæði útleigu og endursölu bílaleigubíla, sem falla mun niður um áramótin. Skattastyrkir til kaupa á hreinorkubílum hafa skilað miklum árangri um árabíl. Sérstakir hvatar við kaup á hreinorkutækjum munu halda áfram á næsta ári en með breyttu sniði eins og fjallað var um í gildandi fjármálaáætlun. Einnig má nefna að stór hluti skattastyrkja er á málefnasviði ferðaþjónustu vegna skattlagningar ýmissar ferðaþjónustu í neðra VSK-þrepinu og hefur umfang þeirra aukist á ný með viðspyrnu ferðaþjónustunnar 2022 og 2023. Þá er að finna í skattkerfinu nokkrar tegundir ívilnana fyrir kaupendur og leigjendur íbúðarhúsnæðis. Draga mun úr heildarumfangi skattastyrkja í húsnæðismálum og skýrist það af endurgreiðsluhlutfalli VSK af vinnulið framkvæmda við íbúðarhúsnæði sem verður 35% á næsta ári. Það er lægra en verið hefur og er sú lækun liður í aðgerðum til að ná verðbólgu hraðar niður.

Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar	2022	2023	2024
Undanþága frá skattskyldu	43.689	32.323	18.031
Frádráttur	6.965	10.498	10.893
Frádráttarheimild	8.386	10.371	12.599
Lægri skattprósenta	73.952	84.313	90.923
Alls	132.991	137.505	132.446
Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts	2021	2022	2023
Tekjuskattur einstaklinga	7.544	9.282	10.012
Tekjuskattur lögaðila	968	1.308	2.803
Fjármagnstekjuskattur	4.166	7.701	7.996
Eignarskattar	910	710	750
VSK	110.692	111.503	103.513
Vörugjöld og aðrir neysluskattar	8.712	7.001	7.371
Alls	132.991	137.505	132.446
Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnasviði	2021	2022	2023
07. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	683	414	427
08. Sveitarfélög og byggðamál	20	23	25
09. Almanna- og réttaröryggi	462	462	500
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	480	571	617
12. Landbúnaður	92	103	111
14. Ferðaþjónusta	20.337	27.119	29.414
17. Umhverfismál	15.103	14.906	4.063
18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	4.796	5.250	5.653
20. Framhaldsskólastig	439	488	528
21. Háskólastig	690	1.013	1.095
23. Sjúkrahúspjónusta	73	67	72
27. Örorka og málefni fatlaðs fólks	655	722	781
29. Fjölskyldumál	45.341	50.930	54.796
30. Vinnumál og atvinnuleysi	10.573	1.103	815
31. Húsnæðisstuðningur	17.840	17.562	15.579
Óflokkað	9.950	8.530	9.255
Vegna skattframkvæmdar	5.458	8.243	8.713
Alls	132.991	137.505	132.446
Alls, % af VLF	3,5%	3,3%	2,9%

5 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Í þessum kafla er fjallað um útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta). Þar er um að ræða útgjöld vegna starfsemi á vegum ríkisins sem að stærstum hluta eru fjármögnuð með skatttekjum. Fjallað er um helstu áherslumál á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins en þau samanstanda af fyrri ákvörðunum sem birtast í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028 og breytingar sem leiða af ákvörðunum við undirbúning frumvarpsins. Lagt er mat á áhrif útgjaldaráðstafana á jafnrétti kynjanna. Þá er gerð grein fyrir launa- og verðlagsforsendum gjaldahliðar frumvarpsins og fjallað um skuldbindingar ríkisins vegna þjónustu- og styrktarsamninga. Loks er greint frá reglum um varasjóði og millifærslur fjárveitinga. Vakin er athygli á því að þessi kafla tekur einungis til breytinga á fjárheimildum samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjallað er um breytingar á heildarútgjöldum á þjóðhagsgrunni samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum í kafla 3 *Markmið í ríkisfjármálum* og um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.



Við setningu útgjaldaramma fyrir málefna svið í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 er byggt á þeirri stefnumörkun sem fram kemur í samþykkrri fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028. Meginleiðarljós fjármálaáætlunarinnar er að standa vörð um efnahagsbatann sem náðst hefur eftir kórónuveirufaraldurinn ásamt því að sporna við þenslu í hagkerfinu og verðbólgu á sama tíma og styrkur ríkisfjármálanna er endurbyggður. Með því er unnið að stöðugleika í samræmi við grunnildi laga um opinber fjármál.

Til þess að stöðva skuldasöfnun og bæta stöðu ríkissjóðs eins og lagt er upp með í fjármálastefnu er áfram lögð áhersla á hóflegan vöxt útgjalda sem felur í sér að vöxtur útgjalda verði hægari en vöxtur VLF þannig að frumgjöld sem hlutfall af VLF fari lækkandi. Enn fremur felur þessi stefnumörkun í sér áherslu á bættu nýtingu fjármuna og forgangsroðun verkefna innan fyrirliggjandi útgjaldaramma. Nýjum verkefnum verði fundið svigrúm með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda og fjárfestingu í tæknilegum innviðum sem stuðla að hagræðingu og bættri þjónustu. Endurspeglast þessar áherslur m.a. í því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum aðhaldsráðstöfunum.

Meðal helstu verkefna og stefnumála sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og fjallað er nánar um í greinargerðum málefna sviða eru:

- Stóraukinn stuðningur við húsnaðisuppyggingu.
- Aukinn fjöldi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- Mikill kraftur í byggingu nýs Landspítala.
- Áframhaldandi og umfangsmikill stuðningur við orkuskipti sem færast af tekjuhlið yfir á gjaldahlið.
- Aukin framlög til reksturs hjúkrunarrýma.
- Áframhaldandi lækkun á greiðsluþátttöku sjúklinga.

- Stuðningur við nýsköpun, rannsóknir og þróun.
- Uppbygging samgönguinnviða og almenningssamgangna.

5.1 Heildarfjárheimildir 2024 og breytingar frá fjárlögum ársins 2023

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 1.478 ma.kr. á árinu 2024. Hækkun frá fjárlögum fyrra árs nemur 143,1 ma.kr. og veга launa-, gengis- og verðlagsbreytingar þyngst, eða 67,9 ma.kr. Að þeim frátöldum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 75,2 ma.kr. milli ára, eða sem nemur 5,6%. Í umfjöllun hér á eftir er gerð grein fyrir því í hverju þessar breytingar felast út frá mismunandi sjónarhornum. Fjallað verður um breytingar út frá hagrænni skiptingu útgjalda, breytingu eftir útgjaldatilfnum og málefnasviðum.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda að raunvirði á milli fjárlaga 2023 og fjárlagafrumvarps 2024, þ.e. með skiptingu eftir rekstrarframlögum, rekstrar- og fjármagnstilfærslum, fjárfestingarframlögum og vaxtagjöldum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023	Frumvarp ¹ 2024	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög	563.560	577.781	14.220	2,5
Rekstrartilfærslur	446.370	446.561	192	0,0
Fjármagnstilfærslur	37.598	53.208	15.610	41,5
Fjárfestingarframlag	66.596	71.792	5.196	7,8
Rammasett útgjöld	1.114.124	1.149.341	35.218	3,2
Vaxtagjöld	79.696	92.239	12.544	15,7
Aðrir liðir utan ramma ²	141.047	168.536	27.488	19,5
Heildargjöld	1.334.867	1.410.116	75.250	5,6
Rekstrartekjur	57.940	59.966	2.025	3,5
Framlag úr ríkissjóði	1.190.282	1.249.123	58.841	4,9
Viðskiptahreyfingar	86.645	101.028	14.384	16,6
Samtals fjármögnun	1.334.867	1.410.116	75.250	5,6

¹ Án verðlagshækkana

² Aðrir liðir utan ramma: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.


Samtals nemur hækkun rammasettra¹ útgjalda 35,2 ma.kr. eða 3,2%. Töluverður hluti hækkunarinnar skýrist á hinn bóginn af annars vegar stórauðnum framlögum til byggingar nýs Landspítala og hins vegar framsetningarbreytingu á stuðningi við orkuskipti en stuðningurinn færast frá tekjuhlíð yfir á gjaldahlíð. Samanlagt nema hækkunir framlaga vegna þessara tveggja þátta 18 ma.kr. Að frátöldum þessum tveimur þáttum nemur raunaukning rammasettra útgjalda 1,5% sem er nokkuð minni raunvöxtur en á undanförunum árum. Hóflegur útgjaldavöxtur skýrist m.a. af aðhaldsráðstöfunum sem hafa það að markmiði að draga úr ríkisumsvifum og sporna við þenslu og verðbólgu eins og nánar er fjallað um í hlutanum um aðhaldsráðstafanir hér á eftir. Á meðfylgjandi mynd má sjá hækkun útgjalda frá fjárlögum ársins 2023 eftir

¹ Rammasett útgjöld eru útgjöld málefnasviða án undanskilinna liða. Undanskildir liðir eru: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

hagrænni skiptingu, að teknu tilliti til framsetningarbreytingar vegna yfirfærslu stuðnings við orkuskipti af tekjuhlið yfir á gjaldahlið. Þá má einnig sjá umfang aðhaldsráðstafana í samanburði við útgjaldaaukningu á milli ára. Þannig sést að aðhaldsaðgerðir draga verulega úr útgjaldaaukningu á milli ára.

Aðhaldsaðgerðir draga úr útgjaldavexti

Hækkun rammasettra útgjalda frá fjárlögum 2023. Án launa- og verðlagsbr.



Þegar horft er til hagrænnar skiptingar rammasettra útgjalda má sjá að rekstrarframlög og rekstrartílfærslur aukast um alls 14,4 ma.kr. að raunvirði eða um 1,4% en fjármagnstílfærslur og fjárfestingarframlög aukast um 20,8 ma.kr. eða 20%. Breytingar á rekstrarfjárheimildum taka m.a. mið af fjölgun íbúa, breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og innbyggðum kerfislegum vexti svo sem í sjúkratryggingum. Á móti hækkunum almannatrygginga veða lækkunar vegna endurmats á útgjöldum yfirstandandi árs. Þá aukast framlög, að stórum hluta tímabundið, vegna fjölgunar flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Rekstrartílfærslur aukast óverulega, eða um 0,2 ma.kr. Skýrist það að mestu leyti af endurmati á útgjaldaahorfum almannatrygginga yfirstandandi árs en útlit er fyrir verulega lækkun útgjalda frá því sem áætlað var í fjárlögum þar sem dregur úr nýgengi örorku og tekjur ellilífeyrisþega vaxa meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Ekki er um kerfisbreytingu að ræða þannig að réttindi einstaklinga breytast ekki. Lækkun á undirliggjandi forsendum vegur þannig á móti áætlunum raunvexti næsta árs.

Aukning fjárfestingarframlaga skýrist að stærstum hluta af byggingu nýs Landspítala, stórauknum framlögum til húsnæðisuppyggingar og vegaframkvæmda ásamt yfirfærslu 7,5 ma.kr. stuðnings vegna orkuskipta af tekjuhlið yfir á gjaldahlið þar sem stuðningurinn birtist sem fjármagnstílfærsla. Með þessari breytingu má beita stuðningnum með markvissari, gagnsærri og hagkvæmari hætti og nemur aukningin á gjaldahlið 6,1 ma.kr. vegna þessa að teknu tilliti til 1,4 ma.kr. tímabundinna útgjalda sem falla niður. Nánar er fjallað um fjárfestingar og fjármagnstílfærslur síðar í þessum kafla.

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld nemi um 92,2 ma.kr. sem er um 12,5 ma.kr. hækkun frá fjárlögum fyrra árs. Skýrist hækkunin af breyttu umhverfi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og leitt hafa til versnandi lánakjara en nánar er fjallað um það í greinargerð málaflokks 33.10 *Fjármagnskostnaður*. Þá má sjá að undanskildir liðir frá rammasettum útgjöldum, aðrir en vaxtagjöld, hækka um 27,5 ma.kr. sem skýrist að mestu leyti af 18,9 ma.kr. fjárheimild vegna hækkunar á lífeyri sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem farnir

eru á lífeyri og ríkissjóði ber að fjármagna samkvæmt lögum. Gert er ráð fyrir að framlög til atvinnuleysisbóta hækki um 4,3 ma.kr. sem er í samræmi við þjóðhagsspá sem liggur til grundvallar frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um 2,1 ma.kr. milli ára að teknu tilliti til 750 m.kr. lækkunar á framlagi í kjölfar flutnings verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga til ríkisins.


Breyting rammasettra útgjalda á milli ára eftir útgjaldatílefnum skýrist af nokkrum meginþáttum eins og sést á myndinni af útgjaldabruinni hér á eftir. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á bundnum útgjaldaskuldbindingum sem nema samtals 42,5 ma.kr. Stærstu breytingarnar eru vegna byggingar nýs Landspítala og fjölgunar flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Framlög til reksturs nýrra hjúkrunarrýma aukast og til sjúkratrygginga, þ.m.t. vegna samnings við sérgreinalækna. Framlög til barnabóta hækka en um er að ræða annað skrefið af tveimur í kerfisbreytingu vegna barnabóta. Auk þess koma til framkvæmda á árinu 2024 ýmis fjárfestingarverkefni sem var frestað á árinu 2023 sem liður í aðgerðum til að sporna við þenslu og verðbólgu. Þar má nefna framlög til vegagerðar og endurnýjun stærri upplýsingakerfa.

Í öðru lagi er um að ræða tímabundin framlög sem falla niður. Þar á meðal eru framlög sem veitt voru til byggingar hjúkrunarheimila í átaki til að fjölga hjúkrunarrýmum í fjárlögum árána 2020–2023 en miklar tafir hafa orðið á framkvæmdum og því hafa safnast upp yfir 10,4 ma.kr. í ónýttum fjárheimildum sem nýttar verða á næstu árum til uppbyggingarinnar, 4 ma.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2023 til endurgreiðslukerfis vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og ýmis framlög sem veitt voru til að draga úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Þá lýkur fjárfestingarátaki 2021–2023 og því falla niður ýmis tímabundin framlög vegna þess en fjárfesting eykst engu að síður á milli ára, m.a. vegna aukinna heimilda vegna byggingar nýja Landspítalans, átaks í húsnæðisuppbyggingu og innspýtingar til vegaframkvæmda. Bent er á að framsetning í útgjaldabruinni felur í sér að í þeim tilvikum sem tímabundin framlög eru framlengd eða gerð varanleg þá birtist niðurfellingin undir þeim lið og framlengingin ýmist með bundnum útgjöldum eða nýjum og auknum verkefnum. Má þar t.d. nefna framlög sem veitt voru til Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknarsjóðs. Í frumvarpinu er rúmlega $\frac{2}{3}$ framlaga til sjóðanna veitt ótímabundið áfram.

Í þriðja lagi er 17 ma.kr. lækkun vegna almennra og sértækra aðhaldsmarkmiða sem vega á móti útgjaldaaukningu og skapa m.a. rými fyrir ný verkefni. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028 eru almenn aðhaldsmarkmið innbyggð í útgjaldaramma málefna sviða sem koma til lækkunar á móti útgjaldaaukningu eins og tíðkast hefur í fjárlögum um langt árabil. Því til viðbótar eru einnig gerðar sértækar aðhaldsráðstafanir til að draga úr þenslu, bæta afkomu ríkissjóðs og skapa svigrúm fyrir öðrum útgjöldum. Um aðhaldsaðgerðir er nánar fjallað um síðar í þessum kafla.

Rammasett útgjöld ríkissjóðs eftir tilefnum

Breytingar á milli áruna 2023–2024



Í fjórða lagi aukast útgjöld ríkissjóðs um 50,3 ma.kr. vegna nýrra og aukinna verkefna. Stóran hluta þeirra aukningar má rekja til þess að stuðningur við orkuskipti flyst af tekjuhlið yfir á gjaldahlið eins og áður hefur komið fram. Af öðrum hækkunum má nefna stórukin framlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins, fjárfestingaframlag til vegaframkvæmda og styrkingar reksturs háskólastígsins. Eins og áður hefur verið rakið flokkast hér einnig tímabundin verkefni sem er ýmist framlengt eða gerð varanleg.

Í fimmta lagi eru áætluð áhrif vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga en þau nema 64,7 ma.kr. Nánar er fjallað um launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.5 *Verðlagsforsendur útgjaldahliðar*.

Fjárfestingar og fjármagnstílfærslur

Heildarfjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstílfærslna í fjárlögum 2024 eru u.þ.b. 126 ma.kr., eða um 2,8% af VLF. Meginþungi fjárfestinga í fjárlagafrumvarpinu liggur í framlögum til samgönguframkvæmda, til byggingar nýs Landspítala, til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og í stofnframlögum til byggingar og kaupa á hagkvæmum leiguíbúðum. Fjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstílfærslna hækka um 22 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2023 en um 16 ma.kr. þegar tekið er tillit til breyttrar framsetningar orkuskipta í samgöngum í ríkisfjármálunum. Stuðningurinn við orkuskiptin hefur verið á tekjuhlið en færist nú á gjaldahlið með nýjum fjárfestingarheimildum til Orkusjóðs að upphæð 7,5 ma.kr. Að teknu tilliti til niðurfellingar tímabundinna framlaga sem veitt voru í fjárlögum 2023 vegna verkefna hjá Orkusjóði nemur hækkunin rúmum 6 ma.kr.

Ríkisstjórnin hefur á síðustu árum notað opinbera fjárfestingu, m.a. með fjárfestingar- og uppbyggingarátaki, til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum af heimsfaraldri kórónuveiru. Heildarumfang fjárfestingar- og uppbyggingarátaksins² var áætlað 119 ma.kr. á árunum 2020 til 2025 en á árinu 2023 lýkur áttakinu að stærstum hluta. Ættu því

² Í rammagrein 7 í fjármálaáætlun 2023–2027 er fjallað um fjárfestingar- og uppbyggingarátakið og áætlaða heildarfjárfestingu.

fjárfestingarframlög að óbreyttu að lækka á árinu 2024 en ríkisstjórnin leggur áherslu á að viðhalda fjárfestingarstigi ríkisins og hafa ýmis tímabundin framlög sem veitt voru í áttakinu verið gerð varanleg og aukast fjárfestingar frá fjárlögum 2023.

Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur, ma.kr.	2023	2024
Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur ¹		
Samgönguframkvæmdir	30,2	32,6
Rannsóknir, þróun og nýsköpun	27,3	27,0
Bygging nýs Landspítala	13,4	23,9
Stofnframlög í almenna íbúðakerfið	1,7	7,4
Önnur innviðaverkefni	29,1	26,2
Samtals án Orkusjóðs:	101,7	117,3
Orkusjóður - stuðningur færast af tekjuhlíð	2,6	8,6
Samtals:	104,3	125,8

¹Fjárhæðir í töflu byggja á fjárheimildum hvors árs. Til viðbótar við fjárheimildir ársins 2023 er verið að nýta uppsafnaðar heimildir til byggingar nýs Landspítala, í samgönguframkvæmdir og stofnframlög.

Gert hafði verið ráð fyrir enn frekari fjárfestingum í formi nýbygginga en vegna þenslu, aukinnar verðbólgu og aðhaldsráðstafana er framkvæmdaverkefnum frestað um sem nemur 4,9 ma.kr. Meðal framkvæmda sem frestast eru Stjórnarráðshúsið, legudeild Sjúkrahússins á Akureyri og viðbygging Sjúkrahússins á Selfossi. Þá fer bygging Höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu hægar af stað á árinu 2024 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nánar er fjallað um aðhaldsráðstafanir í næsta hluta þessa kafla.

Fjárfestingarframlög til samgönguframkvæmda nema 32,6 ma.kr. og aukast um 2,4 ma.kr. milli ára. Niður fellur 4,7 ma.kr. framlag vegna tímabundinna verkefna í fjárfestingar- og uppbyggingarátaki en á móti er gerð varanleg aukning á framlagi til vegaframkvæmda um 3,6 ma.kr. Í 2. umræðu fjárlaga 2023 var ráðist í aðgerðir til að vinna gegn þenslu og verðbólgu og var 3 ma.kr. framlagi til vegaframkvæmda frestað til ársins 2024 sem kemur nú inn í útgjaldarammann. Þá er gert ráð fyrir 1,4 ma.kr. fjárfestingu í uppbyggingu varaflugvallar en ráðist var í þá aukningu samhliða innheimtu varaflugvallagjalds. Undir fjárfestingar til samgönguframkvæmda falla vegaframkvæmdir, framlög til *Betri samgangna*, framkvæmdir við víta, hafnir og flugvelli auk annarra smærri framkvæmda.

Áfram er lögð áhersla á stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun og nema framlög til þeirra verkefna 27 ma.kr. Framlögin standa í stað á milli ára en þar vegast á nokkur tilefni til hækkunar og lækkunar. Tímabundin framlög að upphæð 3,2 ma.kr. til Rannsóknasjóðs, Tækniþróunarsjóðs, Matvælasjóðs og Innviðasjóðs í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru áttu að falla niður á árinu 2024. Þess í stað er stærstur hluti framlaganna gerður varanlegur eða sem nemur 2,2 ma.kr. Varanleg aukning framlaga til Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs nemur 1 ma.kr. fyrir hvorn sjóð og 0,2 ma.kr. fyrir Matvælasjóð. Þá er gert ráð fyrir að endurgreiðslur til nýsköpunarfyrirtækja aukist um 1,9 ma.kr. milli ára í samræmi við endurmat á áætlunum sem gera ráð fyrir aukinni ásókn fyrirtækja í stuðninginn. Undir framlög til rannsókna, þróunar og nýsköpunar falla allar heimildir fjármagnstilfærslna og fjárfestingarframlaga á málefnasviði *07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar*.

Stærsta einstaka byggingarframkvæmdin í fjárlagafrumvarpinu er bygging nýs Landspítala. Fjárveiting til verkefnisins er aukin um 10,5 ma.kr. og verður hún 23,9 ma.kr. Á yfirstandandi ári og því næsta verður framkvæmt fyrir meira fé en sem fjárveitingum nemur, eða um 20 ma.kr. í ár og 26 ma.kr. árið 2024. Er þá gengið á ónýttar fjárheimildir sem safnast hafa upp á undanförunum árum og er það í samræmi við uppfærða framkvæmda- og tímaáætlun

verkefnisins. Rammagrein 5 í fjármálaáætlun 2024–2028 fjallar um heildaráætlun byggingar nýs Landspítala sem byggist á fyrstu áfangaskýrslu um verkið. Þar er heildarkostnaður verkefnisins metinn 211 ma.kr. sem byggist á áföllnum kostnaði fram til ársins 2022 og áætlun fram að verklokum á föstu verðlagi ársins 2022.

Þá endurspeglar frumvarpið áherslur ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum um aukið framboð á húsnæðismarkaði. Þannig er gert ráð fyrir að stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins verði aukin um 5,7 ma.kr. frá fjárlögum 2023 og nema þá heildarframlög til þeirra 7,4 ma.kr. á árinu 2024. Hækkun framlaga er liður í því að fjölga íbúðum í byggingu með ríkisstuðningi úr 500 í 1.000 á árunum 2024 og 2025. Á árinu 2023 nam fjárheimild stofnframlaga 1,7 ma.kr. en samhliða eru nýttar uppsafnaðar fjárheimildir frá fyrri árum og því eru 4,5 ma.kr. til ráðstöfunar á árinu 2023.

Aðhaldsráðstafanir – dregið úr útgjaldavexti

Aðhaldsráðstafanir í frumvarpinu nema alls 17 ma.kr. sem samanstanda af almennri aðhaldskröfu og sértækum ráðstöfunum til að hægja á útgjaldavexti og draga úr ríkisumsvifum. Vakin er athygli á því að sértækar aðhaldsráðstafanir vega í einhverjum tilvikum á móti ákvörðunum um ný og aukin útgjaldatílefni. Það felur í sér að aukning framlaga til tiltekinna verkefna eða framkvæmda hefði án aðhaldsráðstafana verið meiri en birtist í frumvarpinu.


Alla jafna er gert ráð fyrir almennri aðhaldskröfu á málefnasvið ráðuneyta í fjármálaáætlun sem útfærðar eru í frumvarpi til fjárlaga. Markmið þessara ráðstafana er m.a. að hvetja ráðuneyti og stofnanir til að leita sífellt leiða til að nýta þá takmörkuðu fjármuni sem til ráðstöfunar eru á sem hagkvæmastan hátt og skapa rými fyrir ný verkefni í samræmi við áherslur og markmið stjórnvalda sem vega á móti aðhaldskröfunni að einhverju leyti.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 er venju samkvæmt gert ráð fyrir almennri aðhaldskröfu og nemur hún um 4,6 ma.kr. Því til viðbótar eru í frumvarpinu sértækar aðhaldsráðstafanir sem nema um 3,8 ma.kr., sem skýrast af aðgerðum stjórnvalda til að draga úr útgjaldavexti og sporna við þenslu ásamt útfærslu á 9 ma.kr. óútfærðum afkomubætandi ráðstöfunum úr fjármálaáætlun 2024–2028. Eins og meðfylgjandi mynd um hagræna skiptingu ráðstafana sýnir er megináherslan á að stuðla að hægfara útgjaldavexti með því að draga úr rekstrarkostnaði og fjárfestingum ríkisins á næsta ári. Eingöngu lítill hluti aðhaldsaðgerðanna beinist að tilfærslum, eða um 10% og almanna- og sjúkratryggingakerfi eru undanskilin. Í umfjölluninni hér á eftir er farið yfir forsendur aðhaldsráðstafana og heildarumfang en nánar er vikið að hlutdeild hvers málaflokk í aðhaldskröfu í greinargerðum málefnasviða.

Dregið úr ríkisumsvifum og fjárfestingum frestað

Hagræn skipting aðhaldsráðstafana

m.kr.



Almenn aðhaldskrafa í frumvarpinu er 2% auk 1% viðbótaraðhaldskröfu á ráðuneyti en skólar hljóta lægri aðhaldskröfu eða 0,5%. Þá eru almanna- og sjúkratryggingar undanskildar ásamt heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, löggæsluembættum, fangelsum og dómstólum. Almenna aðhaldskrafan var aukin í fjármálaáætlun til að styðja við markmið um hóflegan vöxt útgjalda og draga úr þenslu. Í því ljósi var einnig gert ráð fyrir frestun fjárfestingaverkefna.

Auk ofangreinds voru í fjármálaáætlun 2024–2028 óútfærðir 9 ma.kr. í afkomubætandi ráðstafanir sem koma til útfærslu á næsta ári. Í áætluninni var gert ráð fyrir að þessar ráðstafanir féllu til í jöfnum mæli á tekju- og gjaldahlíð en við vinnslu frumvarpsins var tekin ákvörðun um að ráðstafanirnar falli alfarið til á gjaldahlíð. Markmið með þeim ráðstöfunum sem falla til á rekstrarhlíð ríkissjóðs er m.a. að draga úr ríkisumsvifum, skapa rými fyrir önnur verkefni og stuðla að bættri nýtingu opinbers fjár. Þá er hægt á ýmsum fjárfestingum sem áður voru áformaðar á árinu 2024.

Útfærsla á afkomubætandi ráðstöfunum felur í fyrsta lagi í sér að dregið er úr launakostnaði ríkisins. Þar er einkum horft til þess að nýta starfsmannaveltu en viðbúið er að grípa þurfi til uppsagna í einhverjum tilvikum. Almenn er miðað við að fjárveitingar til launa séu lækkaðar um 2,5% vegna þessa en í tilviki heilbrigðis- og öldrunarstofnana, háskóla, löggæslu og fangelsa er lækkunin einungis 0,25% þar sem áherslan er á að verja framlínustörf. Dómstólar og framhaldsskólar eru alfarið undanskildir þessari tilteknu ráðstöfun. Í öðru lagi er dregið úr öðrum rekstrargjöldum ráðuneyta og stofnana með áherslu á bættu nýtingu í opinberum innkaupum, aukna stafvæðingu, lækkun ferðakostnaðar ásamt einföldun stofnanakerfisins, lækkun húsnæðiskostnaðar og samrekstur. Í þriðja lagi er dregið úr umfangi nýrra verkefna og almennu útgjaldasvigrúmi ráðuneyta ásamt aukinni aðhaldskröfu á málefnasviðin. Loks er í fjórða lagi frestun á framkvæmdaverkefnum. Umfang framangreindra ráðstafana nemur um 8,6 ma.kr. en að meðtöldum verðlagsáhrifum aðgerðanna þá er áætlað að umfangið nemi rétt um 9 ma.kr.

Þegar allt er samantekið nemur lækkun á rekstrargjöldum ríkisins um 9,6 ma.kr. sem samsvarar 1,3% af veltu rekstrarframlaga fjárlaga ársins 2023. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er hlutfallið ólíkt eftir málefnasviðum. Það endurspeglar m.a. þá stefnu stjórnvalda að framlínustörf á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, skólum og löggæslu skuli undanskilið í aðhaldsaðgerðum. Þá veltur hlutfallið einnig að hluta til á útfærslu ráðuneyta á öðrum aðhaldsráðstöfunum sem og því að dregið er úr nýjum verkefnum en slíkar ráðstafanir teljast með í aðhaldskröfunni.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023 Rekstr.framl.	Aðhald: Laun	Aðhald: Önnur gjöld	Alls aðhald: Rekstur	% af rekstr.framl. fjárlaga 2023
Almanna- og réttaröryggi	35.923,8	-328,3	-212,0	-540,3	1,5%
Félags-, húsnæðis- og tryggingamál	23.820,1	-556,6	-369,6	-926,2	3,9%
Heilbrigðismál	253.759,3	-878,1	-1.162,4	-2.040,5	0,8%
Mennta- og menningarmál	110.354,7	-1.121,8	-965,6	-2.087,4	1,9%
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargr.	1.365,7	-43,2	-87,0	-130,2	9,5%
Samgöngu- og fjarskiptamál	15.781,5	-201,8	-299,2	-501,0	3,2%
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	23.178,1	-442,0	-208,5	-650,5	2,8%
Umhverfis- og orkumál	20.551,8	-370,2	-322,2	-692,4	3,4%
Utanríkismál og alþjóðl. þróunarsamvinna	14.278,7	-325,7	-236,0	-561,7	3,9%
Önnur málefnasvið	229.375,8	-916,8	-509,6	-1.426,4	0,6%
Samtals	728.389,5	-5.184,5	-4.372,1	-9.556,6	1,3%

Aðhald í fjárfestingum ríkisins nemur 5,9 ma.kr. og skýrist það að stærstum hluta af frestun framkvæmda, eða 4,9 ma.kr. Þannig munu framkvæmdir við höfuðstöðvar viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu fara hægar af stað en áður var ráðgert. Nemur frestunin 3 ma.kr. af 4 ma.kr. sem áður voru áætlaðir á árinu 2024. Aukning í framlögum til byggingarinnar á milli ára nemur því tæplega 1 ma.kr. Þá er einnig frestun á legudeild Sjúkrahússins á Akureyri, viðbyggingu Sjúkrahússins á Selfossi og Stjórnarráðsbyggingunni. Aðrar aðhaldsráðstafanir í fjárfestingum skýrast ýmist af því að dregið er úr aukningu til nýrra verkefna eða almennu aðhaldi á fjárfestingarframlög málefnasviða.

Breytingar frá fjárlögum 2023 eftir málefnasviðum

Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um breytingar á rammasettum útgjöldum í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 frá fjárlögum ársins 2023 eftir samandregnum málefnasviðum. Samtals nema breytingar á rammasettum útgjöldum í frumvarpinu 35,2 ma.kr., eða um 3,2%. Sjá má breytingar milli ára og skiptingu á milli málefnasviða á meðfylgjandi myndum. Umfjöllun um verkefni og breytingar er á verðlagi ársins 2023, þ.e. án launa- og verðlagsbreytinga.


Í frumvarpinu breytast útgjöld til **heilbrigðismála**³ mest frá fjárlögum fyrra árs en þau hækka um 14,3 ma.kr. að raunvirði sem nemur um 4,2%. Þar vegur þyngst að fjárfestingarframlög til byggingar nýs Landspítala hækka um 10,5 ma.kr. sem er samkvæmt uppfærðri framkvæmda- og tímaáætlun verkefnisins. Framlög til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga eru auknar um rúma 3,9 ma.kr. til að koma til móts við aukna eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vegna fólksfjölgunar og öldrunar þjóðarinnar. Einnig eru fjárheimildir til reksturs nýrra hjúkrunnarrýma sem gert er ráð fyrir að verði tekin í notkun á næsta ári auknar um 2,2 ma.kr.

³ Til heilbrigðismála heyra málefnasvið 23–26 ásamt málaflokkum 32.10 og 32.30.

Hlutfallsleg skipting rammasettra útgjalda 2024

Án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga

ma.kr.



Framlög til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála**⁴ hækka um 6,9 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 2,3%. Hækkunina má að stærstum hluta rekja til þess að stofnframlög til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins eru aukin um 5,7 ma.kr. sem liður í því að fjölga íbúðum í byggingu með stuðningi ríkis úr 500 í 1.000 á árinu 2024. Þá er gert er ráð fyrir 1,9 ma.kr. hækkun endurgreiðslna á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga vegna veittrar aðstoðar til erlendra ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili í landinu eða hafa átt skemur en í tvö ár. Framlag til barnabóta verður aukið um 1,4 ma.kr. sem er seinna skrefið í stuðningi stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum markaði en fyrri liðurinn kom til framkvæmdar í fjárlögum ársins 2023. Framlög til bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar lækka um 2,3 ma.kr. Breytingin byggist annars vegar á mannfjöldaspám sem leiðir til hækkunar en á móti vegur umfangsmeiri lækkun sem gerð er á grunni uppfærðrar áætlunar um útgjaldaþróun bóta almannatrygginga á nýgengi örorku og auknum tekjum ellilífeyrisþega. Þessi breyting hefur ekki áhrif á réttindi einstaklinga.

Framlög til **umhverfis-, og orkumála**⁵ aukast um 5,8 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 15,1%. Hækkunina má að stærstum hluta skýra með 7,5 ma.kr. framlagi til Orkusjóðs sem ætlað er að stuðla að orkuskiptum en að teknu tilliti til niðurfellingar tímabundinna verkefna um orkuskipti hjá bílaleigum og í þungaflutningum nemur hækkunin á milli ára 6,1 ma.kr. Framlagið er fyrsti hluti af 30 ma.kr. viðbótarfjárfjárveitingu til orkuskipta á tímabilinu 2024–2028 og kemur sú fjárveiting í stað niðurfelldra framlaga og hagrænna hvata í formi ívilnana á virðisaukaskatti vegna orkuskipta sem falla niður í árslok 2023. Þá er veitt 0,6 ma.kr. framlag til Ofanflóðasjóðs. Á móti falla niður ýmis tímabundin framlög til orku- og umhverfismála.

Framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála**⁶ hækka um 2,3 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs,

⁴ Til félags-, húsnæðis- og tryggingamála heyra málefnasvið 27–31 ásamt málaflokkum 32.20 og 32.40.

⁵ Til umhverfis-, orku- og loftlagsmála heyra málefnasvið 15 og 17.


⁶ Til samgöngu- og fjarskiptamála heyrir málefnasvið 11.

eða sem nemur 4,4%. Til hækkunar vegur þyngst varanleg aukning framlaga til vegaframkvæmda um 6,6 ma.kr. Auk þess er gert ráð fyrir 1,6 ma.kr. til uppbyggingar varaflugvallanna með tilkomu varaflugvallagjalds. Á móti falla niður 5,2 ma.kr. vegna tímabundinna framkvæmda í samgöngumálum sem komu til vegna fjárfestingar- og uppbyggingarátaks ríkisstjórnarinnar sem og tímabundið framlag til *Betri samgangna*.

Framlög til **skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu**⁷ aukast um 0,7 ma.kr. á milli ára eða sem nemur 2,7%. Breytinguna má að stórum hluta rekja til áherslu stjórnvalda á stafvæðingu opinberrar þjónustu og endurnýjunar upplýsingakerfa í stjórnkerfinu.

Breytingar á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2023

Án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga



Framlög til **mennta- og menningarmála**⁸ hækka um 0,6 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs sem nemur 0,5%. Breytingar skýrast m.a. með 1,3 ma.kr. hærra framlagi til eflingar háskólastigsins að teknu tilliti til niðurfelldra tímabundinna heimilda. Þá verður 1,2 ma.kr. varið í uppbyggingu Húss heilbrigðisvísindasviðs. Þá má nefna aukinn stuðning við einkarekna fjölmiðla og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á móti hækkuðum vegur aðhald og niðurfelling tímabundinna framlaga, s.s. framlag í Nýsköpunarsjóð námsmanna sem var hluti af fjárfestingar- og uppbyggingarátaki 2021–2023.

Framlög til **almanna- og réttaröryggis**⁹ lækka um 0,3 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 0,7%. Til hækkunar má helst nefna 1 ma.kr. aukningu til byggingar höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Gert hafði verið ráð fyrir meiri aukningu til verksins en sem liður af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar gegn verðbólgu var ákveðið að fresta framkvæmdum sem nema 3 ma.kr. Þá aukast rekstrarframlög til Landhelgisgæslunnar og tímabundið framlag er veitt til uppgjors á sanngirnibótum. Á móti falla niður tímabundin framlög, s.s. vegna leiðtoga fundar Evrópuráðs og framlög til aðstöðubreytingar á Litla-Hrauni.

Framlög til **nýsköpunar-, rannsókna- og þekkingargreina**¹⁰ lækka um 3,7 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 10,7%. Lækkunina má að stórum hluta rekja til

⁷ Til skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu heyrir málefnasvið 5.

⁸ Til mennta- og menningarmála heyrir málefnasvið 18–22.

⁹ Til almanna- og réttaröryggis heyrir málefnasvið heyrir málefnasvið 9.

¹⁰ Til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina heyrir málefnasvið 7.

niðurfellingar á 4 ma.kr. tímabundnu framlagi til endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar 2023 en á móti kemur aukning á varanlegu framlagi um 0,8 ma.kr. Þá er áætluð 1,9 ma.kr. hækkun vegna styrkja til rannsókna og þróunar nýsköpunarfyrirtækja. Niður fellur 2,8 ma.kr. framlag í Rannsókna- og Tæknipróunarsjóð sem var hluti af fjárfestingar- og uppbyggingarátaki ríkisstjórnarinnar 2021–2023 en á móti er gerð varanleg aukning á framlagi um 2 ma.kr.

Önnur málefnasvið¹¹ hækka samanlagt um 8,6 ma.kr. eða um 6,2%. Þyngst vegur 9,2 ma.kr. aukið framlag á almennum varasjóði til að styrkja sjóðinn frekar við að sinna því hlutverki sínu að geta mætt ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum á næsta ári. Talsverð óvissa er fyrir hendi fyrir komandi fjárlagaár, s.s. hvað varðar fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd og framvindu kjarasamningsviðræðna. Í ljósi aðstæðna þykir rétt að svigrúm varasjóðsins sé nægjanlegt fyrir komandi fjárlagaár til að geta mætt slíkum óvissuþáttum án þess að raska afkomu- og skuldamarkmiðum ríkissjóðs. Nánar er fjallað um almennan varasjóð í kafla 5.7 *Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs* og greinargerð málefnasviðs 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir*. Þá aukast framlög á málaflokki 10.50 *Útlendingamál* um 4,5 ma.kr. að teknu tilliti til aðhaldskröfu en nánari umfjöllun um aukin útgjöld vegna fjölgunar flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þvert á málefnasvið er að finna hér á eftir. Framlög til **utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu** lækka um 2,7 ma.kr. Þar vegur þyngst 1,7 ma.kr. lækkun til Uppbyggingarsjóðs EES sem er í samræmi við áætlanir ásamt því sem 1,5 ma.kr. framlag sem veitt var tímabundið til mannúðarmála í Úkraínu vegna stríðsátaka í landinu fellur niður. Aukinn stuðningur við Úkraínu og varnartengd verkefni vegna stríðsátaka er framlengdur um eitt ár en hefði að óbreyttu fallið niður. Þá aukast framlög til varnartengdra verkefna um 0,4 ma.kr. Á móti vegur hækkun í samræmi við þróun vergra þjóðartekna en stærstur hluti hækkunarinnar kemur fram á öðrum málefnasviðum.

Málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks hafa verið ofarlega á baugi í ljósi fjölgunar í þeim hópi að undanförunu. Fjölgunina má rekja til stóruaukins fjölda flóttafólks frá Úkraínu eftir að stríðsátök hófust þar í landi, auk þess sem fjölgað hefur í hópi fólks frá Venesúela sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi. Í frumvarpi til fjárlaga 2024 er gert ráð fyrir að heildarframlag þvert á málefni útlendinga, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks verði um 15,3 ma.kr. Um er að ræða 7 ma.kr. hækkun á raunvirði á milli ára. Þar vegur þyngst 4 ma.kr. hækkun til að mæta auknum fæðis- og húsnæðiskostnaði vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, auk þess sem framlag vegna endurgreiðslna til sveitarfélaga, sem byggja á 15. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, aukast um 1,9 ma.kr. vegna veittrar aðstoðar til erlendra ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili í landinu eða hafa átt skemur en í tvö ár. Þá eru framlög vegna samninga við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks aukin um 0,6 ma.kr. á milli ára. Auk þess sem gert er ráð fyrir 0,6 ma.kr. tímabundnu framlagi verði varið í húsnæðisúræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Af öðrum breytingum má nefna að framlög til Vinnumálastofnunar hækka um 0,3 ma.kr. vegna aukinnar aðstoðar við flóttafólk við atvinnuleit, veitt er 0,4 ma.kr. framlag til móttökumiðstöðvar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og framlög til íslenskukennslu halda áfram.

Taflan hér á eftir sýnir breytingar á rammasettum útgjöldum milli fjárlaga 2023 og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2024 eftir málefnasviðum án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

¹¹ Til annarra málefnasviða heyra málefnasvið 1–4, 6, 8, 10, 12–14, 16 og 34–35.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023	Frumvarp ¹ 2024	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	7.169	6.326	-843	-11,8
02 Dómstólar	3.839	3.834	-5	-0,1
03 Æðsta stjórnýsla	2.855	2.568	-288	-10,1
04 Utanríkismál	16.786	14.872	-1.915	-11,4
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	27.256	27.990	734	2,7
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.323	3.165	-159	-4,8
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	34.892	31.171	-3.722	-10,7
08 Sveitarfélög og byggðamál	3.192	2.924	-268	-8,4
09 Almanna- og réttaröryggi	38.860	38.584	-276	-0,7
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	20.046	24.354	4.308	21,5
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	52.418	54.722	2.304	4,4
12 Landbúnaður	21.379	21.332	-48	-0,2
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.866	7.287	421	6,1
14 Ferðapjónusta	2.377	2.108	-269	-11,3
15 Orkumál	8.461	14.395	5.933	70,1
16 Markaðseftirlit og neytendamál	3.549	3.819	270	7,6
17 Umhverfismál	29.892	29.740	-152	-0,5
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	20.993	20.143	-850	-4,1
19 Fjölmíðlun	6.282	6.943	662	10,5
20 Framhaldsskólastig	42.141	41.634	-507	-1,2
21 Háskólastig	60.196	61.774	1.578	2,6
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	5.493	5.234	-259	-4,7
23 Sjúkrahúspjónusta	143.477	155.564	12.087	8,4
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	78.541	81.576	3.035	3,9
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	77.119	73.994	-3.125	-4,1
26 Lyf og lækningavörur	36.514	39.008	2.493	6,8
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	100.539	100.149	-390	-0,4
28 Málefni aldraðra	115.017	113.846	-1.171	-1,0
29 Fjölskyldumál	58.314	61.506	3.192	5,5
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	8.172	7.576	-596	-7,3
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	18.861	24.746	5.885	31,2
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	11.298	11.078	-220	-1,9
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	35.117	43.315	8.198	23,3
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	12.887	12.067	-821	-6,4
Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2023	1.114.124	1.149.341	35.218	3,2
Liðir utan ramma ²	141.047	168.536	27.488	19,5
Aðlögun frumgjalda að GFS staðli ³	-82.342	-101.619	-19.277	23,4
Launa- og verðlagsbætur 2024	-	67.874	-	-
Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli	1.172.829	1.284.132	111.304	9,5
Vaxtagjöld	79.696	92.239	12.544	15,7
Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli ⁴	14.981	18.454	3.473	23,2
Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli	1.267.506	1.394.826	127.320	10,0

¹ Án launa- og verðlagsbreytinga.

² Liðir sem falla utan ramma málefna sviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

³ Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.

⁴ Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

5.2 Útgjaldaþróun rammasettra útgjalda málefna sviða frá 2021 til 2024

Áætlað er að rammasett útgjöld aukist um 6,7% á milli áráanna 2021 og 2024, eða um 76 ma.kr. á raunvirði ársins 2023.¹² Að frátöldum vaxtagjöldum og undanskildum liðum sem að öðru jöfnu ráðast að takmörkuðu leyti af ákvarðanatöku stjórnvalda eru rammasett útgjöld¹³ áætluð 1.214 ma.kr. að nafnvirði árið 2024. Vakin er athygli á því að í fjárlögum ársins 2021 voru umtalsverðar tímabundnar hækkunir fjárheimilda til að bregðast við kórónuveirufaraldrinum. Stór hluti þeirra framlaga féll niður á tímabilinu ásamt því að fjárfestingar- og uppbyggingarátaki 2021–2023 lýkur að stórum hluta á árinu 2024 og þá falla niður margvísleg framlög því tengdu.

Á meðfylgjandi mynd sést að hlutfallsleg aukning hefur orðið mest í framlögum til **umhverfis- og orkumála** en þau hafa aukist um 40,6% að raunvirði frá árinu 2021 og nemur hækkunin 13,1 ma.kr. Skýrist hækkunin meðal annars af því að á árinu 2024 hækka fjárheimildir vegna orkumála um rúma 7,5 ma.kr. vegna margvíslegra verkefna til orkuskipta, s.s. styrki til hreinorkuökutækja, átaksverkefni og til innviðauppbyggingar eins og fjallað hefur verið um og til annarra verkefna tengdum loftslagsmálum en að teknu tilliti til niðurfellingar tímabundinna framlaga um orkuskipti hjá bílaleigum og í þungaflutningum nemur hækkunin á milli ára 6,1 ma.kr. Um er að ræða breytta framsetningu á stuðningi við orkuskipti sem færast af tekjuhlið ríkisfjármálanna yfir á gjaldahlið. Sjá nánari umfjöllun í greinargerð málefna sviðs *15 Orkumál*.


Þá lækka framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála** um 11%. Skýrist það fyrst og fremst af því að á árinu 2021 var mikil innspýting til samgöngumála í tengslum við fjárfestingaráttök áráanna 2019–2021 og 2021–2023. Umtalsverðar tímabundnar fjárheimildir féllu niður á árinu 2022 þegar fyrra áttakinu lauk og dró úr síðara áttakinu. Frá því ári hafa framlög til samgöngumála aukist og innspýting verður til samgöngu- og fjarskiptamála á árinu 2024.

¹² Miðað er við breytinguna frá samþykktum fjárlögum ársins 2021 til fjárlagafrumvarpsins 2024 þegar búið er að taka tillit til launa- og verðlagsbreytinga í fjárlögum hvers árs.

¹³ Liðir sem falla utan ramma málefna sviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyris-skuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Breyting á rammasettum útgjöldum ríkissjóðs á árunum 2021-2024

Raunvirði 2023 m.v. launa-, gengis- og verðlagsbr. í fjárlögum og frumvarpi 2024



Í krónum talið hafa framlög til **heilbrigðismála** aukist mest eða sem svarar 50,4 ma.kr. frá árinu 2021. Í heilbrigðisþjónustu hefur verið lögð áhersla á aukin rekstrarframlög til sjúkrahúsa, byggingar nýs Landspítala og uppbyggingar nýrra hjúkrunarrýma. Þá hafa framlög til sjúkratrygginga verið aukin, m.a. með nýjum samningi við sérgreinalækna og lögð áhersla á bættu geðheilbrigðisþjónustu, lægri greiðsluþátttöku sjúklinga og styrkingu sjúkrasviða á landsbyggðinni. Í **félags-, húsnæðis- og tryggingamálum** hafa framlög aukist um rúm 7,2 ma.kr., s.s. til að bæta kjör aldraðra og lífeyrisþega og auka stuðning við barnafjölskyldur með auknum stuðningi í gegnum barnabótakerfið. Framlög til húsnæðismála hafa hækkað með auknum stofnframlögum til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins.

Framlög hafa verið aukin um ríflega 4 ma.kr. til **menntamála** á tímabilinu til að mæta fjölgun nemenda í framhalds- og háskólum, framlög til **nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina** hafa verið aukin m.a. með endurgreiðslum til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsókna og þróunar. Þá hefur viðbótarfjármunum verið veitt til að þess að bæta opinbera þjónustu í gegnum Stafrænt Ísland og endurnýjun hugbúnaðarkerfa. Jafnframt hafa útgjöld verið aukin til margra verkefna vegna viðbragða við kórónuveirufaraldursins og þar vega þungt áhrif af fjárfestingar- og uppbyggingaráttaki 2021–2023.

5.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Stór hluti nýrra útgjalðaráðstafana í frumvarpi til fjárlaga 2024, þ.e. breytingar frá gildandi fjárlögum, hefur verið greindur með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál. Sambærilega umfjöllun um áhrif tekjuráðstafana er að finna í kafla 4 *Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)*. Áhersla var lögð á að meta áhrif tillagna sem tengjast nýjum verkefnum eða öðrum ákvörðunum ríkisstjórnar. Lagt var mat á hvort ráðstafanirnar séu líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi eða auka kynjamisrétti eða kynjabil en í sumum tilfellum takast á ólík sjónarmið og vandasamt að skera úr um hver heildaráhrif ráðstöfunar eru á jafnrétti. Í slíkum málum eru helstu sjónarmið dregin fram án einhlítrar niðurstöðu. Greiningin beinist fyrst og fremst að stöðu kvenna og karla þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um önnur kyn. Þá er einnig leitast við að greina áhrif á aðra hópa eftir því sem við á og gögn liggja fyrir. Greiningar eru misítarlegar og æskilegt er að

sumar ráðstafanna verði greindar nánar og fylgst með hver áhrifin verða í reynd.

Niðurstaða jafnréttismats liggur fyrir á um 65% af heildarumfangi útgjaldaráðstafana vegna nýrra og aukinna verkefna. Meiri hluti þeirra er talinn stuðla að jafnrétti á meðan aðrar ráðstafanir eru taldar viðhalda óbreyttu ástandi. Staðan er ólík eftir málaflokkum. Í sumum tilfellum hefur málaflokkurinn lítil áhrif á jafnrétti á meðan í öðrum hallar á konur.

Einnig var lagt mat á áhrif aðhaldsráðstafna á jafnrétti en útfærsla á aðhaldi getur haft afar ólík áhrif á kynin, bæði starfsfólk hins opinbera og notendur opinberrar þjónustu. Við ákvarðanir um aðhaldsráðstafanir var lagt upp með að þær hafi sem minnst áhrif á þjónustu, t.d. með því að undanskilja heilbrigðis- og öldrunarstofnanir frá almennri aðhaldskröfu og beina aðhaldi á launakostnað ekki að starfsfólki í framlínuþjónustu. Grunnþjónusta og tilfærslukerfi ríkisins eru því varin og þannig er komið í veg fyrir að dregið sé úr þjónusta við hópa sem oft eru í viðkvæmri stöðu og að þjónustan flytjist inn á heimilin þar sem henni er að miklu leyti sinnt af konum án endurgjalds. Jafnréttismat beindist því að miklu leyti að áhrifum af lækkun launakostnaðar á starfsfólk ríkisstofnana. Konur eru um tveir þriðju hlutar starfsfólks ríkisins en kynjahlutfallið er jafnara þegar búið er að undanskilja heilbrigðisstofnanir, skóla, löggæslu og dómstóla þótt enn séu konur þar í meiri hluta. Þá er vert að hafa í huga hvers konar störfum innan stofnana er líklegt til að fækka. Hefur þar verið dregið fram að konur eru í meiri hluta í þeim störfum sem verða fyrir miklum áhrifum af stafvæðingu opinberrar þjónustu en í skoðun eru ráðstafanir til að milda áhrif á þennan hóp og auðvelda þeim að taka að sér ný og annars konar störf. Heilt á litið mun sérstakt aðhald á launalið bitna í meiri mæli á konum en körlum og því talið auka kynjamisrétti eða kynjabil.

Almennt má telja að aukin framlög til **heilbrigðismála** hafi jákvæð áhrif á öll kyn. Ekki hefur verið gert jafnréttismat á byggingu nýs Landspítala sem væri æskilegt til að tryggja að tekið sé mið af þörfum ólíkra hópa. Ætla má að byggingin hafi jákvæð áhrif á öll kyn en konur eru í miklum meiri hluta þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu. Jafnframt nota konur heilbrigðisþjónustu hlutfallslega meira en karlar. Sömu sjónarmið eiga við um styrkingu sjúkrasviða heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sem einnig stuðlar að jafnara aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir búsetu. Almenn lækkun greiðsluþátttöku sjúklinga og nýr samningur við sérgreinalækna eru talin stuðla að jafnrétti en hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu, bæði vegna kostnaðar og annarra ástæðna.

Aðgerðir til að styðja við viðkvæma og/eða jaðarsetta hópa eru einnig taldar stuðla að jafnrétti. Þetta á við um aðgerðir til að sporna við skaða af völdum óþjónleika en konur sem háðar eru ólöglegum vímuefnum eru útsettari fyrir skaðlegum afleiðingum sem og hvers kyns misnotkun og valdbeitingu vegna vímuefnavanda síns. Styrking teyma um kynvitund og breytingar á kyneinkennum varðar réttindi hinsegin fólks til heilbrigðisþjónustu en kynstaðfestandi heilbrigðisþjónusta dregur úr sálrænni vanlíðan og bætir lífsgæði trans-fólks.

Aukin framlög til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála** hafa einkum bein áhrif á efnaminna fólki. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2021 voru konur sem búa einar á heimili líklegri (14,6%) en karlar í sömu stöðu (12%) til að upplifa húsnæðiskostnað sem þunga byrði. Af ólíkum heimilisgerðum var algengast að heimili með einum fullorðnum með eitt eða fleiri börn á framfæri upplifi þunga byrði húsnæðiskostnaðar (21,4%) en konur eru í miklum meiri hluta einstaklinga sem skráðir eru einir með börn. Aukin framlög til barnabóta stuðla að auknum ráðstöfunartekjum tekjulægri fjölskyldna og stuðla jafnframt að jafnrétti kynjanna. Útgjöld vegna móttöku flóttafólks eru almennt talin stuðla að jafnrétti í ljósi viðkvæmrar stöðu kvenna á flóttu en flóttafólk er fjölbreyttur hópur í hættu á margþættri mismunun.

Sé litið til beinna áhrifa ráðstafana í **umhverfis-, orku- og loftslagsmálum** á jafnrétti kynjanna eru áhrifin margvísleg og tilefni til að greina nánar. Karlar og efnameiri hópar teljast líklegri til þess að nýta stuðning við kaup á hreinorkubílum en aftur á móti er líklegt að konur finni meira fyrir sparnaði sem hlýst af lægri rekstrarkostnaði í ljósi þess að þær nota bíl meira í daglegu lífi og eru að meðaltali með lægri atvinnutekjur en karlar. Þá eru afleiðd áhrif af styrkjunum þau að eftirmarkaður með hreinorkubíla stækkar sem gefur fleiri og fjölbreyttari hópum færi á að eignast slíkan bíl. Auk þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem er mikilvægt jafnréttismál á heimsvísu, má telja að aðgerðin hafi einnig óbein áhrif á lýðheilsu almennings með minni útblæstri oliuknúinna ökutækja. Ítarleg greining á jafnréttisáhrifum ofanflóðavarna liggur ekki fyrir en alþjóðleg gögn benda til að konur og börn séu mun líklegri til að deyja í náttúruhamförum en karlar. Líklegt er þó að kynbundinn munur sé minni hér á landi þar sem staða kynjanna er jafnari. Gera má ráð fyrir að áhrif af rýmingum vegna ofanflóðahættu og í kjölfar ofanflóða séu ólík milli hópa og væri vert að greina þau nánar.

Líta þarf til kynja- og jafnréttissjónarmiða þegar kemur að ákvörðunum um **samgöngumál** og taka mið af þörfum ólíkra hópa. Ekki liggur fyrir jafnréttismat á einstaka aðgerðum sem fjármagna á með auknum framlögum í þessu frumvarpi. Almenn kynjasjónarmið eru þau að vinnusóknarsvæði kvenna er minna en karla sem þýðir að konur eru líklegri til að sækja vinnu nær heimili og karlar ferðast lengri leið til og frá vinnu.

Í málaflokkum **skatta-, eigna- og fjárumsýslu** ber helst að nefna stafvæðingu opinberrar þjónustu í tengslum við ólík áhrif á kynin og aðra hópa. Gera má ráð fyrir miklum ávinningi fyrir notendur en kynjaáhrif stafvæðingarinnar eru þó ekki að fullu þekkt og mikilvægt að huga að kynja- og jafnréttisáhrifum frá hugmynd að framkvæmd. Mikilvægt er einnig að tryggja aðgengi þeirra sem ekki hafa stafræna færni og hafa skref verið stigin í þá átt. Störf sem konur sinna eru líklegri til að verða fyrir áhrifum vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar opinberrar þjónustu og er mikilvægt að huga að stuðningi og starfsþróun fyrir þennan hóp.

Mikilvægt er að horfa til mismunandi áhrifa á kynin og aðra hópa af aðgerðum í **mennta- og menningarmálum**. Gæta þarf að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar fjármagni er beint inn á ákveðnar greinar þar sem kynjahall er mikill, t.d. í heilbrigðisvísindum og svokölluðum STEAM-greinum. Sama gildir um útfærslu og innleiðingu nýs reiknilíkans þar sem leggja á áherslu á umbun fyrir rannsóknarvirkni. Jafnréttisáhrif af auknum stuðningi við einkarekna fjölmiðla eru ekki ljós þar sem ekki liggja fyrir kyngreind gögn um starfsemi þeirra. Þá eru ekki gerðar tiltekna kröfur er varða jafnrétti kynjanna sem forsendur fyrir stuðningi.

Í málaflokkum **almanna- og réttaröryggis** var ítarlegt jafnréttismat unnið vegna höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu og m.a. dregin fram sjónarmið er varða umönnunar- og heimilisbyrði fólks, öryggi starfsfólks og gesta, jafnan aðgang kynjanna að opinberum byggingum, staðalmyndir og kynhlutverk og jöfn tækifæri kynjanna til góðrar heilsu. Tekið verður mið af þessum sjónarmiðum við hönnun, byggingu og rekstur hússins. Ekki liggur fyrir mat á jafnréttisáhrifum annarra ráðstafana á málefnasviðinu.

Sambærileg eða aukin framlög inn í óbreytt stuðningsumhverfi við **nýsköpunar-, rannsókn- og þekkingargreinar** eru talin líkleg til að viðhalda ójafnri stöðu kynjanna eða skekkja hana enn frekar. Kynjamunurinn virðist hvað mestur í tengslum við endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar en þar hafa karlar verið að baki þremur af hverjum fjórum umsóknum enda eru flest fyrirtækin sem njóta endurgreiðslna tæknifyrirtæki þar sem karlar eru í meiri hluta starfandi. Staðan er jafnari þegar kemur að samkeppnissjóðum þótt þar halli í flestum tilfellum einnig á konur þegar kemur að hlutfalli styrkja og styrkfjárhæða til kvenna. Lækkun framlaga vegna kvikmyndaendurgreiðslna dregur úr kynjaskekkju en karlar eru í meiri hluta þeirra sem starfa við kvikmyndagerð og tölfærni um styrkveitingar úr kvikmyndasjóði

gefur til kynna að innan kvikmyndageirans halli verulega á konur.

Í þessum hluta hefur verið fjallað um áhrif ráðstafana í frumvarpinu út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Líkt og fram hefur komið eru flestar þær ráðstafanir sem hafa verið jafnréttismetnar taldar viðhalda óbreyttu ástandi eða stuðla að jafnrétti en einstaka aðgerð talin auka kynjamisrétti eða kynjabil. Það skiptir máli að greina kynja- og jafnréttisáhrif fjárveitinga. Það sem í fyrstu gæti virst kynhlutlaust getur haft mismunandi áhrif á fólk eftir kyni, aldri, fötlun, stöðu, uppruna og fleiri mismunabreyta.

5.4 Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Fjárlagafrumvarp ársins 2024 byggist á stefnumörkun málefnasviða sem samþykkt var í fjármálaáætlun 2024–2028 í júní sl. Rammasett útgjöld í fjármálaáætlun námu 1.145,6 ma.kr. á verðlagi 2023. Fjárlagafrumvarp 2024 gerir ráð fyrir að rammasett útgjöld verði 3,7 ma.kr. hærri en áætlað var í fjármálaáætlun, eða sem nemur 0,3%. Stærsta frávikkið að frátöldu málefnasviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* er á málefnasviði 31 *Húsnæðis- og skipulagsmál* en um ræðir 3,4 ma.kr. aukningu sem skýrist að stærstum hluta af tvöföldun stofnframlaga til byggingar og kaupa á hagkvæmum leiguíbúðum eða sem nemur 3,7 ma.kr. og lækkun húsnæðisbóta á móti um 0,5 ma.kr. vegna uppfærðrar áætlunar. Framlag innan málefnasviðs 28 *Málefni aldraða* lækkar í samræmi við útgjaldapróun síðustu ára vegna hærri tekna ellilífeyrisþega, nemur lækkunin 2 ma.kr. sem koma til viðbótar lækkun í fjármálaáætlun. Framlög á málefnasviði 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna* lækkar um 1,3 ma.kr. vegna aukinna útgjalda vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þessi kostnaður er að hluta dreginn frá fjárveitingu málefnasviðsins. Nýr samningur við sérgreinalækna leiðir til hækkunar á málefnasviði 24 *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa*. Í fjármálaáætlun voru óútfærðir 9 ma.kr. í afkomubætandi ráðstafanir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðstafanirnar falli alfarið til á gjaldahlíð og lækka því málefnasviðin í frumvarpinu sem því nemur samanborið við fjármálaáætlun að meðtöldum verðlagsáhrifum.

Í töflunni hér á eftir má sjá sundurliðun breytinga eftir einstökum málefnasviðum milli fjármálaáætlunar 2024–2028 og fjárlagafrumvarps 2024.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rammi fjármálaáætl. 2024	Rammi frumvarp 2024 ¹	br. frá fjármála-áætlun m.kr.	breyting %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.380	6.326	-54	-0,9
02 Dómstólar	3.839	3.834	-5	-0,1
03 Æðsta stjórnarsýsla	2.835	2.568	-267	-9,4
04 Utanríkismál	15.138	14.872	-267	-1,8
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	28.282	27.990	-292	-1,0
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.153	3.165	12	0,4
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	31.474	31.171	-303	-1,0
08 Sveitarfélög og byggðamál	2.928	2.924	-4	-0,1
09 Almanna- og réttaröryggi	38.975	38.584	-391	-1,0
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	24.419	24.354	-65	-0,3
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	55.373	54.722	-651	-1,2
12 Landbúnaður	21.173	21.332	158	0,7
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	7.612	7.287	-325	-4,3
14 Ferðaþjónusta	2.133	2.108	-25	-1,2
15 Orkumál	14.418	14.395	-24	-0,2
16 Markaðseftirlit og neytendamál	3.835	3.819	-17	-0,4
17 Umhverfismál	29.481	29.740	259	0,9
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	20.010	20.143	133	0,7
19 Fjölmíðlun	7.026	6.943	-82	-1,2
20 Framhaldsskólastig	41.818	41.634	-183	-0,4
21 Háskólastig	62.313	61.774	-540	-0,9
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála	5.322	5.234	-88	-1,7
23 Sjúkrahúspjónusta	155.995	155.564	-430	-0,3
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	79.968	81.576	1.609	2,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	74.308	73.994	-314	-0,4
26 Lyf og lækningavörur	39.187	39.008	-179	-0,5
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	100.203	100.149	-54	-0,1
28 Málefni aldraðra	115.846	113.846	-2.000	-1,7
29 Fjölskyldumál	60.965	61.506	542	0,9
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	7.730	7.576	-154	-2,0
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	21.341	24.746	3.406	16,0
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	10.893	11.078	184	1,7
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	37.915	43.315	5.400	14,2
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	13.361	12.067	-1.294	-9,7
Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2023	1.145.646	1.149.341	3.696	0,3
Liðir utan ramma ²	166.150	168.536	2.386	1,4
Aðlögun frumgjalda að GFS staðli ³	-98.161	-101.619	-3.458	3,5
Launa- og verðlagsbætur 2024	75.331	67.874	-7.457	-9,9
Ráðstafanir ⁴ , uppsöfnuð áhrif	-4.500	-	4.500	-
Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli	1.284.465	1.284.132	-333	0,0
Vaxtagjöld	78.709	92.239	13.530	17,2
Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli ⁵	18.191	18.454	263	1,4
Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli	1.381.366	1.394.826	13.460	1,0

¹ Án launa- og verðlagsbreytinga.

² Liðir sem falla utan ramma málefna sviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.


³ Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbýrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaupa, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.

⁴ Ráðstafanir á útgjalda hlíð skv. fjármálaáætlun. Í fjárlagafrumvarpinu hafa þessar ráðstafanir verið útfærðar niður á málefna svið. Þá hefur umfang ráðstafana á gjaldahlíð verið aukið í 9 ma.kr. með tilfærslu afkomubætandi ráðstafana af tekjuhlíð yfir á gjaldahlíð.

⁵ Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

5.5 Verðlagsforsendur útgjaldahliðar

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárheimildir málefnasviða og málaflokka settar fram á áætluðu verðlagi ársins 2024. Verðlagsbreytingar á milli áráanna 2023 og 2024 miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Ekki er spáð fyrir um gengi gjaldmiðla heldur er það uppfært miðað við meðalgengi í júní 2023. Launa-, verðlags- og gengisbreytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu nema samtals 67,9 ma.kr., þar af 64,7 ma.kr. vegna rammasettra útgjalda og skýra um 65% af aukningu rammasettra útgjalda í frumvarpinu. Í sögulegu samhengi eru verðlagsbreytingarnar umfangsmiklar og áþekkar að umfangi og í gildandi fjárlögum. Skýrist það fyrst og fremst af því að verðbólgan er nú hærri en hún hefur verið um margra ára skeið.



Launaforsendur. Beinn launakostnaður ríkisins ásamt launalið í aðkeyptri þjónustu, t.d. vegna þjónustusamninga, nemur um 390 ma.kr. Hækkun fjárheimilda málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu vegna launahækkana er tvíþætt. Annars vegar er launagrunnur frumvarpsins hækkaður um 8,6 ma.kr. vegna endurmats launaforsendna ársins 2023 og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli. Við gerð fjárlaga 2023 lá ekki fyrir hverjar launahækkanir ríkisstarfsmanna fyrir komandi fjárlagaár yrðu þar sem kjarasamningar losnuðu að vori 2023. Vegna óvissu með hvenær yrði samið og hver niðurstaða samninganna yrði var stofnunum ekki úthlutað viðbótarfjárveiting byggð á áætlunum heldur var fjárheimild miðuð við forsendur fjármálaáætlunar um launahækkanir opinberra starfsmanna sett á almennan varasjóð. Á síðasta ári voru gerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði þar sem að laun hækkðu almennt um 6,75% þó ekki minna en 35 þús.kr. og ekki meira en 66 þús.kr. Á yfirstandandi ári hefur verið samið við nánast öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna á sambærilegum forsendum og nemur vegin meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna á ársgrundvelli um 7,3%.

Á yfirstandandi ári hafa fjárveitingar verið millifærðar á stofnanir og verkefni til samræmis við niðurstöður kjarasamninga. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkana fyrri ára og endurmats á þessum launaforsendum nemi 25,6 ma.kr. til hækkunar á ársgrundvelli vegna fjárlaga fyrir árið 2023. Þar sem gert hafði verið ráð fyrir 17 ma.kr. fjárheimild á almennum varasjóði til að mæta þessum hækkunum þá nemur hækkun fjárheimilda á ársgrundvelli vegna

ársins 2023 því 8,6 ma.kr.

Hins vegar eru reiknaðar inn launahækkunar fyrir komandi ár. Líkt og við vinnslu gildandi fjárlaga fyrir árið 2023 þá er umtalsverð óvissa um framvindu kjarasamninga á næsta ári og hvenær samkomulag muni nást. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði gilda almennt til loka janúar 2024 en til loka mars í tilvikum stéttarfélaganna ríkisstarfsfólga. Í þeim eru ekki ákvæði um frekari kjarasamningsbundnar hækkunar á árinu 2024. Í ljósi þess að sama staða er nú uppi og við gerð fjárlaga 2023 verður beitt sömu aðferðarfræði og þá var viðhöfð. Í því felst að fjárveitingum er ekki úthlutað niður á stofnanir og verkefni byggt á áætlunum um mögulegar launahækkunar. Þess í stað er gert ráð fyrir fjárheimild fyrir launabætur á almennum varasjóði á málefnasviði *34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* með hliðsjón af þróun verðbólgu á næsta ári. Eftir því sem niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir verða millifærðar fjárveitingar á stofnanir og verkefni af almenna varasjóðnum til samræmis við niðurstöður samninganna og verður fjárlaganefnd Alþingis gerð grein fyrir þeirri ráðstöfun líkt og lög kveða á um.

Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga. Í 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, er kveðið á um að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega og taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs. Við mat á launaþróun hefur venjan verið að miða við meðalhækkunar í kjarasamningsbundnum hækkunum á almennum vinnumarkaði að teknu tilliti til þess hvenær þær taka gildi á árinu. Í ljósi þess að ekki liggur fyrir spá um meðalþróunhækkunar í kjarasamningum á vinnumarkaði á næsta ári þá er í forsendum frumvarpsins miðað við að bætur almannatrygginga hækki um 4,9% frá og með 1. janúar sem er í samræmi við verðbólguþróun Hagstofunnar frá því í júní sl. Áætluð útgjöld vegna þess eru um 10,7 ma.kr. á árinu 2024. Því til viðbótar eru fjárheimildir hækkaðar um 5,4 ma.kr. vegna 2,5% hækkunar á bótum almannatrygginga sem tóku gildi 1. júlí sl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þróunhækkun atvinnuleysisbóta verði 4,9% til samræmis við hækkun bóta almannatrygginga og spá Hagstofunnar um hækkun verðlags á næsta ári. Áætlaður kostnaður vegna hækkunarinnar er um 1,6 ma.kr. Áætluð heildarútgjöld vegna hækkunar atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga eru því samanlagt um 17,7 ma.kr. í fjárlögum 2024.

Almennar verðlagsforsendur. Í forsendum fjárlaga 2023 var gert ráð fyrir 5,6% hækkun á vísitölu neysliverðs milli árána 2022 og 2023. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar, sem kom út í júní, er hins vegar gert ráð fyrir að hækkun á vísitölunni á milli árána 2022 og 2023 verði 8,7% og síðan 4,9% milli árána 2023 og 2024. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að önnur rekstrargjöld en laun, en algengt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana, hækki um 8% milli árána 2023 og 2024. Sú hækkun er að hluta til að leiðrétta framangreint vanmat á hækkun vísitölu neysliverðs milli 2022 og 2023 sem fólst í forsendum fjárlaga 2023, auk þess sem reiknað er með spá um hækkun á vísitölu neysliverðs til næsta árs. Þetta þýðir að allur almennur rekstur málefnasviða og málaflokka, annar en launakostnaður, hækkar sem þessu nemur. Gengið er út frá því, eins og undanfarin ár, að sama hækkun eigi yfirleitt við um rekstrartekjur stofnana. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er fjármögnuð að verulegum hluta eða að fullu með rekstrartekjum hefur hins vegar lengi verið gengið út frá því í verðlagsreikningi fjárlaga að rekstrartekjur hækki í takt við launakostnað í samræmi við vægi hans í veltunni enda algengt að um sé að ræða útselda þjónustu. Þessar forsendur miða að því að hjá stofnunum, sem fjármagna verulegan hluta af rekstrarútgjöldum sínum með rekstrartekjum, verður hlutfall tekjuöflunarinnar af veltu það sama eftir verðlagsreikning og það var fyrir hann.

Áætluð útgjöld til að leiðrétta fyrir vanmati á verðbólgu yfirstandandi árs nemur 7,6 ma.kr. en áætluð útgjöld vegna verðlagshækkunar næsta árs nemur 12,1 ma.kr. Samtals er hækkun

fjárheimilda vegna annarra rekstrargjalda því 19,7 ma.kr.

Gengisforsendur. Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Í frumvarpinu fyrir árið 2024 er miðað við meðalgengi í júní 2023. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2024 hefur gengi íslensku krónunnar tekið nokkrum breytingum frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2023. Þannig er gengisvísitalan nú 2,9% hærrí. Gengi dollara hefur þó lækkað um 4,3% en gengi evru hækkað um 5,6% og gengi breska pundsins hækkað um 7,0%. Þessar breytingar á gengi gjaldmiðla leiða samtals til tæplega 2,4 ma.kr. hækkunar á fjárheimildum málefna sviða og málaflökka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd við gjaldmiðla. Það á einkum við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum og lyfjakostnað.

Verðlagsbreytingar fjárlagafrumvarpsins 2024	útgjöld ma.kr.
Launabreytingar.....	28,1
Endurmat á launaforsendum fjárlaga fyrri ára.....	8,6
Áætlaðar launabætur 2024.....	19,5
Almennar verðlagsbreytingar.....	19,7
Gengisbreytingar.....	2,4
Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga.....	17,7
Samtals.....	67,9

5.6 Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Árlega efna ráðuneyti og stofnanir til útgjalda með samningum, á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál, og á grundvelli 42. gr. sömu laga um styrkveitingar, við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Tilgangur og markmið með samningum eða styrkjum samkvæmt þessum greinum laganna geta verið margs konar.

Flokkun samninga. Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni falla undir 40. gr. laga um opinber fjármál. Samkvæmt þeirri grein er ráðherra veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára, að öðrum kosti þurfi samþykki Alþingis. Með samningi um rekstur er átt við samning um afmarkaða rekstrarþætti eða þjónustu sem ríkið veitir enda sé ekki um að ræða verkefni sem fela í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum nema fyrir því liggja skýr lagaheimild. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu. Með 40. gr. laga um opinber fjármál er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis ef samanlögð árleg fjárskuldbinding ríkisaðilans vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hans. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða minni háttar samninga eins og rekstur upplýsingakerfa, tölvuumsjón og rekstrarleigusamninga. Það er á ábyrgð ríkisaðila að tryggja að útgjöld vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt til þess málefna sviðs og málaflökks sem verkefnið fellur undir.

Ráðherra er samkvæmt lögunum einnig heimilt að gera styrktar- og samstarfssamninga um verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Um slíka samninga gildir 42. gr. laga um opinber fjármál sem fjallar um styrkveitingar. Samkvæmt greininni er

hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Heildarumfang skuldbindandi samninga. Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Meðfylgjandi tafla sýnir annars vegar heildarskuldbindingu og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga og hins vegar styrktar- og samstarfssamninga eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefna-sviðum og málaflokkum.

Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 369 talsins. Þar af eru 137 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna og 232 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildar-útgjöld samninganna eru áætluð 216,9 ma.kr., eða sem nemur 16% af frumútgjöldum ríkissjóðs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áb.	Fj. samn.	2023	2024	2025	2026
Rekstrar- og þjónustusamningar						
04 Utanríkismál	UTN	4	3.700	3.846	3.846	3.846
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	FJR	9	3.162	3.326	3.326	2.087
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	HVIN	13	273	273	273	238
08 Sveitarfélög og byggðamál	IRN	1	245	200	197	194
09 Almanna- og réttaröryggi	DMR	5	771	853	853	853
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	IRN	5	2.983	2.953	2.878	2.718
12 Landbúnaður	MAR	6	584	529	17	
13 Sjúvarútvegur og fiskeldi	MAR	2	3	3	3	3
14 Ferðaþjónusta	MVF	3	339	323	17	
18 Menning listir, íþrótt- og æskulýðsmál	MVF	17	1.313	1.381	1.331	1.319
19 Fjölmiðlun	MVF	1	5.710	6.125	6.505	6.805
20 Framhaldsskólastig	MRN	7	7.646	8.070	7.502	7.502
21 Háskólastig	HVIN	5	7.293	7.590	7.368	7.292
23 Sjúkrahúsþjónusta	HRN	2	54.191	55.492	55.492	55.492
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	HRN	31	32.402	35.485	35.485	35.485
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	HRN	23	51.319	55.679	55.679	55.679
29 Fjölskyldumál	FRN	2	225	76		
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	UTN	1	838	880	923	924
Samtals rekstrar- og þjónustusamningar		137	172.996	183.082	181.691	180.435
Styrktar- og samstarfssamningar						
03 Æðsta stjórnýsla	FOR	4	36	36		
04 Utanríkismál	UTN	6	94	69	69	65
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	HVIN	6	51	45	45	43
08 Sveitarfélög og byggðamál	IRN	6	207	199	177	195
09 Almanna- og réttaröryggi	DMR	1	12	12	12	12
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	DMR	2	4.113	4.367	4.367	4.367
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	IRN	1	87	87		
12 Landbúnaður	MAR	4	17.282	18.234	18.109	17.985
13 Sjúvarútvegur og fiskeldi	MAR	2	44	7	7	
15 Orkumál	URN	3	85	85	85	85
17 Umhverfismál	URN	2	80	79	28	28
18 Menning listir, íþrótt- og æskulýðsmál	MVF	17	1.480	1.620	1.363	1.367
20 Framhaldsskólastig	MRN	18	1.567	1.390	1.345	914
21 Háskólastig	HVIN	59	1.966	630	623	616
22 Önnur skólastig og stjórn. mennta- og barnamála	MRN	15	516	514	18	18
29 Fjölskyldumál	FRN	4	344	340	265	265
30 Vinnurmarkaður og atvinnuleysi	FRN	2	1.143	1.157	1.157	1.157
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	FRN	6	70	46	46	14
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	UTN	74	4.880	4.943	3.930	3.952
Samtals styrktar- og samstarfssamningar		232	34.056	33.859	31.646	31.083
Samtals skuldbindandi samningar		369	207.053	216.942	213.337	211.518
Hlutfall af frumútgjöldum			16%	16%	-	-

5.7 Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs

Í fjárlögum ár hvert ákveður Alþingi skiptingu fjárheimilda til málefna sviða og málaflokka og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Þó er eðli máls samkvæmt heimilt að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka *34.10 Almennur varasjóður* og *34.20 Sérstakar fjárráðstafanir* í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra enda er fjárheimildum þessum ætlað að mæta útgjaldatílefnum án tillits til þess hvaða málaflökkur ber þau útgjöld. Með sama hætti er hægt að millifæra fjárheimildir vegna útgjaldatílefna óháð hagrænni skiptingu. Heildarumfang almenns varasjóðs og sértækra fjárráðstafana nemur rúmum 45,5

ma.kr. fyrir árið 2024.

Nauðsynlegt er fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga. Með nýtingu þessara liða er mögulegt að taka á frávikum sem upp kunna að koma í starfsemi ríkisins umfram það sem hægt er að mæta með millifærslum innan málaflokka eða varasjóðum málaflokka, án þess að leita þurfi til Alþingis um auknar fjárheimildir. Um nýtingu almenns varasjóðs gilda þó ákveðnar forsendur sem raktar eru í kaflanum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og hefur umsjón með millifærslum fjárveitinga í samræmi við það sem kemur fram hér síðar. Fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnir ákvarðanir um millifærslur til fjárlaganefndar Alþingis.

Almennur varasjóður

Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál skal gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Almennur varasjóður er einkum til að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda í fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga.

Ráðherra sem telur þörf á viðbótarframlagi úr almennum varasjóði skilar tillögu um framlag ásamt greinargerð þar að lútandi til fjármála- og efnahagsráðherra. Greinargerðin skal á fullnægjandi hátt upplýsa um forsendur þeirra útgjalda sem ráðherra telur að mæta þurfi. Lýsa skal til hvaða aðgerða ráðherra hafi gripið, sbr. 34. gr. laga um opinber fjármál, þ.e. til lækkunar útgjalda, millifærslna innan málaflokks eða ráðstafað úr varasjóði málaflokks. Þá skal skýra hvernig tillaga um framlag uppfylli ákvæði 24. gr. laga um opinber fjármál um almennan varasjóð, þ.e. að útgjöld séu tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Tillaga um framlag úr almennum varasjóði þarf að uppfylla öll þessi skilyrði.

Fjármála- og efnahagsráðherra metur greinargerð ráðherra með tilliti til skilyrða laganna. Sé fallist á að tilefni uppfylli skilyrði um millifærslu úr almennum varasjóði kynnir ráðherra ákvörðun sína fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Fjármála- og efnahagsráðherra getur einnig ákveðið að kynna ríkisstjórn ákvarðanir um millifærslur úr almennum varasjóði. Þegar áætlanir hlutadeigandi aðila hafa verið endurskoðaðar með tilliti til ákvörðunarinnar er fjárveiting millifærð úr almennum varasjóði. Fjármála- og efnahagsráðherra gerir fjárlaganefnd Alþingis rökstudda grein fyrir nýtingu hennar þegar ákvörðun liggur fyrir.

Sérstakar fjárráðstafanir

Fjárheimild málaflokksins 34.20 *Sérstakar fjárráðstafanir* skiptist annars vegar í útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og hins vegar til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fjárheimild þessa málaflokks má millifæra, í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru um ráðstöfun þeirra, til þeirra málaflokka sem útgjöld eru færð til gjalda á eða eftir atvikum eignfærð á. Fjárveitingu til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar má nýta til að mæta útgjöldum vegna verkefna eða áherslna sem falla til innan fjárlagaársins. Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar er þannig ætlað að skapa ríkisstjórninni svigrúm til að mæta sérstökum áherslum sem hún telur mikilvægastar hverju sinni en tilgangur almenns varasjóðs er af öðrum toga. Fjárveiting vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum er vegna kostnaðar sem kann að skapast vegna 6. gr. fjárlaga. Í greininni er að finna ýmsar heimildir til handa fjármála- og efnahagsráðherra til kaupa, sölu eða leigu fasteigna og annarra ráðstafana. Ljóst

er að fjárveitingin nægir ekki til að nýta allar heimildir greinarinnar og er því mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðherra hafi tiltekið svigrúm til að forgangsraða nýtingu þessara heimilda innan fjárveitingarinnar.

Millifærsla fjárveitinga innan málaflokks

Samkvæmt 29. gr. laga um opinber fjármál er hverjum ráðherra heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga. Ráðuneyti skal rökstyðja ákvörðun sína og senda fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frests sem gefinn er. Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi ríkisins samhliða millifærslunni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast birtingu ákvarðana og skal upplýsa fjárlaganefnd Alþingis. Ekki er í slíkum tilfellum heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga. Sé fjárveiting ríkisaðila eða verkefnis lækkuð skal ákvörðunin rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

Varasjóðir málaflokka

Varasjóður málaflokks skal nýttur til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Ef ekki koma fram slík frávik innan fyrsta ársfjórðungs er hverjum ráðherra heimilt að ráðstafa úr varasjóði málaflokks í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi sem settar eru af fjármála- og efnahagsráðherra og í samræmi við stefnu þess málaflokks. Ráðstöfun á fyrri helming ársins skal aldrei nema meira en helmingi af fjárveitingu varasjóðs. Að loknum öðrum ársfjórðungi skal heimila ráðstöfun úr varasjóði málaflokks til að mæta fyrirséðum frávikum í rekstri samkvæmt árslokaspá og því sem eftir stendur til að vinna að stefnumálum málaflokksins. Við ráðstöfun úr varasjóði gildir verklag um millifærslur fjárveitinga innan málaflokks en fjárveiting varasjóðs skal nema að hámarki 2% af fjárheimildum viðkomandi málaflokks. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023 eru varasjóðir á 35 málaflokkum og nemur heildarumfang þeirra tæplega 1,3 ma.kr. líkt og sjá má í töflunni hér á eftir.

Varasjóðir málaflokka	Ráðstöfun* 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.
02.20 Héraðsdómstólar		40,3	10,6
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála	116,1	117,8	121,7
05.10 Skattar og innheimta	15,0	75,9	74,3
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	27,0	7,8	5,8
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	75,0	30,6	28,0
05.40 Stjórnarsýsla ríkisfjármála		40,1	39,4
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar		0,3	0,3
09.10 Löggæsla	69,4	83,9	83,9
09.20 Landhelgi		3,3	3,3
10.40 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis		31,6	32,5
11.10 Samgöngur	221,0	229,3	161,9
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis		8,6	8,5
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi		12,1	12,0
16.10 Markaðseftirlit og neytdamál	2,5	2,4	2,4
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla		14,3	14,3
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	13,0	14,3	14,3
17.50 Stjórnarsýsla umhverfismála	0,7	6,6	6,9
18.10 Safnamál		4,7	4,5
18.20 Menningarstofnanir	35,7	4,8	4,6
18.30 Menningarsjóðir	15,0	1,2	1,2
20.10 Framhaldsskólar	24,5	53,8	57,1
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi		140,3	145,7
22.30 Stjórnarsýsla mennta- og barnamála		2,8	0,1
23.10 Sérhæfð sjúkráhusþjónusta	189,1	193,9	201,0
23.20 Almenn sjúkráhusþjónusta	20,7	21,3	21,4
24.10 Heilsugæsla	50,0	0,5	0,5
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun		2,7	2,8
24.40 Sjúkraflutningar		3,7	3,8
25.20 Endurhæfingarþjónusta		10,0	7,4
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	30,0	32,2	32,6
29.60 Bætur vegna veikinda og slysa		11,2	11,9
30.20 Vinnumarkaður		10,0	10,0
32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit	3,0	3,2	3,3
32.30 Stjórnarsýsla heilbrigðismála		2,6	2,8
32.40 Stjórnarsýsla félagsmála		10,2	10,4
Samtals	907,7	1.228,3	1.141,2

* Hér eru eingöngu sýnt það sem var ráðstafað af varasjóðum málaflokka en einnig voru fjárveitingar millifærðar á nokkra þeirra.

* Að viðbættum fjárveitingum ársins var einnig til ráðstöfun ónýttar fjárveitingar fyrra árs og millifærslur innan ársins, samtals 3.316 m.kr.

6 Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta

Flokkun ríkisaðila var breytt í fjárlögum fyrir árið 2022 frá því sem áður var til samræmis við breytingar sem gerðar voru á flokkun þeirra í lögum um opinber fjármál (nr. 123/2015). Ríkisaðilar, sem áður voru flokkaðir utan hins opinbera (A-hluta ríkissjóðs), teljast nú innan þess og samhliða var flokkun A-hluta ríkisins skipt upp í A1-, A2- og A3-hluta. Rekstur og efnahagur þessara aðila telst því með hefðbundnum rekstri ríkis og sveitarfélaga og er meðtalinn í opinberum hagðölum. Flokkun stofnanaeininga samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum er mikilvæg og ein grunnforsenda þess að þjóðhagsreikningar gefi sem gleggsta mynd af umsvifum hins opinbera og geti talist samanburðarhæfir á milli landa.

6.1 Flokkun ríkisaðila

Endurskoðun Hagstofunnar á flokkun á starfsemi ríkisaðila leiddi til þess að fjölmörg félög og stofnanir ríkisins sem áður voru ýmist flokkaðar sem B- eða C-hluta fyrirtæki eða sjóðir teljast nú innan hins opinbera. Til hins opinbera telst starfsemi og verkefni sem heyra undir A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga. Munurinn á milli B- og C-hluta aðila er sá að einingar innan B-hluta starfa á ábyrgð ríkissjóðs og þurfa heimild til að taka og veita lán í fjárlögum líkt og á við um aðila í A-hluta, auk þess sem upplýsingar um fjárreiður þeirra skulu koma fram í fjárlögum. C-hluta aðilar eru sjálfstæðir lögaðilar með stjórnir sem bera ábyrgð á rekstri þeirra og njóta því meira sjálfstæðis en B-hluta aðilar. Þessar forsendur um B- og C-hluta eiga nú einnig við tiltekna aðila sem tilheyra A-hluta með lagabreytingunni sem gerð var á lögum um opinber fjármál.

Pólítísk stefnumörkun, áætlanir og fjárlög ríkisins miðast við A1-hluta. Því var talið nauðsynlegt að skipta A-hluta ríkisins upp með ofangreindum hætti til að viðhalda samanburði á þróun skulda eins og þær eru metnar í skuldareglu laga um opinber fjármál. Að auki getur afkomuþróun margra þessara aðila, t.d. lánasjóða, verið sveiflukennð og háð þróun á mörkuðum fremur en pólítískri stefnumörkun og ákvarðanatöku. Afkomumarkmið hins opinbera myndi annars geta orðið ófyrirsjáanlegt og án beinnar tengingar við stefnumörkun og ákvarðanir stjórnvalda á sama máta og hefðbundinn rekstur hins opinbera hefur gert hingað til. A-hluta ríkisins var því skipt upp í þrjá hluta eftir eðli og tilgangi starfseminnar: A1-hluta, A2-hluta og A3-hluta og er hann skilgreindur á eftirfarandi hátt í lögum um opinber fjármál:

A-hluti. Til A-hluta telst starfsemi og kjarnaverkefni ríkisins. A-hluti skiptist í þrjá hluta:

- A1-hluti.* Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.
- A2-hluti.* Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi.
- A3-hluti.* Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

A1-hlutinn svarar til hins hefðbundna A-hluta ríkissjóðs. Einnig hafa verið gerðar aðrar þær breytingar í ákvæðum um fjármálareglur laga um opinber fjármál þannig að þær nái eingöngu til A1-hluta fjárlaga. Umfjöllun stjórnvalda og Alþingis um opinber fjármál er því með sama hætti og á undanförunum árum þrátt fyrir þessar breytingar sem og pólítísk stefnumörkun og ákvarðanatöku í fjárlögum. Hvað varðar aðila sem flokkast undir A2- og A3-hluta þá hafa þeir

eftir sem áður meira fjárhagslegt sjálfstæði en aðilar sem tilheyra A1-hlutanum. Flokkun ríkisaðila í A2- og A3-hluta má sjá í meðfylgjandi töflu.

Ríkisaðili	Flokkun	Ríkisaðili	Flokkun
Byggðastofnun	A-2	Lindarhvoll ehf.	A-3
Eignasafn ríkiseigna	A-2	Neyðarlínan ohf.	A-3
Húsnæðissjóður	A-2	Nýr Landspítali ohf.	A-3
ÍL-sjóður	A-2	Rannsókn- og háskólanet Íslands hf.	A-3
Menntasjóður námsmanna	A-2	Ríkisútvarpið ohf.	A-3
Náttúruhamfaratrygging Íslands	A-2	Sítus ehf.	A-3
Betri samgöngur ohf.	A-3	Tæknigarður ehf.	A-3
Eignahlutir ehf.	A-3	Tæknisetur ehf.	A-3
Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	A-3	Vaðlaheiðargöng hf.	A-3
Fjárföng ehf.	A-3	Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	A-3
Harpa ohf.	A-3	Vísindagarðurinn ehf.	A-3
Landskerfi bókasafna hf.	A-3	Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	A-3
Leigufélagið Bríet ehf.	A-3	Öryggisfjarskipti ehf.	A-3

Eftirfarandi í þessum kafla er yfirlit yfir fjárreiður A2-hluta og A3-hluta aðila. Í næsta kafla er birt samstæðuyfirlit fyrir A-hlutann í heild þar sem tekið hefur verið tillit til innbyrðis viðskipta aðila þannig að A-hlutinn verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Þannig er gengið út frá því að full samsvörun verði á milli A-hlutans og uppgjörs Hagstofunnar á fjármálum hins opinbera.

6.2 Áætlanir A2-hluta ríkisaðila

Til A2-hluta ríkisaðila teljast lána- og fjárfestingarsjóðir og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi. Yfirlit um þessi félög eins og þau koma fram í ríkisreikning ársins 2022 má sjá í meðfylgjandi töflu. Vakin er athygli á því að í töfluna vantar eignasafn Ríkiseigna sem fært var úr A1-hluta ríkissjóðs yfir í A2-hluta ríkissjóðs í fjárlögum ársins 2023.

Ríkisreikningur 2022, m.kr.	Eignar- hluti	Eigið fé 31.12.22	Skuldir	Eignir	Tekjur	Afkoma ársins
Byggðastofnun	100%	3.696	20.126	23.822	1.462	374
Húsnæðissjóður	100%	22.284	141.060	163.343	3.274	2.747
ÍL sjóður	100%	-69.339	712.686	643.347	62	-29.823
Menntasjóður námsmanna	100%	124.836	90.124	214.960	14.414	-7.277
Náttúruhamfaratr. Íslands	100%	53.918	1.931	55.849	3.513	-888
Samtals		135.395	965.927	1.101.321	22.725	-34.867

Eftirfarandi tafla er byggð á fjárhagsáætlunum aðila í A2-hluta og veitir yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir fyrir árið 2024.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Afkoma ársins	Tekin langtímalán ¹	Veitt langtímalán
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.877	-	-
Menntasjóður námsmanna ²	-460	10.000	14.385
ÍL-sjóður	-21.227	-	-
Húsnæðissjóður	2.305	20.000	20.000
- þar af lán til einstaklinga og lögaðila	-	-	17.000
- þar af hlutdeildarlán	-	-	3.000
Byggðastofnun	249	3.000	3.500
Náttúruhamfaratryggingar Íslands	4.183	-	-
Eignasafn ríkiseigna	31	-	-
Samtals	-10.040	33.000	37.885

¹ Hámarks endurlán frá ríkissjóði skv. 5.gr. þessa frumvarps.

² Styrkir meðtaldir.

Eins og fram kemur í ríkisreikningi var afkoma ÍL-sjóðs neikvæð um 29,8 ma.kr. árið 2022 og eigið fé var neikvætt um 69,3 ma.kr. Áætlanir gera ráð fyrir að afkoman verði einnig verulega neikvæð árin 2023 og 2024 og er útlit fyrir að halli verði á rekstri sjóðsins um 21,2 ma.kr. á næsta ári. Bati í afkomu sjóðsins frá uppgjöri ársins 2022 skýrist m.a. af auknum tekjum af vaxtaberandi eignum þar sem vextir á mörkuðum hafa hækkað. Þrátt fyrir auknar tekjur er reksturinn verulega neikvæður en uppsafnaður fjárhagsvandi sjóðsins er tilkominn vegna uppgreiðslna á útlánum sjóðsins sem hófust á árinu 2004. Vaxtabreytingar síðustu ára hafa fram til þessa ýtt undir þessa þróun. Þrátt fyrir þessar innborganir eru skuldir sjóðsins aftur á móti óuppgreiðanlegar og bera fasta verðtryggða vexti. Sjóðurinn varð til við uppskiptingu gamla Íbúðarlánasjóðs og er markmið hans að lágmarka áhættu og kostnað ríkissjóðs við uppgjör og úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.

Á árinu 2024 er Húsnæðissjóði heimilað að veita ný útlán fyrir allt að 20 ma.kr. og þar af eru allt að 3 ma.kr. í hlutdeildarlán sbr. 5. gr. þessa fjárlagafrumvarps. Um er að ræða óbreytta lánsfjárheimild frá fjárlögum yfirstandandi árs en gert er ráð fyrir að áætlanir vegna lánveitinga til húsnæðisuppbýggingar verði endurmetnar við aðra umræðu frumvarpsins. Þar verði m.a. litið til þróunar eftirspurnar eftir hlutdeildarlánum en skilyrðum fyrir veitingu slíkra lána var breytt með reglugerð fyrir á þessu ári.

Menntasjóður námsmanna áætla að heildarútlán námslána árið 2023 muni nema ríflega 14 ma.kr. en þar af eru öll útlán í nýja lánakerfinu (H-lán) fjármöggnuð með endurláni úr ríkissjóði og skv. 5. gr. þessa frumvarps er heimilt að endurlána sjóðnum allt að 10 ma.kr. árið 2023.

Eftirfarandi tafla sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit aðila í A2-hluta í heild.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2023	Frumvarp 2024	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	24.191	25.780	1.589
Rekstrargjöld	16.429	18.433	2.005
Fjármunatekjur	97.438	76.433	-21.004
Fjármagnsgjöld	108.070	84.465	-23.605
Framlög í afskriftasjóð	11.798	10.375	-1.423
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-14.668	-11.061	3.606
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.651	1.704	53
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	110	110	0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	726	792	67
Hagnaður (-tap)	-13.632	-10.040	3.592
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-13.632	-10.040	3.592
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	28.067	2.053	-26.014
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	47	740	694
Handbært fé frá rekstri	14.481	-7.247	-21.728
Veitt löng lán	30.142	37.962	7.820
Afborganir af veittum löngum lánum	42.683	39.814	-2.869
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	1.005	-996	-2.000
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	0	300	300
Annað inn	11.181	51.720	40.539
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	24.727	52.877	28.150
Tekin löng lán	18.200	23.000	4.800
Afborganir af teknum löngum lánum	95.124	82.888	-12.235
Annað út	10.760	13.691	2.931
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-87.684	-73.579	14.104
Breyting á handbæru fé	-48.475	-27.949	20.527
Handbært fé í ársbyrjun	64.625	16.149	-48.475
Handbært fé í árslok	16.149	-11.799	-27.949

6.3 Áætlanir A3-hluta ríkisaðila

Til A3-hluta ríkisaðila telst starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu. Þessi félög eru sjálfstæðir lögaðilar en starfsemi þeirra er ekki byggð á markaðslegum forsendum. Yfirlit yfir þessi félög má sjá í eftirfarandi töflu þar sem fram koma helstu lykilstærðir þeirra samkvæmt ársreikningum árið 2022. Vakin er athygli á því að í töfluna vantar Vaðlaheiðargöng hf. þar sem flokkun þess félags var breytt úr C-hluta í A3-hluta í kjölfar hlutafjáraukningar á árinu 2022 þar sem eignarhluti ríkisins jókst úr 34% í 93%.

Ríkisreikningur 2022, m.kr.	Eignar- hluti	Eigið fé 31.12.22	Skuldir	Eignir	Tekjur	Afkoma ársins
Betri samgöngur	100%	15.004	6.573	21.577	166	0
Eignarhlutir ehf.	100%	-39	56	17	2	-1
Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	100%	-4.629	46.399	41.770	2.908	-4.639
Fjárföng ehf.	100%	45	5	50	0	-5
Harpa ohf.	54%	-2.942	22.853	19.911	3.670	-1.459
Landskerfi bókasafna hf.	51%	204	26	230	196	-7
Leigufélagið Bríet ehf.	88%	3.813	5.634	9.447	1.780	674
Lindarhvoll ehf.	100%	30	7	37	5	0
Neyðarlínan ohf.	100%	-40	278	239	1.593	-29
Nýr Landspítali ohf.	100%	20	2.910	2.930	0	0
Rannsókn- og háskólanet Ísl. hf.	94%	27	28	54	100	-6
Ríkisútvarpið ohf.	100%	1.804	7.182	8.986	7.909	-164
Sítus ehf.	54%	29	0	29	0	-7
Tæknigarður ehf.	100%	103	16	119	30	2
Tæknisetur ehf.	100%	229	255	484	418	14
Vísindagarðar HÍ ehf.	95%	5.569	8.518	14.087	866	157
Vísindagarðurinn ehf.	53%	143	34	178	18	-6
Þróunarfél. Keflavíkurflugv. ehf.	100%	1.269	203	1.472	57	-381
Öryggisfjarskipti ehf.	100%	1.246	570	1.816	400	122
Samtals		21.885	101.547	123.433	20.118	-5.735

Eftirfarandi tafla sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit aðila í A3-hluta í heild. Þar má sjá að talsverður halli er af reglulegri starfsemi þessara aðila sem skýrist fyrst og fremst af háum rekstrargjöldum Nýs Landsspítala en til jafns við þau kemur framlag frá ríkissjóði þannig að afkoma í heild er áætluð jákvæð um rúmlega 0,5 ma.kr. á næsta ári. Áætlað er að rekstur þessara aðila breytist lítið milli ára. Stærsti hluti fjárfestingahreyfinga skýrist af fjárfestingaráætlun Betri samgangna ohf. en óvissa er um hve mikið umfangið verður á næsta ári þar sem viðræður um endurskoðun samgöngusáttmálans standa yfir milli ríkis og sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2023	Frumvarp 2024	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	21.616	22.299	683
Rekstrargjöld	35.032	40.674	5.642
Fjármagnsjöfnuður	-7.701	-8.110	-410
Afskriftir	1.325	1.397	71
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-22.442	-27.882	-5.440
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	21.775	26.684	4.909
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	1.814	1.950	136
Tekjuskattur	206	217	11
Hagnaður (-tap)	940	535	-406
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	559	885	326
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	1.978	1.702	-276
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.117	-246	870
Handbært fé frá rekstri	1.421	2.342	921
Veitt löng lán	36	39	3
Afborganir af veittum löngum lánum	555	592	37
Veitt stutt lán	237	256	19
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-3.998	-4.210	-212
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	-252	-272	-20
Annað	-7.664	-15.591	-7.927
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-11.631	-19.776	-8.144
Tekin löng lán	2.634	6.371	3.737
Afborganir af teknum löngum lánum	1.559	1.305	-254
Stofnframlög	500	0	-500
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað	7.044	11.398	4.353
Fjármögnunarhreyfingar samtals	8.620	16.464	7.844
Breyting á handbæru fé	-1.591	-970	621
Handbært fé í ársbyrjun	9.485	7.894	-1.591
Handbært fé í árslok	7.894	6.924	-970

7 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Í þessum kafla er sett fram samstæðuyfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild til samræmis við framsetningu opinberra fjármála hjá Hagstofu Íslands. Með A-hluta í heild er átt við A1-hluta ríkissjóðs, sbr. 1. gr. fjárlaga og umfjöllun í köflum 3–5 í þessari greinargerð, ásamt A2- og A3-hluta ríkissjóðs sem fjallað er um í 6. kafla. Flokkun á starfsemi ríkisins er skv. 50. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

A-hluta samstæða

A1

Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

A2

Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

A3

Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild gerir grein fyrir uppgjöri allra aðila í A-hluta að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta þeirra á milli. Til innbyrðis viðskipta teljast m.a. framlög úr A1-hluta til reksturs aðila í A2- og A3-hluta. Slík framlög eru skráð sem gjöld hjá A1-hluta en tekjur hjá A2- og A3-hluta. Til innbyrðis viðskipta teljast einnig vaxtagreiðslur til A1-hluta vegna veittra lána til aðila í A2- og A3-hluta. Þegar leiðrétt er fyrir innbyrðis viðskiptum er tekju- og gjaldahlið samstæðunnar lækkuð í jöfnum hlutum og er leiðréttingin því hlutlaus gagnvart afkomunni. Umfang innbyrðis viðskipta þessara aðila er áætlað um 73 ma.kr. árið 2024.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	A1-hluti	A2-hluti	A3-hluti	Innbyrðis viðskipti	Samstæða
Frumtekjur	1.312.253	27.593	50.933	-37.646	1.353.133
Frumgjöld	1.284.132	29.601	42.288	-37.646	1.318.375
Frumjöfnuður	28.121	-2.008	8.645	0	34.758
% af VLF	0,6%	0,0%	0,2%	0,0%	0,8%
Vaxtatekjur	36.278	76.433	811	-35.554	77.968
Vaxtagjöld	110.693	84.465	8.921	-35.554	168.526
Fjármagnsjöfnuður	-74.415	-8.032	-8.110	0	-90.558
% af VLF	-1,6%	-0,2%	-0,2%	0,0%	-2,0%
Heildartekjur	1.348.532	104.026	51.744	-73.201	1.431.101
Heildarútgjöld	1.394.826	114.066	51.210	-73.201	1.486.901
Heildarjöfnuður	-46.294	-10.040	535	0	-55.800
% af VLF	-1,0%	-0,2%	0,0%	0,0%	-1,2%

Rekstraryfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2021–2024 er að finna í meðfylgjandi töflu. Vakin er athygli á því að við vinnslu samstæðuyfirlits A-hluta í heild fyrir árið 2024 og afkomuhorfur ársins 2023 hafa innbyrðis viðskipti verið áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	Reikn. 2021	Reikn. 2022	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Heildartekjur	949.722	1.197.087	1.359.854	1.431.101
Skatttekjur	701.496	874.406	991.359	1.059.651
Skattar á tekjur og hagnað	295.626	400.070	446.400	456.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9.160	9.981	11.058	12.077
Eignarskattar	9.825	14.035	15.254	16.512
Skattar á vöru og þjónustu	369.512	430.222	495.954	550.180
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	4.122	5.982	6.477	6.778
Aðrir skattar	13.251	14.116	16.216	17.503
Tryggingagjöld	97.414	115.564	132.373	141.215
Fjárframlög	7.484	1.937	6.534	7.124
Aðrar tekjur	143.328	205.180	229.588	223.111
Eignatekjur	80.631	148.255	147.246	136.029
þ.a. vaxtatekjur	54.433	94.464	97.027	77.968
þ.a. arðgreiðslur	16.082	44.510	39.267	45.230
Sala á vöru og þjónustu	45.683	41.315	57.497	61.750
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	17.014	15.611	24.844	25.332
Heildargjöld	1.195.843	1.294.091	1.413.663	1.486.901
Rekstrarútgjöld	1.164.639	1.265.865	1.385.283	1.456.037
Laun	244.809	255.094	296.441	325.785
Kaup á vöru og þjónustu	177.720	186.907	230.138	242.394
Afskriftir	56.179	62.305	65.037	68.224
Vaxtagjöld	117.535	201.097	203.429	168.526
Framleiðslustyrkir	51.049	60.836	65.172	71.072
Fjárframlög	430.345	409.525	433.005	472.014
Félagslegar tilfærslur til heimila	24.755	25.285	25.214	29.359
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	62.247	64.815	66.849	78.664
Fastafjárútgjöld	31.204	28.227	28.380	30.864
Fjárfesting í efnislegum eignum	87.383	90.532	93.417	99.088
Afskriftir (-)	-56.179	-62.305	-65.037	-68.224
Frumjöfnuður	-183.019	9.629	52.592	34.758
Vaxtjöfnuður	-63.102	-106.633	-106.401	-90.558
Heildarjöfnuður	-246.121	-97.004	-53.810	-55.800

8 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Flokkun ríkisaðila var breytt í fjárlögum fyrir árið 2022 til samræmis við breytingar sem gerðar voru á flokkun á starfsemi þeirra í lögum um opinber fjármál. Þær breytingar byggðust á endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinna ríkisaðila/stofnanaeininga. Hluti af sjóðum þeim sem töldust áður til B-hluta flokkast nú undir A2-hluta. Enn fremur voru gerðar breytingar á skilgreiningu á B-hluta:

B-hluti. Til B-hluta teljast önnur fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs og ekki teljast til A-hluta. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Eftir breytingar á flokkun ríkisaðila teljast nú einungis þrjú fyrirtæki og tveir sjóðir til B-hluta. Það eru ÁTVR, Happprætti Háskóla Íslands, Íslenskar orkurannsóknir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður. Framsetning á fjárreiðum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

Meðfylgjandi tafla gefur yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðum B-hluta aðila sem byggjast á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið 2024. Arðgreiðslur B-hluta aðila í ríkissjóð eru áætlaðar 250 m.kr. en einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð. ÁTVR gerir ráð fyrir að hagnaður ársins 2024 verði um 300 m.kr. sem er 165 m.kr. lægri en áætlaður hagnaður 2023 samkvæmt fjárlögum. Áætlað er að Happprætti Háskóla Íslands greiði 1.638 m.kr. framlag á næsta ári sem renni til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands.

<u>Rekstrargrunnur, m.kr.</u>	<u>Afkoma ársins</u>	<u>Arður til ríkissjóðs</u>	<u>Fjárfesting, nettó</u>	<u>Veitt langtímalán</u>
Fyrirtæki				
Happprætti Háskóla Íslands	1.424	-	-488	-
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	302	250	450	-
Íslenskar orkurannsóknir	12	-	38	-
Sjóðir				
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	43	-	-	100
Kría-sjóður	0	-	-	-
Samtals	1.781	250	0	100


Tveir nátengdir sjóðir teljast til B-hlutans. Annars vegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem fjárfestir í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum þar sem vænta má virðisauka og arðsemi af starfseminni fyrir íslenskt samfélag og góðrar ávöxtunar fyrir sjóðinn. Sjóðurinn áætlar að verja 350 m.kr. í fjárfestingar árið 2024 og veita 100 m.kr. í langtímalán 2024 líkt og 2023. Hins vegar er Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður sem hóf starfsemi árið 2021, en hann sérhæfir sig í fjárfestingum í sérhæfðum fjárfestingarsjóðum. Kría er með öðrum orðum sjóðasjóður sem fjárfestir í svokölluðum vísisjóðum. Slíkir sjóðir sérhæfa sig í að fjárfesta snemma í vaxtaferli sprotafyrirtækja sem hafa mikla vaxtamöguleika en getur þá um leið verið áhættusöm fjárfesting.

Í meðfylgjandi töflu er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit fyrir ríkisaðila í B-hluta í heild. Gert er ráð fyrir að samanlagður hagnaður þessara aðila af reglulegri starfsemi aukist um tæplega 6% milli ára. Fjármagnsjöfnuður eykst um næstum helming milli árana en hærri verðbólga hefur haft áhrif á vaxtastig. Handbært fé frá rekstri hækkar um ríflega 750 m.kr. frá fyrra ári. Þegar tekið hefur verið tillit til arðgreiðslna ÁTVR til ríkissjóðs og framlags Happraættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands, sem gert er ráð fyrir að aukist um rúmlega 1.200 m.kr. milli ára, er niðurstaðan sú að breyting á handbæru fé er sambærileg milli ára eða aukning um 260–290 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023	Frumvarp 2024	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	46.306	47.703	1.397
Rekstrargjöld	44.674	46.053	1.378
Fjármagnsjöfnuður	56	80	24
Framlög í afskriftasjóð	53	0	-53
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	1.635	1.730	96
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	60	50	-10
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	0	0	0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	0	0	0
Hagnaður (-tap)	1.695	1.780	86
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	1.695	1.780	86
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	325	218	-107
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-513	277	790
Handbært fé frá rekstri	1.507	2.275	769
Veitt löng lán	100	100	0
Afborganir af veittum löngum lánum	200	50	-150
Veitt stutt lán	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	245	0	-245
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	2.090	2.100	10
Annað	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-2.235	-2.150	85
Tekin löng lán	0	0	0
Afborganir af teknum löngum lánum	0	0	0
Stofnframlög	1.940	1.950	10
Arðgreiðsla í ríkissjóð	500	250	-250
Greitt til Háskóla Íslands	425	1.638	1.213
Fjármögnunarhreyfingar samtals	1.015	62	-953
Breyting á handbæru fé	287	187	-99
Handbært fé í ársbyrjun	2.706	2.992	287
Handbært fé í árslok	2.992	3.180	187

9 Efnahagur, lántökur og endurlán

Í þessum kafla er gerð grein fyrir horfum um skuldastöðu, lánsfjárbörf, lántöku og afborganir ríkissjóðs (A1-hluta), fyrirtækja og sjóða í A2- og A3-hluta og annarra aðila sem taka lán á grundvelli sérlaga. Einnig er gerð grein fyrir þróun efnahags A1-hluta ríkissjóðs. Vísað er til 5. gr. frumvarpsins varðandi heimildir ráðherra. Um ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 11, um fjárhagsáhættu ríkissjóðs.

 <p>Skuldir ríkissjóðs lækka</p>	<p>Lágmörkun fjármagns- kostnaðar með tilliti til áhættu.</p>	<p>Stuðla áfram að góðu lánshæfismati og treyst aðgengi að alþjóðafjármagns- mörkuðum.</p>	<p>Nýjar ríkisábyrgðir ekki veittar né útistandandi endurnýjaðar.</p>
---	--	--	---

Eftir mikla hækkun skulda A1-hluta ríkissjóðs á undanförunum árum er útlit fyrir að þær lækki um 1% af VLF árið 2023 og um önnur 1,2% árið 2024. Gangi það eftir jafngilda skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu 30,9% af VLF í árslok 2024. Það er talsvert hagstæðari niðurstaða en áætlanir fyrri ára hafa sýnt. Betri horfur má helst rekja til áframhaldandi aðhalds í ríkisfjármálum og mikils hagvaxtar sem hefur bæði haft jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs og haft bein áhrif á skuldahlutfallið með hækkandi VLF.

Þróun efnahags ÍL-sjóðs er óvissuþáttur í langtímaþróun skulda ríkissjóðs. Fjallað er um málefni ÍL-sjóð í 6. og 11. kafla.

9.1 Horfur í lánamálum A1-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2023

Útgáfa ríkisbréfa hefur gengið vel það sem af er árinu. Í lok ágúst 2023 höfðu verið gefin út ríkisskuldabréf fyrir rúmlega 106 ma.kr. af 140 ma.kr. hámarki ársins. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa hefur hækkað samhliða væntingum um hagvöxt og verðbólgu, spennu á vinnu- markaði og stýrivaxtahækkunum. Sérstaklega hefur ávöxtunarkrafa hækkað á verðbréfum með stuttan líftíma sem bendir til þess að markaðsaðilar telji að fram undan sé lægri verðbólga. Staða víxla sveiflast yfir árið en útistandandi ríkisvixlar nema nú um 150 ma.kr. en stóðu í 110 ma.kr. í upphafi árs.

Fjárbörf ríkissjóðs samanstendur annars vegar af lánsfjárfjöfnuði og hins vegar af afborgunum innlendra lána. Lánsfjárfjöfnuður samanstendur af handbæru fé frá rekstri að viðbættum fjárfestingahreyfingum. Áætluð fjárbörf ríkissjóðs á árinu 2023 hefur lækkað úr 155 ma.kr. í fjárlögum ársins í rúmlega 100 ma.kr. Þrátt fyrir að ekki verði af sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka innan ársins. Eins og sagði í inngangi kaflans er helsta ástæða þess meiri tekjuvöxtur en áætlað var í upphafi árs. Þrátt fyrir batnandi greiðsluafkomu er áfram gert ráð fyrir útgáfu ríkisbréfa fyrir um 140 ma.kr. en dregið hefur úr þörf á að nýta aðrar leiðir til fjármögnunar eins og með meiri útgáfu ríkisvixla, sölu gjaldeyris eða öðrum leiðum frá því fjárlög ársins voru gerð.

9.2 Heildarlánsfjárförð ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2024

Þótt undirleggjandi afkoma ríkissjóðs batni milli ára þá eykst heildarhallinn. Afborganir innlendra lána lækka hins vegar lítillega á móti. Lánsfjárförð A1-hluta ríkissjóðs lækkar af þessum sökum á milli ára og verður um 107 ma.kr. Gert er ráð fyrir að eftirstöðvar láns í evrum á gjalddaga á árinu verði greiddar upp án endurfjármögnunar. Af þessu leiðir að skuldir ríkissjóðs lækka á næsta ári úr 1.702 ma.kr. í 1.699 ma.kr. Þá lækka skuldahlutföll ríkissjóðs, hvort sem litið er til brúttó- eða nettóskulda í hlutfalli af VLF.

Gert er ráð fyrir að stærstum hluta fjárparfar ríkissjóðs verði mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa á innanlandsmarkaði. Mikil fjárförð undanfarinna ára hefur gert það að verkum að ríkissjóður hefur verið fyrirferðarmikill á lánsfjármörkuðum. Með minnkandi fjárförð dregur smám saman úr óhjákvæmilegum ruðningsáhrifum á aðra útgefendur skuldabréfa sem er mikilvægt því eftirspurn eftir útgefnum ríkisbréfum er ekki óþrjótandi. Viðvarandi mikil útgáfa ríkisbréfa leiðir á endanum til þess að markaðurinn verður mettur, jaðarkostnaður hvernar krónu sem tekin er að láni fer hækkandi og eykur vaxtagjöld ríkissjóðs til lengri tíma. Ríkissjóður hefur þó aðgang að öðrum fjármögnunarkostum, þ.m.t. erlendri lántöku, hagnýtingu gjaldeyrisforða auk sölu eigna o.fl.

Haustið 2021 gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út sjálfbæran fjármögnunarramma sem gefur ríkissjóði m.a. færi á að gefa út sjálfbær eða græn skuldabréf innan lands eða erlendis sem myndu fjármagna skilgreind sjálfbær verkefni eða fjárfestingar. Útgáfa sjálfbærra skuldabréfa hefur verið til skoðunar og er stefnt að slíkri útgáfu á næstu misserum.

Á næstu árum má reikna með því að útistandandi veitt lán úr ríkissjóði vaxi hraðar. Leiðir það til breyttrar samsetningar efnahags ríkissjóðs. Helsta ástæða þess er að nýtt húsnæðislánakerfi er fjármagnað með lánveitingum úr ríkissjóði í stað eigin útgáfu áður. Þessi breyting leiðir til samsvarandi aukningar á útgáfuförð ríkissjóðs. Sérstaklega eru lánveitingarnar miklar á fyrstu árum uppbyggingar nýs kerfis þar til hægt verður að fjármagna ný útlán sjóðsins með endurgreiðslum eldri lána. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimila ráðherra að endurlána 20 ma.kr. til Húsnæðissjóðs vegna útlána sjóðsins að sömu fjárhæð. Þar af er gert ráð fyrir að 3 ma.kr. fari í hlutdeildarlán. Um er að ræða óbreytta lánsfjárhæð frá fjárlögum yfirstandandi árs en gert er ráð fyrir að áætlanir vegna lánveitinga til húsnæðisuppbyggingar verði endurmetnar við aðra umræðu frumvarpsins. Þar verði m.a. litið til þróunar eftirspurnar eftir hlutdeildarlánnum en skilyrðum fyrir veitingu slíkra lána var breytt með reglugerð fyrr á þessu ári.

9.3 Sjóðstreymi og lánsfjárförð A1-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs (A1-hluta) á árinu 2023 er áætlað jákvætt um 26 ma.kr. en neikvætt um 10 ma.kr. árið 2024.

Fjárfestingar og sala á efnislegum eignum, lánveitingar, arðgreiðslur o.fl. teljast til fjárfestingahreyfinga sjóðstreymis. Ríkissjóður hefur selt samtals 57,5% hlutdeild í Íslandsbanka. Ríkissjóður heldur því enn á 42,5% hlut í bankanum. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir sölu á helmingi þess hlutar sem ríkissjóður á eftir í bankanum á árinu 2024. Salan á bankanum væri mikilvægur þáttur í virkri stýringu á efnahag ríkisins. Með áframhaldandi sölu væri hægt að auka sjóðstreymi til ríkisins, minnka lánsfjárförð og skuldsetningu með þeim kostnaði og áhættu sem henni fylgir. Útlit er fyrir að fjárfestingahreyfingar verði neikvæðar um samtals 12 ma.kr. árið 2024. Á næsta ári vegur þyngst fjárfestingarframlög til framkvæmdaverkefna á ýmsum málefnasviðum og á móti áætluð sala á hlut í Íslandsbanka. Til fjárfestingahreyfinga teljast einnig veitt lán, móttækinn arður og afborganir af veittum lánnum, fyrirframgreiðslur

ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nema 8 ma.kr. á næsta ári og eiginfjárframlög og hlutabréfakaup.

Áætlað er að hreinn lánsfjárfjöfnuður, þ.e. það fé sem má nýta til að greiða niður skuldir án þess að ganga á handbært fé þegar hann er jákvæður eða það fé sem taka þarf að láni til þess að fjármagna hallarekstur að viðbættum fjárfestingahreyfingum, verði neikvæður um 39 ma.kr. á árinu 2023. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að staðan batni sem að mestu leyti má rekja til áætlaðrar sölu á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka og að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 22 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum og víxlum segir til um þörf fyrir langtímalántöku á árinu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta), m.kr.	Fjárlög 2023	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Handbært fé frá rekstri	-75.755	25.892	-9.625
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Fjárfesting	-66.616	-71.016	-72.308
Sala eigna	75.800	800	48.300
Veitt löng lán	-29.528	-28.850	-29.750
Innheimtar afborganir af veittum lánnum	7.053	4.246	6.085
Mótttekinn arður	33.167	39.267	45.230
Fyrirframgreiðsla til LSR	-8.000	-8.000	-8.000
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-1.412	-1.412	-1.606
Fjárfestingarhreyfingar samtals	10.464	-64.965	-12.049
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-65.291	-39.073	-21.673
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Tekin langtímalán	155.342	213.375	107.112
<i>þar af innlend</i>	155.342	139.489	107.112
Afborganir af teknum lánnum	-96.563	-145.556	-146.400
<i>þar af innlendar</i>	-96.563	-99.401	-103.408
Fjármögnunarhreyfingar samtals	58.779	67.819	-39.288
Breyting á handbæru fé	-6.512	28.745	-60.961

Fjármögnunarhreyfingar gera grein fyrir áhrifum á sjóðstöðu af lántöku og afborgunum af lánnum ríkissjóðs. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til allt að 200 ma.kr. lántöku ríkissjóðs til fjármögnunar á fyrrgreindum neikvæðum lánsfjárfjöfnuði og afborgunum lána. Heimildin inniheldur einnig möguleikann á sjálfbærri lántöku sem aðeins myndi mæta fjárþörf ríkissjóðs að takmörkuðum hluta innan ársins.

Þegar lagður er saman hreinn lánsfjárfjöfnuður og fjármögnunarhreyfingar fæst breyting á handbæru fé. Í áætlanagerðinni fyrir árið 2024 er gengið út frá því að handbært fé í krónum taki ekki teljandi breytingum. Það lækkar hins vegar í erlendum gjaldeyri um 61 ma.kr. sem skýrist að stærstu leyti af afborgunum af erlendum lánnum.

9.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Undanfarin tvö ár hefur eitt af helstu forgangsmálum ríkisfjármála verið að bæta afkomu og hægja á vexti skulda m.a. til að draga úr þenslu- og ruðningsáhrifum hins opinbera í hagkerfinu. Eftir hækkun vaxta og bætta afkomu ríkissjóðs sjást nú merki kólnunar í hagkerfinu. Í núverandi umhverfi er mikilvægt að skuldir ríkissjóðs haldi áfram að minnka í hlutfalli við stærð hagkerfisins og þannig verði stuðlað að efnahagslegum stöðugleika. Það er þó ekki nóg að einblína aðeins á skuldir því arðbær fjárfesting, viðhald innviða og skynsamleg skattastefna sem styður við verðmætasköpun til framtíðar með réttum hvötum er einnig mikilvæg til þess að ná niður skuldahlutföllum ríkissjóðs til langs tíma litið. Þá er ekki síður mikilvægt að sú verðmætasköpun fari fram með eins sjálfbærum hætti og kostur er svo hún komi ekki niður á komandi kynslóðum.

Útlit er fyrir að skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldaviðmiði í lögum um opinber fjármál hafi náð hámarki árið 2022 í 33% af VLF þegar litið er til áraanna frá 2017. Bætt afkoma og mikill nafnvöxtur VLF gera það að verkum að hlutfallið lækkar í 32% í árslok 2023. Í fjármálaáætlun 2024–2028 helst það nokkuð stöðugt út tímabil fjármálaáætlunar en í henni var gert ráð fyrir að sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka yrði helsta ástæða skuldalækkunar árin 2023 og 2024. Eins og áður sagði er nú gert ráð fyrir að sala hlutanna færist að hluta til yfir á árið 2024 og dregur um leið úr fjárförf ríkissjóðs á því ári. Á eftirfarandi mynd sést að heildarskuldir ríkissjóðs lækka á árinu 2024 í krónum talið. Það byggist m.a. á forsendum um eignasölu og að erlent lán á gjalddaga á árinu verði ekki endurfjármagnað.



Aukin umsvif lánasjóða sem fjallað er um í kafla 9.2 hafa í för með sér nokkrar breytingar á efnahag ríkissjóðs. Í fyrsta lagi eiga útistandandi lánveitingar ríkissjóðs eftir að vaxa hratt á komandi árum. Í öðru lagi kalla auknar lánveitingar á auknar lántökur hjá ríkissjóði að öðru óbreyttu. Í þriðja lagi hefur nýtt kerfi áhrif á samsetningu peningalegra eigna sem taka þarf með í reikninginn í skulda- og áhættustýringu ríkissjóðs. Lánveitingar lánasjóðanna hafa ákveðna eiginleika eins og tímalengd o.fl. sem æskilegt er að lántökur ríkissjóðs miðist við að einhverju marki til að lágmarka áhættu og bæta sjóðstýringu ríkissjóðs.


Hrein staða ríkissjóðs hefur versnað samhliða hallarekstri undanfarinna ára. Hægt er að skilgreina hreina stöðu á ýmsa vegu. Í eftirfarandi töflu er hún samsett úr veittum lánnum og innstæðum og nettóstöðu á viðskiptareikningum ríkissjóðs að frádregnum skuldum. Hrein staða verður helst fyrir áhrifum frá annars vegar greiðsluafkomu ríkissjóðs og hins vegar fjár-

festingahreyfingum en einnig verðbólgu og gengisbreytingum. Með hagvexti og eignasölu batnar hrein staða ríkissjóðs um 1% af VLF á árinu 2024 og muni skuldir ríkissjóðs þá nema 30,9% af VLF eins og áður segir.

Eftirfarandi mynd sýnir helstu þætti sem hafa áhrif á skuldaþróunina út frá skuldareglu árin 2023 og 2024. Framlag hagvaxtar og frumjafnaðar ríkissjóðs ásamt sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka árið 2024 hefur áhrif til lækkunar skuldahlutfallsins en vaxtabyrði og aðrar hreyfingar hafa áhrif til hækkunar. Aðrar hreyfingar samanstanda helst af endurlánnum úr ríkissjóði, greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fleiri minni hreyfingum í sjóðstreymi sem ekki hafa áhrif á rekstur. Áhrif verðbólgu eru mikil á árinu 2023, þau þenja út vaxtabyrði og nafnvirði VLF og auka tímabundið við afgang af frumjöfnuði.

Afgangur af frumjöfnuði og hagvöxtur skýrir lækkun skulda 2024

Framlag liða til breytinga í skuldahlutfalli ríkissjóðs milli ára, í VLF-prósentustigum



Í forsendum frumvarpsins er minni verðbólga á árinu 2024 sem gerir það að verkum að áhrif þessara liða minnka. Sala á eignarhlut í Íslandsbanka útskýrir hátt í 90% af lækkun skuldahlutfallsins árið 2024 en hún yrði ekki viðvarandi þáttur í fjármögnun ríkissjóðs. Þess vegna verður nauðsynlegt að halda áfram að bæta undirliggjandi afkomu ríkissjóðs á næstu árum og tryggja áframhaldandi lækkun skuldahlutfalls hins opinbera. Athygli vekur hvað framlag vaxtabyrði er stórt. Á meðan svo er þurfa aðrir liðir að bæta það upp ef skuldir eiga að teljast sjálfbærar til lengri tíma. Af þessu má ráða, eins og nefnt var fyrr í þessum kafla, að það er til mikils að vinna að ná niður vaxtabyrði ríkissjóðs.

Lánshæfi ríkissjóðs. Lánshæfismat ríkissjóðs til lengri tíma hefur haldist óbreytt í A-flokki hjá matsfyrirtækjunum þremur, Moody's, Standard & Poor's og Fitch Ratings. Tvö fyrrnefndu fyrirtækin breyttu þó horfum úr stöðugum í jákvæðar sumarið 2023. Gott lánshæfi leiðir að óbreyttu til betri kjara fyrir ríkissjóð og aðra innlenda aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Yfirlit eigna og skulda ríkissjóðs*

	2021	2022	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Skuldir ríkissjóðs	1.461.867	1.598.112	1.701.437	1.698.991
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskirteini	873.320	1.005.161	1.067.973	1.095.687
Aðrir innlendir aðilar	223.102	250.493	264.172	271.754
Erlend lán	344.100	314.508	341.507	298.595
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	21.345	27.950	27.784	32.956
Kröfur ríkissjóðs	135.670	179.259	207.467	223.539
Veitt lán	62.167	87.583	119.699	151.264
Viðskiptareikningur, nettó	73.503	91.676	87.768	72.276
Hreinar lántökur ríkissjóðs	1.326.197	1.418.853	1.493.970	1.475.452
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraförða	304.564	228.195	247.050	185.800
Handbært fé, annað, nettó	56.468	83.428	80.000	80.000
Hrein staða ríkissjóðs	-965.165	-1.107.230	-1.166.920	-1.209.652
Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög ..	852.311	777.311	777.923	731.229
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	-112.854	-329.919	-388.997	-478.423
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	1.079.490	1.258.539	1.346.603	1.400.235
<i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>				
Skuldir ríkissjóðs	45,0	42,1	40,6	37,5
Kröfur ríkissjóðs	4,2	4,7	5,0	4,9
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	-3,5	-8,7	-9,3	-10,6
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	33,2	33,1	32,1	30,9

*Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs

9.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða ríkisábyrgðir

Í 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á lánveitingaheimildir ríkissjóðs til A2-hluta aðila vegna útlána þeirra og A3-hluta aðila vegna fjárfestingaverkefna sem kveðið er á um í sérlögum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 er þetta hámark 43,5 ma.kr. fyrir A2- og A3-hluta aðila, auk 20 ma.kr. fyrir Landsvirkjun.

Ekki er gert ráð fyrir veitingu nýrra ríkisábyrgða til fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins en endurlán koma í þeirra stað. Hér á eftir eru settar fram þær lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður annarra ríkisaðila er í kafla 6 *Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta*.

Láveitingar ríkissjóðs, ma. kr.	2023 Heimild	2023 Horfur	2024 Heimild
Betri samgöngur	5,0	0,0	7,0
Byggðastofnun	3,0	3,0	3,0
Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	2,0	0,0	2,0
Fjárföng ehf.	1,5	0,2	1,5
Húsnæðissjóður	20,0	17,0	20,0
Menntasjóður námsmanna	10,0	0,0	10,0
Lánveitingar, samtals	41,5	20,2	43,5

10 Heimildir ráðherra

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa. Lagaheimildir til þessara ráðstafana eru venju samkvæmt veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.

Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 150 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 39 til sölu fasteigna, 30 til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða, 27 til kaupa og leigu fasteigna, 17 til kaupa og sölu hlutabréfa og annarra ráðstafana vegna umsýslu félaga, sex til samningsgerðar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni og ýmsar heimildir eru 29 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda sem kunna að falla til vegna heimildargreinarinnar nemi 307,7 m.kr. Ástæða er til að benda á að áætlað heildarumfang greinarinnar næmi hins vegar mun hærri fjárhæð væri ákveðið að nýta allar heimildir til fulls.

Heildarumfang áætlaðra söluheimilda sem koma fram í heimildargreininni er um 210 ma.kr. sem ná til hlutafélaga í eigu ríkisins ásamt fasteignum og jörðum. Þá er áætlað að heildarumfang vegna kaupa eða leigu gæti numið rúmlega 16 ma.kr. Þótt tiltekin heimild sé veitt vegna kaupa, sölu eða leigu þarf það ekki að fela í sér að sú heimild verði í raun nýtt á fjárlagaárinu. Hér er því aðeins verið setja fram upplýsingar um áætlað hámark á heildarumfangi heimildargreinarinnar.

Í fyrsta flokki er heimild fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjarta-verndar á heilbrigði öldrunar. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn. Báðar heimildirnar eru óbreyttar frá fyrra ári.

Í öðrum flokki eru heimildir til sölu fasteigna. Flestar heimildirnar í þessum flokki eru til sölu á húsnæði sem er óhentugt eða nýtist ekki lengur í ríkisrekstrinum. Almennar heimildir eru í 2.1–2.4 sem ætlað er að veita svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál stofnana og annarra ríkisaðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í viðkomandi málaflokkum. Aðrar heimildir eru til sölu á einstökum eignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem endurnýjaðar eru frá fyrra ári. Heimild 2.35 er ný þar sem lagt er til að ríkinu sé heimilt að taka við eignarhlut í húsnæði við Lágmúla sem ríkissjóður mun yfirtaka 1. janúar 2024 í samræmi við breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Samkvæmt breytingum á lögnum tekur ríkissjóður við fasteign, skrifstofubúnaði og innheimtu- og upplýsingakerfum í eigu Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að verkefni innheimtustofnunar verði færð til sýslumanna og er af þeim sökum ekki gert ráð fyrir að ríkið hafi þörf fyrir þetta húsnæði til langs tíma. Heimildir 2.39 og 2.40 varða áformaða ráðstöfun á tveimur fasteignum sem afsalað var til stofnana á vegum ríkisins á sínum tíma en nýttast ekki lengur undir starfsemi á þeirra vegum. Annars vegar er um að ræða Skólábæ við Suðurgötu sem afsalað var til Háskóla Íslands með gjafabréfi árið 1972. Í afsalinu kemur fram að eignin verði ævarandi eign Háskóla Íslands og að háskólanum sé óheimilt að láta hana af hendi. Skólábær er ríflega 400 fermetra einbýlishús sem nýtist ekki lengur undir starfsemi á vegum Háskóla Íslands. Af þeim sökum hefur háskólinn óskað eftir að kanna hvort hægt sé að selja eignina þrátt fyrir þinglýsta kvöð gegn því að nota andvirðið í þágu kennslu- og rannsóknarverkefna við háskólann. Hins vegar

er um að ræða húseign við Bárugötu 3 sem afsalað var til Vísindasjóðs árið 1986 með skiptayfirlýsingu. Í afsalinu kemur fram að Vísindasjóður megi aldrei selja eða gefa eignina. Rannís tók við hlutverki Vísindasjóðs í samræmi við lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Húsnæðið við Bárugötu hefur ekki nýst undir starfsemi á vegum Rannís eða aðra vísindastarfsemi um langt skeið og þykir ekki hentugt undir slíka starfsemi. Heimild 2.42 varðar skrifstofuhúsnæði í eigu ríkisins við Grensásveg sem er til skoðunar að selja á almennum markaði að hluta eða öllu leyti. Komið er að endurbótapörf á eigninni til að aðstaðan í húsnæðinu uppfylli nútímakröfur en tekin verður ákvörðun um ráðstöfun hennar að lokinni fýsileikakönnun. Heimild 2.43 tengist sameiningu á Skógræktinni og Landgræðslunni sem samþykkt var með lögum í júní 2023. Lagt er til að veitt verði heimild að selja eða leigja einstakar eignir sem ekki verður talin þörf á að nýta áfram undir sameinaða stofnun. Talsvert af húsnæði hefur verið í umsjón beggja stofnana víðs vegar um landið. Ráðast þarf í greiningu á því hvaða eignir verða áfram nýttar undir sameinaða stofnun og hvaða eignum væri hægt að ráðstafa undir aðra nýtingu eða selja á almennum markaði. Áætlað heildarumfang vegna sölu á fasteignum ríkisins samkvæmt heimildum í þessum flokki er um 30 ma.kr. Gert er ráð fyrir að sala á fasteignum fyrir tæplega 6 ma.kr. geti raungerst árið 2024 og munar þar mest um fyrirhugaða sölu á eignum ríkisins í Borgartúni.

Þriðji flokkurinn felur í sér heimildir til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári og flestar til komnar vegna almennrar umsýslu ríkisjarða. Heimild 3.12 er endurnýjuð frá fyrra ári sem aflað var í tengslum við forkaupsréttarákvæði ríkisins sem er að finna í lögum um náttúruvernd. Breytingar voru gerðar á lögum um menningarminjar árið 2022 þar sem fram kemur að ríkissjóður skuli hafa forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum þar sem friðlýstar menningarminjar eru. Vegna þessa eru gerðar breytingar á heimildinni frá fyrra ári og því bætt við að Jarðasjóði sé heimilt að kaupa jarðir eða jarðahluta vegna menningarminja auk náttúruverndarsjónarmiða og annarrar hagnýtingar sem þjónar almannahagsmunum. Heimildir 3.24–3.29 eru nýjar og varða hefðbundna umsýslu jarða þar sem þörf er á að ráðstafa jörðum eða húseignum í kjölfar þess að ábúð eða leigu er lokið. Ekki er talið að sérstakir almannahagsmunir séu að baki eignarhaldi ríkisins á þeim jörðum sem óskað er eftir söluheimild á sem krefjast þess að þær verði áfram í ríkiseigu. Hins vegar er miðað við að jarðirnar Grænanes, Syðri-Steinsmýri og Stakkahlíð verði áfram í eigu ríkisins þar sem almannahagsmunir eru taldir liggja að baki eignarhaldi á þeim jörðum. Þar sem ríkið sér ekki fram á að nýta húseignir á þeim jörðum undir opinbera starfsemi er óskað eftir heimild til að selja eða leigja þær með almennum hætti til að koma þeim í eðlilega nýtingu. Áætlað er að heildarumfang vegna sölu á lóðum, spildum og jörðum samkvæmt heimildum í þessum flokki geti numið rúmlega 3 ma.kr. Hins vegar er aðeins gert ráð fyrir að sala fyrir allt að 360 m.kr. geti raungerst árið 2024. Þá er áætlað að umfang vegna mögulegra kaupa á jörðum eða landi geti verið í kringum 80 m.kr. á næsta ári.

Í fjórða flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Heimild 4.27 er ný og varðar yfirfærslu á eignarhaldi á Norræna húsinu við Sæmundargötu til ríkisins. Miðað er við að eigninni verði komið fyrir í umsýslu hjá Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum sem muni tryggja að viðhaldi verði sinnt og áframhaldandi starfsemi geti verið í eigninni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á grundvelli eðlilegra leigugreiðslna. Áætlað heildarumfang vegna kaupa á fasteignum á næsta ári gæti verið um 250 m.kr. Þá er áætlað að heildarumfang vegna leigu á fasteignum undir starfsemi ríkisins gæti verið um 16 ma.kr. sem miðast við núvirta samningsskuldbindingu til 25 ára. Af áætlaðri heildarskuldbindingu vegna leigu er miðað við að allt að 8 ma.kr. gætu raungerst á árinu 2024.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og aðrar sambærilegar ráðstafanir. Allar heimildir í þessum flokki eru endurnýjaðar frá fyrra ári. Áætlað heildar-

umfang vegna sölu á hlutafélögum í eigu ríkisins samkvæmt heimildum í þessum flokki er um 180 ma.kr. miðað við hlutdeild í eigin fé og munar þar mest um eignarhlut ríkisins í fjármála-fyrirtækjum.

Í sjötta flokki eru heimildir vegna samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni á vegum ríkisins. Allar heimildir eru endurnýjaðar frá fyrra ári og eru til komnar sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sé of skammur þegar kemur að kaupum á þessari tilteknu þjónustu. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára enda eigi þau skilyrði við sem þar koma fram.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem nær allar eru óbreyttar frá fyrra ári. Í heimild 7.5 er til að heimildar verði aflað til að ganga til samninga við Vesturbyggð um að fjarlægja skólahúsnæði á skilgreindu hættusvæði í Bíldudal í stað þess að Ofanflóðasjóður ráðist í kostnaðarsamar framkvæmdir við að verja húsnæðið. Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum heimila ekki greiðslur úr Ofanflóðasjóði til sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra við að flytja starfsemi af hættusvæði og þá eftir atvikum til að kaupa eða byggja annars staðar en á hættusvæði eða ráðast í breytingar á húsnæði utan hættusvæða í stað þess að reisa varnargarð. Af þeim sökum er þörf á að afla sérstakrar heimildar til samningsgerðarinnar við sveitarfélagið. Talið er að það muni leiða til hagkvæmari niðurstöðu bæði fyrir ríkið og sveitarfélagið að ná samkomulagi um að starfseminni verði fundinn nýr staður utan hættusvæðis. Heimild 7.27 varðar tilfærslu milli fasteigna í eignasafni ríkisins. Í samræmi við lög um opinber fjármál er miðað við að framkvæmd húsnæðismála verði samræmd á vegum ríkisins til að tryggja faglega, örugga og hagkvæma umsýslu eigna. Unnið hefur verið að því að færa allar eignir ríkisins í miðlæga umsýslu ásamt því að auka fjárhagslegt gagnsæi við rekstur þeirra. Almennt er miðað við að flestar fasteignir í eigu ríkisins verði í umsýslu hjá Framkvæmdasýslu – Ríkiseignumum sem er sérhæfður og miðlægur eignaumsýsluadili á vegum ríkisins. Þá hefur sérstöku eignasafni verið komið á fót utan um fasteignir Háskóla Íslands og unnið er að því að koma sambærilegu fyrirkomulagi á laggirnar utan um fasteignir Landspítalans og annarrar sérhæfðrar sjúkrahúspjónustu. Til að einfalda eignfærslu og aðra bókhaldslega meðferð þessara eigna og tilfærslu milli einstakra eignasafna innan A-hluta ríkissjóðs er lagt til að heimild sé til staðar til að færa einstakar eignir á milli safnanna með láni eða eigin fé enda hafi það ekki áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs. Heimild 7.29 varðar áform um slit á ÍL-sjóði. Fyrirhugað er að leggja fram sérstakt frumvarp á komandi haustþingi um slit á sjóðnum. Í ljósi þeirra áforma er lagt til að sérstakrar heimildar verði aflað sem heimili skipti á eignum í tengslum við það uppgjör ásamt heimildar til að gera upp fyrirbyggjandi ríkisábyrgð á skuldum sjóðsins. Heimildin felur annars vegar í sér að ráðherra geti gengið til skipta við ÍL-sjóð á eignum í því skyni að liðka fyrir uppgjóri á ÍL-sjóði ef af fyrirhuguðum slitum sjóðsins verður. Eignir sjóðsins eru sumar hverjar þess eðlis að erfitt getur verið að koma þeim í verð eða skipta þeim á milli kröfuhafa innan tilhlýðilegra tímamarka. Ráðstöfunin mun ekki fela í sér beinan ábata, hvorki fyrir ÍL-sjóð né ríkissjóð. Hins vegar felur heimildin í sér að unnt er að standa við ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs. Ef fyrirhugað frumvarp verður að lögum getur komið til uppgjors á ríkisábyrgðinni fyrr en ella. Heimild 7.30 varðar áform um byggingu Ölfusárbrúar. Að undangengnu samráði við innviðaráðuneytið er óskað eftir heimild til að ríkissjóður undirgangist skuldbindingar vegna útboðs á Ölfusárbrú. Samkvæmt lögum um samvinnuverkefni nr. 80/2020 er Vegagerðinni heimilt að bjóða út tiltekna framkvæmdir og ganga til samninga við einkaaðila um framkvæmd og fjármögnun einstakra verkefna. Til að verkefni geti talist samvinnuverkefni samkvæmt skilyrðum laganna þarf „einkaaðili að annast fjármögnun opinbers mannvirkis, í heild eða að hluta, eða að taka með öðrum hætti áhættu af gerð og rekstri þess, eftir atvikum með heimild til gjaldtöku fyrir notkun mannvirkisins á rekstrartíma“. Miðað við núverandi stöðu uppfyllir verkefnið um Ölfusárbrú uppfyllir ekki

skilyrði laganna. Þótt framkvæmdin verði af þeim sökum ekki unnin á grundvelli laga um samvinnuverkefni til að byrja með er miðað við að gjaldtaka fyrir akstur um brúna standi undir kostnaði við fjármögnun, framkvæmd og rekstur. Á þeim grundvelli er lagt til að ríkissjóður geti gengist undir ábyrgð vegna þeirra skuldbindinga sem af verkefninu leiða. Útboðsferli vegna framkvæmdarinnar er hafið og er gert ráð fyrir að hægt verði að ljúka samningum í byrjun árs 2024. Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er heildarkostnaður verkefnisins áætlaður um 15,3 ma.kr. sem dreifist yfir þrjú áramót tímabil. Áætlað er að innheimta veggjalda geti hafist árið 2027 og gerir Vegagerðin ráð fyrir að það taki um 30 ár fyrir fjárfestinguna að standa undir sér með greiðslu veggjalda. Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að framkvæmdaraðilum verður ætlað að skila inn tvenns konar tilboðum, þ.e. með fjármögnun á framkvæmdatíma og án fjármögnunar. Þegar tilboð liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort framkvæmdaaðili beri ábyrgð á fjármögnun eða hvort hagfelldara sé fyrir ríkið að annast fjármögnunina á framkvæmdatíma að hluta eða öllu leyti, en í því tilviki yrði viðeigandi heimilda aflað í fjárlögum. Verkefnið er metið fjárhagslega sjálfbært miðað við núverandi forsendur Vegagerðarinnar og gert ráð fyrir að gjaldtaka verði hafin fyrir akstur um brúna sem standi undir heildarkostnaði. Leggja þarf endanlegt mat lagt á fjárhagslega sjálfbærni verkefnisins sem staðfest er af fjármálaráðuneytinu þegar endanlegar forsendur liggja fyrir með lögbundinni aðkomu og að fenginni umsögn Ríkisábyrgðarsjóðs, sbr. lög nr. 121/1997, að teknu tilliti til sérstöðu verkefnisins sem felst í því að ekki er um ábyrgðarþega utan A-hluta fjárlaga að ræða. Að framkvæmdum loknum, þ.e. við verkskil á fullbúnu mannvirki, kemur til ákvarðana um fjármögnun verkefnisins til lengri tíma samhliða uppgjöri við framkvæmdaraðila. Þá mun liggja fyrir hvernig rekstri og umsjón mannvirkisins verður háttáð m.a. með vísan til laga um samvinnuverkefni nr. 80/2020, og hvernig staðið verði að innheimtu veggjalda fyrir akstur yfir brúna. Miðað er við að útboð fari fram á haustmánuðum 2023 og tilboð opnuð í ársbyrjun 2024 en að endanlegir samningar við bjóðendur verði ekki undirritaðir fyrr en að fjárlögum 2024 samþykktum og fenginni þeirri heimild sem hér er óskað eftir. Í ljósi þess að ekki er hægt að færa áhættuna af fjárfestingunni alfarið yfir á framkvæmda- og rekstraraðila mun framkvæmdin verða flokkuð innan A-hluta þó að veggjöld eiga að standa undir afborgunum af heildarkostnaði. Metin arðsemi framkvæmdarinnar af hálfu Vegagerðarinnar er áætluð 7% yfir 30 ára tímabil. Framkvæmdin mun hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs í heild skv. GFS uppgjöri Hagstofu Íslands. Hagskýrslustaðlar GFS og reikningsskilastaðlar IPSAS gera þá kröfu að verkefnið verði fært hjá ríkissjóði með tilsvarende áhrifum á afkomu, eignir og skuldir.

11 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Fjárhagsáhætta ríkissjóðs, sem á rætur að rekja til beinna og óbeinna skuldbindinga hans og ytri áhættu- og óvissuþátta, getur haft umtalsverð áhrif á afkomu ríkissjóðs til skemmri og lengri tíma ef hún raungerist. Heimsfaraldur kórónuveirunnar er glögg dæmi um ytri óvissuþátt sem valdið hefur skyndilegum og ófyrirséðum neikvæðum áhrifum á fjárhag ríkisins, bæði vegna tekjutaps og útgjaldaaukningar. Hér er fjallað í stuttu máli um helstu áhættuþætti sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á árinu 2024. Ítarlegri umfjöllun um fjárhagsáhættu ríkissjóðs er að finna í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Auknar skuldir ríkissjóðs undanfarin þrjú ár og þar með hærra skuldastig fela í sér að efnahagsreikningur ríkissjóðs er viðkvæmari fyrir áföllum og útsettari fyrir markaðsáhættu, svo sem breytingum á vöxtum, gengi krónunnar og verðbólgu. Hærrí vextir og meiri skuldsetning leiða af sér aukinn kostnað við fjármögnun ríkissjóðs þegar eldri skuldir á lægri vöxtum koma á gjalddaga og eru endurfjármagnaðar. Endurfjármögnunaráhætta eykst einnig með aukinni skuldsetningu en það er sú áhætta ríkissjóðs að ekki takist að sækja nýtt lánsfé til að fjármagna eldri lán á gjalddaga. Til þessa hefur tekist vel til við að mæta fjárþörf ríkissjóðs og hefur aukinn þróttur hagkerfisins jákvæð áhrif á stöðu hans og dregur úr lánsfjárþörf á næsta ári. Áfram verður markvisst unnið að því að lágmarka fjárhagsáhættu ríkissjóðs, m.a. með því að lengja endurgreiðsluferil skulda og jafna hann eins og kostur er ásamt því að treysta áframhaldandi aðgengi að innlendum og erlendum lánamörkuðum.

Áhætta ríkissjóðs af verðbólgu er bæði til staðar í rekstri og efnahag. Á gjaldahlið kemur hún helst fram í hækkun vaxtagjalda í gegnum verðbætur á verðtryggð lán og hærri vöxtum við endurfjármögnun. Verðbólga hefur einnig jákvæð áhrif á vaxtatekjur þar sem hluti eignar er verðtryggður en þó í talsvert minni mæli en á gjaldahlið og áhrif verðbólgu á vaxtjöfnuð eru því neikvæð. Áhrif verðbólgu koma einnig fram í hærri skatttekjum en á móti með áþekktum hætti í auknum útgjöldum vegna launa- og verðlagshækkana í rekstri og fjárfestingum, auk hækkana á bótum tilfærslukerfa. Endanleg áhrif á afkomu geta verið óvissari og ekki endilega þau sömu til skemmri og lengri tíma. Eins og efnahagur ríkissjóðs er samsettur eru áhrif verðbólgu á hann neikvæð þar sem verðtryggðar skuldir eru talsvert hærri en verðtryggðar eignir. Til lengri tíma ræðst sjálfbærni skulda ríkissjóðs af samspili hagvaxtar og virkra vaxta af skuldum. Vegna þess að skuldir ríkissjóðs bera nær allar fasta vexti og sumar til margra ára getur verðbólga og hækkun ávöxtunarkröfu haft áhrif á virka vexti mörg ár fram í tímann og dregið þannig úr getu ríkissjóðs til að standa við skuldbindingar sínar. Það felst því áhætta í mikilli verðbólgu fyrir ríkissjóð og hagsmunir hans eru best varðir með því að halda henni í skefjum.

Helstu óbeinu skuldbindingar ríkissjóðs felast í veittum ríkisábyrgðum. Dregið hefur úr útistandandi ríkisábyrgðum á síðustu árum í samræmi við stefnu í málaflöknum. Ekki er gert ráð fyrir að gefnar verði út nýjar ríkisábyrgðir umfram þær sem veittar voru vegna kórónuveirufaraldursins en þær ábyrgðir voru ætlaðar til skemmri tíma og samanstanda núna af viðbótar- og stuðningslánnum sem veitt voru til fyrirtækja í faraldrinum. Skuldir ÍL-sjóðs eru í formi afborgunarbréfa og hefur há verðbólga undanfarinna ára hækkað höfuðstól skulda þrátt fyrir afborganir þeirra. Ábyrgðir vegna skulda ÍL-sjóðs eru langstærsti hluti veittra ábyrgða.

Aukin áhætta og kostnaður ríkissjóðs vegna ÍL-sjóðs felst í því að skuldir sjóðsins eru óuppgreiðanlegar og bera fasta verðtryggða vexti á meðan útlán hans eru uppgreiðanleg. Sjóðurinn er því útsettur fyrir sveiflum í markaðsvöxtum sem hefur endurspeglast í auknum uppgreiðslum á útlánnum. Þá hefur verðbólga neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins þar sem verðtryggingarjöfnuður er neikvæður. Eigið fé sjóðsins er neikvætt um 231 ma.kr. í

hálfársuppgjöri 2023 og er fært með skuldum ríkissjóðs í ríkisreikningi en endanlegur kostnaður sem fellur á ríkissjóð er óvissu háður. Ríkisábyrgð á skuldum ÍL sjóðs er í formi einfaldrar ábyrgðar, enda má ríkissjóður ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Á árinu 2024 snýr áhætta ríkissjóðs einnig að sjóðstreymi ÍL-sjóðs. Skyndilegur samdráttur í uppgreiðslum útlána sjóðsins leiðir að öðru óbreyttu til þess að ríkissjóður þarf að endurgreiða fyrr en ella hluta þeirra lána sem hann tók hjá sjóðnum á árunum 2020 og 2021 svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Á fyrri hluta þessa árs hefur hægst nokkuð á uppgreiðslum og því er gert ráð fyrir í áætlunum að endurgreiðslur geti hafist strax á næsta ári og að þær geti numið 5–10 ma.kr.

Breytt flokkun opinberra lánasjóða og fyrirtækja samkvæmt hagskýrslustöðlum leiðir til þess að flestir þessara aðila eru nú hluti af samstæðu A-hluta ríkissjóðs og skuldir þeirra eru þá taldar með skuldum ríkissjóðs. Í þeim samanburði væri rétt að leiðrétta framsetningu ríkisábyrgða á móti. Í töflunni hér að neðan má sjá þróun veittra ríkisábyrgða síðustu ár ásamt framsetningu ríkisábyrgða að teknu tilliti til breyttrar flokkunar. Hafa verður í huga að þegar horft er til skuldareglu laga um opinber fjármál hefur þessi breyting þó ekki áhrif því hún tekur aðeins til skulda A1-hluta ríkissjóðs, þ.e. án opinberra lánasjóða og fyrirtækja.

Verulega hefur dregið úr útistandandi ríkisábyrgðum á síðustu árum

Eftirstöðvar ríkisábyrgða	2020	maí.23	af heild	Ný flokkun	
				maí.23	af heild
ÍL-sjóður	731.917	720.749	87%	0	0%
Landsvirkjun hf.	64.035	22.305	3%	22.305	73%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	57.645	59.693	7%	0	0%
Byggðastofnun	11.510	10.066	1%	0	0%
Viðbótar- og stuðningslán	10.364	7.222	1%	7.222	24%
Icelandair hf.	13.739	0	0%	0	0%
RÚV ohf.	3.127	3.643	0%	0	0%
Annað	4.992	1.068	0%	1.068	3%
Samtals	897.329	824.746	100%	30.595	100%

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvísleg áhætta. Fjármögnun Vaðlaheiðarganga er gott dæmi um slíkt en framkvæmdin fór fram sem samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila (e. Public private partnership) og veitti ríkissjóður Vaðlaheiðargöngum hf. lán sem stóð í tæplega 20 ma.kr. á gjalddaga í lok árs 2021. Forsendur fyrir rekstri félagsins höfðu brugðist bæði með umtalsvert hærri framkvæmdakostnaði en gert hafði verið ráð fyrir og tekjuáhrifa af minni umferð í gegnum göngin. Fjárhagslegri endurskipulagningu lauk í júní á síðasta ári og fól í sér skuldbreytingu 5 ma.kr. af skuldum í eigið fé. Eftirstöðvar lánsins voru framlengdar til ársins 2057, vaxtakjörum breytt og lánið verðtryggt. Fjárhagsáhætta ríkissjóðs vegna lánveitingarinnar hefur aukist í þeim skilningi að eigið fé er metið áhættumeira en skuldabréf en á móti eru skilyrði með eiginfjárframlaginu sem tryggja að félagið mun ekki greiða hluthöfum arð fyrr en búið er að endurgreiða ríkissjóði bæði lánið og eiginfjárframlagið og það síðara verðbætt miðað við byggingarvísitölu.

Ríkissjóður hefur selt samtals 57,5% hlut í Íslandsbanka í tveimur hlutafjárútboðum. Með því hefur verið dregið úr áhættu af eignarhaldi á viðskiptabönkunum en ríkið á þó enn 42,5% hlut í Íslandsbanka og 98,2% hlutafjár í Landsbankanum. Eignarhlutum sem þessum fylgir talsverð áhætta eins og verðsveiflur á markaði sýna. Eiginfjárstaða Íslandsbanka og Landsbanka er sterk sem gerir þeim betur kleift að mæta mögulegum áföllum. Engu að síður

ber ríkissjóður áhættu af þeim rekstri þar sem lakari afkoma með neikvæðum áhrifum á arðsemi eigin fjár gæti leitt til lækkunar á virði þeirra og dregið úr sölumöguleikum eða ábata af eignarhlutum ríkissjóðs, þ.m.t. arðgreiðslum. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir frekari sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka. Gangi þær fyrirætlanir ekki eftir þarf ríkissjóður að reiða sig á aðra fjármögnunarleiðir í meira mæli sem sölufjárhæðinni hefði numið.

Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áhætta ríkissjóðs af þeim árið 2024 snýr eins og áður að launahækkunum opinberra starfsmanna. Ávöxtun eigna, lífslíkur sjóðfélaga og foringreiðslur eru breytur sem geta haft mikil áhrif á eignir og skuldbindingar B-deildar og þar með á heildarskuldbindingu ríkissjóðs. Samtals námu ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 870 ma.kr. í árslok 2022 en voru 792 ma.kr. árið áður. Þessi mikla hækkun kom bæði til vegna launahækkana og óvenju slæmrar ávöxtunar. Þó er gert ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildar nái hámarki um þessar mundir, hvort sem litið er á raungildi eða nafnvirði þeirra, og að áhætta vegna hennar fari smám saman minnkandi.

Áhætta ríkissjóðs vegna Seðlabanka Íslands snýr að áhrifum af afkomu bankans á efnahagsreikning ríkisins. Bankinn hefur heimild til að innkalla allt að 70,27 ma.kr. á verðlagi janúar 2023 frá ríkissjóði til þess að styrkja eiginfjárstöðu bankans, kalli þróun eigin fjár, afkomuhorfur og viðmið sem bankinn setur sér um eigið fé á hverjum tíma, á það. Í ársskýrslu bankans fyrir 2022 kom fram að sviðsmyndagreining næstu ára gæfi ekki tilefni til að endurskoða eiginfjármarkmið sem ákveðið var 150 ma.kr. en eigið fé bankans var 115,5 ma.kr. í lok árs 2022.

12 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lögð verður til tímabundin eins prósentustigs hækkun til eins árs á tekjuskatti lögaðila.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt verður til að tímabundnar útreikningsreglur og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta verði framlengdar óbreyttar um eitt ár.

Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Lagt verður til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar um 3,5% til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024.

Lög nr. 87/2004, um oliugjald og kílómetragjald. Lagt verður til að oliugjald, kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hækki um 3,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lagt verður til að almennt og sérstakt vörugjald af bensíni hækki um 3,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024.

Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Lagt verður til að bifreiðagjald hækki um 3,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024 auk hækkunar á lágmarksfjárhæð gjaldsins sem lagt er á fólk bíla.

Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Lagt verður til að áfengis- og tóbaksgjald hækki um 3,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024.

Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Lögð verður til 3,5% hækkun á sérstöku gjaldi til Ríkisútvarpsins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til 3,5% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Lögð verður til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalda í samræmi við tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Lög nr. 70/2012, um loftslagsmál. Lagt verður til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar skv. 4. mgr. 14. gr. verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Lögð er til framlenging á afnámi tekna hjá starfsendurhæfingarsjóðum, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, af almennu tryggingagjaldi.

Lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Lögð verður til hækkun á gjaldhlutfalli úr 3,5% í 5%. Miðað verði áfram við að 1/3 af gjaldinu fari sem framlag

til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl. Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 1.107 kr. á einstakling á mánuði en samkvæmt því mun ákvörðuð um lækkun sóknargjaldsins nema um 7,1%.

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2024.

Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara. Lögð verður til breyting á hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2024 með hliðsjón af áætlaðri stöðu á árslok 2023.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlanir Seðlabanka Íslands um rekstrarkostnað við fjármálaeftirlit á árinu 2024.

Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Lögð verður til framlenging á bráðabirgðaákvæðum þar sem kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2024 og hins vegar að atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2024, eða 0,10%.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða um samannburð á útreikningi kostnaðarþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til framlenging á því að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

Lög nr. 132/2005, um fjarskiptasjóð. Lögð verður til breyting á gildistíma laganna og sjóðnum þar með tryggðar tekjur með framlögum úr ríkissjóði sem til eru komnar vegna gjalda fyrir afnot af tíðnum.

Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Lögð verður til breyting á ákvæði til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2024.

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar. Lögð verður til breyting á 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2024.

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar. Lögð verður til framlenging á 1. tölul. bráðabirgðaákvæðis um frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna.

Lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Lögð verður til framlenging um eitt ár á II. bráðabirgðaákvæði sem kveður á um heimild til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða.

Lög nr. 73/1972, höfundalög, Lögð verður til breyting á tollnúmerum til að tryggja að rétt-hafar fái þær bætur sem þeim eru ætlaðar í ákvæðinu. Þá verður lagt til að í bráðabirgðaákvæði verði kveðið á um bætur vegna árána 2022 og 2023 vegna óleiðréttra tollskrárbreytinga þau árin.

Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir næsta fjárlagaárs fyrir þau 35 málefnasvið og 103 málaflokka sem frumvarpið tekur til. Í umfjölluninni er gerð grein fyrir ábyrgð á einstökum sviðum, fjárhagslegri þróun á málefnasviði og einstökum málaflokkum á tímabilinu 2022–2024, sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðs eftir helstu tilefnum og helstu tillögum um breytingar á fjárheimildum málaflokka frá gildandi fjárlögum.

Greinargerðin felur í sér nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem samþykkt var með ályktun Alþingis 9. júní sl. um fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2024–2028. Einnig er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á útgjöldum málefnasviða við undirbúning fjárlaga-frumvarpsins, s.s. af völdum breyttra reikniforsendna og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um tiltekin málefni. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028 var fjallað um þróun innan einstakra málefnasviða og málaflokka til næstu fimm ára ásamt helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er einungis gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Varðandi umfjöllun um fjárhagslega þróun málefnasviða og málaflokka er vakin athygli á því að:

- í reikningstölum fyrir árið 2022 hafa afskriftir ársins, þar sem við á, verið dregnar frá í útgjöldum stofnana og verkefna en fjárfestingum ársins, sem færðar eru um efna-hagsreikning, hefur verið bætt við. Með þessu fæst skýrari samburður við fjár-veitingar til stofnana og verkefna í fjárlögum þar sem framsetningin er með þessum sama hætti.
- á árinu 2022 urðu talsverðar breytingar á skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forseta-úrskurð nr. 6/2022, m.a. stofnun tveggja nýrra ráðuneyta. Framsetning á ríkisreikningi tekur mið af þessari breyttu skipan. Í einstaka tilvikum getur þessi nálgun valdið misræmi í framsetningu, en slíkt heyrir þó til undantekninga.
- sýnd er sundurliðun á fjárhagslegri þróun málefnasviðsins eftir málaflokkum og viðkomandi ráðuneytum sem bera ábyrgð á starfsemi málefnasviðsins.
- sýnd er sundurliðun á breytingum á útgjaldarömmum málefnasviða frá gildandi fjárlögum eftir fimm mismunandi tilefnum:
 - Í fyrsta lagi er um að ræða **bundin útgjöld** sem fela í sér breytingar á fyrirbyggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. útgjöld vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga eða breytinga sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.
 - Í öðru lagi eru **niðurfelldar fjárheimildir** tímabundinna verkefna.
 - Í þriðja lagi eru þær **aðhaldsráðstafanir** sem gerðar eru á málefnasviðinu. Rétt er að vekja athygli á því að þær ráðstafanir endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og getur sú niðurstaða eftir atvikum verið frábrugðin þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi

aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

- Í fjórða lagi er **útgjaldasvigrúm** sem ráðstafað er til nýrra og aukinna verkefna.
- Loks eru í fimmta lagi settar fram **launa-, verðlags- og gengisbreytingar** í útgjaldarömmum málefnasviðanna. Nánar er fjallað um forsendur þeirra breytinga í kafla 5.5 í frumvarpinu.
- sýnd er sundurliðun á fjárheimildum málefnasviðsins í heild sinni eftir hagrænni skiptingu auk fjármögnunar útgjaldanna:
 - Í fyrsta lagi er um að ræða **rekstrarframlög**, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum.
 - Í öðru og þriðja lagi eru **tilfærslur fjár úr ríkissjóði** til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í **rekstrartilfærslur** og hins vegar **fjármagnstilfærslur** sem veittar eru til fjárfestinga.
 - Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um **fjárfestingarframlög** en vakin er athygli á því að í uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum eru þau framlög ekki gjaldfærð í rekstrarreikningi heldur eignfærð í efnahagsreikningi.
- loks er í greinargerð hvers málaflokks fyrir sig gerð grein fyrir heildarfjárheimild málaflokksins fyrir komandi fjárlagaár, auk þess sem fjallað er um helstu breytingar á fjárheimildum frá gildandi fjárlögum.
- í fylgiriti fjárlaga má finna hagræna skiptingu fjárheimilda eftir málaflokkum og viðföngum.

Með ítarlegri kynningu á stefnum fyrir málefnasvið í árlegri fjármálaáætlun er leitast við að tryggja að Alþingi búi yfir sem greinarbestum upplýsingum um meginlínur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðalangs tíma.

Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp til eins árs er rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu nánari upplýsingar og skýringar er varða útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi og verkefni á einstökum málefnasviðum og málaflokkum við setningu fjárlaga til eins árs í senn sé sett í skýrara samhengi við stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára. Sem dæmi um þetta eru markmið málaflokka birt í töflu með yfirliti yfir helstu verkefni á árinu 2024 til að sýna hvernig vinna á að framgangi markmiðanna.

Viðauki

Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka**Efnisyfirlit**

1. Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	180
2. Dómstólar	185
3. Æðsta stjórnýsla	188
4. Utanríkismál	192
5. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	200
6. Hagskýrslugerð og grunnskrár	208
7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	212
8. Sveitarfélög og byggðamál	218
9. Almanna- og réttaröryggi	223
10. Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála	230
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	237
12. Landbúnaður	243
13. Sjávarútvegur og fiskeldi	248
14. Ferðaþjónusta	253
15. Orkumál	256
16. Markaðseftirlit og neytendamál	260
17. Umhverfismál	263
18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	271
19. Fjölmiðlun	280
20. Framhaldsskólastig	283
21. Háskólastig	288
22. Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	293
23. Sjúkrahúsþjónusta	299
24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	305
25. Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	311
26. Lyf og lækningavörur	315
27. Örorka og málefni fatlaðs fólks	319
28. Málefni aldraðra	325
29. Fjölskyldumál	329
30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi	337
31. Húsnæðis- og skipulagsmál	342
32. Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	347
33. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	353
34. Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	356
35. Alþjóðleg þróunarsamvinna	359

01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forseta Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess²					
01.10 Alþingi	5.372,2	5.963,7	5.405,1	-9,4	0,6
00 Æðsta stjórn ríkisins	5.372,2	5.963,7	5.405,1	-9,4	0,6
01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis	1.218,0	1.205,4	1.268,6	5,2	4,2
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.218,0	1.205,4	1.268,6	5,2	4,2
Samtals	6.590,2	7.169,1	6.673,7	-6,9	1,3


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs *01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess* árið 2024 eru áætluð 6.673,7 m.kr. og lækka um 843,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 11,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 495,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið

jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess²					
Rekstrarframlög	5.622,8	5.627,4	5.895,8	4,8	4,9
Rekstrartilfærslur	138,1	131,2	131,2	0,0	-5,0
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	829,3	1.410,5	646,7	-54,2	-22,0
Heildarútgjöld	6.590,2	7.169,1	6.673,7	-6,9	1,3
Rekstrartekjur	-	137,6	174,6	26,9	-
Framlag úr ríkissjóði	-	7.031,5	6.499,1	-7,6	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	7.169,1	6.673,7	-6,9	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

01.10 Alþingi

Starfsemi málaflokksins er í höndum forseta Alþingis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta gæði og öryggi upplýsingakerfa á Alþingi		
Endurnýjun og bæting þingfundakerfa og útleiðing á eldri kerfum.	Skrifstofa Alþingis	Innan ramma
Markmið 2: Bæta réttaröryggi og gegnsæi í lagasetningu með stafrænni þróun þingskjala		
Snjöll þingskjöl. Verkefnið felst í stafrænni þróun á þingskjölum. Verkefnið er í greiningarfasa og unnið er með Stjórnarráðinu við að rýna mögulegar lausnir.	Skrifstofa Alþingis	Innan ramma
Markmið 3: Aukin fræðsla og upplýsingar til almennings		
Unnið er að því að auka fræðslustarf Alþingis, einkum meðal ungs fólks, enda mikilvægt að efla lýðræðisvitund fólks og fræða almennung um þá stofnun sem er grundvöllur íslensks lýðræðisskipulags. Meðal annars er stefnt á að koma á rafrænni útgáfu af Skólþingi og gera þannig ungmennum á landsbyggðinni kleift að taka þátt í leiknum.	Skrifstofa Alþingis	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 5.405,1 m.kr. og lækkar um 818,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 260 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar alls um 637,5 m.kr. vegna nýbyggingar Alþingis.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 82,5 m.kr.
- Veitt er 106 m.kr. tímabundið framlag vegna Norðurlandaráðsþings sem verður á Íslandi árið 2024.

01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns Alþingis og ríkisendurskoðanda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að UA leysi úr kvörtunum innan hæfilegs tíma		
Taka í notkun hugbúnað til rafrænna samskipta vegna erinda og gagna þeirra sem kvarta við stjórnvöld.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 2: Að UA geti sinnt hæfilegum fjölda frumkvæðisathugana		
Aukin áhersla á frumkvæðis- og vettvangsathuganir, sem er þó háð fjölgun starfsfólks.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 3: Að UA geti sinnt OPCAT-eftirliti		
Miðað er við 4–6 athuganir og skýrslur á árinu.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 4: Að viðhaldið verði upplýsingagjöf um störf UA		
Birta sem fyrst eftir lok máls í gagnagrunni reifun álitá og bréfa.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 5: Skýrari ábyrgð í opinberri þjónustu		
Kanna ráðstöfun fjárveitinga til allra málefnasviða og málaflokka, hafa eftirlit með ríkistekjum og endurskoða ríkisreikning á hverju ári.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
Haga endurskoðun m.t.t. skilgreinds mats á mikilvægi og áhættu. Annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga með vísun til málefnasviða og málaflokka. Skila í skýrslum skýrum niðurstöðum um endurskoðun og ábendingar til úrbóta.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
Markmið 6: Betri nýting fjármuna		
Verkefnaval stjórnsluúttekta taki mið af umfangi á fjárlögum. Úttektir verði stærri, skýrari í framsetningu og ályktunum er skili meiri árangri og séu áhrifameiri.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
Markmið 7: Bætt stjórnslá		
Taka upp rafræna þjónustugátt vegna skila á gögnum frá stjórnmalasamtökum og frambjóðendum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum og kirkjugörðum. Stuðla að því að ríkisaðilar leggi áherslu á að veita viðskiptavinum sínum rafræna þjónustu. Jafnframt skal sinna almennu leiðbeiningarstarfi á þessu sviði.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
Markmið 8: Efla eftirlit með tekjuöflun ríkisins, rekstrartekjum stofnana og innheimtu opinberra gjalda		
Heimsækja ríkisaðila og innheimtumenn til að kanna tekjuskráningu og innheimtu.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.268,6 m.kr. og lækkar um 24,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 87,8 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 48,6 m.kr.
- b. Gert er ráð fyrir að sértekjur Ríkisendurskoðunar hækki um 24 m.kr.

02 Dómstólar

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
02 Dómstólar²					
02.10 Hæstiréttur	472,2	502,0	527,3	5,0	11,7
00 Æðsta stjórn ríkisins	229,8	243,3	249,5	2,5	8,6
06 Dómsmálaráðuneyti	242,4	258,7	277,8	7,4	14,6
02.20 Héraðsdómstólar	2.051,1	2.114,2	2.183,8	3,3	6,5
06 Dómsmálaráðuneyti	2.051,1	2.114,2	2.183,8	3,3	6,5
02.30 Landsréttur	800,8	827,3	904,5	9,3	12,9
06 Dómsmálaráðuneyti	800,8	827,3	904,5	9,3	12,9
02.40 Dómstólasýslan	366,3	395,6	422,8	6,9	15,4
06 Dómsmálaráðuneyti	366,3	395,6	422,8	6,9	15,4
Samtals	3.690,4	3.839,1	4.038,4	5,2	9,4


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 02 Dómstólar árið 2024 eru áætluð 4.038,4 m.kr. og lækka um 5,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 0,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa

af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 199,3 m.kr. milli ára eða sem svarar til 5,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
02 Dómstólar²					
Rekstrarframlög	3.654,0	3.760,1	3.969,2	5,6	8,6
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	36,4	79,0	69,2	-12,4	90,1
Heildarútgjöld	3.690,4	3.839,1	4.038,4	5,2	9,4
Rekstrartekjur	-	1,4	1,5	7,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.837,7	4.036,9	5,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	3.839,1	4.038,4	5,2	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

02.10 Hæstiréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Hæstaréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Verkefni í þessum málaflokki má finna undir málaflokki *02.40 Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 527,3 m.kr. og lækkar um 0,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 26,1 m.kr. Breytingin skýrist af sértækum aðhaldsaðgerðum sem beint er að öðrum rekstrargjöldum og ferðakostnaði.

02.20 Héraðsdómstólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum héraðsdómstólanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Verkefni í þessum málaflokki má finna undir málaflokki *02.40 Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.183,8 m.kr. og lækkar um 31,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 101,4 m.kr. Breytingin skýrist af 30 m.kr. varanlegri lækkun framlags úr varasjóði dómstólanna til að mæta fjölgun um einn Landsréttardómara og 1,8 m.kr. lækkun vegna sértækra aðhaldsaðgerða sem beint er að öðrum rekstrargjöldum og ferðakostnaði.

02.30 Landsréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landsréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Verkefni í þessum málaflokki má finna undir málaflokki 02.40 Dómstólasýslan.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 904,5 m.kr. og hækkar um 28,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 48,9 m.kr. Breytingin skýrist af 30 m.kr. varanlegri hækkun framlags til að mæta fjölgun um einn dómara og 1,7 m.kr. lækkun vegna sértækra aðhaldsaðgerða sem beint er að öðrum rekstrargjöldum og ferðakostnaði.

02.40 Dómstólasýslan

Starfsemi málaflokksins er í höndum dómstólasýslunnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 422,8 m.kr. og lækkar um 0,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 28 m.kr. Breytingin skýrist af sértækum aðhaldsaðgerðum sem beint er að öðrum rekstrargjöldum og ferðakostnaði.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Dómstólasýslan lagði fram tillögur um aukin framlög vegna sameiningar héraðsdómstóla, viðbótardómara við Landsrétt og aukna þjónustu við stoðþjónustu. Engin af tillögunum fengust samþykktar þar sem ákvörðun var tekin um að auka ekki útgjaldaramma málefнасviðsins. Sameining héraðsdómstóla og viðbótardómari við Landsrétt er fjármagnað innan ramma málefнасviðsins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Réttlát og opinber málsmeðferð.		
Samþætting málaskrákerfis dómstólanna og réttarvörslugáttar.*	Dómstólasýslan	Innan ramma
Markmið 2: Aukin skilvirkni og gæði		
Uppfærsla tækni- og hugbúnaðar sem styður við stafræna málsmeðferð.*	Dómstólasýslan	Innan ramma
Áframhaldandi þróun og innleiðing talgreinis.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Markmið 3: Aukið traust til dómstóla		
Greining á þörf á meiri og betri upplýsingum til almennings.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Húsnæðismál Héraðsdóms Norðurlands eystra.	Dómstólasýslan	Innan ramma

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 10.40.

03 Æðsta stjórnýsla

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forsætisráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
03 Æðsta stjórnýsla²					
03.10 Embætti forseta Íslands	359,4	351,9	363,2	3,2	1,1
00 Æðsta stjórn ríkisins	359,4	351,9	363,2	3,2	1,1
03.20 Ríkisstjórn	746,9	779,2	828,0	6,3	10,9
00 Æðsta stjórn ríkisins	746,9	779,2	828,0	6,3	10,9
03.30 Forsætisráðuneyti	1.696,7	1.724,3	1.527,3	-11,4	-10,0
01 Forsætisráðuneyti	1.696,7	1.724,3	1.527,3	-11,4	-10,0
Samtals	2.803,0	2.855,4	2.718,5	-4,8	-3,0


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 03 Æðsta stjórnýsla árið 2024 eru áætluð 2.718,5 m.kr. og lækka um 287,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 10,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 136,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,8%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
03 Æðsta stjórnssýsla²					
Rekstrarframlög	2.439,7	2.456,8	2.544,1	3,6	4,3
Rekstrartilfærslur	110,3	141,9	80,3	-43,4	-27,2
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	253,0	256,7	94,1	-63,3	-62,8
Heildarútgjöld	2.803,0	2.855,4	2.718,5	-4,8	-3,0
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	2.855,4	2.718,5	-4,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	2.855,4	2.718,5	-4,8	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

03.10 Embætti forseta Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis forseta Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 363,2 m.kr. og lækkar um 12,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 23,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 12,6 m.kr.

03.20 Ríkisstjórn

Undir málaflokkinn falla laun ráðherra í ríkisstjórn og aðstoðarmanna þeirra. Liðurinn tekur breytingum í samræmi við fjölda ráðherra og aðstoðarmanna á hverjum tíma. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 828 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 48,8 m.kr.

03.30 Forsætisráðuneyti

Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið og málaflokka. Margar áskoranir kalla á aukna og skilvirka samhæfingu innan Stjórnarráðsins og samstarf á vettvangi ráðherranefnda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Gott siðferði í opinberri stjórnýslu		
Opíð málþing og fræðsla um siðferði í opinberri stjórnýslu.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Fræðsluefni um siðferði og vandaða stjórnýsluhætti verði þróað áfram.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Alþjóðleg traustkönnun í samstarfi við OECD.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin velsæld og sjálfbærni		
Stefnumótun um sjálfbærni og innleiðing aðgerðaáætlunar.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Áherslur í velsældarmálum endurskoðaðar og ný aðgerðaáætlun mótuð.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Stöðumat verði unnið vegna fátæktar með áherslu á tiltekna viðkvæma hópa.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Auka skilning á fjölþættri mismunun í skilningi laga um jafna meðferð		
Fræðsla til annarra ráðuneyta.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Fræðslufundir til almennings og hagsmunahópa.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.527,3 m.kr. og lækkar um 275 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 78 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Umtalsverð lækkun er á fjárfestingarframlögum á milli ára eins og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins var aukin um 84 m.kr. vegna nýrra og aukinna verkefna.
- Gert er ráð fyrir að 600 m.kr. fjárfestingarframlagi vegna nýbyggingar við Stjórnarráðshúsið verði hliðrað til ársins 2025. Tillagan samanstandur af 400 m.kr. hliðrun sem lögð var til í fjármálaáætlun 2024–2028 og hliðrun um 200 m.kr. á milli ára sem er í samræmi við útfærslu á sérstakri útgjaldaráðstöfun í fjárlagafrumvarpi 2024.
- Fjárfestingarframlag málaflokksins lækkar um 169 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Í fyrsta lagi er 40 m.kr. framlag vegna innri endurgerða Þingvallabæjar og í öðru lagi 129 m.kr. vegna endurgerðar Bessastaðakirkju.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 110 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Í fyrsta lagi er 10 m.kr. framlag vegna samhæfingar og stjórnunar

innviðaaáttaks í kjölfar óveðurs í desember 2019. Í öðru lagi er 40 m.kr. framlag til verkefnisins Sjálfbært Ísland og í þriðja lagi 60 m.kr. framlag vegna minnisvarða um eldsumbrotin á Heimaey.

- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 701 m.kr.

04 Utanríkismál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð utanríkisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
04 Utanríkismál²					
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	7.607,0	7.127,3	7.070,1	-0,8	-7,1
03 Utanríkisráðuneyti	7.607,0	7.127,3	7.070,1	-0,8	-7,1
04.20 Utanríkisviðskipti	885,0	1.032,0	1.240,0	20,2	40,1
03 Utanríkisráðuneyti	885,0	1.032,0	1.240,0	20,2	40,1
04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál ...	3.815,0	4.461,0	4.835,9	8,4	26,8
03 Utanríkisráðuneyti	3.815,0	4.461,0	4.835,9	8,4	26,8
04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölpjóðasamstarfs	3.406,0	4.165,9	2.586,8	-37,9	-24,1
03 Utanríkisráðuneyti	3.406,0	4.165,9	2.586,8	-37,9	-24,1
Samtals	15.713,0	16.786,2	15.732,8	-6,3	0,1


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 04 Utanríkismál árið 2024 eru áætluð 15.732,8 m.kr. og lækka um 1.914,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 11,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 1.053,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
04 Utanríkismát²					
Rekstrarframlög	10.357,0	10.271,8	10.812,2	5,3	4,4
Rekstrartilfærslur	5.213,8	6.179,9	4.566,5	-26,1	-12,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	142,2	334,5	354,1	5,9	149,0
Heildarútgjöld	15.713,0	16.786,2	15.732,8	-6,3	0,1
Rekstrartekjur	-	560,0	603,7	7,8	-
Framlag úr ríkissjóði	-	16.226,2	15.129,1	-6,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	16.786,2	15.732,8	-6,3	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftrif ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiráða, sendiskrifstofa og borgaraþjónustu. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks *04.20 Utanríkisviðskipti*. Utanríkisþjónustan öll sinnir hagsmunagæslu gagnvart erlendum ríkjum og á vettvangi alþjóðastofnana, þjónustu við íslenska ríkisborgara erlendis, viðskiptasamningum og markaðssetningu erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu. Fjölbjóðastofnanir, alþjóðalög, lýðræðisleg gildi og mannréttindi hafa átt á brattann að sækja og er það stefna íslenskra stjórnvalda að Ísland leggi sitt af mörkum til að sporna við þeirri þróun. Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög, lögsaga og landamæri séu virt og því felast lykilhagsmunir í virkri þátttöku í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi. Íslensk stjórnvöld taka einnig virkan þátt í loftslagsaðgerðum og samstarfi umhverfis- og auðlindamála til að stuðla að sjálfbærri þróun. Störf Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra eru veigamikill liður í þessu og formennska Íslands í Evrópuráðinu er dæmi um ábyrgðarhlutverk sem Ísland tekur að sér til að fylgja eftir stefnu- og hagsmunamálum Íslands og leggja um leið sín lóð á vogarskálarnar til að auka virðingu fyrir mannréttindum og efla samstarf og skilning meðal þjóða. Þróunarsamvinna, öryggis- og varnarmálasamstarf, sem heyra undir önnur málefнасvið og málaflokka, sem og alþjóðaviðskipti miða að sama marki.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal skiptingu ábyrgðar, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Standa vörð um grunngildi Íslands á vettvangi fjölþjóðlegrar samvinnu		
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í framhaldi af formennsku (2022–2023).	Utánríkisráðuneyti	58,5 m.kr.
Virkt málsvarastarf á vettvangi fjölþjóðastofnana og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í þágu mannréttinda, lýðræðis og þjóðaréttar.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Aukin þátttaka í svæðisbundnu samstarfi Norðurlanda og norðurslóðaríkja.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Efling samstarfs þvert á fagráðuneyti og aukin þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafaréttar.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Fylgja eftir jafnréttisáherslum Íslands á alþjóðavettvangi.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Standa vörð um hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis		
Styrking borgarþjónustu, aukin upplýsingamiðlun til almennings á vef og innleiðing stafrænna lausna.	Utánríkisráðuneyti og stjórnsýslustofnanir	Innan ramma
Fjölgun kjöræðismanna og stuðningur við þjónustu þeirra við íslenska ríkisborgara erlendis.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Standa vörð um hagsmuni Íslands með tvíhliða samvinnu við þjóðríki		
Aukið pólitískt samráð við helstu samstarfsríki og kynning á afstöðu og áherslum Íslands.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 7.070,1 m.kr. og lækkar um 534,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 477,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 210 m.kr. sem skýrist af niðurfellingu tímabundinna framlaga vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, 75 m.kr., og Evrópuráðinu, 135 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 402,3 m.kr. og er gert ráð fyrir að um 286 m.kr. verði útfærðar á aðalskrifstofu ráðuneytisins og þýðingamiðstöð og um 116 m.kr. komi til lækkunar á framlögum til sendiskrifstofa.

- c. Á móti hækka framlög sem nemur 78 m.kr., eða 65 m.kr. vegna áframhaldandi starfsemi fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu og 13 m.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms sem ekki hefur verið fellt niður.

04.20 Utanríkisviðskipti

Utanríkisviðskipti eru í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, sendiskrifstofa og Íslandsstofu en fjárheimildir undir málaflokki 04.20 renna eingöngu til starfa Íslandsstofu. Íslandsstofu er falið að sjá um markaðssetningu og kynningarstarf erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu í samstarfi við ráðuneytið. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* en alþjóðlegt og tvíhliða samstarf um utanríkisviðskipti, tengd hagsmunagæsla og samningagerð um utanríkisviðskipti eru fjármögðuð undir málaflokki 04.10. Markmiðasetning fellur þó undir málaflokk 04.20. Sú markmiðasetning snýr að starfi ráðuneytisins sem viðkemur framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES), málefnum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar (WTO). Áhersla er lögð á að tryggja stuðning við íslenska útflutningshagsmuni enda lögbundið hlutverk utanríkisþjónustunnar og forgangsmál. Viðskiptaþjónusta er einn lykilþátta í starfi sendiskrifstofa Íslands erlendis sem ásamt Íslandsstofu kynna Ísland, íslenska menningu, vörur og þjónustu og veita ráðgjöf til fyrirtækja.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið, ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í þeim tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla ímynd og orðspor Íslands og styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum		
Framfylgja Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning. Þar hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi. ¹	Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa	Innan ramma
Styrkja viðskiptaþjónustu sendiskrifstofa við fyrirtæki í samræmi við stefnumarkandi áherslur í Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning.*	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Koma íslenskri menningu og skapandi greinum á framfæri í tvíhliða samskiptum og með samstarfi við Íslandsstofu.**	Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa	Innan ramma

¹ Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning er að finna á: <https://stefnumotun.islandsstofa.is/>.

Markmið 2: Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að alþjóðlegum mörkuðum

Fylgja eftir forgangslista ríkisstjórnarinnar í hagsmunagæslu við mótnun EES-löggjafar.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Efla þekkingu á EES-samningnum og hlúa að mannauði sem kemur að framkvæmd hans, s.s. með málstofum og aukinni fræðslu, t.d. í samstarfi við Stjórnarráðsskólann.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Viðhalda frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Fjölga fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum, s.s. tvísköttunarsamningum og loftferðasamningum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Starfrækja viðskiptavakt sem fyrirtæki geta leitað til vegna hnökra í alþjóðaviðskiptum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Bæta vaxtarskilyrði fyrir íslenskt athafnalíf og nýsköpun og tryggja velsæld

Halda áfram samningaviðræðum um nýtt tímabil Uppbyggingarsjós EES.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Greiða fyrir aðgengi íslenskrar tækniþekkingar, grænna lausna og nýsköpunar á erlendum mörkuðum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 [í málaflokki 04.1].

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.240 m.kr. og hækkar um 208 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlögum fyrir árið 2023. Ráðherra ákvarðar fjárveitingar til Íslandsstofu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum og skal hún aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Breytt lög um Íslandsstofu kveða á um þjónustusamning milli ríkisins og Íslandsstofu. Sú fjárhæð sem birtist hér endurspeglar á engan hátt útgjöld utanríkisþjónustunnar vegna utanríkisviðskipta enda er hér eingöngu um að ræða fjárheimildir vegna Íslandsstofu. Megnið af fjárveitingum vegna utanríkisviðskipta fellur undir málaflokkinn 04.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála* og rennur til aðalskrifstofu, þýðingamiðstöðvar og sendiskrifstofa.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar alls um 208 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlagafrumvarpi fyrir 2024.

04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og skiptist í þrjú meginvið.

Í fyrsta lagi er fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál. Tvíhliða og fjölhliða samstarf og samráð um öryggisþólitísk málefni heyrir hér undir en þau hafa vaxið að mikilvægi undanfarin ár vegna breytinga í alþjóðlegu öryggisumhverfi sem urðu enn meiri við innrás Rússlands í Úkraínu 2022. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu er ásamt varnarsamningnum við Bandaríkin hornsteinn öryggis og varna Íslands og er þátttöku Íslands í öryggisþólitísku og hernaðartengdu samstarfi á vettvangi bandalagsins sinnt af ráðuneytinu og fastanefnd Íslands hjá bandalaginu. Ráðuneytið sinnir einnig þátttöku Íslands í norræna varnarsamstarfinu (NORDEFCO), samráði á vettvangi Norðurhópsins og NB8-rikkanna um öryggis- og varnarmál og samstarfi á vettvangi Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) sem Ísland gerðist aðili að á árinu 2021. Önnur viðfangsefni eru framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, öryggisþólitísk málefni á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og framkvæmd afvopnunar samninga og stöðugleikaáðgerða á vettvangi ÖSE, SP og annarra alþjóðastofnana. Tvíhliða samstarf og samráð á grundvelli grannríkjasamninga er jafnframt á borði ráðuneytisins og stefnumótun, greining, samráð og miðlun upplýsinga um öryggis- og varnartengd málefni.

Í öðru lagi eru fjölþáttaógnir þar sem hugað er sérstaklega að: netöryggisatvikum, sem eiga upptök sín erlendis; mögulegum markvissum fjárfestingum erlendra aðila í þjóðhagslega mikilvægum innviðum eða fyrirtækjum; falsfréttum og misvísandi upplýsingum sem eiga uppruna sinn frá erlendum ríkjum eða aðilum tengdum ríkjum og því að auka viðnámsþol stjórnkerfisins, m.a. með fræðslu og miðlun upplýsinga á málefнасviðinu. Unnið er markvisst að því að auka skilvirkni í samskiptum ólíkra ráðuneyta, stofnana, ráða, fræðasamfélagsins og einkafyrirtækja sem fást við málefni sem snerta fjölþáttaógnir og að því að auka enn frekar samstarf okkar við hlutaðeigandi aðila í okkar nánustu vana- og bandalagsríkjum á þessu málefнасviði.

Í þriðja lagi er rekstur og fjármögnun varnartengdra rekstrarverkefna og yfirumsjón með öryggis- og varnarsvæðum á Íslandi, rekstur tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna sem m.a. felur í sér reglulegt samráð við bandarísk stjórnvöld, bæði hér á landi og vestan hafs, og undirbúningur og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru á íslensku yfirráðasvæði. Enn fremur útsending íslenskra sérfræðinga til Atlantshafsbandalagsins sem hluti af framlagi Íslands til stofnunarinnar og sérfræðinga til annarra erlendra samstarfsaðila. Að því er varðar framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna er náið samstarf við dómsmálaráðuneytið og annast varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands framkvæmd ýmissa varnartengdra rekstrarverkefna á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings milli ráðuneytanna frá 1. ágúst 2021. Ráðuneytið felur ríkislögreglustjóra einnig að annast tiltekin verkefni á sviði öryggis- og varnarmála með þjónustusamningi. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Tryggja varnir og viðbúnaðargetu Íslands		
Hefja uppsetningu á öruggum samskiptarýmum og búnaði í sendiskrifstofum Íslands.	Utanríkisráðuneyti	130 m.kr.
Markmið 2: Efla þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi		
Virk þátttaka Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO, Norðurhópsins, JEF og Sameinuðu þjóðanna á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í fundum og æfingum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Efla gistiríkjastuðning Íslands		
Auka og þétta loftrýmisgæslu á Íslandi.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma
Fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma
Sendu einn starfsmann á ári á námskeið hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem vinnur að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 4.835,9 m.kr. og hækkar um 58,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 316,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 896 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinna verkefna, 750 m.kr. sem veittar voru vegna stuðnings við Úkraínu á sviði varnartengdra verkefna, 130 m.kr. vegna flýtingar framkvæmda við gistiskála á varnarsvæðinu á árinu 2023 og 16 m.kr. sem veittar voru vegna samningsbundinna skuldbindinga.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar á móti sem nemur 1.150 m.kr. Í fyrsta lagi hækkar hún um 400 m.kr. í samræmi við áform um hækkun framlaga til málaflokksins vegna þátttöku Íslands í alþjóðlegum samvinnuverkefnum á sviði fjölbáttaóagna og nauðsynlegrar eflingar innviða. Í öðru lagi kemur til hækkun á ramma vegna framangreindra verkefna og áframhaldandi stuðnings við Úkraínu og í þriðja lagi er tímabundin 750 m.kr. aukning til eins árs og er sama eðlis og fjárveiting sem veitt var við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2023 vegna stríðs í Úkraínu.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 195,5 m.kr. og kemur að mestu til lækkunar á fyrirhugaðri hækkun málaflokksins á framlögum til varnartengdra verkefna.

04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins. Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málefna sviðið utanríkismál. Markmið málaflokksins er að fjármagna ýmiss konar aðildargjöld, s.s. vegna Uppbyggingarsjóðs EES, stofnana Sameinuðu þjóðanna og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Aðildargjöld margra þessara stofnana taka mið af landsframleiðslu og öðrum þáttum sem íslensk stjórnvöld hafa ekki áhrif á. Því eru ekki skilgreindir mælikvarðar eða aðgerðir vegna eðlis málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.586,8 m.kr. og lækkar um 1.646,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem eru 67,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.683,9 m.kr. vegna lækkunar framlaga í Uppbyggingarsjóð EES. Ekki lá fyrir, þegar gengið var frá talnagrunni fjárlagafrumvarpsins, hver áætluð framlög yrðu vegna nýrrar áætlunar.
- b. Á móti hækka framlög til málaflokksins um 37 m.kr. vegna hækkunar samningsbundinna framlaga til annars fjölþjóðastarfs.

05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla²					
05.10 Skattar og innheimta	9.573,8	9.580,1	9.987,5	4,3	4,3
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	9.573,8	9.580,1	9.987,5	4,3	4,3
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	13.181,1	3.136,2	3.244,6	3,5	-75,4
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	13.181,1	3.136,2	3.244,6	3,5	-75,4
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	6.004,7	5.635,6	6.296,1	11,7	4,9
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	6.004,7	5.635,6	6.296,1	11,7	4,9
05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	10.453,0	8.904,4	10.367,7	16,4	-0,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	10.453,0	8.904,4	10.367,7	16,4	-0,8
Samtals	39.212,6	27.256,3	29.895,9	9,7	-23,8


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla árið 2024 eru áætluð 29.895,9 m.kr. og aukast um 733,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til

2,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.639,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrumi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla²					
Rekstrarframlög	35.107,8	23.178,1	24.870,3	7,3	-29,2
Rekstrartilfærslur	1.011,9	982,1	946,9	-3,6	-6,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	3.092,9	3.096,1	4.078,7	31,7	31,9
Heildarútgjöld	39.212,6	27.256,3	29.895,9	9,7	-23,8
Rekstrartekjur	-	6.036,9	6.792,7	12,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	21.219,4	23.103,2	8,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	27.256,3	29.895,9	9,7	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

05.10 Skattar og innheimta

Skattframkvæmd er á hendi Skattsins og yfirskattanefndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta skattskil með skilvirkara og einfaldara skattkerfi		
Skattrannsóknir og skattefirlit eflt með það að markmiði að sporna við skattundanskotum og uppræta peningabætti, m.a. með áherslu á þróun áhættumiðaðs eftirlits samhliða eflingu stafræns umhverfis.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	46 m.kr.
Stýrihópur verður settur á fót sem mun vinna að heildarendurskoðun á lögum um virðisaukaskatt. Í fyrstu verður lögð til breyting á uppgjörstímabilum VSK þannig að miðað verður við einn mánuð í stað tveggja með hliðsjón af tillögum stýrihópsins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
Verkefnahópur hefur verið settur á fót sem hefur það hlutverk að þróa samræmda aðferðafræði við mat á skattagapi í virðisaukaskatti.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Skatturinn og Hagstofa Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki		
Aukin áhersla á áframhaldandi þróun stafrænna þjónustulausna með rafrænum skilum og aukinni sjálfvirkni í innheimtu og sjálfsafgreiðslu sem felst m.a. í innleiðingu Stafræns pósthólfs og áframhaldandi þróun snjallmennis.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Skatturinn og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Aukið samstarf og stöðlun stafrænna gagna í þágu viðskiptakerfa með það að markmiði að fækka hindrunum innan Norðurlandanna í samræmi við Nordic Smart Government sem gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að miðla og sækja viðskipta- og bókhaldsgögn á sjálfvirknan og öruggan hátt í því sem næst rauntíma.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
Markmið 3: Skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun		
Innleitt verður nýtt tekjuöflunarkerfi í tveimur áföngum vegna umferðar og orkuskipta í formi veggjalda vegna notkunar bifreiða. Í fyrri áfanga verður um að ræða kílómetragjald vegna notkunar hreinorkubifreiða á vegakerfinu og í þeim síðari vegna bifreiða sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Jákvæðum fjárfestingahvötum og skilvirkum ívilnunum verður beitt samhliða gjaldtöku á losun gróðurhúsalofttegunda.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 9.987,5 m.kr. og lækkar um 326,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 733,7 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 46 m.kr. til að styðja við bætt innheimtu og eftirlit, sbr. markmið 1.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12 m.kr. vegna tímabundinna verkefna um skráningu raunverulegra eigenda sem falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 360,3 m.kr.

05.20 Eignaumsýsla ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirumsjón og fyrirsvar eigna í eigu ríkisins, þ.m.t. í félögum, fasteignum, jörðum og auðlindum, auk þess að vera ábyrgðaraðili opinberra framkvæmda. Starfsemi sem hér fellur undir er að hluta falin Bankasýslu ríkisins og Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum (FSRE). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær og ábyrgur rekstur eigna í eigu ríkisins		
Innleiðing á nýju fyrirkomulagi varðandi umsýslu og stýringu eignarhalds ríkisins í félögum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun og mat á félagasafni ríkisins verði sett af stað með tilliti til tilgangs og ábata eignarhalds.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Reglur um val og hæfniskröfur stjórnar verði gefnar út og innleiddar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Markvissari stýring á fjárfestingum ríkisins		
Semja frumvarp um fjárfestingar ríkisins sem felur í sér heildarendurskoðun á skipan opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta umgjörð og samræma málsmeðferð fjárfestinga á vegum ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Vinna aðferðafræði um þróun fasteignareita í eigu ríkisins með það að markmiði að ná fram markvissari nýtingu á efnahagsreikningi ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Halda áfram undirbúningi á flutningi fasteigna Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri í miðlæga fasteignaumsýslu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti í samráði við heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins

Auglýsa sérleyfi á jörðum ríkisins í nýju regluverki um nýtingu á landi ríkisins í atvinnuskyni.	FSRE	Innan ramma
Móta ramma um ráðstöfun og verðlagningu auðlinda í eigu ríkisins með tilliti til nýtingar orkuauðlinda með hagkvæmum og sjálfbærum hætti.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og FSRE	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 3.244,6 m.kr. og lækkar um 29,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 138,3 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtaldin:

- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 29,9 m.kr.

05.30 Fjármálaumsýsla, rekstur og mannauðsmál ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisrekstrar og vinnur að gegnsæjum rekstri ríkisins og einföldu skipulagi sem tryggir góða þjónustu. Hlutverk ráðuneytisins í umbótum í ríkisrekstri er viðtækt og nær m.a. til stafvæðingar hins opinbera, hagræðingar í ríkisrekstri og árangursstjórnunar. Undir málaflokkinn falla þær stofnanir sem annast rekstrarlega innviði ríkiskerfisins og veita miðlæga grunnþjónustu til ríkisstofnana í mannauðsmálum, fjármálum og innkaupum, þ.e. Fjársýsla ríkisins, Ríkiskaup og Umbra, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins. Jafnframt falla ákveðin verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytis undir þennan málaflokk, s.s. verkefni Stafræns Íslands, kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefni um nýsköpun hjá hinu opinbera. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana		
Þjónustuviðmið gefin út á grunni stefnu um opinbera þjónustu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Viðmið sett um notkun gervigreindar og spunagreindar hjá ríkinu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Kostnaðargreining og forgangsöröðun þjónustuferla.	Stafrænt Ísland	Innan ramma
Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu		
Kortleggja og greina fyrirkomulag launasetningar til að auka gegnsæi og réttmæti launaákvæðana.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Mótun og innleiðing fræðslustefnu, m.a. til að auka stafræna hæfni.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Lykilárangursmælikvarðar (e. KPIs) um skilvirkni, viðskiptavini, rekstur og mannauð stuðla að upplýstari ákvarðanatöku, auknu gagnsæi og skilvirkni í ríkisrekstrinum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana		
Koma á samningi um Deiglu – samrekstrarhúsnæði stofnana.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Leiðbeiningar um sameiningu stofnana uppferðar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Útgáfa nýrrar aðgerðaáætlunar sjálfbærra innkaupa.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Efling miðlægs stuðnings við stofnanir við að ná árangri og auka skilvirkni.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 6.296,1 m.kr. og hækkar um 204,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 455,7 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 40 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefнасviðsins til að koma til móts við aukinn miðlægan kostnað við rekstur fjárhagskerfis ríkisins.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 282,8 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð. Munar þar mest um hækkun rekstrartekna Umbru, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins, vegna aukins samreksturs, aukinnar þjónustu við stofnanir í skýjageira ríkisins og innleiðingar á nýrri málaskrá Stjórnarráðsins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar sem hluti af útfærslu afkomubætandi ráðstafana úr fjármálaáætlun 2024 –2028. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 118 m.kr.

05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið eða málaflokka. Fjármunir sem ráðstafað er í verkefni kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefnastofu um Stafrænt Ísland falla undir málaflokkinn en gerð er grein fyrir markmiðum og áherslum þessara verkefna í málaflokki 5.3. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs		
Ráðuneyti geri ársfjórðungslega grein fyrir stöðu aðferða m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun auk annarra áhersluverkefna sem tengjast stefnu ríkisaðila.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Þróun aðferða og leiðbeininga sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki til fleiri breyta en kyns.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins		
Framsetning ársfjórðungsuppgjöra og ríkisreiknings verði gerð notendavænni og samræmist áherslum Alþingis og stjórnvalda.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Bætt áætlanagerð og framsetning á opinberri fjárfestingu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Birting fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps á gagnvirku vefsvæði.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins		
Undirstöður ákvarðanatöku í opinberum fjármálum styrktar með kerfisbundinni greiningu á breytingum sem hafa orðið á hagrænni módel- og spágerð í sam- burðarríkjum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Áætlanagerð ríkisaðila til eins og þriggja ára styrkt með tengingu við AKRA-áætlunarkerfi.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Áhrif á sjálfbærni og loftslag greind og höfð til grundvallar við ákvarðanatöku um breytingar á útgjöldum og tekjum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 10.367,7 m.kr. og hækkar um 885,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 578,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

- Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 1 ma.kr. vegna aukinna framlaga til endurnýjunar á upplýsingakerfum ríkisins til samræmis við markmið og áherslur í málaflokki 5.3. Um er að ræða fjármuni sem dreifast munu á önnur málefнасvið.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 165 m.kr. vegna verkefnastofu um samgöngugjöld sem er liður í verkefni í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um nýtt fyrirkomulag fyrir almenna skattlagningu á samgöngur og framtíðartekjuöflunarkerfi vegna umferðar og orkuskipta. Tengist markmiði 3 í málaflokki 5.1.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 30 m.kr. vegna aukinnar notkunar á sameiginlegum stafrænum innviðum vegna rafrænnar innskráningar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. Um er að ræða 10% lækkun á 1 ma.kr. framlagi sem veitt var tímabundið í fjárlögum ársins 2021 til að greiða fyrir frekari

stafvæðingu opinberrar þjónustu. Framlagið var gert varanlegt í gildandi fjármálaáætlun en lækkar um 100 m.kr. sem hluti af útfærslu á afkomubætandi ráðstöfunum.

- e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til að greiða fyrir innleiðingu á EES-gerðum á sviði fjármálamarkaða og vegna hækkunar á húsnæðiskostnaði vegna innleiðingar á markaðsleigu.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 339,9 m.kr.

06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Undir það heyrir einn málaflokkur sem ber heitið Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Í eftirfarandi töflu þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokksins á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár²					
06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	3.988,3	3.323,3	3.463,0	4,2	-13,2
01 Forsætisráðuneyti	1.983,5	1.829,5	1.856,7	1,5	-6,4
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	54,2	62,3	61,1	-1,9	12,7
10 Innviðaráðuneyti	1.528,4	1.046,8	1.137,3	8,6	-25,6
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	422,2	384,7	407,9	6,0	-3,4
Samtals	3.988,3	3.323,3	3.463,0	4,2	-13,2


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár árið 2024 eru áætluð 3.463,0 m.kr. og lækka um 158,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til -4,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 139,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,2 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár²					
Rekstrarframlög	3.947,7	3.248,3	3.383,7	4,2	-14,3
Rekstartilfærslur	0,5	0,0	0,0	-	-100,0
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	40,1	75,0	79,3	5,7	97,8
Heildarútgjöld	3.988,3	3.323,3	3.463,0	4,2	-13,2
Rekstrartekjur	-	490,2	599,5	22,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	2.833,1	2.863,5	1,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	3.323,3	3.463,0	4,2	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum þriggja stofnana og tveggja verkefna: Hagstofa Íslands heyrir undir forsætisráðherra, Þjóðskrá Íslands heyrir undir innviðaráðherra, Landmælingar Íslands heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, málefni um endurnot opinberra gagna heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og gögn og högun gagna ríkisins heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka framboð öruggrar, stafrænnar þjónustu		
Áframhald á þróun þjóðskrárkerfis. Um er að ræða uppfærslu gagnagrunna og innfærslu nýrra skráningarupplýsinga.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Miðlun Þjóðskrár m.t.t. persónuverndar, öryggis gagna o.fl.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Aukning í útgáfu vegabréfa.	Þjóðskrá Íslands	30 m.kr.
Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku		
Framkvæmd laga um stafrænar landupplýsingar (INSPIRE).	Landmælingar Íslands	Innan ramma
Mótun gagnastefnu Íslands og aðgerðaáætlun sem tekur m.a. á endurnotum opinberra gagna.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	Innan ramma
Högun gagnafyrirkomulags innan ríkiskerfisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þróun gagnagáttar fyrir endurnot opinberra upplýsinga.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Bæta upplýsingagjöf með birtingu mælaborða.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Endurgerð þjóðhagsreikninga, uppbygging á nýju vöruhúsi fyrir gögn þjóðhagsreikninga á grundvelli uppruna- og ráðstöfunartaflna.	Hagstofa Ísland	Innan ramma
Þróun á bættri fyrirtækjatölfræði.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Úrbætur á tækniumhverfi með það að markmiði að veita innri og ytri notendum framúrskarandi þjónustu.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Umsjón og umbætur á tölfræði er viðkemur sjálfbærri þróun, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og velsældarvísium, mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Eftirfylgni með samþykkt ríkisstjórnar um samræmda skiptingu stjórnsýslunnar og öðrum áherslumálum ríkisstjórnarinnar.	Hagstofa Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 3.463,0 m.kr. og lækkar um 158,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 298,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 30 m.kr. vegna kostnaðar við aukna vegabréfaútgáfu hjá Þjóðskrá Íslands.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 109,3 m.kr. vegna breytinga á sértekjum. Í fyrsta lagi 11,4 m.kr. breyting á sértekjum hjá Hagstofu Íslands. Í öðru lagi 10,9 m.kr. breyting á sértekjum Landmælinga Íslands. Í þriðja lagi 87 m.kr. breyting á rekstrartekjum Þjóðskrár, annars vegar er um að ræða 35,6 m.kr. áætlaðar tekjur vegna kosninga árið 2024 og hins vegar 51,4 m.kr. tekjuheimild til að standa straum af launa og verðbótum.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 109,2 m.kr. vegna tímabundinna fjárveitinga sem falla niður. Í fyrsta lagi 69,2 m.kr. tímabundin fjárveiting til Þjóðskrár vegna þróun þjóðskrárkerfisins, uppfærslu gagnagrunna og stýrða miðlun gagna. Í öðru lagi 40 m.kr. til Hagstofu Íslands og sneri að endurbótum á Þjóðhagsreikningum og manntali.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 137,6 m.kr. og er útfært hlutfallslega skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð fjögurra ráðherra. Forsætisráðherra ber ábyrgð á starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ber ábyrgð á vísindum, nýsköpun og hugverkaiðnaði. Menningar- og viðskiptaráðherra ber ábyrgð á málefnum skapandi greina og faggildingar ásamt endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist. Matvælaráðherra ber ábyrgð á málefnum Matvælasjóðs.

Málefнасviðið skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2022 m.kr.	2023 m.kr.	2024 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum.....	13.076,0	14.472,1	12.329,5	-14,8	-5,7
04 Matvælaráðuneyti	660,5	619,8	540,8	-12,7	-18,1
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	12.415,5	13.852,3	11.788,7	-14,9	-5,0
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....	15.842,5	20.420,1	19.176,8	-6,1	21,0
04 Matvælaráðuneyti	7,2	0,0	0,0	-	-100,0
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	3.562,7	6.106,2	2.952,7	-51,6	-17,1
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	12.272,6	14.313,9	16.224,1	13,3	32,2
Samtals	28.918,5	34.892,2	31.506,3	-9,7	8,9


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar árið 2024 eru áætluð 31.506,3 m.kr. og lækka um 3.721,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 10,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 3.385,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	863,6	1.365,7	1.367,0	0,1	58,3
Rekstrartilfærslur	3.964,8	6.257,2	3.097,4	-50,5	-21,9
Fjármagnstilfærslur	24.097,9	27.220,9	26.985,2	-0,9	12,0
Fjárfestingarframlög	-7,8	48,4	56,7	17,1	-826,9
Heildarútgjöld	28.918,5	34.892,2	31.506,3	-9,7	8,9
Rekstrartekjur	-	835,5	890,9	6,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	34.056,7	30.615,4	-10,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	34.892,2	31.506,3	-9,7	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkurinn nær yfir starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs, samkeppnissjóði á sviðum vísinda og nýsköpunar, s.s. Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð, stefnumótandi fjármögnun, svo sem Markáætlun, Innviðasjóð og Matvælasjóð, og samstarfsáætlun ESB 2023–2027 um rannsóknir og nýsköpun. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Tengsl eru milli áskorana, tækifæra, markmiða og verkefna í málaflokki 7.1 og á málefнасviði 21.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Vísindastarf á heimsmælikvarða		
Endurskoðun sjóðakerfis rannsókna og nýsköpunar í þágu einföldunar, aukinnar hagkvæmni, minni yfirbyggingar og betri þjónustu.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stefna og aðgerðaáætlun um opinn aðgang að rannsóknagögnum og niðurstöðum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Hagnýting hugvits og nýskapandi lausnir á brýnum samfélagslegum áskorunum		
Mótun starfsemi nýstofnaðs Vísinda- og nýsköpunarráðs, þ.m.t. undirbúningur að framtíðarsýn til 10 ára.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og forsætisráðuneyti	Innan ramma
Mat á árangri úthlutunar úr Innviðasjóði út frá fyrsta Vegvísi um rannsóknarinnviði og undirbúningur að nýjum Vegvísi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Mótun stefnu og aðgerða um Markáætlun í þágu samfélagslegra áskorana í samstarfi við Vísinda- og nýsköpunarráð.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við þróun og hagnýtingu máltæknilausna í gegnum Markáætlun í tungu og tækni.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Virkt alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar, vísinda og nýsköpunar		
Áframhaldandi uppbygging samstarfsverkefna í tengslum við ESB-áætlun, þar á meðal Digital, Horizon, Erasmus+ og InvestEU.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við önnur ráðuneyti	Innan ramma
Markviss þátttaka stjórnvalda og stofnana í alþjóðasamstarfi og stefnumörkun á sviði vísinda, menntunar og nýsköpunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 12.329,5 m.kr. og lækkar um 2.399,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 257 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Tímabundin framlög vegna heimsfaraldurs kórónuveiru til samkeppnissjóða í rannsóknum, nýsköpun og tækniþróun (Rannsóknasjóðs, Tækniþróunarsjóðs og Innviðasjóðs) sem nema 2.925 m.kr. falla niður. Á móti er fjárveiting hækkuð varanlega um 2.052 m.kr. sem skiptist jafnt milli Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs að undanskildum 50 m.kr. framlagi sem flutt var á Innviðasjóð til að stuðla að frekari fjárfestingu í rannsóknarinnviðum á Íslandi.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 427,2 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Málaflokkurinn nær yfir stuðningsumhverfi og aðgerðir í þágu nýsköpunar, hugvitsiðnaðar og skapandi greina. Undir málaflokkinn heyra m.a. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Hugverkastofa, Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður, styrkir til nýsköpunarfyrirtækja í formi skattendurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar, og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi		
Endurskoðun regluverks um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, í samræmi við niðurstöður úttektar OECD á skattendurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun á stuðningsumhverfi opinberrar fjármögnunar nýsköpunar, þ.m.t. NSA, Kríu og styrktarsjóða nýsköpunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	53 m.kr.
Þróun Rannsóknaseturs skapandi greina.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi stuðningur við kvikmyndagerð og hljóðritun tónlistar á Íslandi í formi endurgreiðslna á framleiðslukostnaði.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana		
Samstarfsverkefni háskóla, heilbrigðisstofnana og atvinnulífs um innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðisvísindum, s.s. hermiseturs í kennslu og notkun gervigreindar við vöktun sjúklunga (sbr. málefнасvið 21).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Sameiginleg upplýsingagátt sjóða í samstarfi við Stafrænt Ísland og Rannís.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Nýsköpunargátt – upplýsingavefur um stuðningsumhverfi nýsköpunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Ný og fjölbreytt störf skapist í þekkingargreinum		
Efling nýsköpunar á landsbyggðinni, með áherslu á stuðning við sprota- og frumkvöðlafyrirtæki á sviði hátækni – Lóa og Stafrænar smíðjur.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Fjölgun háskólanemenda, t.d. í heilbrigðisvísindum, kvikmynda- og tölvuleikjagerð og netöryggi. Þróun raunfærnimats á háskólastigi (sbr. málefнасvið 21).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markvissar aðgerðir, s.s. einföldun regluverks, íslenskunám o.fl. sem gera erlendum sérfræðingum og fjölskyldum þeirra kleift að búa og starfa hér á landi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 19.176,8 m.kr. og lækkar um 1.321,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 78,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Gert er ráð fyrir að árlegur vöxtur útgjalda vegna aukinnar ásóknar fyrirtækja í endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar sé 14,5%, sem gera 1.915,5 m.kr. á árinu 2024. Það er í samræmi við áætlun frá Rannís sem byggir á sögulegri þróun. Gert er ráð fyrir svipuðum vexti árið 2025. Árið 2026 falla úr gildi tímabundin ákvæði í lögum sem veldur því að endurgreiðsluhlutfall lækkar og þak á hámarksgreiðslum til fyrirtækja lækkar.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 53,2 m.kr. vegna aðgerða í hönnunarstefnu. Aðgerðirnar eru fjármagnaðar af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 776 m.kr. í formi varanlegs framlags til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til að styðja við aukinn fyrirsjáanleika í fjármögnun kerfisins.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 4.000 m.kr. vegna tímabundinnar fjárveitingar til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar sem veitt var á árinu 2023 til að mæta áætlaðri fjárþörf kerfisins það árið og fellur nú niður.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 136,7 m.kr. og er hlutfallslega á stofnanir og verkefni málaflokksins fyrir utan ýmis framlög til hönnunarmála vegna áherslna á aðgerðir hönnunarstefnu.

08 Sveitarfélög og byggðamál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
08 Sveitarfélög og byggðamál²					
08.10 Framlög til sveitarfélaga	26.905,9	28.301,9	31.762,6	12,2	18,1
10 Innviðaráðuneyti	26.905,9	28.301,9	31.762,6	12,2	18,1
08.20 Byggðamál	2.049,6	2.067,2	1.831,1	-11,4	-10,7
10 Innviðaráðuneyti	2.049,6	2.067,2	1.831,1	-11,4	-10,7
Samtals	28.955,5	30.369,1	33.593,7	10,6	16,0


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 08 Sveitarfélög og byggðamál árið 2024 eru áætluð 33.593,6 m.kr. og aukast um 1.782,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 5,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.224,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 10,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
08 Sveitarfélög og byggðamál²					
Rekstrarframlög	4,6	65,4	74,6	14,1	1.521,7
Rekstrartilfærslur	28.950,9	30.303,7	33.519,1	10,6	15,8
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	28.955,5	30.369,1	33.593,7	10,6	16,0
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	30.369,1	33.593,7	10,6	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	30.369,1	33.593,7	10,6	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

08.10 Framlög til sveitarfélaga

Starfsemi málaflokksins er í höndum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er á ábyrgð innviðaráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa.		
Endurskoðun sveitarstjórnarlaga, m.a. ákvæða um fjármál, birtingu fyrir mæla, þátttöku í atvinnurekstri, samráð við íbúa, heimild um persónuupplýsingar, reikningsskil, síðareglur og hagsmunaskráningu. ¹	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þeirra til lengri tíma. ²	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að stuðla að markvissari og réttlátari úthlutun. ³	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Átak til að stuðla að markvissari árangri sveitarfélaga á sviði umhverfis- og loftslagsmála. ⁴	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.		
Áskoranir búsetufrelsis greindar út frá gildandi lögum. Sérstaklega verður skoðað hvort ástæða sé til breytinga á lögum um lögheimili og aðsetur. ⁵	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 31.762,6 m.kr. og hækkar um 2,028,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.432,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 2.801 m.kr. til lögbundins framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samræmi við tekjuspá.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 750 m.kr. þar sem fjármagn færast til dómsmálaráðuneytis vegna breytinga á Innheimtustofnun sveitarfélaga og verkefni stofnunarinnar færast til ríkisins og hún verður lögð niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 22,5 m.kr.

¹ Verkefnið samræmist ríkisstjórnarsáttmála.

² Verkefnið samræmist ríkisstjórnarsáttmála.

³ Verkefnið samræmist ríkisstjórnarsáttmála og styður við húsnæðisstefnu.

⁴ Verkefnið samræmist ríkisstjórnarsáttmála og styður við byggðaáætlun, samgönguáætlun, landsskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu.

⁵ Verkefnið styður við aðgerð A.15 í byggðaáætlun.

08.20 Byggðamál

Málaflokkurinn skiptist í fimm viðföng sem heyra undir innviðaráðherra, þ.e. byggðaaáætlun, sóknaráætlanir landshluta, Byggðastofnun, atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og jöfnun flutningskostnaðar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu.		
Skilgreina hvað felst í opinberri þjónustu með það að markmiði að jafna aðgengi og þjónustustig. Jafnframt að greina heildarkostnað vegna þjónustusóknar.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Styrkja rekstur dagvöruverslana í minni byggðalögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Jafna aðgengi landsmanna að heilbrigðisþjónustu með því að nýta ákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna og fjölga þannig sérfræðingum á heilbrigðisviði á landsbyggðinni. ⁶	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu.		
Búsetufrelsi eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni, m.a. með því að störf hjá ríkinu verði ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Afhendingaröryggi raforku aukið og aðgengi að áreiðanlegri orku á landsvísu jafnað með jarðstrengjavæðingu dreifikerfis og þrífösun. ⁷	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Nýsköpun í byggðum landsins eflað, m.a. með því að koma á fót stafrænni nýsköpunargátt fyrir frumkvöðla og fræðslu- og stuðningsaðila nýsköpunar. ⁸	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

⁶ Verkefnið styður við heilbrigðisstefnu og menntastefnu.

⁷ Verkefnið styður við orkustefnu og nýsköpunarstefnu.

⁸ Verkefnið styður við nýsköpunarstefnu og klasastefnu.

Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

Spornað við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðalögum, m.a. í gegnum verkefnið Brothættar byggðir.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði verði tryggt á svæðum þar sem skortur á hentugu húsnæði hamlar þróun og uppbyggingu atvinnulífs. ⁹	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Mótuð verði heildræn nálgun á aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. ¹⁰	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.831 m.kr. og lækkar um 245,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 9,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar alls um 215 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Um er að ræða framlag vegna sóknaráætlana landshluta 120 m.kr., framlag vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni 40 m.kr. og framlag vegna uppbyggingar atvinnulífs á Seyðisfirði 55 m.kr.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 43,9 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

⁹ Verkefnið styður við húsnæðis- og skipulagsáætlanir sveitarfélaga, húsnæðisáætlun og landsskipulagsstefnu.

¹⁰ Verkefnið styður við stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum, landsskipulagsstefnu og landsáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum (í vinnslu, ágúst 2023).

09 Almanna- og réttaröryggi

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
09 Almanna- og réttaröryggi²					
09.10 Löggæsla	22.939,3	23.914,1	25.703,3	7,5	12,0
06 Dómsmálaráðuneyti	22.939,3	23.914,1	25.703,3	7,5	12,0
09.20 Landhelgi	9.493,0	6.296,4	6.704,1	6,5	-29,4
06 Dómsmálaráðuneyti	9.493,0	6.296,4	6.704,1	6,5	-29,4
09.30 Ákærvald og réttarvarsla	2.118,4	2.270,9	2.272,1	0,1	7,3
01 Forsætisráðuneyti	435,4	624,0	462,2	-25,9	6,2
06 Dómsmálaráðuneyti	1.683,0	1.646,9	1.809,9	9,9	7,5
09.40 Réttaraðstoð og bætur	3.822,0	2.569,8	3.052,2	18,8	-20,1
06 Dómsmálaráðuneyti	3.822,0	2.569,8	3.052,2	18,8	-20,1
09.50 Fullnustumál	2.829,9	3.808,5	3.396,2	-10,8	20,0
06 Dómsmálaráðuneyti	2.829,9	3.808,5	3.396,2	-10,8	20,0
Samtals	41.202,6	38.859,7	41.127,9	5,8	-0,2


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023–2024



Heildargjöld málefнасviðs 09 *Almanna- og réttaröryggi* árið 2024 eru áætluð 41.127,9 m.kr. og lækka um 275,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 0,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.268,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 5,8 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrumi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
09 Almanna- og réttaröryggi²					
Rekstrarframlög	39.142,4	35.923,8	37.842,2	5,3	-3,3
Rekstrartilfærslur	827,1	564,6	539,7	-4,4	-34,7
Fjármagnstílfærslur	5,0	18,5	18,5	0,0	270,0
Fjárfestingarframlög	1.228,1	2.352,8	2.727,5	15,9	122,1
Heildarútgjöld	41.202,6	38.859,7	41.127,9	5,8	-0,2
Rekstrartekjur	-	2.415,5	2.594,7	7,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	36.444,2	38.533,2	5,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	38.859,7	41.127,9	5,8	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

09.10 Löggæsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum Ríkislögreglustjóra og níu lögregluembætta en undir hann fellur einnig landamæraeftirlit, menntun lögreglumanna, almannavarnir og leit og björgun á landi. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Besta mögulega þjónustustig.		
Efla almenna löggæslu.	Dómsmálaráðuneytið/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Efla rannsókn og saksókn kynferðisbrota, heimilisofbeldis og annars kynbundins ofbeldis.	Dómsmálaráðuneytið/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
Uppbygging á húsnæði fyrir viðbragðsaðila.	Dómsmálaráðuneytið	962 m.kr.
Efla ytra og innra eftirlit með störfum lögreglu og auka yfirsýn yfir verkefni lögreglu, þ.m.t. með árangursmælaborði og reglulegri birtingu tölfraeðiupplýsinga um meðferð mála.	Dómsmálaráðuneytið/RLS	Innan ramma
Efla þjónustu með aukinni stafvæðingu og rafrænu gagnaflæði milli stofnana og réttarvörslukerfisins sem bætir yfirsýn og rekjanleika.	Dómsmálaráðuneytið/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
Innleiða komu- og brottfararkerfi á landamærum og upplýsingakerfi um heimild til ferðar.	RLS/lögregluembættin	88,5 m.kr.
Tryggja aukinn fjölbreytileika, jafnrétti og jöfn tækifæri innan lögreglu.	Dómsmálaráðuneytið/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Markmið 2: Hæsta mögulega öryggisstig.		
Höfuðstöðvar viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins í öllum umdæmum og heildarendurskoðun almannavarnarlaga.	Dómsmálaráðuneytið/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Áhersla á greiningu upplýsinga, þverfaglega samvinnu og þátttöku í alþjóðasamstarfi í ríkari mæli, til að sporna við skipulagðri brotastarfsemi, þar með talið fjármálabrotum og mansali.	Dómsmálaráðuneytið/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Aukin samfélagslöggæsla, aðgerðargeta og afbrotavarnir, meðal annars til þess að takast á við tölvu- og netglæpi.	RLS/lögregluembættin	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 25.703,3 m.kr. og hækkar um 70,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.718,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 339,6 m.kr. vegna fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi 64,1 m.kr. til að tryggja framtíðarrekstur Schengen-upplýsingakerfa. Í öðru lagi 71,5 m.kr. til að mæta áhrifum brottfarar- og komukerfis Schengen-samstarfsins á alþjóðaflugvöllinn. Í þriðja lagi 144 m.kr. vegna kaupa og fjármögnunar

- björgunarskipa fyrir Slysavarnarfélagið Landsbjörg og að endingu 60 m.kr. sem kemur aftur inn í ramma málaflokksins vegna tímabundinna upplýsingatækniverkefna.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 962 m.kr. til að mæta uppbyggingu á húsnæði fyrir höfuðstöðvar viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Gert hafði verið ráð fyrir 3.962 m.kr. til verkefnisins í samræmi við uppfærða kostnaðaráætlun en vegna 3.000 m.kr. hliðrunar verkefnisins til að mæta afkomubætandi ráðstöfunum fjármálaáætlunar lækkar framlagið í 962 m.kr.
 - c. Fjárheimild málaflokksins lækkar varanlega um 128,9 m.kr. vegna millifærslu framlaga til Héraðssaksóknara og Ríkissaksóknara vegna fjármögnunar aðgerða gegn skipulagðri brotastarfsemi.
 - d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 937,5 m.kr. vegna fimm tímabundinna verkefna sem falla niður. Þar er um að ræða 500 m.kr. framlag vegna leiðtogafundar Evrópuráðsins, 200 m.kr. vegna þess að tímabundin lækkun aðhaldskröfu gengur til baka, 150 m.kr. vegna kaupa á þremur björgunarskipum fyrir Landsbjörg, 50 m.kr. styrkur til Grindavíkurbæjar til að koma upp gestastofu og samfélagsmiðstöð þar sem fjallað yrði um eldsumbrot í Fagradalsfjalli og að endingu 37,6 m.kr. vegna öryggisgæslu ríkislögreglustjóra á Alþingi.
 - e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 3.214,4 m.kr. Þar af eru 3.000 m.kr. vegna hliðrunar framkvæmda við Höfuðstöðvar viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Löggæslan er undanþegin almennri aðhaldskröfu en hlutdeild málaflokksins í sértækum afkomubætandi aðhaldsráðstöfunum á málefнасviðsinu nemur 214,4 m.kr.

09.20 Landhelgi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landhelgisgæslu Íslands (LHG). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Tryggja almannaöryggi, löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands.		
Ákvörðun um kaup eða leigu á þremur nýjum þyrlum*	Dómsmálaráðuneytið /LHG	Innan ramma
Markmið 2: Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við Landhelgisgæsluáætlun.		

*Verkefnið stýður jafnframt við markmið 2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 6.704,1 m.kr. og hækkar um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 400,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 350 m.kr. til að styrkja rekstrargrundvöll Landhelgisgæslunnar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 103 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til endurnýjunar á búnaði.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 240 m.kr.

09.30 Ákærvald og réttarvarsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissaksóknara og embættis héraðssaksóknara og lögreglustjóraembættanna hvað varðar meðferð ákærvalds og eru þau á ábyrgð dómsmálaráðherra. Undir málaflokkinn fellur einnig starfsemi óbyggðanefndar og ríkislögmans sem eru á ábyrgð forsætisráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, unnið í samræmi við málsmeðferðarreglur og af vandvirkni og að mannréttindi séu virt í hvívetna.		
Embætti ríkissaksóknara verði eftt til að sinna alþjóðlegum verkefnum sem undir embættið heyrar.	Ríkissaksóknari	Innan ramma
Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir í réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um réttarvörslugátt.*	Dómsmálaráðuneytið/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
Málsmeðferð kynferðisbrota bætt í samræmi við endurnýjaða aðgerðaráætlun um meðferð kynferðisbrota.*	Ríkissaksóknari/héraðssaksóknari/lögregluembættin	Innan ramma
Markmið 2: Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.		
Unnið að aðgerðum og áherslumálum í tengslum við skipulagða brotastarfsemi, varnir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.	Dómsmálaráðuneytið/héraðssaksóknari ásamt öðrum stofnunum	128,9
Markmið 3: Að fyrir liggja skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þar með talið eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.		
Óbyggðanefnd hefur skipt meginlandi Íslands niður í 16 svæði, auk þess sem eyjar og sker umhverfis landið teljast 17 svæðið. Áætlanir gera ráð fyrir að í árslok 2024 verði málsmeðferð lokið á 17 af 17 svæðum.	Óbyggðanefnd	Innan ramma

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.272,1 m.kr. og lækkar um 132,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 133,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 128,9 m.kr. til að mæta sértækum aðgerðum gegn skipulagðri brotastarfsemi og skiptist í tvennt. Annars vegar 103,9 m.kr. framlaga til héraðssaksóknara og hins vegar 25 m.kr. framlag til ríkissaksóknara.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 160 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinnar fjárveitingar sem veitt var til óbyggðanefndar vegna málskostnaðar landeigenda í þjóðlendumálum.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 93,3 m.kr.

09.40 Réttaraðstoð og bætur

Til málaflokksins heyrir fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá sem leita þurfa réttar síns fyrir dómstólum en hafa ekki til þess fjárhagslegt bolmagn, greiðslur til brotaþola vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og greiðsla kostnaðar sem embætti lögreglustjóra, héraðsdómstólar og embætti ríkissaksóknara greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embættis vegna rannsóknar og reksturs opinberra mála.

Undir málaflokkinn heyrir jafnframt greiðslur bóta til þeirra sem sætt hafa illri meðferð eða ofbeldi sem börn við vistun á stofnunum eða heimilum á vegum ríkisins. Meðal skilyrða fyrir greiðslu sanngirnibóta eru að fyrir liggja skýrsla vistheimilaneftar eða önnur sambærileg skýrsla sem ákveðið hefur verið að leggja til grundvallar meðferð krafna um sanngirnibætur. Forsætisráðuneytið er með til skoðunar að gera breytingar á lögum um sanngirnibætur með það að markmiði að ljúka uppgjöri sanngirnibóta vegna sólarhringsvistunar fatlaðra barna á stofnunum á vegum ríkisins. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um helstu verkefni varðandi starfsemi hans.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 3.052,2 m.kr. og hækkar um 404,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 77,6 m.kr.

Breytingar á fjárheimildum málaflokksins felast annars vegar í 410 m.kr. tímabundnu framlagi til uppgjörs á sanngirnibótum vegna misgjörða á vistheimilinu fyrir börn á Hjalteyri. Hins vegar 5,2 m.kr. hlutdeild í aðhaldskröfu málefнасviðsins.

09.50 Fullnusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fangelsismálastofnunar, fangelsa ríkisins og innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnað hjá embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fullnustuyfirvöld tryggja að sérstök og almenn varðararáhrif refsinga séu virk og stuðli að farsælli aðlögun dómpóla að samfélaginu.		
Stefnumótun í fullnustumálum og heildarendurskoðun laga um fullnustu refsinga.*	Dómsmálaráðuneytið	Innan ramma
Markmið 2: Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun.		
Framkvæmdir á Litla-Hrauni.	Fangelsismálastofnun/FSRE	Innan ramma
Framkvæmdir á Sogni.	Fangelsismálastofnun	170 m.kr.
Orkusparnaður og umhverfsvænni lýsing í fangelsum landsins. Fjölgun rafmagnshleðslustöðva. Allir bílar drifnir áfram af umhverfsvænum orkugjöfum.	Fangelsismálastofnun	Innan ramma
Markmið 3: Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.		
Áfram er unnið að tengingu upplýsingakerfa allra stofnana réttarvörslukerfisins í gegnum nýtt samskiptalag. Mun það bæta yfirsýn og samfellu málsmeðhöndlunar, auka hagkvæmni, skilvirkni og upplýsingagjöf, auðvelda tölfræðivinnslu og stórauka gagnaöryggi.	Fangelsismálastofnu og Dómsmálaráðuneytið	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 [í málaflokki 09.50]⁴.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 3.396,2 m.kr. og lækkar um 625,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 213,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða ef frá eru talin framlög til aðstöðubreytinga á Litla-Hrauni og á Sogni.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 170 m.kr. vegna framkvæmda við aðstöðubreytingar á Sogni. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 340 m.kr. og er gert ráð fyrir að það sem upp á vantar falli til árið 2025. Með uppbyggingunni er gert ráð fyrir að hægt verði að fjölga fangarýmum um 14.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 786 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til að mæta aðstöðubreytingum á Litla-Hrauni.
- Málaflokkurinn er undanskilinn almennri aðhaldskröfu út áætlunartímabil fjármálaáætlunar 2024–2028. Hlutdeild málaflokksins í sértækum afkomubætandi aðhaldsráðstöfunum á málefnasviðinu nemur 9,7 m.kr.

10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómismálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
10.10 Persónuvernd	322,3	377,8	360,6	-4,6	11,9
06 Dómismálaráðuneyti	322,3	377,8	360,6	-4,6	11,9
10.20 Trúmál	8.440,0	8.765,4	8.947,6	2,1	6,0
06 Dómismálaráðuneyti	8.440,0	8.765,4	8.947,6	2,1	6,0
10.30 Sýslumenn	3.482,1	3.681,0	4.022,0	9,3	15,5
06 Dómismálaráðuneyti	3.482,1	3.681,0	4.022,0	9,3	15,5
10.40 Stjórnsýsla dómismálaráðuneytis	2.204,6	1.752,9	2.219,3	26,6	0,7
06 Dómismálaráðuneyti	2.204,6	1.752,9	2.219,3	26,6	0,7
10.50 Útlendingamál	9.057,6	5.468,8	10.700,1	95,7	18,1
06 Dómismálaráðuneyti	4.313,9	2.278,6	2.451,1	7,6	-43,2
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	4.743,7	3.190,2	8.249,0	158,6	73,9
Samtals	23.506,6	20.045,9	26.249,6	30,9	11,7


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli ára 2023–2024



Heildargjöld málefнасviðs 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála árið 2024 eru áætluð 26.249,6 m.kr. og aukast um 4.308 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 21,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.203,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 30,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	16.027,1	12.472,9	18.587,6	49,0	16,0
Rekstrartilfærslur	7.391,3	7.489,6	7.537,0	0,6	2,0
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	88,2	83,4	125,0	49,9	41,7
Heildarútgjöld	23.506,6	20.045,9	26.249,6	30,9	11,7
Rekstrartekjur	-	367,9	365,3	-0,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	19.678,0	25.884,3	31,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	20.045,9	26.249,6	30,9	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

10.10 Persónuvernd

Starfsemi málaflokksins er í höndum Persónuverndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið gagnsæi og skilvirkni, lögmæt og samngjörn vinnsla til að tryggja samræmda vernd einstaklinga á EES-svæðinu.		
Þátttaka í Evrópsku samræmingarkerfi.	Persónuvernd	Innan ramma
Þýðing leiðbeininga, tilmæla og ákvarðana EDPB.	Persónuvernd	Innan ramma
Markmið 2: Aukið traust almennings til öryggis við vinnslu persónuupplýsinga í atvinnulífínu og hjá stjórnvöldum.		
Fræðsluheimsóknir í grunnskóla landsins.	Persónuvernd	Innan ramma
Uppbygging á virku sambandi milli persónuverndarfulltrúa og Persónuverndar.	Persónuvernd	Innan ramma
Endurbætt miðlun á upplýsingum í gegnum heimasíðu í umhverfi island.is.	Persónuvernd	Innan ramma
Markmið 3: Bætt stefnumótun, vandaðri áætlanagerð og markvissara árangursmat.		
Innleiðing á fyrirsagnar- og kvörtunareyðublaði á island.is	Persónuvernd	Innan ramma
Stytting málsmeðferðatíma með Lean-aðferðafræði og rafrænum samskiptum.	Persónuvernd	Innan ramma
Framkvæmd frumkvæðisathugana og úttekta.	Persónuvernd	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 360,6 m.kr. og lækkar um 43,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 25,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Helstu breytingar í málaflokki lúta að niðurfellingu 28 m.kr. tímabundinna framlaga vegna starfsstöðvar á Húsavík og norræns fundar persónuverndarstofnana. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,1 m.kr.

10.20 Trúmál

Undir málaflokkinn falla útgjöld til starfsemi Þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs og kirkjugarða. Þá fellur einnig undir trúmál úthlutun sóknargjalda til skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 8.947,6 m.kr. og lækkar um 471,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 653,4 m.kr.

Helstu breytingum í málaflokki má skipta í tvennt. Annars vegar 383,5 m.kr. lækkun framlags vegna tímabundinnar hækkunar sóknargjalda sem fellur niður. Hins vegar hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins sem nemur 99,9 m.kr. og skiptist hlutfallslega milli kirkjugarða og sóknargjalda.

10.30 Sýslumenn

Starfsemi málaflokksins er í höndum sýslumannsembætta. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að bæta þjónustu sýslumanna.		
Aukið framboð opinberrar þjónustu á landsbyggðinni (ný verkefni).	Dómsmálaráðuneytið, Sýslumannaráð og sýslumenn	Innan ramma
Flutningur verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga til ríkisins.	Dómsmálaráðuneytið og Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	296 m.kr.
Bætt aðgengi að þjónustu á vef sýslumanna og efling innviða starfskerfa sýslumanna.*	Sýslumannaráð	Innan ramma
Betri nýting húsnæðis m.a. með auknu samstarfi á milli starfsstöðva og við sveitarfélög, aðrar stofnanir og haghafa.	Dómsmálaráðuneytið og sýslumenn	Innan ramma
Markmið 2: Að bæta stafræna þjónustu sýslumanna.		
Aukið framboð stafrænnar þjónustu og lausna (lagabreytingar, umbætur kerfa o.fl.).**	Dómsmálaráðuneytið, Sýslumannaráð og Stafrænt Ísland	60 m.kr.
Innleiðing mælaborðs fyrir tölfraði.	Sýslumannaráð og sýslumenn	Innan ramma
Markmið 3: Að jafna aðgengi að opinberri þjónustu.		
Endurskoðun verkefnaskiptingar með það í huga að stuðla að sérhæfingu ásamt því að fjölga störfum á landsbyggðinni.	Dómsmálaráðuneytið, Sýslumannaráð og sýslumenn	Innan ramma
Regluleg fræðsla og endurmenntun fyrir starfsfólk sýslumannsembætta.	Sýslumannaráð	Innan ramma
Samræmt þjónustustig og útgáfa þjónustustefnu (afgreiðsla, biðtími o.s.frv.).	Sýslumenn og Sýslumannaráð	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 4.022 m.kr. og hækkar um 47,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 293,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 296 m.kr. vegna flutnings innheimtuhluta Innheimtustofnunar sveitarfélaga til sýslumannsins á Norðurlandi vestra í samræmi við lögfestingu frumvarps þess efnis 1. júní 2023 um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971 (verkefnaflutningur til sýslumanns).
- Niður falla tímabundin framlög að fjárhæð 71 m.kr. Annars vegar 60 m.kr. til að mæta stafrænum umbreytingum hjá sýslumannsembættum og hins vegar 11 m.kr. framlag til sýslumannsins á Norðurlandi eystra.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 150,6 m.kr.

10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins

Undir stjórnsýslu dómsmálaráðuneytis falla t.d. rekstur ráðuneytisins, Stjórnartíðindi, Schengen-landamærasjóður o.fl. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.		
Réttarvörslugátt – smíði og innleiðing ferla vegna einkamála hefst.	Dómsmálaráðuneytið	Innan ramma
Schengen – stuðningur við upplýsingatæknikerfi.	Dómsmálaráðuneytið	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.219,3 m.kr. og hækkar um 314,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 151,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 429,5 sem skiptist í tvennt. Annars vegar 398 m.kr. til að mæta útgjöldum við forsetakosningar. Hins vegar 31,5 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar upplýsingatæknieiningar innan dómsmálaráðuneytisins.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 114,8 m.kr.

10.50 Útlendingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála, Ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis ásamt félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Vinnumálastofnun. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda í þágu þjónustuþega.		
Lokið verði við innleiðingu á nýju upplýsingakerfi fyrir Útlendingastofnun.	UTL	Innan ramma
Innleiðing nýrra ferla til að auka skilvirkni við brottför útlendinga sem hlotið hafa endanlega synjun á umsókn um alþjóðlega vernd.	RLS	Innan ramma
Markmið 2: Aukin ánægja viðskiptavina og almennings.		
Innleiðing á rafvæðingu umsókna um dvalarleyfi og ríkisborgararétt.	UTL/Stafrænt Ísland	Innan ramma
Innleiðing þjónustustefnu.	UTL	Innan ramma
Sameining starfsstöðva – betri nýting mannauðs í þágu viðskiptavina.	Dómsmálaráðuneytið/UTL/ FSRE	Innan ramma
Markmið 3: Greinarbetri aðgengi og upplýsingagjöf um réttindi einstaklinga.		
Rafræn samskipti og upplýsingagjöf við umsækjendur efla með því að ljúka innleiðingu þjónustuvefjar og snjallmennis auk þess sem netspjall verður eflt.	UTL	Innan ramma
Umsækjendur hafi aðgengi að upplýsingum um stöðu mála sinna í gegnum nýtt upplýsingakerfi.	UTL	Innan ramma
Innleiðing stafræns pósthólfs.	UTL/Stafrænt Ísland	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 10.700,1 m.kr. og hækkar um 4.460 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 771,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið til tveggja ára um 5.000 m.kr. vegna þjónustu við aukinn fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið til tveggja ára um 550 m.kr. vegna kostnaðar við færanlegar íbúðaeiningar til að mæta þeim vanda sem er til staðar vegna húsnæðismála umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið til tveggja ára um 300 m.kr. til að vinna áfram niður núverandi málhala og geta haldið þeim starfsmannafjölda sem búið var að ráða til verkefnisins.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.196 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinna framlaga. Annars vegar 1.000 m.kr. vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Hins vegar 196 m.kr. framlag til að auka málsmeðferðarhraða.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 194 m.kr.

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra og háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
11 Samgöngu- og fjarskiptamál²					
11.10 Samgöngur	54.841,4	49.304,6	52.927,7	7,3	-3,5
10 Innviðaráðuneyti	54.841,4	49.304,6	52.927,7	7,3	-3,5
11.20 Fjarskipti	1.414,1	2.105,2	2.321,1	10,3	64,1
10 Innviðaráðuneyti	514,4	562,0	653,8	16,3	27,1
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarn	899,7	1.543,2	1.667,3	8,0	85,3
11.30 Stjórnýsla innviðaráðuneytis	1.034,2	1.008,0	1.090,8	8,2	5,5
10 Innviðaráðuneyti	1.034,2	1.008,0	1.090,8	8,2	5,5
Samtals	57.289,7	52.417,8	56.339,6	7,5	-1,7


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs *11 Samgöngu- og fjarskiptamál* árið 2024 eru áætluð 56.339,6 m.kr. og aukast um 2.303,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 4,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.921,8 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,5 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
11 Samgöngu- og fjarskiptamál²					
Rekstrarframlög	16.369,7	15.781,5	16.944,7	7,4	3,5
Rekstartilfærslur	5.312,4	6.245,5	6.576,0	5,3	23,8
Fjármagnstilfærslur	1.874,1	1.695,0	1.791,2	5,7	-4,4
Fjárfestingarframlög	33.733,5	28.695,8	31.027,7	8,1	-8,0
Heildarútgjöld	57.289,7	52.417,8	56.339,6	7,5	-1,7
Rekstrartekjur	-	2.347,8	3.037,1	29,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	50.070,0	53.302,5	6,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	52.417,8	56.339,6	7,5	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

11.10 Samgöngur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Samgöngustofu, Vegagerðarinnar og Rannsóknarnefndar samgönguslysa, auk Isavia í gegnum þjónustusamning um rekstur og framkvæmdir á flugvöllum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaaðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Greiðar samgöngur		
Áfram verður unnið að uppbyggingu hafnarmannvirkja. Meðal helstu verkefna eru endurbygging og endurbætur hafna á Siglufirði, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og Ísafirði.	Vegagerðin	150 m.kr.
Undirbúningur vegna Sundabrautar heldur áfram þar sem unnið er að mati á umhverfisáhrifum, útfærslu valkosta, breytingum á skipulagsáætlunum auk samráðs við hagaðila. Í kjölfarið hefst undirbúningur útboðsferlis.	Vegagerðin	Innan ramma
Aukið verður við viðhald vega til þess að komast til móts við aukinn umferðapunga.	Vegagerðin	Innan ramma
Markmið 2: Öruggar samgöngur		
Átak í uppbyggingu á innanlandsflugvöllum verður tryggt með tilkomu varaflugvallagjalds þar sem lögð verður áhersla á uppbyggingu varaflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Samhliða verður unnið að uppbyggingu minni lendingarstaða svo þeir geti þjónað hlutverki sínu vegna sjúkra- og almannaflugs.	Isavia ohf.	Innan ramma
Áfram unnið að því að auka öryggi á stofnvegum í kringum höfuðborgarsvæðið með aðskilnaði akstursstefna á Kjalarnesi og Reykjanesbraut.	Vegagerðin	Innan ramma
Fækkun einbreiðra brúa á hringvegi heldur áfram með framkvæmdum við hringveg um Hornafjarðarfljót þar sem einbreiðum brúm fækkar um þrjár. Einnig verður unnið að framkvæmdum utan hringvegjar sem fela í sér fækkun einbreiðra brúa, þar af lýkur fimm verkefnum á árinu 2024.	Vegagerðin	Innan ramma
Hafin verður vinna vegna endurbyggingar flugstöðvar á Reykjavíkflugvelli. Unnin verður þarfagreining með flugrekendum og flugafgreiðsluáðilum ásamt hönnunarundirbúningi.	Isavia ohf.	Innan ramma

Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur

Unnið er að endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af ökutækjum og umferð með það að leiðarljósi að meðal annars fjármagna flýtiverkefni og jarðgangaáætlun.

Innviðaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Innan ramma

Áfram verður unnið að styttingu leiða á hringveginum, meðal annars með framkvæmdum á hringvegi um Hornafjarðarfljót.

Vegagerðin

Innan ramma

Framkvæmdir hefjast við nýja brú yfir Ölfusá.

Vegagerðin

Sjá heimild í 6.gr. og umfjöllun í kafla 10.

Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Unnið að vegvísi að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum og tímasettum aðgerðum sem miði að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við 2005 verði náð.

Innviðaráðuneyti

Innan ramma

Markmið 5: Jákvæð byggðapróun

Uppsetning á fjarstýrðum flugturni á Reykjavíkflugvelli ásamt því að vinna þarfagreiningu og móta framtíðarsýn um nýtingu tækninnar á fleiri áætlunarflugvöllum.

Isavia ohf.

Innan ramma

Áframhaldandi átak í uppbyggingu tengivega þar sem áhersla er á að styrkja og leggja bundið slitlag á umferðarlitla tengivegi.

Vegagerðin

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 52.927,7 m.kr. og hækkar um 2.157,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.465,3 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild til málaflokksins er aukin um 3.600 m.kr. til nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu. Eins kemur inn 3.000 m.kr. fjárheimild til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu sem hliðrað var frá árinu 2023 yfir á árið 2024 sem hluti af aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við þenslu í hagkerfinu.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.550 m.kr. tengt innheimtu á varaflugvallargjaldi og ætlað er til uppbyggingar á varaflugvöllum.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5.700 m.kr. vegna stórra tímabundinna verkefna sem falla niður á árinu.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 1.345,3 m.kr.

11.20 Fjarskipti, netöryggi og stafræn þróun

Undir málaflokkinn falla Fjarskiptastofa, fjarskiptasjóður og póstmál. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Allri byggð bjóðist aðgangur að áreiðanlegu háhraðanetsambandi og á öllum helstu stofnvegum sé áreiðanlegt farnettsamband.		
Bæta aðgengi að samfelldu talsambandi og farneti á stofnvegum og helstu þjóðvegum utan þéttbýlis.	Fjarskiptastofa	Innan ramma
Greina áform fjarskipta fyrirtækja um uppbyggingu ljósleiðara og háhraðafarnets.	Fjarskiptastofa	Innan ramma
Mótun og framkvæmd mögulegs ríkisstuðnings við uppbyggingu fjarskiptainnvíða utan markaðssvæða.	Fjarskiptasjóður	Innan ramma
Markmið 2: Aukin hæfni og nýting netöryggistækni.		
Uppbygging og starfsemi samstarfsvettvangs um fræðslu, menntun og rannsóknir í netöryggi (NCC-IS) í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda á sviði netöryggis.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	123,5 m.kr.
Frekari uppbygging starfsemi miðstöðvar um stafræna nýsköpun (EDIH-IS).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi þróun á starfsemi netöryggisráðs og uppbygging samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Öruggara netumhverfi.		
Framkvæmd og eftirfylgni yfir 60 aðgerða í aðgerðaáætlun stjórnvalda í netöryggi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Undirbúningur að endurnýjaðri tilskipun ESB um netöryggi mikilvægra innviða (NIS2).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Móta stefnu og regluverk um stafræna þróun, þ.m.t. gervigreind og rafræna auðkenningu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.321,1 m.kr. og hækkar um 135,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema 80,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 123,5 m.kr. vegna framlaga frá DIGITAL Europe Programme, til stuðnings „Samstarfsvettvangs um fræðslu, menntun og rannsóknir í netöryggi“ (NCC-IS), sbr. markmið 2.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 203 m.kr. til að standa straum af alþjónustukvöð sem lögð var á Íslandspóst. Samhliða er fellt niður tímabundin 100 m.kr. fjárheimild. Nettóaukning nemur því 103 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 70,0 m.kr.

11.30 Stjórnýsla innviðaráðuneytis

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa innviðaráðuneytis, ýmis verkefni og þjónustusamningar, m.a. við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukinn árangur og þjónusta við borgara og atvinnulíf		
Úttekt á almennri lagaumgjörð og stjórnýslu sem heyrir undir ráðuneytið.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Vegvísir í loftslagsmálum.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Frekari samhæfing stefna og áætlana.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.090,8 m.kr. og hækkar um 10,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 72 m.kr. Ekki er um að ræða breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 75 m.kr., um er að ræða útgjaldasvigrúm til ráðstöfunar í ýmis útgjaldamál, þar af er 25 m.kr. útgjaldasvigrúm sem ætlað var árið 2023 en var frestað sem hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við þenslu í hagkerfinu.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 64,2 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á verkefni.

12 Landbúnaður

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð matvælaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
12 Landbúnaður²					
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála	20.469,3	19.655,6	21.200,2	7,9	3,6
04 Matvælaráðuneyti	20.469,3	19.655,6	21.200,2	7,9	3,6
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	723,7	748,5	741,3	-1,0	2,4
04 Matvælaráðuneyti	723,7	748,5	741,3	-1,0	2,4
12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis	958,2	975,0	1.019,9	4,6	6,4
04 Matvælaráðuneyti	958,2	975,0	1.019,9	4,6	6,4
Samtals	22.151,2	21.379,1	22.961,4	7,4	3,7


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 12 Landbúnaður árið 2024 eru áætluð 22.961,4 m.kr. og lækka um 47,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 0,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.582,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
12 Landbúnaður²					
Rekstrarframlög	3.697,8	3.800,8	4.306,5	13,3	16,5
Rekstrartilfærslur	18.434,7	17.539,1	18.613,4	6,1	1,0
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	18,7	39,2	41,5	5,9	121,9
Heildarútgjöld	22.151,2	21.379,1	22.961,4	7,4	3,7
Rekstrartekjur	-	696,0	816,5	17,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	20.683,1	22.144,9	7,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	21.379,1	22.961,4	7,4	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

Starfsemi málaflokksins varðar stjórnslu Matvælastofnunar, nýtingu auðlinda lands, vöktun og eftirlit stjórnvalda. Matvælastofnun sinnir ýmsum stjórnsluverkefnum, eftirliti, fræðslu og þjónustu við landbúnað, sjávarútveg, fiskeldi, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Búvörusamningar móta að miklu leyti regluverk og stuðningsaðgerðir stjórnvalda í þágu landbúnaðar og hafa þar með talsverð áhrif á starfsskilyrði greinarinnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna og dýra, velferð dýra og öryggi matvæla		
Efling kornræktar til aukningar á innlendri framleiðslu á korni til fódurs og til manneldis, sbr. fjármálaáætlun 2024–2028.	Matvælaráðuneyti	198 m.kr.
Mótun og innleiðing aðgerðaáætlana í kjölfar samþykkrar landbúnaðarstefnu og matvælastefnu.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Innleiðingar EES-reglugerða um öryggi matvæla og dýraheilbrigði.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Gerð verkefnaáætlunar fyrir söfnunarkerfi dýraleifa (dýrahæ og aukaafurðir dýra sem ekki er ætlað til manneldis), ásamt útboði og innleiðingu kerfisins.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing verndandi arfgerða gegn riðuveiki í íslenska sauðfjárstofninn.	Matvælaráðuneyti	110 m.kr.
Markmið 2: Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu		
Efling rannsókna og frekari þróun loftslagsverkefna í landbúnaði.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Útfærsla og innleiðing aðgerða samkvæmt endurskoðaðri aðgerðaáætlun í loftlagsmálum.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Útfærsla ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun.	Matvælaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi		
Innleiðing endurskoðaðra búvörusamninga.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Efling lífrænnar framleiðslu samkvæmt aðgerðaáætlun.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 21.200,2 m.kr. og hækkar um 13 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.531,6 m.kr.

Rekstrarframlög hækka um samtals 251,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en þar munar mest um í fyrsta lagi 126 m.kr. framlag til að eflingar stjórnsýslu fiskeldis á sviði eftirlits með sjókvíaeldi, í öðru lagi 110 m.kr. framlag til innleiðingar verndandi arfgerða í íslenska sauðfjárstofninn og í þriðja lagi 37,6 m.kr. framlag til að stuðla að aukinni innlendri framleiðslu á korni til fódurs og til manneldis. Rekstrartilfærslur lækka um 238,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en þar munar mest um samtals 272 m.kr. niðurfelt framlag sem veitt var tímabundið til að bregðast við alvarlegri stöðu í matvælaframleiðslu. Þá lækka raungreiðslur vegna búvörusamninga um samtals 126,6 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að

veita um 160,4 m.kr. til fyrrgreinds kornverkefnis. Að frátöldum aðhaldsráðstöfunum er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um samtals 198 m.kr. til aðgerða sem eiga að stuðla að aukinni innlendra framleiðslu á korni til fódurs og til manneldis. Gert er ráð fyrir að fjármagnið skiptist á milli verkefna til fjárfestingarstuðnings og innviða-uppbyggingar í kornrækt annars vegar og beins stuðnings við kornframleiðslu hins vegar. Fyrri hluta tímabilsins verði megináhersla lögð á kynbótastarf og innviða-uppbyggingu og á síðari hluta verði innleiddur beinn stuðningur við kornframleiðslu, í samræmi við áherslur sem birtast í aðgerðaáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands um aukna kornrækt, *Bleikir akrar*. Gert er ráð fyrir að á komandi árum fari framlagið til verkefnisins stighækkandi. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 12.1.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 126 m.kr. til að auka eftirlit Matvælastofnunar með sjókvíaeldi og tryggja fullnægjandi eftirlit með skráningum og innra eftirliti sjókvíaeldisfyrirtækja. Gert er ráð fyrir að framlagið muni hækka á komandi árum og verði í kringum 230 m.kr. frá og með 2026. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi með því að efla stjórnsýslulega umgjörð þessara málaflokka og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir íslenskt þjóðarþú til framtíðar. Gert er ráð fyrir að um 2/3 hlutar fjármagnsins fari í að fjölga stöðugildum í fiskeldisdeild Matvælastofnunar en að um 1/3 fari til uppbyggingar, viðhalds og reksturs á búnaði. Verkefnið er í samræmi við markmið 3 í málaflokki 13.1 og er þar fjallað nánar um verkefnið.
- c. Gert er ráð fyrir 110 m.kr. hækkun á fjárheimild málaflokksins til að mæta kostnaði við arfgerðagreiningu til hraðrar innleiðingar verndandi arfgerða í íslenska sauðfjástofninn í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar 28. apríl 2023. Í greinargerð Landbúnaðarháskóla Íslands kemur fram að hægt væri að innleiða verndandi arfgerðir gagnvart riðusmiti á takmörkuðum svæðum þannig að eftir fimm ár verði yfir 80% ásetts fjár á mestu áhættusvæðunum arfblandið eða arfhreint fyrir verndandi samsætum og þar af leiðandi ólíklegt til að veikjast af riðu. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 12.1.
- d. Gert er ráð fyrir 272 m.kr. lækkun fjárheimildar þar sem tímabundið framlag fellur niður. Um er að ræða framlag sem veitt var til að bregðast við alvarlegri stöðu í matvælaframleiðslu í samræmi við tillögur spretthóps sem matvælaráðherra skipaði þann 8. júní 2022 í kjölfar verulegra verðhækkana á alþjóðamörkuðum á aðföngum til frumframleiðslu sem fyrst og fremst var vegna stríðsins í Úkraínu.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 126,6 m.kr. að raungildi í samræmi við ákvæði samninga um starfsskilyrði í nautgriparækt, sauðfjárrækt, garðyrkju og ramma-samnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 129,9 m.kr.

12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Starfsemi málaflokksins er í höndum matvælaráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Jafnrétti í stuðningi við nýsköpun í matvælaframleiðslu		
Leitast verður eftir jöfnu kynjahlutfalli við úthlutun úr Matvælasjóði.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma

* Verkefnið fellur undir málaflokk 7.1, sbr. umfjöllun þar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 741 m.kr. og lækkar um 43,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 36,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 30 m.kr. þar sem tímabundið framlag sem veitt var til eins árs, til að mæta kostnaði við tjón af völdum skriðufalla í Út-Kinn í október 2021, fellur niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 26,6 m.kr.

12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis

Undir málaflokkinn heyrir stjórnsýsla matvælaráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.019,9 m.kr. og lækkar um 17 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 61,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 18 m.kr. til að efla stjórnsýslu fiskeldis varðandi stefnumörkun, reglusetningu og yfirumsjón með málefnum fiskeldis auk þess að taka þátt í erlendu samstarfi er varðar málaflokkinn. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi með því að efla stjórnsýslulega umgjörð þessara mikilvægu málaflokka og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir íslenskt þjóðarbú til framtíðar.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 13 m.kr. vegna samsvarandi hækkunar almenns útgjaldasvigrúms.
- Gert er ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á fjárheimild málaflokksins. Hækkunin er hluti af breyttri forgangsröðun innan ramma málefнасviða matvælaráðuneytisins en samtals er gert ráð fyrir að 24,5 m.kr. flytjist af málefнасviði 21 yfir á málefнасvið 12 og 13.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 60 m.kr.

13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð matvælaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

13 Sjávarútvegur og fiskeldi ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.863,5	1.747,0	1.960,3	12,2	5,2
04 Matvælaráðuneyti	1.863,5	1.747,0	1.960,3	12,2	5,2
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	5.604,0	5.119,1	5.767,2	12,7	2,9
04 Matvælaráðuneyti	5.604,0	5.119,1	5.767,2	12,7	2,9
Samtals	7.467,5	6.866,1	7.727,5	12,5	3,5


¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 13 Sjávarútvegur og fiskeldi árið 2024 eru áætluð 7.727,5 m.kr. og aukast um 420,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 6,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 861,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 12,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í

fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
13 Sjávarútvegur og fiskeldi²					
Rekstrarframlög	5.543,4	5.465,1	6.127,4	12,1	10,5
Rekstartilfærslur	879,3	748,5	932,8	24,6	6,1
Fjármagnstilfærslur	0,0	400,0	400,0	0,0	-
Fjárfestingarframlög	1.044,8	252,5	267,3	5,9	-74,4
Heildarútgjöld	7.467,5	6.866,1	7.727,5	12,5	3,5
Rekstartekjur	-	1.721,2	1.812,3	5,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	5.144,9	5.915,2	15,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	6.866,1	7.727,5	12,5	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs og auk þess heyra Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis, Fiskeldissjóður og Alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi undir málaflokkinn. Þá má nefna að Matvælastofnun, sem heyrir undir málefnasvið 12, sinnir ýmsum verkefnum á sviði fiskeldis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skapa sjávarútvegi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi		
Efling hafrannsóknna.	Hafrannsóknastofnun	180 m.kr.
Efling fiskveiðieftirlits.	Fiskistofa	45 m.kr.
Birting niðurstaðna úr „Auðlindin okkar“ og frumvarp í samráðsgátt.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Útfærsla á verndun viðkvæmra vistkerfa á hafi.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Bygging á nýju skipi Hafrannsóknastofnunar.	Matvælaráðuneyti og Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Átak í hvalatalningu til að meta stöðu stofnsins og samspil hans við vistkerfið.	Hafrannsóknastofnun	200 m.kr.
Markmið 2: Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við fiskveiðar		
Áframhaldandi áhersla á minnkun kolefnisspors við fiskveiðar.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Skapa fiskeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi		
Innleiðing aðgerða úr heildarstefnumótun fiskeldis.*	Matvælaráðuneyti	18 m.kr.
Efling vaktana og rannsókna í samræmi við fjármálaáætlun 2024–2028.	Hafrannsóknastofnun	126 m.kr.
Efling stjórnáætlun og eftirlits í samræmi við fjármálaáætlun 2024–2028.**	Matvælastofnun	126 m.kr.
Fjárframlög til Fiskeldissjóðs hækka.	Matvælaráðuneytið	193 m.kr.

* Fjárveiting til verkefnisins kemur fram í málaflökki 12.6 sem aðalskrifstofa matvælaráðuneytisins heyrir undir og er að öðru leyti vísað í umfjöllun þar.

** Fjárveiting til verkefnisins kemur fram í málaflökki 12.1 sem Matvælastofnun heyrir undir og er að öðru leyti vísað í umfjöllun þar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.960,3 m.kr. og hækkar um 127,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 85,4 m.kr.

Rekstrartilfærslur hækka um samtals 186,5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en þar munar mest um 193,1 m.kr. hækkan á framlagi til Fiskeldissjóðs. Að frátöldum aðhaldsráðstöfunum er að öðru leyti ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 193,1 m.kr. til Fiskeldissjóðs samhliða fyrirhugaðri hækkun verðmætagjalds vegna sjókvíaeldis úr 3,5% í 5%. Miðað er við að 1/3 af gjaldinu fari til Fiskeldissjóðs, sbr. greinargerð með lögum nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Markmiðið með hækkun framlagsins er að stuðla að enn frekari uppbyggingu innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stöðir atvinnulífs á þeim svæðum. Verkefnið er í samræmi við markmið 3 í málaflokki 13.1.
- b. Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 45 m.kr. til fjölgunar stöðugilda eftirlitsmanna Fiskistofu. Markmiðið er að skapa sjávarútvegi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Ljóst er að styrkja þarf veiðieftirlitið sem komið er að þolmörkum en gert er ráð fyrir að framlagið hækki á komandi árum og verði nærri 100 m.kr. frá og með árinu 2026. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi með því að efla stjórnsýslulega umgjörð þessara málaflokka og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir íslenskt þjóðarþú til framtíðar. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 13.1.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 81,8 m.kr.

13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Undir málaflokkinn falla verkefni Hafrannsóknastofnunar, bygging hafrannsóknaskips, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og framlög til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi og fiskeldi, s.s. vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 5.767,2 m.kr. og hækkar um 292,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 355,3 m.kr.

Rekstrarframlög hækka um samtals 301,1 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en þar munar mest um 200 m.kr. framlag til hvalatalninga, 180 m.kr. til eflingar hafrannsókna og 126 m.kr. til eflingar stjórnsýslu fiskeldis. Að frátöldum aðhaldsráðstöfunum er að öðru leyti ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. tímabundinni hækkun fjárheimildar málaflokksins vegna hvalatalninga á árinu 2024. Upphaflega var gert ráð fyrir að talningarnar færu fram 2023 en ákveðið var að fresta þeim um eitt ár með samsvarandi frestun fjárheimildar til verkefnisins. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 13.1.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 180 m.kr. til eflingar hafrannsókna hjá Hafrannsóknastofnun með það að markmiði að skapa sjávarútvegi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir að framlagið fari hækkandi á komandi árum og verði komið í kringum 630 m.kr. frá og með árinu 2026. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi með því að efla stjórnsýslulega umgjörð þessara mikilvægu málaflokka og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir íslenskt þjóðarþú til framtíðar. Gert er ráð fyrir að framlag þetta til stofnunarinnar verði á tímabilinu í fyrsta lagi notað til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar. Í öðru lagi verði ráðist í heildræna skoðun á vistkerfum hafs og vatna og verndun þeirra. Í þriðja lagi verði farið í kerfisbundna kortlagningu búsvæða. Í fjórða lagi verði framlag

til verkefnis um líffræðilega fjölbreytni innan lykiltegunda tryggt. Í fimmta lagi verði farið í verkefni er snýr að áhrifum loftslagsbreytinga og súrnunar sjávar. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að bæta líkanagerð stofnunarinnar við stofnmat. Í sjöunda lagi verði farið í átak í greiningu á heildstæðum áhrifum manna á vistkerfið, tengsl við alþjóðasamninga um líffræðilega fjölbreytni aukin og áhersla aukin á stjórnsýsluverkefni stofnunarinnar, s.s. við gerð umsagna. Í áttunda lagi er gert ráð fyrir að fjármunirnir verði nýttir til að fjölga úthaldsdögum hafrannsóknaskipa og tryggja betur rekstur skipanna. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 13.1.

- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 126 m.kr. til að styrkja verkefni Hafrannsóknastofnunar á sviði burðarþolsmats fjarðakerfa, þ.m.t. eldissvæðaskiptingu, mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis, áhættumat erfðablöndunar og rannsóknir á dreifingu laxa- og fiskilúsar. Gert er ráð fyrir að framlagið fari hækkandi á komandi árum og verði komið í kringum 226 m.kr. frá og með árinu 2026. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi með því að efla stjórnsýslulega umgjörð þessara málaflokka og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir íslenskt þjóðarþú til framtíðar. Verkefnið er í samræmi við markmið 3 í málaflokki 13.1.
- d. Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins lækki um 100 m.kr. þar sem tímabundið framlag fellur niður sem veitt var Hafrannsóknastofnun til að koma til móts við þarfir fyrir grunnrannsóknir á lífríki sjávar og til að bæta vöktun á nytjastofnum.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 223,2 m.kr.

14 Ferðapjónusta

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefnasviðið sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
14 Ferðapjónusta²					
14.10 Ferðapjónusta	2.574,8	2.376,7	2.147,8	-9,6	-16,6
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	2.574,8	2.376,7	2.147,8	-9,6	-16,6
Samtals	2.574,8	2.376,7	2.147,8	-9,6	-16,6


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 14 Ferðapjónusta árið 2024 eru áætluð 2.147,8 m.kr. og lækka um 268,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 11,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 39,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
14 Ferðapjónusta²					
Rekstrarframlög	596,4	960,8	787,8	-18,0	32,1
Rekstrartilfærslur	1.414,6	848,0	819,2	-3,4	-42,1
Fjármagnstilfærslur	555,9	566,0	538,7	-4,8	-3,1
Fjárfestingarframlög	7,9	1,9	2,1	10,5	-73,4
Heildarútgjöld	2.574,8	2.376,7	2.147,8	-9,6	-16,6
Rekstrartekjur	-	38,2	40,9	7,1	-
Framlag úr ríkissjóði	-	2.338,5	2.106,9	-9,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	2.376,7	2.147,8	-9,6	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

14.10 Ferðapjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum menningar- og viðskiptaráðuneytisins, Ferðamálastofu og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukin verðmætasköpun		
Mótun og innleiðing aðgerðaáætlunar um uppbyggingu og þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Unnið verður að jafnari dreifingu ferðamanna um landið.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Meðalútgjöld á hvern erlendan ferðamann aukist.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Jákvæð upplifun heimamanna og ferðamanna		
Sýnileiki íslenskunnar stórukinn.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Kannanir á ánægju heimamanna framkvæmdar og fylgst með áhrifum á nærsamfélag.	Ferðamálastofa	Innan ramma
Kannanir á ánægju ferðamanna framkvæmdar til að fylgjast með hvort upplifun þeirra sé betri eða í samræmi við væntingar.	Ferðamálastofa	Innan ramma
Stuðningur við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni, m.a. í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Flugþróunarsjóð.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Ferðamálastofa	Innan ramma
Stuðningur við starfsemi áfangastaðastofa.	Ferðamálastofa	Innan ramma
Markmið 3: Umhverfisleg sjálfbærni í ferðaþjónustu		
Áfangastaðir í opinberri umsjón með virka álagsstýringu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Þróun og hagnýting Jafnvægisáss ferðamála.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.147,8 m.kr. og lækkar um 268,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild hækkar um 13 m.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms málaflokksins.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 22 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að tímabundin millifærsla gangi til baka.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 200 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að tímabundið framlag til að koma á fót fyrirmyndaráfangastöðum falli niður frá og með 2024. Framhald verkefnisins verður endurskoðað í aðgerðaáætlun í ferðaþjónustu sem er í vinnslu.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 31 m.kr. þar sem tímabundin framlög fjárlaganefndar í ýmis verkefni tengd ferðaþjónustu falla niður.
- Aðhaldskrafa málaflokksins nemur 72,8 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

15 Orkumál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála. Undir málefнасviðinu er einn málaflokkur: *15.10 Stjórnun og þróun orkumála* sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

15 Orkumál ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
15.10 Stjórnun og þróun orkumála	6.968,7	8.461,4	14.651,1	73,2	110,2
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	6.968,7	8.461,4	14.651,1	73,2	110,2
Samtals	6.968,7	8.461,4	14.651,1	73,2	110,2


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Starfsemi málaflokksins er að mestu leyti á hendi frjálsra félaga og félagasamtaka sem og sveitarfélaga í samstarfi við ríkið. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi		
Þjóðarleikvangar.		
a. Unnið að undirbúningi vegna þjóðarleikvangs í frjálsíþróttum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, ÍSÍ og sérsambönd	Innan ramma
b. Unnið að undirbúningi vegna þjóðarleikvangs í knattspyrnu.		
c. Unnið að undirbúningi framkvæmda vegna þjóðarleikvangs (Þjóðarhallar) fyrir inniþróttir.		
Börn með annað móðurmál en íslensku.		
a. Fylgjast með þátttöku þeirra í íþrótt- og æskulýðsstarfi í samvinnu við Mennta- vísindasvið Háskóla Íslands.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntavísindasvið HÍ og íþrótt- og æskulýðsfélög	Innan ramma
b. Setja áherslur í samninga við íþrótt- og æskulýðshreyfinguna og sjóði sem stuðla að aukinni þátttöku iðkenda í þessum hópi.		
Innleiðing aðgerðaáætlunar í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, æskulýðsráð, samband sveitarfélaga, umboðsmaður barna	Innan ramma
Efla starfsemi samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Efla sjálfboðaliðastarf hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Efla almenningsíþróttastarf íþróttahreyfingarinnar, s.s. íþróttir eldri borgara.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk		
Þróun samstarfsvettvangs gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins. Samlegð við starfsemi Lyfjaeftirlits Íslands verði skoðuð.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri og hagsmunaaðilar	Innan ramma
Efla heildarumgjörð afreksíþróttar og þ.m.t. að vinna að réttindamálum afreksfólks í íþróttum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.436,3 m.kr. og lækkar um 147,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 33,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 60 m.kr. til þess að fylgja eftir aðgerðum í stjórnarsáttmála tengdum íþrótt- og æskulýðsmálum.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 172 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Helstu framlög sem falla niður eru 100 m.kr. framlag til undirbúnings framkvæmda vegna þjóðarleikvangs (Þjóðarhallar) fyrir inniíþróttir og vegna annarra tímabundinna framlaga frá fjárlaganefnd í ýmis íþróttatengd verkefni sem eru að falla niður.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 35,5 m.kr. og er skipt niður á milli verkefna og sjóða innan málaflokksins.

18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta

Starfsemi málaflokksins er í höndum menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 991,9 m.kr. og lækkar um 26,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 41 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 22 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem er nú lokið og er fjármagnið að ganga til baka inn í ramma málaflokksins.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 46,4 m.kr. sem fellur að mestu leyti á menningar- og viðskiptaráðuneytið.

19 Fjölmiðlun

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefнасviðið sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

19 Fjölmiðlun ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
19.10 Fjölmiðlun	5.560,6	6.281,8	6.950,4	10,6	25,0
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	5.560,6	6.281,8	6.950,4	10,6	25,0
Samtals	5.560,6	6.281,8	6.950,4	10,6	25,0


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli ára 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 19 Fjölmiðlun árið 2024 eru áætluð 6.950,4 m.kr. og aukast um 661,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 10,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 668,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 10,6 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrumi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 Gjöld ríkissjóðs.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
19 Fjölmiðlun²					
Rekstrarframlög	5.177,2	5.804,1	6.222,2	7,2	20,2
Rekstrartilfærslur	383,1	476,7	727,2	52,5	89,8
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,3	1,0	1,0	0,0	233,3
Heildarútgjöld	5.560,6	6.281,8	6.950,4	10,6	25,0
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	6.281,8	6.950,4	10,6	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	6.281,8	6.950,4	10,6	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

19.10 Fjölmiðlun

Málaflokkurinn nær yfir starfsemi Fjölmiðlanefndar, Ríkisútvarpsins ohf. og starfs-umhverfi einkarekinna fjölmiðla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka sjálfstætt unnið efni í fjölmiðlum		
Aukin áhersla á leikið íslenskt efni til að auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarpsefni skv. þjónustusamningi.	RÚV	Innan ramma
Sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð styrkt með kaupum á efni frá sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla að slíku efni, skv. þjónustusamningi.	RÚV	Innan ramma
Markmið 2: Greiða aðgengi almennings að fjölbreyttum, ábyrgum og sjálfstæðum fjölmiðlum		
Styrkja stöðu einkarekinna fjölmiðla, sbr. innleiddir nýir hvatar til aukinnar áskriftar á fjölmiðla, til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði í samræmi við stjórnarsáttmála og nýja fjölmiðlastefnu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	360 m.kr.
Innleiðing fjölmiðlastefnu, sbr. þingsályktunartillögu um fjölmiðlastefnu (stefnumótun og aðgerðaáætlun).	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Efla miðlalæsi fyrir lýðræðislega umræðu og þátttöku		
Áframhald samanburðarrannsókna á miðlalæsiskönnunum þannig að mælanlegur árangur sjáist og hægt sé að bregðast við.	Fjölmiðlanefnd	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 6.950,4 m.kr. og hækkar um 661,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 7 m.kr.

Ekki er um neinar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 415 m.kr. til samræmis við tekjuáætlun af útvarpsgjaldi.
- Í samræmi við stjórnarsáttmála er fjárheimild málaflokksins varanlega aukin um 360 m.kr. í formi aukins framlags til stuðnings einkareknum fjölmiðlum á Íslandi til að tryggja fjölbreytni á þeim markaði.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. vegna tímabundins framlags til stuðnings einkareknum fjölmiðlum sem er að falla niður.
- Aðhaldskrafa málaflokksins nemur 53,4 m.kr. og er skipt hlutfallslega á Fjölmiðlanefnd og stuðning til einkarekinna fjölmiðla.

20 Framhaldsskólastig

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
20 Framhaldsskólastig²					
20.10 Framhaldsskólar	40.000,2	40.592,0	43.107,5	6,2	7,8
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	40.000,2	40.592,0	43.107,5	6,2	7,8
20.20 Tónlistarfræðsla	661,6	679,1	729,3	7,4	10,2
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	661,6	679,1	729,3	7,4	10,2
20.30 Vinnustaðanám og styrkir	249,7	242,6	242,6	0,0	-2,8
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	249,7	242,6	242,6	0,0	-2,8
20.40 Jöfnun námskostnaðar	549,6	627,2	672,9	7,3	22,4
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	549,6	627,2	672,9	7,3	22,4
Samtals	41.461,1	42.140,9	44.752,3	6,2	7,9


¹ Vakni er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 20 Framhaldsskólastig árið 2024 eru áætluð 44.752,3 m.kr. og lækki um 506,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 1,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.611,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
20 Framhaldsskólastig²					
Rekstrarframlög	38.186,7	38.331,1	40.916,3	6,7	7,1
Rekstrartilfærslur	2.686,8	2.999,7	3.013,7	0,5	12,2
Fjármagnstilfærslur	46,9	186,4	186,4	0,0	297,4
Fjárfestingarframlög	540,7	623,7	635,9	2,0	17,6
Heildarútgjöld	41.461,1	42.140,9	44.752,3	6,2	7,9
Rekstrartekjur	-	1.754,7	1.941,1	10,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	40.386,2	42.811,2	6,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	42.140,9	44.752,3	6,2	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

20.1 Framhaldsskólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum 40 opinberra og einkarekinna framhaldsskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu		
Endurskoða framtíðarskipulag og hús-næðiskost framhaldsskóla með það markmið að mæta samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum og fjölga nemendum í starfs- og tækninámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Fjölga nemaplássum og vinna að jafnari kynjadreifingu í starfsnámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Nemastofa atvinnulífsins	Innan ramma
Einfalda leiðir eldri nemenda til að fá hæfnimat og ljúka starfsnámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma		
Styðja við verkefni sem stuðla að bættri líðan nemenda í framhaldsskólum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Veita sérstakt fjárframlag til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Mæla árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla og kynna skólastjórnendum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.		
Uppbygging heildstæðrar skólaþjónustu á framhaldsskólastigi með áherslu á þjónustu, ráðgjöf og stuðning við framhaldsskóla. Þátttaka í þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu þvert á skólastig.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Þróun starfa í framhaldsskóla til að mæta þörfum fjölbreyttari nemendahóps í samræmi við faglegar áherslur á hverjum stað og tíma.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Kennarasamband Íslands	Innan ramma
Endurskoðun gæðaviðmiða og framkvæmdar ytra mats.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	
Áframhaldandi þróun reiknilíkans.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 43.107,5 m.kr. og lækkar um 502,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.018,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Við vinnslu frumvarps til fjárlaga 2024 var ákveðið að halda eftir hluta af framlögum til framhaldsskóla sem verður síðan úthlutað til þeirra við 2. umræðu fjárlaga 2024. Þá verða jafnframt gerðar breytingar á nemendafjöldatölum og fjárveitingum til skóla þar sem þá liggja fyrir betri upplýsingar um skólavist nemenda enda þá nokkuð liðið á skólaárið.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 117 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í verknámi, sbr. markmið nr. 1.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 445 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum. Samhliða fellur niður tímabundin fjárheimild að sömu fjárhæð.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna fjölgunar nemenda á starfsbrautum framhaldsskóla.
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 42,8 m.kr. vegna hækkunar á sértekjum sem hækka um sömu fjárhæð.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 30 m.kr. vegna millifærslu milli málefнасviða.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 662 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Meðal annars falla niður 445 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum og önnur tímabundin framlög í framhaldsskólatengd verkefni.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 578,4 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið niður á milli stofnana, verkefna og sjóða innan málaflokksins.

20.20 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögnum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 729,3 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,2 m.kr.

20.30 Vinnustaðanáam og styrkir

Tilgangur löggjafar um vinnustaðanáamssjóð er að auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki 20.10 Framhaldsskólar eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun námsstyrkja.

Árin 2024–2027 verður fylgst með áhrifum rafrænnar ferilbókar á starfsþjálfun og tímalengd hennar með það í huga hvort endurskoða þurfi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 242,6 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum.

20.40 Jöfnun námskostnaðar

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki, nr. 79/2003, sem veittir eru til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungri fjárhagsbyrði eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Meginmarkmið þessa málaflokks er að stjórnvöld leggi áherslu á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum. Á árinu verður gerð úttekt á framkvæmd laga um námsstyrki og skoðað hvernig þau þjóna hlutverki sínu. Samhliða verður endurskoðuð reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 672,9 m.kr. og hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málaflokksins er 4,1 m.kr. en annars tekur málaflokkurinn ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 49,8 m.kr.

21 Háskólastig

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra utan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem heyrir undir menningar- og viðskiptaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
21 Háskólastig²					
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi	53.786,0	51.687,6	57.312,9	10,9	6,6
04 Matvælaráðuneyti	204,2	229,1	214,2	-6,5	4,9
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	53.581,8	51.458,5	57.098,7	11,0	6,6
21.30 Stuðningur við námsmenn	5.728,4	6.741,5	6.020,4	-10,7	5,1
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	5.728,4	6.741,5	6.020,4	-10,7	5,1
21.40 Stjórnýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar.....	1.749,6	1.766,9	1.859,7	5,3	6,3
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	1.749,6	1.766,9	1.859,7	5,3	6,3
Samtals	61.264,0	60.196,0	65.193,0	8,3	6,4


¹ Vakinn er athygli á því í samamburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli áráanna 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 21 Háskólastig árið 2024 eru áætluð 65.193 m.kr. og aukast um 1.577,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 2,6%. Þegar tekið er tillit til

áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.997 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 8,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
21 Háskólastig²					
Rekstrarframlög	48.029,9	50.373,5	55.314,9	9,8	15,2
Rekstartilfærslur	8.850,5	8.544,3	7.540,2	-11,8	-14,8
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	4.383,6	1.278,2	2.337,9	82,9	-46,7
Heildarútgjöld	61.264,0	60.196,0	65.193,0	8,3	6,4
Rekstartekjur	-	13.040,1	16.499,8	26,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	47.155,9	48.693,2	3,3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	60.196,0	65.193,0	8,3	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjögurra opinberra og þriggja einkarekinna háskóla, auk tveggja rannsóknastofnana, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir málaflokkinn fellur einnig Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsemi rannsókna-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni auk Gæðaráðs íslenskra háskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið samstarf háskóla í þágu gæða og samfélags		
Efling háskólastigs með auknu samstarfi milli háskóla m.a. sameiginlegri stoðþjónustu og með þróun nýrra námsleiða í samstarfi. Verkefnið „Samstarf háskóla“ er framlengt til 2024 með einni nýrri áherslu um sameiningu háskóla.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Koma á sameiginlegri innritunargátt fyrir alla háskóla landsins á „Haskolanam.is“.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin gæði náms og námsumhverfis		
Unnið að eflingu háskólastarfs og aukinni samkeppnishæfni í alþjóðlegum samanburði. Fjármagna á háskóla með gagnsærri hætti en áður í gegnum nýtt reiknilíkan. Í því fá skólar í fyrsta sinn fjármagn á grundvelli árangurs í rannsóknum og samfélagslega mikilvægrar starfsemi, s.s. í gegnum fjarnám. Nýtt reiknilíkan verður innleitt í áföngum og fyrsta skrefið verður kynnt haustið 2023.*	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.271 m.kr.**
Áhersla á fjölgun háskólanemenda með sérstakri áherslu á unga karla og nemendur í STEM-greinum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Þróun örnáms og raunfærnimats á háskólastigi í því skyni að fjölga leiðum til náms á grunni hæfni og þekkingar í starfi og auka jafnrétti til náms.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Fjölga á nemendum í heilbrigðisvísindum. Fjölga á starfsfólki og taka inn fleiri nemendur, m.a. í læknis- og hjúkrunarfræði. Uppbygging húss heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands hjá LHS heldur áfram og aukast framlög um á næsta ári vegna þess.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.213 m.kr.
Aukin hvatning og stuðningur við fjölbreyttari hóp háskólanemenda og er þá ekki síst horft til þess að greiða leið fatlaðs fólks í háskólanám.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Styrkja rannsóknastarf og umgjörð þess		
Mótuð stefna um opin vísindi í því skyni að styrkja gæði vísindastarfs, inngildingu og jafnræði meðal vísindafólks, ásamt því að auka samfélagslegan ávinning af rannsóknum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stefnumótun um starfsumhverfi og hæfniviðmið vísindafólks í samræmi alþjóðlegar áherslur.***	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 en með reiknilíkaninu verður áhersla á umbun fyrir rannsóknarvirkni, s.s. birtingar vísindagreina, útskrift doktorsnema og öflun erlendra rannsóknarstyrkja.		
** Í fylgiriti fjárlaga er ekki búið að dreifa þessum fjárumum til háskóla. Það verður gert haustið 2023		
*** https://commission.europa.eu/system/files/2021-11/ec_rtd_era-policy-agenda-2021.pdf og https://research-and-innovation.ec.europa.eu/system/files/2023-04/ec_rtd_research-competence-presentation.pdf		

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 57.312,9 m.kr. og hækkar um 2.320,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.305 m.kr. Eingöngu eru tilteknar allra veigamestu breytingar frá fjárlögum (sjá 3. dálk í m.kr. í framangreindri töflu).

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3,5 ma.kr. til eflingar háskólastarfs hér á landi, í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar. Á móti vegur að 2,2 ma.kr. tímabundin framlög vegna fjölgunar nemenda í heimsfaraldri ganga til baka. Nýju fjármagni verður úthlutað til skólanna á grundvelli nýs reiknilíkans sem tekur m.a. tillit til þróunar fjölda nemenda og rannsóknarvirkni (sbr. markmið 2). Nýju reiknilíkani er ætlað að styðja við aukin gæði náms, stuðla að stöðugri fjárveitingum, auka gagnsæi fjárveitinga og efla stuðning við rannsóknir. Nýta á fjármagnsaukninguna til að háskólakerfið gagnist samfélaginu sem best. Jafnframt verður verkefnið Samstarf háskóla framlengt út árið 2024 til að stuðla enn fremur að samstarfi og samþættingu íslenskra háskóla. Í fjármálaáætlun 2024–2028 munu fjárveitingar til háskóla aukast enn frekar en þar er gert ráð fyrir að á árunum 2025–2028 aukist árleg framlög til háskóla um 2,5 ma.kr.
- b. Fjárheimild til málaflokksins hækkar um 1.213 m.kr. vegna byggingar húss Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands hjá nýja Landspítalanum. Á móti lækka framlög um 199,5 m.kr. þar sem framkvæmdum við Hús íslenskra fræða er lokið.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. til að auka útgjaldasvigrúm háskóla.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr. þegar tímabundin framlög í Nýsköpunarsjóð námsmanna vegna heimsfaraldurs kórónuveiru ganga til baka. Til að milda áhrif lækunarinnar á starfsemi sjóðsins eru 50 m.kr. færðar til sjóðsins frá málefнасviði 7. Eftir standa framlög til sjóðsins sem nema 95,4 m.kr.
- e. Fjárheimild til málaflokksins hækkar um 1.323,1 m.kr. vegna uppfærðrar tekjuáætlunar Háskóla Íslands. Tekjur skólans hafa verið hærri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum á liðnum árum og nú tekur áætlunin mið af reynslutölum síðustu ára.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 856,4 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

21.30 Stuðningur við námsmenn

Starfsemi málaflokksins er á höndum Menntasjóðs námsmanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að tryggja námsmönnum sem falla undir lögin tækifæri til náms, án tillits til efnahags		
Endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna, byggð á mati á framkvæmd nýrra laga sem tóku gildi árið 2020.*	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Jöfn og gagnsæ dreifing á framlagi ríkisins til nemenda og bætt námsframvinda nemenda í háskólum		
Markmið 3: Að styðja við öflugt menntakerfi sem er forsenda framfara		

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 og 3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 6.020,4 m.kr. og lækkar um 721,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 227,3 m.kr. til námsstyrkja, niðurfellingar hluta lána við námslok vegna fækkunar lánþega.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 176,2 m.kr. vegna uppfærðrar áætlunar á framfærslu barna vegna fækkunar lánþega.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 313,1 m.kr. samkvæmt áætlun Menntasjóðs námsmanna um fjárþörf LÍN.

21.40 Stjórnisýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar

Undir málaflokkinn fellur starfsemi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis en einnig falla málefni Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) hér undir. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.859,7 m.kr. og lækkar um 21,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 92,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 57,9 m.kr. á verðlagi ársins 2023 vegna uppfærðrar áætlunar um rekstrartekjur Rannsóknamiðstöðvar Íslands.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnaviðsins nemur 79,6 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2022 m.kr.	2023 m.kr.	2024 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
22.10 Leikskóla- og grunnskólastig	687,2	932,8	940,1	0,8	36,8
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	687,2	932,8	940,1	0,8	36,8
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun					
Óflokkuð á skólastig.....	2.005,9	2.250,0	2.248,6	-0,1	12,1
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	1.678,5	1.936,4	1.892,2	-2,3	12,7
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	327,4	313,6	356,4	13,6	8,9
22.30 Stjórnýsla mennta- og barnamála	2.486,3	2.310,3	2.390,7	3,5	-3,8
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	2.486,3	2.310,3	2.390,7	3,5	-3,8
Samtals	5.179,4	5.493,1	5.579,4	1,6	7,7


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála árið 2024 eru áætluð 5.579,4 m.kr. og lækka um 258,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem

svarar til 4,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 86,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrumi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	3.138,4	3.374,7	3.496,1	3,6	11,4
Rekstrartilfærslur	2.028,2	2.106,1	2.070,2	-1,7	2,1
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	12,8	12,3	13,1	6,5	2,3
Heildarútgjöld	5.179,4	5.493,1	5.579,4	1,6	7,7
Rekstrartekjur	-	397,0	423,2	6,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	5.096,1	5.156,2	1,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	5.493,1	5.579,4	1,6	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

Starfsemi málaflokksins er í höndum mennta- og barnamálaráðuneytis, viðeigandi undirstofnana þess og sveitarfélaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda		
Heildstæð skólajónusta. Innleiðing heildstæðrar skólajónustu á grundvelli þrepaskipts stuðnings með áherslu á þjónustu, snemmbæran stuðning og ráðgjöf á leik- og grunnskólastigi og á frístundaheimilum.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Matsferill. Þróun og innleiðing á heildstæðu safni matstækja til að kanna kunnáttu, leikni og hæfni nemenda með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla verður á stærðfræði og íslensku.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Menntamálastofnun	Innan ramma
Málefni kennara. Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. kennara með sérhæfingu í stærðfræði og náttúrugreinum, kennaraspá, auk áherslu á starfsþróun kennara og annars starfsfólks skóla og starfsumhverfi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði		
Heildstæð skólajónusta. Innleiðing heildstæðrar skólajónustu á grundvelli þrepaskipts stuðnings með áherslu á þjónustu, snemmbæran stuðning og ráðgjöf á leik- og grunnskólastigi og á frístundaheimilum.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Matsferill. Þróun og innleiðing á heildstæðu safni matstækja til að kanna kunnáttu, leikni og hæfni nemenda með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla verður á stærðfræði og íslensku.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Málefni kennara. Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. kennara með sérhæfingu í stærðfræði og náttúrugreinum, kennaraspá, auk áherslu á starfsþróun kennara og annars starfsfólks skóla og starfsumhverfi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Að auka gæði menntunar í leik- og grunnskólum og í starfi frístundaheimila		
Menntastefna 2030. Innleiðing á forgangsroðuðum verkefnum innan 2. áfanga menntastefnunnar – aðgerðaáætlun 2024–2027.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Fyrstu 1000 dagar barnsins – styrking leikskólastígs. Samráð við hagsmunaaðila, þjóðfundur, úttekt á námsumhverfi leikskólabarna, breytingar á viðeigandi lögum o.fl.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Mat og eftirlit. Kynning og innleiðing á niðurstöðum stefnumótunar um mat og eftirlit; ytra mat ráðuneytis, innra og ytra mat sveitarfélaga á leik- og grunnskólum og fristundastarfi; breytingar á ákvæðum laga leik- og grunnskóla og aðalnámskrám skólastiganna um mat og eftirlit o.fl.

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Innan ramma

Velliðan og farsæld í leik- og grunnskólum. Áframhaldandi áhersla á forvarnir, góðan skólabrag og innleiðingu geðræktar í starfsemi leik- og grunnskóla.

Mennta- og barnamálaráðuneyti og Menntamálastofnun

Innan ramma

Markmið 4: Að auka gæði og aðgengi námsgagna

Stefnumótun um aðkomu ríkisins að útgáfu námsgagna. Innleiðing á niðurstöðum skýrslu með tímasettum og kostnaðarmetnum tillögum ásamt endurskoðun laga um námsgögn.

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Innan ramma

Aukið og opið aðgengi að vönduðum námsgögnum. Áframhaldandi þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu, innleiðing þvert á skólastig og áframhaldandi efling Þróunarsjóðs námsgagna.

Mennta- og barnamálaráðuneyti og Menntamálastofnun

Innan ramma

Opinber gæðaviðmið. Birting opinberra gæðaviðmiða fyrir náms- og kennslugögn þvert á skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun

Innan ramma

Stafræn námsgögn á íslensku.

Áframhaldandi aukin áhersla á útgáfu stafrænna námsgagna, útgáfu námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn með sérstaka áherslu á stuðningsefni fyrir íslenskunám, orðaforða og hugtakaskilning.

Menntamálastofnun

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 940,1 m.kr. og lækkar um 43,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 26 m.kr. vegna millifærslu milli málaflokka.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 17,6 m.kr. og er útfærð með hlutfallslegri skiptingu niður á verkefni.

22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og menningar- og viðskiptaráðuneytið bera ábyrgð á almennri stefnumótun í samráði við hagsmunaaðila sem og almennri stjórnsýslu og gæðaeftirliti en starfsemi málaflokksins er í höndum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og

heyrnarskertra, sjálfseignarstofnana og félaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármála-áætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim að taka virkan þátt í samfélaginu		
Framkvæmd starfstengdrar íslenskufræðslu á vinnutíma.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun á þrepaskiptum hæfni- viðmiðum námskráa í íslensku sem öðru máli.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Samhæfing á upplýsingum um íslenskunámskeið og öðrum möguleikum innflytjenda til að læra íslensku.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, háskóla- vísinda og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að auka ánægju útlendinga með íslenskunámskeið		
Fjölga fræðsluáðilum sem birta upplýsingar um gæðastarf og umbótaáætlanir í íslensku sem öðru máli.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Setja skýrar kröfur um gæði og árangur í samninga og umsóknir um styrki til að kenna íslensku.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Að auðvelda fullorðnu fólki með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda		
Vinna að viðurkenningu á námslokum innan framhaldsfræðslu á öðru þrepi hæfniramma um íslenska menntun.	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Innan ramma
Ljúka endurskoðun framhaldsfræðslu-kerfisins og laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 4: Að efla þjónustu við táknumálstalandi fólk		
Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknumáls. Innleiðing á forgangsröðuðum verkefnum innan ályktunar.	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	37,5 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.248,6 m.kr. og lækkar um 135,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 134,4 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 37,5 m.kr. vegna tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 115 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar sem kom inn í fjárlögum 2023 vegna eflingar íslenskukennslu fyrir innflytjendur en fellur nú niður.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 59,6 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála

Starfsemi málaflokksins er í höndum skrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis, en einnig falla málefni Menntamálastofnunar undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.390,7 m.kr. og lækkar um 79,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 159,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 15 m.kr. vegna aukningar á almennu útgjaldasvigrúmi vegna breyttrar skipanar ráðuneyta.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 26 m.kr. sem skýrist af endurskipulagningu innan ráðuneytis.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 120,3 m.kr.

23 Sjúkrahúspjónusta

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
23 Sjúkrahúspjónusta²					
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta	131.309,3	125.049,2	144.613,8	15,6	10,1
08 Heilbrigðisráðuneyti	131.309,3	125.049,2	144.613,8	15,6	10,1
23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta	14.966,5	15.289,5	15.895,4	4,0	6,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	14.966,5	15.289,5	15.895,4	4,0	6,2
23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta	3.982,5	3.138,4	4.242,9	35,2	6,5
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.982,5	3.138,4	4.242,9	35,2	6,5
Samtals	150.258,3	143.477,1	164.752,1	14,8	9,6


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 23 Sjúkrahúspjónusta árið 2024 eru áætluð 164.752,1 m.kr. og aukast um 12.087,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 8,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 21.275 m.kr. milli ára eða sem svarar til 14,8 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í

fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
23 Sjúkrahúspjónusta²					
Rekstrarframlög	133.370,0	122.446,3	133.664,8	9,2	0,2
Rekstartilfærslur	4.145,2	3.484,6	4.589,1	31,7	10,7
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	12.743,1	17.546,2	26.498,2	51,0	107,9
Heildarútgjöld	150.258,3	143.477,1	164.752,1	14,8	9,6
Rekstartekjur	-	9.531,2	9.198,4	-3,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	133.945,9	155.553,7	16,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	143.477,1	164.752,1	14,8	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftr ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

23.1 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala (LSH) og Sjúkrahússins á Akureyri (SAK). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur, o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla mönnun		
Vinna áfram með þær tillögur sem enn eru í vinnslu frá vinnu fjögurra vinnuhópa frá árinu 2020, m.a. í samstarfi með Landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Þær tillögur sem enn er unnið með eru einkum stærri tillögur sem hafa krafist mikils undirbúnings og lengri tíma.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Vinna úr og fylgja eftir niðurstöðum viðbragðsteymis um bráðabjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti og stofnanir sem sinna sjúkráhusþjónustu	Innan ramma
Uppsteypa meðferðakjarna lýkur fyrir hluta árs 2024. Framkvæmdir við uppsteypu rannsóknahúss og bílastæðahúsa við Hringbraut ásamt klæðningu útveggja meðferðakjarna. Einnig hefjast framkvæmdir við endurhæfingarældina við Grensás. Þá verður gert endurmat á þarfagreiningu fyrir legudeildarhús Sjúkrahússins á Akureyri. Áætlað heildarumfang verkefnisins er um 210 m.kr.	Nýr Landspítali ehf.	10.531 m.kr.

Markmið 2: Sjúklingar fá heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi

Vinna áfram að eflingu fjölbættra úrræða fyrir sjúklinga utan sérgreinasjúkrahúsa.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
--	--	-------------

Markmið 3: Að sjúklingar í brýnni þörf fá heilbrigðisþjónustu innan ásættanlegs biðtíma

Vinna að því að koma á fót samræmdum biðlistum fyrir sem flesta þætti þjónustu innan sérgreinasjúkrahúsa.	Embætti landlæknis, LSH og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Áframhaldandi vinna við útvistun þeirra verkefna sem leysa má á öðrum þjónustustigum en sérgreinasjúkrahúsum, til að auka getu sérgreinasjúkrahúsa til að anna þeim verkefnum sem þau ein geta leyst.	Heilbrigðisráðuneyti, LSH, Sjúkrahúsið á Akureyri og SÍ	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 144.613,8 m.kr. og hækkar um 11.589 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 7.975,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 10.531 m.kr. vegna byggingar nýs Landspítala sbr. markmið nr. 1. Helstu verkefni felast í því að ljúka við uppsteypu meðferðakjarna og að klæða húsið að utan. Einnig að steypa upp rannsóknahúss og bílastæðahús við Hringbraut. Þá er áformað að bjóða út framkvæmdir við Endurhæfingarældina við Grensás og að vinna að endurmati þarfagreiningar fyrir legudeild við Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 1.756 m.kr.
- Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 980 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. til styrkingar teymis um kynvitund og breytingar á kyneinkennum á LSH til að stytta biðtíma svo hann verði innan viðmiðunarmarka embættis landlæknis.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 995 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 723 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 565 m.kr. vegna byggingar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri.

- h. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið um 600 m.kr. vegna frestunar á framkvæmdum við nýja legudeild við Sjúkrahúsið á Akureyri. Aðgerðin er hluti af sértækum aðhaldsráðstöfunum. Gert er ráð fyrir að seinka framkvæmdum um eitt ár. Áfram er gert ráð fyrir undirbúningskostnaði 2024.

23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita annars stigs sjúkrahúspjónustu fyrir íbúa sem búa í heilbrigðisumdæmum höfuðborgarsvæðisins og á Norðausturlandi en allar fjárveitingar til þessara tveggja stofnana eru undir málaflokki 23.1. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla aðgang sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum		
Skýra verklag um veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum í samstarfi heilbrigðisstofnana, Sjúkratrygginga Íslands og sérhæfðra sjúkrahúsa.	Heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Markmið 2: Efla sérhæfða ráðgjafþjónustu til stuðnings við fagaðila sem sinna börnum og unglingum í heimabyggð		
Skýra verklag og samvinnu annars stigs þjónustu við sérgreinasjúkrahús.	Heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Setja á fót fjarheilbrigðisþjónustuteymi sem veitir ráðgjöf og handleiðslu til heilbrigðisstofnana á landsvísi og tryggja þannig aðgengi að sérhæfðri þjónustu þegar við á.	Heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Markmið 3: Sjúklingar komist í liðskiptaaðgerðir innan ásætlanlegs biðtíma miðað við viðmið embættis landlæknis		
Eftirfylgni við innleiðingu nýs vinnulags varðandi liðskiptaaðgerðir samkvæmt niðurstöðum starfshóps frá því í mars 2022.	Heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis, Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 15.895,4 m.kr. og lækkar um 440,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.046,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 800 m.kr. vegna styrkingar sjúkrasviða á landsbyggðinni.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. vegna nýrrar og endurbættrar bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 214,3 m.kr.
- Felldar eru niður 850 m.kr. af viðbótarfjárveitingu til framkvæmda við sjúkrahúsið á Selfossi vegna breytinga á verkáætlun en 704 m.kr. er hliðrað um eitt ár vegna frestunar á framkvæmdum við sjúkrahúsið.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 18 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 83,1 m.kr.

23.3 Erlend sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um samningagerð við erlend sjúkrahús ásamt því að hafa milligöngu um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu milli landa þar sem milliríkjasamningar gilda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aðgerðir sem áður voru gerðar erlendis á grundvelli biðtímareglugerðarinnar eru framkvæmdar hérlendis		
Stytta biðlista eftir aðgerðum þjónustu með fjölgun aðgerða sem framkvæmdar eru hér á landi, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Áætlun verði gerð um flutning aðgerða til landsins m.t.t. nýtingar bjarga hérlendis, þ.m.t. fjármagns sem nú er nýtt til þjónustu erlendis.	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 4.242,9 m.kr. og hækkar um 938,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum en þær nema 165,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 62,8 m.kr.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 876 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í meðferðum og sjúkrakostnaði.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa²					
24.10 Heilsugæsla	43.888,2	40.406,1	44.107,4	9,2	0,5
08 Heilbrigðisráðuneyti	43.888,2	40.406,1	44.107,4	9,2	0,5
24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	22.709,2	25.920,2	29.224,0	12,7	28,7
08 Heilbrigðisráðuneyti	22.709,2	25.920,2	29.224,0	12,7	28,7
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjupjálfun og talþjálfun	6.782,8	8.553,9	9.389,9	9,8	38,4
08 Heilbrigðisráðuneyti	6.782,8	8.553,9	9.389,9	9,8	38,4
24.40 Sjúkraflutningar	3.801,6	3.661,0	4.482,4	22,4	17,9
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.801,6	3.661,0	4.482,4	22,4	17,9
Samtals	77.181,8	78.541,2	87.203,7	11,0	13,0


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytti skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa árið 2024 eru áætluð 87.203,7 m.kr. og aukast um 3.035,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 3,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 8.662,5 m.kr. milli ára eða sem svarar til 11%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa²					
Rekstrarframlög	48.217,5	41.481,6	46.012,9	10,9	-4,6
Rekstartilfærslur	28.758,9	35.537,8	40.507,7	14,0	40,9
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	205,4	1.521,8	683,1	-55,1	232,6
Heildarútgjöld	77.181,8	78.541,2	87.203,7	11,0	13,0
Rekstartekjur	-	1.495,4	1.385,7	-7,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	77.045,8	85.818,0	11,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	78.541,2	87.203,7	11,0	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

24.1 Heilsugæsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma og einkarekinna heilsugæslustöðva. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að fyrir liggja miðlægir biðlistar fyrir geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslunnar		
Aukin þjónusta í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum.	Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land	90 m.kr.
Auka geðheilbrigðisþjónustu við aldraða.	Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land	Innan ramma
Markmið 2: Skilvirkari þjónusta fyrir sjúklinga sem leita til heilsugæslu		
Gera heilbrigðisþjónustu gagnsæri og skilvirkari.	Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land	Innan ramma
Efla heilsueflandi móttökur innan heilsugæslunnar.	Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	Innan ramma
Auka þverfaglegt samstarf og teymisvinnu í heilsugæslu.	Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og heilsugæslur um allt land	Innan ramma
Markmið 3: Aðgengilegri þjónusta fyrir sjúklinga sem leita til heilsugæslu		
Lækka greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti	720 m.kr.
Undirbúa opnun tveggja nýrra heilsugæslustöðva á Akureyri í samræmi við þarfagreiningu.	Heilbrigðisráðuneyti	550 m.kr.
Undirbúa byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Innri-Njarðvík.	Heilbrigðisráðuneyti	100 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 44.107,4 m.kr. og hækkar um 1.107,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.594,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Reiknaður raunvöxtur á veittri þjónustu innan málaflokks heilsugæslu er 700 m.kr.
- Fjárframlög til málaflokksins hækka um 400 m.kr. til að mæta áskorunum sem felast í öldrun þjóðarinnar, vinna niður biðlista o.fl.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 150 m.kr. til að sporna við skaða af völdum óþjóða. Fjármagnið dreifist á nokkra málaflokka og verður útfært nánar á rétta fjárlagaliði við 2. umræðu fjárlaga.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. til að mæta verkefnum í nýrri geðheilbrigðisstefnu.
- Fjárframlög til málaflokksins hækka um 800 m.kr. til að lækka greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustunni með áherslu á viðkvæma hópa.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 400 m.kr. vegna aukins kostnaðar við heilbrigðissskoðun sem umsækjendum um alþjóðlega vernd er skylt að gangast undir.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 142,1 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum.

- h. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 320,8 m.kr. Fjárveiting til aðgerðaáætlunar í geðheilbrigðismálum lækkar um 10 m.kr. sem nemur 10% og er liður í útfærslu á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum.
- i. Fjárveiting til verkefnis öldrun þjóðarinnar, vinna niður biðlista o.fl. lækkar um 40 m.kr. sem nemur 10% og er liður í útfærslu á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum.
- j. Fjárveiting til að lækka greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu lækkar um 80 m.kr. sem nemur 10% og er liður í útfærslu á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum.
- k. Fjárheimild málaflokksins til byggingar nýrrar heilsugæslustöðvar á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri er lækkuð um 650 m.kr.
- l. Fjárheimild málaflokksins til byggingar nýrrar heilsugæslustöðvar á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja er lækkuð um 200 m.kr.

24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og ljósmæðra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Ná lykilsamningum um kaup á heilbrigðisþjónustu		
Efla ríkið sem kaupanda að heilbrigðisþjónustu til að ná lykilsamningum um kaup á heilbrigðisþjónustu.*	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands	150 m.kr.**
Unnið verði að því að ná samningum við sjúkraþjálfara.	Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 (verkefni 2) í málaflokki 24.3.

**Fjármagn fer til Sjúkratrygginga Íslands (málaflokkur 32.3).

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 29.224 m.kr. og hækkar um 1.367,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.936,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimildir málaflokksins eru auknar um 1.900 m.kr. vegna nýs samnings við sérgreinalækna. Með samningi verða viðbótargreiðslur sem sjúklingar greiddu að fullu við samningsleysi hluti samningsgreiðslna, færast þannig umtalsverður kostnaður frá sjúkratryggðum til sjúkratrygginga. Þá er í samningnum kveðið á ýmis samstarfsverkefni sem ætlað er að efla þjónustu við sjúklinga og tryggja að starfsemi sérgreinalækna endurspegli öra þróun læknavísinda.
- b. Reiknaður raunvöxtur á veittri þjónustu innan málaflokksins er 518,1 m.kr.

- c. Felldar eru niður 1.050 m.kr. heimildir vegna tímabundinna aðgerða til að stytta biðlista eftir aðgerðum.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins er 0,7 m.kr.

24.3 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga. Einnig fellur Heyrnar- og talmeinastöð Íslands undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Biðtími eftir þjónustu sjúkraþjálfara er <30 dagar samkvæmt miðlægum biðlista		
Unnið verði að miðlægum biðlista fyrir sjúkraþjálfun til að ná yfirsýn yfir biðtíma.	Embætti landlæknis og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 9.389 m.kr. og hækkar um 149 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 687 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Reiknaður raunvöxtur á veittri þjónustu innan málaflokksins er 154,4 m.kr.
- b. Fjárheimild málaflokksins eykst um 10 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins er 15,4 m.kr.

24.4 Sjúkraflutningar

Starfsemi málaflokksins er í höndum rekstraraðila sem starfa samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar Íslands. Auk þess heyra réttindagreiðslur sjúkratrygginga til sjúkraflutninga og ferða innan lands til málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skjótari viðbrögð við bráðaútköllum í dreifbýli		
Endurskipuleggja bráðaþjónustu og sjúkraflutninga samkvæmt aðgerðaáætlun til ársins 2025 og tillögum viðbragðsteymis 2022.	Heilbrigðisráðuneyti, LSH, heilbrigðistofnanir og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Markmið 2: Betri faglegur stuðningur á vettvangi		
Ljúka innleiðingu samræmdrar rafrænnar skráningar í sjúkrabílum.	Embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Vinna að endurskoðun námskrár sjúkraflutninganáms m.t.t. flutnings þess inn í almenna skólakerfið.	Heilbrigðisráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Auka þjálfunarmöguleika sjúkraflutningafólks í dreifbýli hjá stærri sjúkraflutningsaðilum.	LSH, embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Tryggja faglegan sérhæfðan stuðning á vettvangi með fjarheilbrigðislausnum.	LSH, embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Markmið 3: Aukin þjónusta á vettvangi		
Vinna að samræmingu á málefnum vettvangsliða á landsvísu, sér í lagi í dreifðari eða einangraðri byggðum.	Heilbrigðisráðuneyti og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 4.482,4 m.kr. og hækkar um 411,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 409,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 380 m.kr. vegna aukins umfangs í sjúkraflutningum og breytts vinnufyrirkomulags í kjölfar betri vinnutíma í vaktavinnu.
- Reiknaður raunvöxtur í málaflokknum er 67,3 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins er 61,7 m.kr.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými	58.398,1	70.212,6	72.210,9	2,8	23,7
08 Heilbrigðisráðuneyti	58.398,1	70.212,6	72.210,9	2,8	23,7
25.20 Endurhæfingarþjónusta	6.722,5	6.906,2	7.186,6	4,1	6,9
08 Heilbrigðisráðuneyti	6.722,5	6.906,2	7.186,6	4,1	6,9
Samtals	65.120,6	77.118,8	79.397,5	3,0	21,9


¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áráanna 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta árið 2024 eru áætluð 79.397,5 m.kr. og lækka um 3.124,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 4,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.278,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 3,0%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta²					
Rekstrarframlög	62.480,4	68.320,9	75.686,3	10,8	21,1
Rekstartilfærslur	0,0	1.015,0	895,0	-11,8	-
Fjármagnstilfærslur	1.624,1	1.954,6	2.304,6	17,9	41,9
Fjárfestingarframlög	1.016,1	5.828,3	511,6	-91,2	-49,7
Heildarútgjöld	65.120,6	77.118,8	79.397,5	3,0	21,9
Rekstrartekjur	-	3.491,2	3.679,4	5,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	73.627,6	75.718,1	2,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	77.118,8	79.397,5	3,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

25.10 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfseignarstofnana, sveitarfélaga, hlutafélaga og heilbrigðisstofnana. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Biðtími eftir hjúkrunarrýmum verði undir 90 dögum		
Halda áfram byggingu hjúkrunarrýma sem taka á í notkun á næstu árum, sbr. framkvæmdaáætlun.* / **	Heilbrigðisráðuneyti	-5.158 m.kr.
Bæta framsetningu biðlista eftir hjúkrunarrýmum og verklag færni- og heilsumats til einföldunar fyrir notendur og skjólstæðinga.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

* Áætlað heildarumfang verkefnisins er 23.667 m.kr. og gert er ráð fyrir að byggingu allra rýmanna verði lokið árið 2028.

** Fjárveitingar til verkefna geta verið breytilegar á milli ára. Sem dæmi getur lækkun fjárveitingar endurspeglad að tímabundin fjárveiting fellur niður, eða lækkun í samræmi við áætlun eins og endurspeglast í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 72.210,9 m.kr. og lækkar um 2.893,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4.891,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.200 m.kr. til reksturs nýrra hjúkrunarrýma sem eru á framkvæmdaáætlun um byggingu hjúkrunarrýma, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5.157,6 m.kr. til framkvæmdaáætlunar í uppbyggingu hjúkrunarrýma, sbr. markmið nr. 1. Lækkunin er í samræmi við áætlanir líkt og endurspeglast í fjármálaáætlun og er uppsafnað fjármagn að fjárhæð 10,5 ma.kr. nýtt til áframhaldandi uppbyggingar.
- Almennt útgjaldasvigrúm er 72 m.kr. eftir 18 m.kr. lækkun vegna sértækra aðhaldsráðstafana sem liður í útfærslu á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum úr fjármálaáætlun 2024–2028.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 190 m.kr. til þess að fjárveiting til Framkvæmdasjóðs aldraðra samsvari áætluðum tekjum af gjaldi í sjóðinn.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 105,7 m.kr. vegna breytinga á rekstrartekju-áætlun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 303,7 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana sem liður í útfærslu á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum úr fjármálaáætlun 2024–2028.

25.20 Endurhæfingarþjónusta

Starfsemi málaflokksins er m.a. í höndum Reykjalundar, Heilsustofnunar Náttúruvæðingafélags Íslands og annarra endurhæfingarstofnana auk SÁÁ. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Samfella í endurhæfingarþjónustu		
Einn biðlisti eftir endurhæfingarúrræðum í stað margra	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Samþætt tilvísanakerfi í endurhæfingu	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Bætt þjónusta við notendur endurhæfingarþjónustu		
Árangursmarkmið og framvinda skráð milli úrræða og samfellt þjónustuferli	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 7.186,6 m.kr. og lækkar um 231 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 511,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 198 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til SÁÁ, Samhjalpar og til vinnu gegn fíknisjúkdómum sem Alþingi veitti í eitt ár.
- b. Aðhaldskrafa málaflokksins nemur 0,2 m.kr. og er útfært á varasjóð málaflokksins.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 32,8 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana, sem liður í útfærslu á 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstöfunum úr fjármálaáætlun 2024–2028.

26 Lyf og lækningavörur

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
26 Lyf og lækningavörur²					
26.10 Lyf	28.767,4	29.557,2	33.588,1	13,6	16,8
08 Heilbrigðisráðuneyti	28.767,4	29.557,2	33.588,1	13,6	16,8
26.30 Hjálpartæki	6.636,9	6.957,0	7.709,7	10,8	16,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	6.636,9	6.957,0	7.709,7	10,8	16,2
Samtals	35.404,3	36.514,2	41.297,8	13,1	16,6


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 26 Lyf og lækningavörur árið 2024 eru áætluð 41.297,8 m.kr. og aukast um 2.493,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 6,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.783,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 13,1 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
26 Lyf og lækningavörur²					
Rekstrarframlög	13.171,5	14.737,3	16.148,0	9,6	22,6
Rekstartilfærslur	22.232,8	21.776,9	25.149,8	15,5	13,1
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	35.404,3	36.514,2	41.297,8	13,1	16,6
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	36.514,2	41.297,8	13,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	36.514,2	41.297,8	13,1	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

26.1 Lyf

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala, Lyfjastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Embætti landlæknis sér um eftirlit með lyfjaávisunum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt geðheilsa með því að vinna gegn mis- og ofnotkun geð- og verkjalyfja		
Ljúka innleiðingu reglugerða sem tengjast nýjum lyfjalögum.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Ljúka gerð lyfjalista fyrir heilbrigðisstofnanir og heilsugæslu og innleiðingu þeirra.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Markmið 2: Aukin gæði		
Innleiða aukna lyfjafræðilega þjónustu í samræmi við niðurstöður tilraunaverkefna og tillögur hvítbókar.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Rafvæðing til lækkunar á lyfjakostnaði		
Halda áfram innleiðingu á miðlægu lyfjakorti*.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 33.588,5 m.kr. og hækkar um 2.246,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.784,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.343 m.kr. til að mæta auknum kostnaði í almennum lyfjum sem er til kominn vegna lýðfræðilegra þátta (öldrun þjóðarinnar) og aukningar í ákveðnum lyfjaflokkum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. til að mæta kostnaði við upptöku nýrra leyfisskyldra lyfja.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 590,8 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í kostnaði vegna lyfja.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins er 187,2 m.kr.

26.20 Lækningatæki

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis og Lyfjastofnunar sem annast eftirlit með lækningatækjum. Engin útgjöld eru reikningsfærð á fjárlagalið málaflokksins en markmið var sett fyrir málaflokkinn í fjármálaáætlun 2024–2028.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Tryggja að ný tækni og nýjar aðferðir, sem fjármagnaðar eru af hinu opinbera, leiði til besta mögulegs árangurs fyrir sjúklinga og samfélagið		
Innleiða heilbrigðistæknimat (HTA).	Heilbrigðisráðuneyti og Lyfjastofnun	Innan ramma

26.30 Hjálpartæki

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá að mestu um úthlutun hjálpartækja.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Einfalda aðgang fólks að hjálpartækjum og tryggja jafnræði við notkun þeirra		
Skoða aukna aðkomu heilsugæslu að vali og ráðgjöf vegna hjálpartækja.	Próunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Bæta aðgang að heildstæðum upplýsingum um hjálpartæki		
Bæta upplýsingar um hjálpartæki á vefsíðu Sjúkratrygginga Íslands til fagaðila og einstaklinga.	Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 7.709,7 m.kr. og hækkar um 246,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 505,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 239,1 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í notkun hjálpartækja.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 7,7 m.kr. vegna flutnings verkefnis um augnsmíði milli ráðuneyta.

27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks²					
27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	52.681,8	59.033,4	62.166,1	5,3	18,0
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	52.681,8	59.033,4	62.166,1	5,3	18,0
27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	28.550,2	33.397,6	35.873,7	7,4	25,7
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	28.550,2	33.397,6	35.873,7	7,4	25,7
27.30 Málefni fatlaðs fólks	999,0	1.311,5	1.550,2	18,2	55,2
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	999,0	1.311,5	1.550,2	18,2	55,2
27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	2.174,7	315,7	349,9	10,8	-83,9
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	2.174,7	315,7	349,9	10,8	-83,9
27.50 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	5.568,1	6.481,0	7.133,0	10,1	28,1
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	5.568,1	6.481,0	7.133,0	10,1	28,1
Samtals	89.973,8	100.539,2	107.072,9	6,5	19,0


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 27 Örorða og málefni fatlaðs fólks árið 2024 eru áætluð 107.072,9 m.kr. og lækka um 389,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 0,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.533,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld rikissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks²					
Rekstrarframlög	463,8	888,2	1.135,3	27,8	144,8
Rekstartilfærslur	89.508,1	99.650,3	105.936,8	6,3	18,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	1,9	0,7	0,8	14,3	-57,9
Heildarútgjöld	89.973,8	100.539,2	107.072,9	6,5	19,0
Rekstartekjur	-	11,3	11,3	0,0	-
Framlag úr rikissjóði	-	100.527,9	107.061,6	6,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	100.539,2	107.072,9	6,5	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

27.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þær greiðslur eru eftirfarandi: Örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppþót, tekjutrygging örorkulífeyris, vasapeningar örorkulífeyrisþega og örorkustyrkur. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Einfaldara og sveigjanlegra greiðslukerfi almannatrygginga vegna mismikillar starfsgetu		
Innleiðing frumvarps til laga um breytingar á greiðslukerfi almanna-trygginga vegna einstaklinga með mismikla virknigetu.*	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Fjárveiting í málaflokki 32.4*
Koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkulífeyris almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Minnka nýgengi örorku og jafna kynjadreifingu		
Innleiða nýtt matskerfi sem greinir tímanlega þjónustubörf einstaklinga sem misst hafa getu til virkni með tilliti til líkamlegra, sálfræðilegra og félagslegra þátta og þannig fyrirbyggja ótímabært brotthvarf af vinnumarkaði og auka líkur á atvinnuþátttöku.*	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Fjárveiting í málaflokki 32.4*
Markmið 3: Aukin áhersla verði lögð á getu einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði og jafna kynjadreifingu		
Innleiðing frumvarps til laga um nýtt greiðslukerfi almannatrygginga vegna mismikillar virknigetu þar sem m.a. verði tryggt að hvarar greiðslukerfisins styðji við möguleika til atvinnuþátttöku.*	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Fjárveiting í málaflokki 32.4*

* Stjórnýssla félagsmála fellur undir málaflokk 32.4 og er gert ráð fyrir 270 m.kr. fjármögnun á undirbúningi og innleiðingu vegna heildarendurskoðunar örorkulífeyriskerfisins þar. Verkefnið snýr bæði að greiðslum til fólks með örorku og mismikla virknigetu, sem og endurskoðun á mats- og þjónustukerfum örorku og starfsendurhæfingar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 62.166,1 m.kr. og lækkar um 1.223 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4.355,7 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.477 m.kr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 2.700 m.kr. vegna minna nýgengis örorku á árunum 2022–2023.
- Málaflokkurinn er undanþegin aðhaldskröfu.

27.2 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar. Þær greiðslur eru eftirfarandi: Endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót og aðrar uppbætur á örorkulífeyri, styrkir vegna bifreiðakostnaðar og barnalífeyrir vegna barna öryrkja. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka áherslu á starfsendurhæfingu og jafna kynjadreifingu		
Kannaðir verði möguleikar einstaklinga til að auka möguleika til virkni á vinnumarkaði með starfsendurhæfingu áður en kemur til mats á varanlegri örorku.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Bæta stuðning við verst setta einstaklinga í hópi öryrkja		
Innleitt verði frumvarp til laga um breytingar á greiðslukerfi almanna-trygginga vegna mismikillar getu til virkni á vinnumarkaði sem leitt geti til bættra kjara tekjulágra einstaklinga.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Fjárveiting í málaflokki 32.4*
Lagt verði fram frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning til einstaklinga sem ekki hafa áunnið sér full réttindi í almannatryggingum á Íslandi.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

* Stjórnsýsla félagsmála fellur undir málaflokk 32.4 og er gert ráð fyrir 270 m.kr. fjármögnun á undirbúningi og innleiðingu vegna heildarendurskoðunar örorkulífeyriskerfisins þar. Verkefnið snýr bæði að greiðslum til fólks með örorku og mismikla virknigetu, sem og endurskoðun á mats- og þjónustukerfum örorku og starfsendurhæfingar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 35.873,7 m.kr. og lækkar um 36 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.512,1 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 664 m.kr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 700 m.kr. vegna minna nýgengis örorku á árunum 2022–2023.
- Málaflokkurinn er undanþeginn aðhaldskröfu.

27.3 Málefni fatlaðs fólks

Starfsemi málaflokksins snýr að almennri og sértækri þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Almenn þjónusta er veitt af sveitarfélögum sem bera ábyrgð á framkvæmd og skipulagi þjónustu við fatlað fólk. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að veitt verði öryggisþjónusta í samræmi við gildandi lög og alþjóðlega viðurkennda mannréttindasamninga		
Unnið að gerð aðgerðaáætlunar í kjölfar stefnumótunar.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Unnið að undirbúningi byggingar sérhæfðs húsnæðis.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að nýsköpun og tækni tryggi aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingasamfélaginu og auki þannig möguleika þess til sjálfstæðs lífs		
Fötluðu fólki og talsmönnum þess verði tryggt aðgengi að rafrænum upplýsingum, þ.m.t. upplýsingagáttum hins opinbera, með rafrænum skilríkjum.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.550,2 m.kr. og hækkar um 207,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 31,5 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 205 m.kr. vegna NPA-samninga.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 37 m.kr. af útgjaldasvigrúmi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til að styrkja þjónustu Réttindagæslu fatlaðs fólks.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 39,7 m.kr.

27.4 Aðrar örorkugreiðslur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Greiðslur sem falla undir málaflokkinn eru aðrar ótaldar greiðslur vegna örorku eins og greiðslur vegna vottorða, vaxta o.fl. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki eru sett markmið eða mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 349,9 m.kr. og hækkar um 10 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 24,2 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 10 m.kr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks.
- b. Málaflokkurinn er undanþeginn aðhaldskröfu.

27.5 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Undir þennan málaflokk heyrir jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða en fjárframlög hafa verið veitt úr ríkissjóði til að jafna og lækka mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða. Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, kveða á um að 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skuli renna til þessa. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 7.133 m.kr. og hækkar um 652 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við fyrirbyggjandi tekjuáætlun. Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

28 Málefni aldraðra

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
28 Málefni aldraðra²					
28.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	91.937,9	105.683,1	112.139,2	6,1	22,0
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	91.937,9	105.683,1	112.139,2	6,1	22,0
28.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	7.383,2	8.845,0	9.781,3	10,6	32,5
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	7.383,2	8.845,0	9.781,3	10,6	32,5
28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	342,1	489,2	524,9	7,3	53,4
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	342,1	489,2	524,9	7,3	53,4
Samtals	99.663,2	115.017,3	122.445,4	6,5	22,9


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árána 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 28, Málefni aldraðra, árið 2024 eru áætluð 122.445,4 m.kr. og lækka um 1.171 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 7.428,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
28 Málefni aldraðra²					
Rekstrarframlög	100,3	2,1	2,1	0,0	-97,9
Rekstrartilfærslur	99.562,9	115.015,2	122.443,3	6,5	23,0
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	99.663,2	115.017,3	122.445,4	6,5	22,9
Rekstrartekjur	-	8,3	8,3	0,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	115.009,0	122.437,1	6,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	115.017,3	122.445,4	6,5	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

28.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem annast framkvæmd með greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar, en það eru greiðslur ellilífeyris og vasapenings ellilífeyrisþega. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Hækka heildartekjur ellilífeyrisþega og jafna kynjadreifingu		
Vinna úr tillögum starfshóps um afkomuöryggi eldra fólks, aukinn sveigjanleika í starfslokum og úrbætur í húsnæðismálum í því skyni að bæta fjárhagslega stöðu aldraðra.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Aukin atvinnuþátttaka aldraðra		
Vinna úr tillögum starfshóps um afkomuöryggi eldra fólks, aukinn sveigjanleika í starfslokum og úrbætur í húsnæðismálum í því skyni að gera öldruðum í auknum mæli kleift að vera þátttakendur á vinnumarkaði.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Auka stuðning við aldraða sem lakast standa		
Vinna úr tillögum starfshóps um afkomuöryggi eldra fólks, aukinn sveigjanleika í starfslokum og úrbætur í húsnæðismálum í því skyni að bæta efnahagslega og félagslega stöðu þeirra sem lakast standa.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 112.139,2 m.kr. og lækkar um 1.429 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 7.885,1 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3.171 m.kr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 4.600 m.kr. vegna aukinna tekna ellilífeyrisþega á undanförunum árum.
- Málaflokkurinn er undanþeginn aðhaldskröfu.

28.2 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna málaflokksins. Samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er heimilt að greiða ýmiss konar styrki og uppbætur eins og heimilisuppbót, uppbót á lífeyri vegna tiltekins kostnaðar lífeyrisþega og uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri en eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki eru gerð markmið eða mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 9.781,3 m.kr. og hækkar um 258 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 678,3 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 258 m.kr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks.
- b. Málaflokkurinn er undanþeginn aðhaldskröfu.

28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna málaflokksins. Undir málaflokkinn falla greiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, og lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, en starfsemi málaflokksins er þess eðlis að ekki eru gerð markmið og mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 524,9 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 35,7 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

29 Fjölskyldumál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðherra að undanskildum bóttum vegna veikinda og slysa er heyra undir heilbrigðisráðherra, barnabóttum sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra, Barna- og fjölskyldustofu og Ráðgjafar- og greiningarstöð sem heyra undir mennta- og barnamálaráðherra, auk laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og umboðsmanns barna sem heyrir undir forsætisráðherra. Auk þess fellur Innheimtustofnun sveitarfélaga og greiðsla meðlaga samkvæmt lögum nr. 76/2003 undir málaflokkinn en þessi verkefni heyra nú undir dómsmálaráðherra. Málefнасviðið skiptist í sjö málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
29 Fjölskyldumál²					
29.10 Barnabætur	15.316,9	14.565,0	16.000,0	9,9	4,5
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	15.316,9	14.565,0	16.000,0	9,9	4,5
29.20 Fæðingarorlof	22.688,5	25.009,6	24.054,7	-3,8	6,0
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	22.688,5	25.009,6	24.054,7	-3,8	6,0
29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	426,5	545,2	607,7	11,5	42,5
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	426,5	545,2	607,7	11,5	42,5
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	11.095,7	12.566,6	14.100,3	12,2	27,1
01 Forsætisráðuneyti	105,6	97,8	83,9	-14,2	-20,5
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	4.454,9	5.196,8	5.495,6	5,7	23,4
06 Dómsmálaráðuneyti	0,0	0,0	946,2	-	-
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	6.127,6	6.898,9	7.574,6	9,8	23,6
10 Innviðaráðuneyti	407,6	373,1		-100,0	-100,0
29.50 Bætur til eftirlifenda	441,9	523,1	562,5	7,5	27,3
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	441,9	523,1	562,5	7,5	27,3
29.60 Bætur vegna veikinda og slysa	1.965,8	2.676,3	2.874,0	7,4	46,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	1.965,8	2.676,3	2.874,0	7,4	46,2
29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna	3.277,9	2.428,5	4.714,3	94,1	43,8
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	172,2	62,4	63,9	2,4	-62,9
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	3.105,7	2.366,1	4.650,4	96,5	49,7
Samtals	55.213,2	58.314,3	62.913,5	7,9	13,9


¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli áráanna 2023 og 2024



Heildargjöld málefнасviðs 29 *Fjölskyldumál* árið 2024 eru áætluð 62.913,5 m.kr. og aukast um 3.192,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 5,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.599,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
29 Fjölskyldumál²					
Rekstrarframlög	7.044,5	8.655,1	9.772,4	12,9	38,7
Rekstrartilfærslur	48.103,9	49.426,0	52.911,3	7,1	10,0
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	64,8	233,2	229,8	-1,5	254,6
Heildarútgjöld	55.213,2	58.314,3	62.913,5	7,9	13,9
Rekstrartekjur	-	181,0	215,3	19,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	58.133,3	62.153,2	6,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	545,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	58.314,3	62.913,5	7,9	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

29.1 Barnabætur

Málaflokkurinn tekur til barnabóta sem eru tekjutengdar bætur sem greiddar eru með börnum yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekjum þeirra. Barnabætur eru tekjutengdar til að ná því fram að stuðningur barnabóta sé mestur hjá þeim fjölskyldum sem þurfa mest á stuðningi að halda en meginmarkmið barnabóta er að vinna gegn fátækt barna. Barnabætur byggjast á A-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og annast Skatturinn umsýslu barnabóta. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka stuðning við tekjulága foreldra		
Skerðingar verða minni og fjárhæðir barnabóta hækka.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Eitt skerðingarhlutfall verður með börnum óháð hjúskaparstöðu og mun einnig taka til skerðingarhlutfalls með börnum yngri en sjö ára.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi		
Unnið verður að upptöku samtíma-barnabóta sem miðar við að biðtími barnabóta verði aldrei lengri en fjórir mánuði.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 16.000 m.kr. og hækkar um 1.435 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er seinni liður í stuðningi stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum markaði en fyrri liðurinn kom til framkvæmdar í fjárlögum ársins 2023.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

29.2 Fæðingarorlof

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fæðingarorlofssjóðs sem er í vörslu Vinnumálastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Jöfn nýting foreldra á fæðingarorlofi		
Litið verður til mats á mánaðarlegru hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi, í tengslum við stuðning stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í desember 2022.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 24.054,7 m.kr. og lækkar um 1.003,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 49 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.000 m.kr. Til grundvallar er litið til spár um fæðingar barna á næstu árum og raunútgjalda 2022 og 2023.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 3,9 m.kr.

29.3 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur

Málaflokkurinn tekur til greiðslna samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Um er að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Málaflokkurinn tekur einnig til mæðra- og feðralauna og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Tryggingastofnun annast framkvæmd málaflokksins. Ekki eru sett markmið eða mælikvarðar um árangur í málaflokknunum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 607,7 m.kr. og hækkar um 14 m.kr. frá gildandi fjárlögum til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks, að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 48,5 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns skuldara, Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Barna- og fjölskyldustofu, umboðsmanns barna og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Auk þess falla lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, meðlög, sorgarleyfi og greiðslur til stuðnings fjölskyldum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt lífsgæði eldra fólks		
Verkefnið <i>Gott að eldast</i> , sbr. þingsályktun um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023–2027 sem samþykkt var á 153. löggjafarþingi 2022–2023. Sjá www.gottadeldast.is .	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Stigskipt þjónusta fyrir börn og fjölskyldur endurskipulögð		
Innleiða lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Framfylgja þingsályktun, stefnu og aðgerðaáætlun um barnvænt Ísland; framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Vinna að þróun og innleiðingu mælaborðs sem ætlað er að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Vinna að aðgerðum þar sem leitast verður við að koma í veg fyrir og grípa inn í ofbeldi meðal barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Barna- og fjölskyldustofa	75 m.kr.
Markmið 3: Ásættanlegur biðtími fyrir þjónustu fyrir börn		
Sérstakar aðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma eftir þjónustu fyrir börn.	Barna- og fjölskyldustofa og Ráðgjafar- og greiningastöð	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 14.100,3 m.kr. og hækkar um 680,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 853,2 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 400 m.kr. hjá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna áframhaldandi stuðnings við úrræði í tengslum við móttöku flóttabarna.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. hjá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna aðgerða þar sem leitast verður við að koma í veg fyrir og grípa inn í ofbeldi meðal barna.
- Útgjaldasvigrúm málaflokksins er aukið um 210 m.kr. hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til að standa straum af samningum vegna öryggisvistunar ósakhæfra einstaklinga, sbr. markmið nr. 1 í málaflokki 27.3.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 545 m.kr. til að mæta afskrifuðum meðlagskröfum sem falla undir dómsmálaráðuneytið.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 101 m.kr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks vegna umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 14,8 m.kr. vegna ráðstöfunar af útgjalda-svigrúmi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 22,6 m.kr. vegna hækkunar á sértekjum sem hækka um sömu fjárhæð.

- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar í heild um 375,8 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Þar af eru 337,8 m.kr. hjá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna stuðnings við úrræði í tengslum við móttöku flóttabarna, 17 m.kr. vegna réttindagæslu barna hjá umboðsmanni barna og 21 m.kr. hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
- i. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 30 m.kr. hjá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna millifærslu milli málefnasviða.
- j. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 7,7 m.kr. vegna flutnings verkefna frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis.
- k. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 281,7 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

29.5 Bætur til eftirlifenda

Málaflokkurinn tekur til barnalífeyris vegna andláts foreldris samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá tekur málaflokkurinn til maka- og umönnunarbóta, dánarbóta og barnalífeyris vegna menntunar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en þar er um að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Tryggingastofnun annast framkvæmd málaflokksins. Ekki eru sett markmið eða mælikvarðar um árangur í málaflokksnum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 562,5 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39,4 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

29.6 Bætur vegna veikinda og slysa

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka tryggingavernd þeirra sem sinna umönnunarstörfum		
Meta hvort fjölgun er á umsóknum eða samþykktarhlutfalli og meta hvort grípa þurfi til ráðstafana vegna lagabreytinganna.	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Efla úrbætur og forvarnir vegna atvinnusjúkdóma		
Vinna að nánari gagnasöfnun.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 2.874 m.kr. og hækkar um 3,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 194,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 4 m.kr. vegna sambærilegra breytinga á sértekjum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 0,7 m.kr.

29.7 Málefni innflytjenda og flóttafólks

Starfsemi málaflokksins er í höndum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Einnig falla endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga undir málaflokkinn og eru þær greiðslur á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna 15. gr. barnaverndarlaga falla undir málaflokkinn en greiðslurnar eru á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytis. Enn fremur sinnir Vinnumálastofnun nú verkefnum vegna flóttafólks sem áður voru hjá Fjölmenningssetri en þessar tvær stofnanir voru sameinaðar í apríl 2023. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukin tækifæri flóttafólks til félagslegrar þátttöku og virkni í íslensku samfélagi		
Vinnumálastofnun býður þeim sem hlýtur vernd upp á samfélagsfræðslu.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Vinnumálastofnun býður þeim sem hlýtur vernd upp á íslenskunámskeið.	Vinnumálastofnun	120 m.kr.*
Vinnumálastofnun býður þeim sem ekki eru virkir á vinnumarkaði upp á vinnumarkaðsúræði. Hagstofan skráir tölur um atvinnuþátttöku.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Markmið 2: Hækkandi hlutfall flóttafólks í samræmdri móttöku		
Framlengja samninga um samræmda móttöku við þau sveitarfélög sem eru með gildandi samning.	Vinnumálastofnun og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma**
Fjölga hámarksfjölda notenda í samningum um samræmda móttöku hjá þeim sveitarfélögum sem eru með gildandi samning.	Vinnumálastofnun og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	900 m.kr.**
Fjölga sveitarfélögum sem gera samninga um samræmda móttöku.	Vinnumálastofnun og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma**

* Fjárheimild til að standa straum af íslenskunámskeiðum fyrir innflytjendur og flóttafólk fellur undir málaflokk 30.1 hjá Vinnumálastofnun

** Fjárheimild til að efla samræmda móttöku flóttafólks á við allar aðgerðir sem falla undir markmið nr. 2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 4.714,3 m.kr. og hækkar um 2.063,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 222,6 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.850 m.kr. til að standa straum af auknum endurgreiðslum til sveitarfélaga vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Samhliða er felld niður tímabundin heimild að fjárhæð 500 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 900 m.kr. til að efla samræmda móttöku flóttafólks hjá sveitarfélögum. Samhliða er felld niður tímabundin heimild að fjárhæð 350 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 175 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 125,1 m.kr. vegna sameiningar Fjölmenningarseturs og Vinnumálastofnunar í apríl 2023. Fjárheimild flyst til Vinnumálastofnunar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 36,7 m.kr. og er hlutfallslega skipting útfærð niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2022	2023	2024	fjárlögum	reikn.
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi	47.510,0	36.534,7	42.449,0	16,2	-10,7
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	44.214,2	36.534,7	42.449,0	16,2	-4,0
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	3.295,8			-	-100,0
30.20 Vinnumarkaður	1.714,8	1.925,4	1.745,9	-9,3	1,8
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	1.714,8	1.925,4	1.745,9	-9,3	1,8
Samtals	49.224,8	38.460,1	44.194,9	14,9	-10,2


¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi árið 2024 eru áætluð 44.194,9 m.kr. og aukast um 3.655,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 9,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.734,8 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 14,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í

fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld rikissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi²					
Rekstrarframlög	6.797,7	6.484,7	5.870,9	-9,5	-13,6
Rekstartilfærslur	42.197,0	31.950,1	38.297,2	19,9	-9,2
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	230,1	25,3	26,8	5,9	-88,4
Heildarútgjöld	49.224,8	38.460,1	44.194,9	14,9	-10,2
Rekstrartekjur	-	2.864,2	2.381,0	-16,9	-
Framlag úr rikissjóði	-	35.595,9	41.813,9	17,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	38.460,1	44.194,9	14,9	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að draga úr fjarveru á vinnumarkaði		
Efling gagnreyndra aðferða í samvinnu við önnur þjónustukerfi við að aðstoða langtímaatvinnuleitendur við að fá starf eða viðeigandi úrræði.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Skimun fyrir áhættuþáttum vegna langtímaatvinnuleysis meðal nýskráðra og verklag byggt á niðurstöðum skimunar.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Innleiðing og efling stafrænna lausna og ráðgjöf í þjónustu við þjónustuþega.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Markmið 2: Efla stuðningsúrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku þeirra á vinnumarkaði		
Einstaklingsmiðaður stuðningur við starfsleit – Individual placement and support (IPS) – verkefni fyrir unga atvinnuleitendur með skerta starfsgetu/vinnumarkaðshæfni.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Efling stuðningsúrræði fyrir fólki með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku á vinnumarkaði.	Vinnumálastofnun	153 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 42.449 m.kr. og hækkar um 3.959,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.954,4 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 4.709 m.kr. í samræmi við uppfærða þjóðhagsspá með tilliti til breytinga á atvinnuleysi og mannfjölda á vinnufærum aldri.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið til tveggja ára um 330 m.kr. vegna fjölgunar stöðugilda hjá Vinnumálastofnun vegna aðstoðar við atvinnuleit og virkni fyrir flóttafólk sem fengið hefur samþykka umsókn um alþjóðlega vernd.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 153 m.kr. vegna vinnumarkaðsúrræða fyrir fólki með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku á vinnumarkaði.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 125,1 m.kr. vegna sameiningar Fjölmenn-ingarseturs og Vinnumálastofnunar í apríl 2023. Fjárheimild flyst til Vinnumála-stofnunar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið til tveggja ára um 120 m.kr. vegna íslenskunámskeiða fyrir flóttafólk.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 43 m.kr. vegna ráðstöfunar af útgjaldasvigrúmi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30,5 m.kr. vegna starfsendurhæfingasjóða.

- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 685 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar vegna heimsfaraldurs kórónuveiru sem fellur niður. Samhliða lækka sértekjur Vinnu-málastofnunar um sömu upphæð.
- i. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 197,7 m.kr.

30.2 Vinnumarkaður

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissáttasemjara og Vinnueftirlits ríkisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Öruggeri og heilsusamlegri vinnustaðir		
Innleitt nýtt verklag við framkvæmd vettvangsathugana með sérstökum straumi vettvangsathugana.	Vinnueftirlitið	Innan ramma
Innleidd stafræn samskipti við fyrirtæki þar sem spurt er um skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði.	Vinnueftirlitið	Innan ramma
Forvarnaverkefni um að hvetja til samfélagslegrar umræðu um mikilvægi vinnuverndar.	Vinnueftirlitið	Innan ramma
Samstarfsverkefni til að stuðla að góðri heilsu, vellíðan og öryggi starfsfólks.	Vinnueftirlitið	Innan ramma
Markmið 2: Efla fyrirbyggjandi sáttamiðlun ríkissáttasemjara við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði		
Skapa aðstöðu fyrir samningsaðila til að undirbúa gerð kjarasamninga á gildistíma kjarasamninga.	Embætti ríkissáttasemjara	Innan ramma
Aðstoða samningsaðila við undirbúning samninganefnda og skipulag samninga-viðræðna með samráði og fræðslu.	Embætti ríkissáttasemjara	Innan ramma
Aðstoða samningsaðila við að afla upplýsinga og skipuleggja samráð í aðdraganda kjarasamninga.	Embætti ríkissáttasemjara	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 1.745,9 m.kr. og lækkar um 304,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 125,1 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 227 m.kr. vegna ráðstöfunar á útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins sem færir á aðra málaflokka.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 79,5 m.kr.

31 Húsnæðis- og skipulagsmál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
31 Húsnæðis- og skipulagsmál²					
31.10 Húsnæðismál	13.971,0	18.069,8	24.312,9	34,5	74,0
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	2.115,6	2.800,0	2.800,0	0,0	32,4
10 Innviðaráðuneyti	11.855,4	15.269,8	21.512,9	40,9	81,5
31.20 Skipulagsmál	862,7	791,6	709,9	-10,3	-17,7
10 Innviðaráðuneyti	862,7	791,6	709,9	-10,3	-17,7
Samtals	14.833,7	18.861,4	25.022,8	32,7	68,7


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 31 Húsnæðis- og skipulagsmál árið 2024 eru áætluð 25.022,8 m.kr. og aukast um 5.884,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 31,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.161,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 32,7 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í

fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
31 Húsnæðis- og skipulagsmál²					
Rekstrarframlög	3.613,0	4.186,7	4.135,0	-1,2	14,4
Rekstrartilfærslur	9.745,5	12.688,5	12.098,1	-4,7	24,1
Fjármagnstilfærslur	1.301,2	1.736,4	8.536,4	391,6	556,0
Fjárfestingarframlög	174,0	249,8	253,3	1,4	45,6
Heildarútgjöld	14.833,7	18.861,4	25.022,8	32,7	68,7
Rekstrartekjur	-	1.573,7	1.472,1	-6,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	17.287,7	23.550,7	36,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	18.861,4	25.022,8	32,7	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

31.10 Húsnæðismál

Starfsemi málaflokksins fellur undir húsnæðisbætur, stofnframlög, vaxtabætur og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið jafnvægi á húsnæðismarkaði þar sem fjölbreytt framboð íbúða mætir þörf og þróun húsnæðis- og leiguverð er stöðug.		
Auka framboð íbúða og hlutfall hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði. Stutt verði við tekjulága einstaklinga í gegnum lánveitingar Húsnæðissjóðs, þ.m.t. hlutdeildarlán.	Innviðaráðuneyti, HMS	Innan ramma
Auka stuðning við óhagnaðardrífín húsnæðisfélög með stofnframlögum með það að markmiði að auka framboð á leiguibúðum á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægri heimili.	HMS	5.700 m. kr.
Markmið 2: Skilvirk stjórnarsýsla og bætt starfsumhverfi mannvirkjagerðar stuðlar að auknum gæðum, öryggi, rekjanleika og hagkvæmni íbúðaruppbyggingar í jafnvægi við umhverfið		
Uppbygging stafrænna lausna til að bæta rauntímaupplýsingar um húsnæðismarkað, s.s. húsnæðisgrunnur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.	HMS	Innan ramma
Mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar og nýsköpunar í gegnum Ask – mannvirkjaraunísóknarsjóð til að auka þekkingu og mæta samfélagslegum áskorunum á sviði mannvirkjagerðar, auk aðgerða til lækkunar kolefnisspors.*	HMS	37,5 m.kr.
Markmið 3: Aukið húsnæðisöryggi þar sem húsnæðisstuðningi er beint til þeirra sem standa höllum fæti á húsnæðismarkaði og sköpuð eru skilyrði til að öll hafi aðgengi að öruggu og góðu húsnæði með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði.		
Endurskoðun húsaleigulaga m.a. til að bæta húsnæðisöryggi leigjenda.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Ný miðlæg leiguskrá íbúðarhúsnæðis.	HMS	Innan ramma
Markmið 4: Framboð íbúða stuðlar að virkum vinnumarkaði og styður við öflug atvinnusóknarsvæði um land allt		
Gerð íbúðaþarfagreiningar, þ.e. greina þörf á nýjum íbúðum til að mæta áætlaðri eftirspurn á grundvelli fólksfjölgunar, úppfylltri íbúðaðörf og niðurstöðum húsnæðisáætlunar.	HMS og sveitarfélög	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið í málaflokki 31.20

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 24.312,9 m. kr. og hækkar um 5.997,7 m. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 245,4 m.kr. þ.a. nemur tekjuheimild til að standa undir launa- og verðbótum 33,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 5.700 m.kr. vegna aukinna stofnframlaga, sbr. markmið nr. 1. Helstu verkþættir á næsta ári er aukin uppbygging íbúða innan almenna íbúðakerfisins.
- Fjárheimild til húsnæðisbóta lækkar um 500 m.kr. á milli ára þar sem áætluð fjölgun bótaþega í kjölfar hækkana tekjumarka og grunnfjárhæða hefur ekki raungerst.
- Fjárheimild til uppbyggingar á Aski, samkeppnissjóði um bygginga- og mannvirkjarannsóknir, er aukin tímabundið að fjárhæð 37,5 m. kr á móti framlagi sem fellur niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 161,9 m. kr. og er útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

31.20 Skipulagsmál

Starfsemi málaflokksins fellur undir Skipulagsstofnun og Skipulagssjóð. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðar-skiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur, o.fl. Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Gagnsæ og skilvirk stjórnsýsla með áherslu á stafrænar lausnir		
Endurskoðun verklags til að auka skilvirkni í málsmeðferð erinda.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Innleiðing stafræns deiliskipulags og áframhaldandi þróun skipulagsgáttar.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Markmið 2: Mótun stefnu á svæðis- og landvísu		
Gerð strandsvæðisskipulaga í Eyjafirði og Skjálfanda.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Framfylgd aðgerða landsskipulagsstefnu.	Innviðaráðuneyti, Skipulagsstofnun	Innan ramma
Markmið 3: Vönduð skipulagsgerð byggð á traustum gögnum		
Styrkja leiðbeinandi hlutverk Skipulagsstofnunar við sveitarfélög við skipulagsgerð og afgreiðslu skipulagstillagna.	Skipulagsstofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 709,9 m.kr. og lækkar um 112,8 m. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 31,1 m. kr., þ.e. nemur tekjuheimild til að mæta launa- og verðbótum 2,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 85,0 m.kr. Um er að ræða tímabundna fjárheimild til skipulagssjóðs sem fellur niður.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 17,7 m.kr. og er útfært hlutfallslega á stofnanir og verkefni málaflokks.

32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra, forsætisráðherra og félags- og vinnumálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála²					
32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit	7.154,1	3.372,6	3.438,5	2,0	-51,9
08 Heilbrigðisráðuneyti	7.154,1	3.372,6	3.438,5	2,0	-51,9
32.20 Jafnréttismál	337,9	414,8	374,6	-9,7	10,9
01 Forsætisráðuneyti	337,9	414,8	374,6	-9,7	10,9
32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála	3.917,7	3.955,5	4.235,4	7,1	8,1
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.917,7	3.955,5	4.235,4	7,1	8,1
32.40 Stjórnsýsla félagsmála	3.398,1	3.554,7	3.809,2	7,2	12,1
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	3.398,1	3.554,7	3.809,2	7,2	12,1
Samtals	14.807,8	11.297,6	11.857,7	5,0	-19,9


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 32 *Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála* árið 2024 eru áætluð 11.857,7 m.kr. og lækka um 220,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023 eða sem svarar til 1,9%

lækkunar. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 560,1 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,7 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Útgjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála²					
Rekstrarframlög	13.596,1	10.376,5	10.870,6	4,8	-20,0
Rekstrartilfærslur	865,6	866,5	929,9	7,3	7,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	346,1	54,6	57,2	4,8	-83,5
Heildarútgjöld	14.807,8	11.297,6	11.857,7	5,0	-19,9
Rekstrartekjur	-	1.329,4	1.201,2	-9,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	9.968,2	10.656,5	6,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	11.297,6	11.857,7	5,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Embættis landlæknis, Geisla-varna ríkisins og Lyfjastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efling heilsu og heilbrigðra lifnaðarháttá		
Innleiðing aðgerða á sviði lýðheilsustefnu og geðheilbrigðisstefnu.*	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra bakteria á Íslandi.*	Heilbrigðisráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Hvatning og stuðningur við heilsueflingu og forvarnir sem hluta af allri heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma
Innleiðing krabbameinsáætlunar með hliðsjón af heilbrigðisstefnu, lýðheilsustefnu og krabbameinsáætlun ESB.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Markmið 2: Aukið öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks		
Mannaflapörf greind fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttir í heilbrigðisþjónustunni.* Sett upp lifandi mælaborð yfir stöðu mönnunar og notað til stefnumótunar og áætlanagerðar. Unnið að skilgreiningu læknaþjónustu á Íslandi til framtíðar.	Heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing gæðaáætlunar um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu, gæðavísar skilgreindir og birtir og gerðar kröfur til veitenda heilbrigðisþjónustu um gæðauppgjör.	Embætti landlæknis og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Markmið 3: Aukin gæði og efling rafrænnar heilbrigðisþjónustu		
Áfram unnið að samþættingu á rafrænni sjúkraskrá og innleiðingu verkefna á sviði stefnu um stafræna heilbrigðisþjónustu.	Embætti landlæknis	150 m.kr.
Áfram unnið að samþættingu á rafrænni sjúkraskrá, stafrænni skráningu og stafrænum skilum heilbrigðisgagna.	Heilbrigðisráðuneytið	Innan ramma
Efling fjarheilbrigðisþjónustu með innleiðingu víðeigandi tækni- og öryggislausna, skilgreint verði í lögum hvað felst í fjarheilbrigðisþjónustu og mismunandi þáttum hennar.	Heilbrigðisráðuneytið og embætti landlæknis	Innan ramma

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 24.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 3.438,5 m.kr. og lækkar um 175,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 241,0 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Útgjöld málaflokksins lækka um 200 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjuáætlunum stjórnsýslustofnana.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150 m.kr. vegna þróunar rafrænnar sjúkraskrár hjá Embætti landlæknis.

- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 125,5 m.kr. og er aðhald útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

32.2 Jafnréttismál

Starfsemi málaflokksins er í höndum forsætisráðuneytis og Jafnréttisstofu. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Launajafnrétti verði náð – kynbundnum launamun verði útrýmt		
Tryggja áframhaldandi framfylgd jafnlaunavottunar í samræmi við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Unnið að og fylgt eftir tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Sporna við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni		
Framfylgd verkefna í þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.	Forsætisráðuneyti og Jafnréttisstofa	Innan ramma
Markmið 3: Réttindi hinsegin fólks tryggð		
Framfylgd verkefna í aðgerðaályktun í málefnum hinsegin fólks.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 374,6 m.kr. og lækkar um 65,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 25,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 35 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Annars vegar 20 m.kr. framlag vegna aðgerða gegn hatusorðræðu, þingsályktunartillaga og hins vegar 15 m.kr. framlag til Samtakanna '78.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 13,2 m.kr.
- Þá er gerð 17,4 m.kr. leiðrétting á sértekjum Jafnréttisstofu til lækkunar.

32.3 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Sjúkratrygginga Íslands og vísindasiðanefndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skilvirk stjórnsýsla heilbrigðismála		
Áframhaldandi innleiðing Power Bi mælaborða á heilbrigðisstofnunum.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Markmið 2: Jafnrétti í bólusetningum kynja		
Víðtækari bólusetning gegn HPV-veirunni til að auka vörn gegn krabbameini. Bóluset óháð kyni í 7. bekk grunnskólanna.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 4.235,4 m.kr. og lækkar um 2,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 282,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Útgjöld málaflokksins lækka um 24,6 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjuáætlunum stjórnsýslustofnana.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 156,2 m.kr. vegna aukinna framlaga til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og styrkingar aðalskrifstofu Sjúkratrygginga Íslands vegna nýrra verkefna.
- Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 25 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 143,5 m.kr. og er aðhald útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- Sérstök viðbótaraðhaldskrafa á aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins nemur 10,7 m.kr.

32.4 Stjórnsýsla félagsmála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, auk þess sem rekstur úrskurðarnefndar velferðarmála, Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og Tryggingastofnunar fellur undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig

endurspegla fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skilvirkari stjórnýsla félagsmála		
Markviss stjórnendafræðsla meðal stjórnenda í FRN og forstöðumanna stofnana FRN sem miðar að því að styrkja stjórnun og þar með stjórnýslu félagsmála á öllum stigum.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Starfsemi fjögurra fagteyma innan FRN sem ætlað er að bæta stjórnýslu félagsmála hvert á sínu sviði.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 3.809,2 m.kr. og hækkar um 23,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 231,3 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um örorku er fjárheimild málaflokksins aukin tímabundið um 270 m.kr. vegna heildarendurskoðunar örorkulífeyriskerfisins. Um er að ræða kostnað vegna undirbúnings og innleiðingar þverfaglegs heilsufarsmats þvert á stofnanir og nýs greiðslukerfis starfsendurhæfingar og örorku, sbr. markmið í málaflokkum 27.10, 27.20 og 30.10. Þá eru 154 m.kr. varanlegar af fjárhæðinni sem er áætlaður kostnaður af rekstri matsnefnda. Helstu verkþættir á næsta ári eru breytingar og aðlögun á mats- og greiðslukerfum sem og heilsuveru. Meginþungi verkefnisins er á árinu 2024 og á árinu 2025 þegar nýtt kerfi verður tekið í notkun.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin 80 m.kr. vegna hækkunar útgjaldasvigrúms málaflokksins.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 102,1 m.kr. vegna ráðstöfunar á útgjaldasvigrúmi ráðuneytis milli málefnasviða.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 315 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Um er að ræða 300 m.kr. vegna þriggja ára verkefnis í endurnýjun stafrænna innviða hjá Tryggingastofnun sem var hluti af fjárfestingaáttaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru 2020. Þá eru 15. m.kr. niðurfelldar vegna tímabundinna verkefna.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 196,9 m.kr. og er með hlutfallslega skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
33.10 Fjármagnskostnaður	103.543,1	79.695,7	92.239,2	15,7	-10,9
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	103.543,1	79.695,7	92.239,2	15,7	-10,9
33.20 Ríkisábyrgðir	47,1	110,0	110,0	0,0	133,5
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	47,1	110,0	110,0	0,0	133,5
33.30 Lífeyrisskuldbindingar	126.411,7	61.102,2	79.978,2	30,9	-36,7
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	126.411,7	61.102,2	79.978,2	30,9	-36,7
Samtals	230.001,9	140.907,9	172.327,4	22,3	-25,1


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2023 og 2024



Heildargjöld málefnasviðs 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar árið 2024 eru áætluð 172.327,4 m.kr. og aukast um 31.419,5 m.kr. á milli ára sem svarar til 18,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 Gjöld ríkissjóðs.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2022 m.kr.	2023 m.kr.	2024 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
Rekstrarframlög	230.001,9	140.797,9	172.217,4	22,3	-25,1
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	110,0	110,0	0,0	-
Heildarútgjöld	230.001,9	140.907,9	172.327,4	22,3	-25,1
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	76.633,0	96.524,0	26,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	64.274,9	75.803,4	17,9	-
Samtals fjármögnun	-	140.907,9	172.327,4	22,3	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

33.10 Fjármagnskostnaður

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs		
Hagstæð fjármögnun ríkissjóðs með jöfnu afborgunarferli og lágmarkun áhættu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Uppbygging áhættustýringar fyrir ríkissjóð.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Lágmarkun fjármagnskostnaðar að teknu tilliti til áhættu		
Endurfjármögnun útistandandi skulda þegar tækifæri gefast á betri vaxtakjörum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 92.239,2 m.kr. og hækkar um 12.543,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 8.478,3 m.kr. vegna innlendra lána. Þar af hækka vextir af langtímalánum um 6.414,9 m.kr. og skammtímalánum um 2.063,4 m.kr.
- Vextir af erlendum lánum hækka um 4.737,8 m.kr. á milli ára vegna forsendu um nýja erlenda lántöku á hærri vöxtum en þeir erlendu skuldabréfaflokkar ríkissjóðs sem nú eru útistandandi bera.
- Verðbætur á höfuðstól verðtryggðra lána ríkissjóðs lækka um 672,6 m.kr. frá fjárlögum ársins 2023.

33.20 Ríkisábyrgðir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Draga úr ríkisábyrgðum		
Endurlána ríkisfyrirtækjum og sjóðum í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 110 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

33.30 Lífeyrisskuldbindingar

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar		
Ríkissjóður greiði 8 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar sínar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 79.978,2 m.kr. og hækkar um 18.876 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á árinu 2022 hækkaði hrein lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs um 78.552 m.kr. vegna verðbólgu, launahækkana og neikvæðrar ávöxtunar. Gert er ráð fyrir að heildarlífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nái hámarki um þessar mundir en fari svo lækkandi sem leiðir til lækkandi gjaldfærslu að jafnaði á næstu árum.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
34.10 Almennur varasjóður		34.649,3	45.071,3	30,1	-
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti		34.649,3	45.071,3	30,1	-
34.20 Sértækar fjárráðstafanir		467,9	475,2	1,6	-
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti		467,9	475,2	1,6	-
34.30 Afskriftir skattkrafna	5.579,2	22.369,9	24.679,9	10,3	342,4
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	5.579,2	22.369,9	24.679,9	10,3	342,4
Samtals	5.579,2	57.487,1	70.226,4	22,2	1.158,7


¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2023–2024



Heildargjöld málefnasviðs 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* árið 2024 eru áætluð 70.226,4 m.kr. og aukast um 4.207,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2023, eða sem svarar til 7,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 12.739,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 22,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir ²	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	5.579,2	49.972,7	60.755,6	21,6	989,0
Rekstrartilfærslur	0,0	6.294,9	9.250,5	47,0	-
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	1.219,5	220,3	-81,9	-
Heildarútgjöld	5.579,2	57.487,1	70.226,4	22,2	1.158,7
Rekstrartekjur	-	704,4	1.204,4	71,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	34.412,8	44.342,1	28,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	22.369,9	24.679,9	10,3	-
Samtals fjármögnun	-	57.487,1	70.226,4	22,2	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

34.10 Almennur varasjóður

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál er almennum varasjóði ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjálkvæmileg. Samkvæmt lögum skal sjóðurinn nema að lágmarki 1% af heildarfjárheimild fjárlaga. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjálkvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Óheimilt er að gjaldfæra útgjöld á almenna varasjóðinn en fjármála- og efnahagsráðherra er einum heimilt að ráðstafa fjármunum úr honum. Skal það gert að uppfylltum tilteknum skilyrðum og eru fjárheimildir þá millifærðar á þá málaflokka þar sem kostnaður fellur til. Nánar er fjallað um framangreind skilyrði og verkferlið í kafla 5.7 *Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 45.071,3 m.kr. og hækkar um 8.200 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.222 m.kr. Ekki eru gerðar miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 17.100 m.kr. en um er að ræða fjárheimild sem var tímabundið staðsett á almenna varasjóðnum í fjárlögum 2023 til að mæta kjarasamningshækkunum á yfirstandandi ári þegar samningar næðust. Á yfirstandandi

ári hefur verið samið við nánast öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna og hafa fjárheimildir verið millifærðar af varasjóðnum í ár yfir á viðeigandi málaflokka til að mæta kostnaði við kjarasamningana. Í frumvarpinu eru fjárheimildir málefнасviða og málaflokka hækkaðar varanlega sem nemur kostnaði við kjarasamningana á ársgrundvelli og er því fyrrgreind fjárheimild felld niður á móti.

- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 18.800 m.kr. Sá hluti launabreytinga fjárlaga-frumvarpsins sem er vegna reiknaðra launahækkana komandi fjárlagaárs er allur lagður inn á almenna varasjóðinn í stað þess að dreifast niður á málefнасvið og málaflokka. Um er að ræða sams konar fyrirkomulag og var viðhaft í gildandi fjárlögum og er lýst hér að framan. Kjarasamningar við flestöll félög ríkisstarfsmanna verða lausir í lok mars á næsta ári og ríkir mikil óvissa um framvindu fyrirbyggjandi kjarasamningsgerðar og hvenær samkomulag muni nást.
- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 9.200 m.kr. til að styrkja sjóðinn frekar við að sinna því hlutverki sínu að geta mætt ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum á næsta ári. Talsverð óvissa er fyrir hendi fyrir komandi fjárlagaár s.s. hvað varðar fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd og niðurstöðu kjarasamninga. Í ljósi aðstæðna þykir rétt að svigrúm varasjóðsins sé nægjanlegt fyrir komandi fjárlagaár til að geta mætt slíkum óvissuþáttum án þess að raska afkomu- og skuldamarkmiðum ríkissjóðs.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.000 m.kr. vegna lækkunar á almennu fjárfestingarsvigrúmi sjóðsins. Svigrúmið er lækkað til að veða á móti hluta af aukningu stofnframlaga frá því sem hafði verið gert ráð fyrir í forsendum fjármálaáætlunar 2024–2028.

34.20 Sértekur fjárráðstafanir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en nánar er fjallað um hann í fjármálaáætlun. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 476,2 m.kr. og lækkar um 2,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 7,7 m.kr. Ekki eru gerðar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins. Hlutdeild í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 2,4 m.kr.

34.30 Afskriftir skattkrafna

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum skattkrafna sem taldar eru sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynsla bendir til að muni að líkindum ekki innheimtast. Um er að ræða kröfur vegna álagðra skatta, álagðra vaxta á ógreidda skatta og annarra tekna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 24.679,9 m.kr. og hækkar um 2.310 m.kr. Ekki eru gerðar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð utanríkisráðherra og fellur í einn málaflokk. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins á tímabilinu 2022–2024. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna²					
35.10 Þróunarsamvinna	10.528,4	12.887,3	12.066,8	-6,4	14,6
03 Utanríkisráðuneyti	10.528,4	12.887,3	12.066,8	-6,4	14,6
Samtals	10.528,4	12.887,3	12.066,8	-6,4	14,6


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2023–2024



Heildargjöld málefнасviðs 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna* árið 2024 eru áætluð 12,066,8 m.kr. og lækka um 820,5 m.kr. frá fjárlögum ársins 2023 eða sem svarar til 6,4%.

Lækkun til málefнасviðsins kemur einungis til vegna gífurlegrar hækkunar á kostnaði í tengslum við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Til að telja megi þann kostnað til þróunarframlaga er nauðsynlegt að útreikningar á þeim kostnaði sem núverandi áætlun gerir ráð fyrir að falli undir þróunarsamvinnuframlög séu í samræmi við reglur Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC).

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað

á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Framlög til þróunarsamvinnu reiknast sem hlutfall af áætluðum vergum þjóðartekjum. Námu þau 0,34% af VÞT árið 2022, en í þingsályktun nr. 26/149 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 er gert ráð fyrir að árleg framlög til þróunarsamvinnu nemi 0,35% af VÞT. Því er ljóst að íslensk stjórnvöld náðu ekki settu markmiði árið 2022 þrátt fyrir viðbótarfjárveitingu vegna stuðnings við Úkraínu. Skýrist það einungis af kostnaði við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem gert hafði verið ráð fyrir en raungerðist ekki. Þingsályktunartillaga um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024–2028 verður lögð fram á fyrstu vikum 154. löggjafarþings þar sem fram koma áherslur íslenskra stjórnvalda næstu fimm árin.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2022 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2022 m.kr.	Fjárlög 2023 m.kr.	Frumvarp 2024 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna²					
Rekstrarframlög	2.158,8	4.006,9	3.130,4	-21,9	45,0
Rekstrartilfærslur	8.348,2	8.880,4	8.936,4	0,6	7,0
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	21,4	0,0	0,0	-	-100,0
Heildarútgjöld	10.528,4	12.887,3	12.066,8	-6,4	14,6
Rekstrartekjur	-	4,9	4,9	0,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	12.882,4	12.061,9	-6,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	12.887,3	12.066,8	-6,4	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftrif ársins 2022 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

35.10 Þróunarsamvinna

Starfsemi málaflokksins er sinnt af þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sendiskrifstofum Íslands í Lilongwe, Kampala og Freetown ásamt fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm. Íslensk stjórnvöld leggja sig fram um að vera áreiðanlegur samstarfsaðili í þróunarsamvinnu, fara vel með þróunarfé og vinna samkvæmt bestu starfsvenjum. Utanríkisráðuneytið á í markvissu samstarfi við alþjóðastofnanir og samstarfslönd með framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Rammasamningum við áherslustofnanir og frjáls félagasamtök er ætlað að auka sveigjanleika, fyrirsjáanleika og viðbragðsflýti þeirra. Ólöglegt innrásarstríð Rússa í Úkraínu hefur stóraukið þörf á mannúðar- og þróunaraðstoð og hafa íslensk stjórnvöld ekki látið sitt eftir liggja. Í þróunarsamvinnu er áhersla lögð á að nýta íslenska sérþekkingu til uppbyggingar í þróunarríkjum þar sem við á, m.a. á sviði jarðhita og endurnýjanlegrar orku, sjálfbærrar nýtingar auðlinda hafs og vatna og kynjajafnréttis. Áfram verður unnið að framkvæmd stefnu Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru í fyrirrúmi og áhersla er

lögð á baráttuna gegn fátækt og hungri og fyrir bættum lífsskilyrðum. Mannréttindi, þ.m.t. kynjajafnrétti og loftslagsmál, verða sem áður höfð að leiðarljósi.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2024 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna miðað við fjárlög ársins 2023. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 12.066,8 m.kr. og lækkar um því um 820,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki verður um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Skorið verður niður þvert á áætlun að undanskildum samningsbundnum framlögum og verkefnum.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar; jafnréttis-, mennta-, vatns- og salernismál á samstarfssvæðum í Malaví, Síerra Leóne og Úganda		
Byggðapróunarverkefni í Nkhotakota-héraði í Malaví (HM 4,3,6,5).	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Byggðapróunarverkefni í Buikwe- og Namayingo-héruðum í Úganda (HM 4,6,3,5).	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Verndun jarðarinnar og aukin geta samfélaga í þróunarlöndum til vaxtar á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda		
Verkefni í Síerra Leóne á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins (HM 14).	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

Fjárheimild málaflokksins lækkar um 820,5 m.kr.

- Framlög til málaflokksins hækka um 1.981 m.kr. í samræmi við markmið um að framlög Íslands taki mið af vergum þjóðartekjum sem hafa hækkað á tímabilinu. Í samræmi við áherslur og markmið í þróunarsamvinnu er gert ráð fyrir áframhaldandi starfi byggðapróunarverkefnis í nýju héraði Nkhotakota í Malaví, áframhaldandi stuðningur við héraðsverkefni í Buikwe og Namayingo í Úganda ásamt framlögum til verkefna nýs sendiráðs í Síerra Leóne eru innan ramma.
- Framlög til málaflokksins lækka um 1.276 m.kr. vegna hækkunar á áætluðum útgjöldum vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Til þess að mæta lækkun á framlögum til málefna sviðsins er ráðgert að lækka framlög verkefna innan þverlægra markmiða (mannréttinda-, jafnréttis- og loftslagsmál) í tvíhliða þróunarsamvinnu um alls 120 m.kr. Einnig verður lækkun á framlögum til alþjóðastofnana og félagasamtaka á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Loks kemur til lækkunar á framlögum til GRÓ – þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu. Ráðgerð lækkun nemur um 520 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að dregið verðir úr þátttöku í ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna um 60 m.kr. og dregið verði úr framlögum til verkefna sem tengjast bláa

hagkerfinu, umhverfis-, loftslags- og orkumála, 120 m.kr. Byggt á reynslu fyrri ára er gert ráð fyrir lækkun á lið innanlandssamstarfs um 25 m.kr.

- c. Fjárheimild til málaflokksins lækkar um 1.500 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags sem veitt var í fjárlögum fyrir árið 2023 vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Framlaginu hefur verið ráðstafað í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann og í gegnum annað fjölþjóðasamstarf, í samræmi við óskir og þarfir úkraínskra stjórnvalda á hverjum tíma. Þessi stuðningur hefur komið til viðbótar stuðningi við önnur mikilvæg alþjóðleg verkefni á sviði þróunarsamvinnu.

Viðauki – Framsetning og uppgjör ríkisfjármála

Lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, kveða meðal annars á um að framsetning ríkisfjármála og reikningsskil skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Í því fólst umtalsverð breyting frá eldri lögum nr. 88/1997, lögum um fjárreiður ríkisins, sem kváðu á um að fylgja skyldi ákvæðum laga um ársreikninga þó með veigamiklum undantekningum að því er varðaði meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum og verðbótum.

Lögin gera ráð fyrir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkisins og ríkisaðila í A1- og A2- hluta skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standard*). Þá gera lögin ráð fyrir að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkisins, sem og um A1-hluta ríkissjóðs, skuli vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics Manual*) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur umsjón með.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og er ekki að fullu lokið fyrir útgáfu á ríkisreikningi fyrir síðastliðið ár. Reikningsskil fyrir árið 2022 eru gerð á grundvelli IPSAS-staðlanna með frávikum þar sem reikningsskilaráð hefur heimilað frestun á innleiðingu í samræmi við heimildir 52. gr. laga um opinber fjármál um gerð og framsetningu reikningsskila. Áfram er unnið að því að þróa áætlanir og reikningsskil ríkisins að kröfum GFS- og IPSAS-staðlanna í samræði við Fjársýslu ríkisins og Hagstofu Íslands með það að markmiði að tryggja samræmi gagna og upplýsinga og gagnsæi um frávik milli staðlanna tveggja.

Yfirlit frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er fjárstreymisyfirlit sem sett er fram samkvæmt GFS-staðlinum með upplýsingum um meginstærðir ríkisfjármálanna. Þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum A1-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Í því yfirliti hefur verið tekið tillit til innbyrðis viðskipta og tilfærslna milli ríkisaðila innan A1-hlutans. Yfirlitið veitir góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti, svo sem á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A1-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Ríkisreikningur skal gerður upp samkvæmt IPSAS-staðlinum en þar ber jafnframt að sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskilanna við ofangreint fjárstreymisyfirlit A1-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

Í 2. gr. er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé.

Í 3. gr. frumvarpsins er birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 35 málefnasvið A1-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum A1-hlutans í rekstrarframlög, rekstrar-tilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin renna til rekstrar og fjárfestinga annarra aðila en fjárfestingarframlögin eru til eignamyndunar hjá ríkisaðilum í A1-hluta. Eignamyndunarframlagið færast í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag/frestaðar tekjur á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Í yfirlitinu er einnig sýnt hvernig fjárheimildum er mætt með fjármögnun af rekstrartekjum ríkisaðila og framlögum úr ríkissjóði. Neðst í yfirlitinu má jafnframt sjá aðlögun að GFS-staðlinum og heildarfjárheimildir samkvæmt þeim staðli.

Í 4. gr. frumvarpsins er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka á rekstrargrunni byggt á IPSAS-reikningsskilastaðlinum, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildarfjárheimild hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflokki.

Í sundurliðun 2 er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjalda með rekstrartekjum, framlagi úr ríkissjóði eða af efnahagsliðum. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um fjárveitingar til einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þeirra með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði. Er sú framsetning gerð samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við um 3. og 4. gr. frumvarpsins og sundurliðun 2.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur A1-hluta ríkissjóðs í yfirlit um tekjur A1-hluta ríkissjóðs í heild en í reikninga einstakra ríkisaðila í A1-hluta færast einungis rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að þær skatttekjur sem fram að gildistöku laga um opinber fjármála voru markaðar tilteknum stofnunum færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir að tekjustofn sé tengdur málaflokki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hverju sinni hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks. Til samræmis við þetta hefur viðkomandi lagaákvæðum um markaðar tekjur, sem áður voru færðar í bókhaldi stofnana eða fjárlagaliða, verið breytt með lögum nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.

Breytt framsetning ríkisfjármála

Hagstofa Íslands gaf út í lok árs 2020 endurskoðun á flokkun hageininga (e. sector classification) sem snýr að afmörkun hins opinbera (e. general government sector) í íslenskum þjóðhagsreikningum (Hagtiðindi, greinargerð, Flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum, 30. nóvember 2020). Með breyttri flokkun ríkisaðila samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli verða eftirleiðis sjálfstæðir lögaðilar hluti af A-hluta ríkissjóðs, þar með talin ákveðin hlutafélög í eigu ríkissjóðs. Einnig við þessa endurflokkun munu ýmsar einingar sem áður hafa heyrt til B- og C-hluta verða flokkaðar með A-hluta.

Við þá breytingu er nauðsynlegt að um A-hluta gildi mismunandi forsendur eftir eðli og tilgangi starfseminnar. Því skiptist A-hluti í þrjá hluta: Í A1-hluta er starfsemi sem fallið hefur undir ríkissjóð og er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum úr ríkissjóði, í A2-hluta er starfsemi sem samanstendur af starfsemi fyrirtækja, lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir beinni stjórn ríkisins en stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi, í A3-hluta er starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóð en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Eftir sem áður verða flokkar B- og C- áfram til og undir þá falla aðrar fullgildar hageiningar samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Tilfærsla lánastofnana í A-hluta fjárlaga kallar á aðgreiningu þeirra innan A-hluta frá annarri starfsemi með tilliti til regluverks og framsetningar í fjárlögum. Því eru þessir aðilar flokkaðir í A2-hluta. Um þessa aðila verða sérreglur frá aðilum í A1-hluta þannig að þeir eru undanþegnir skilyrðum 7. gr. við mat á markmiðum fjármálaáætlunar og fjármálastefnu þar sem fjármögnun þeirra var undanskilin þegar fjármálaeigla var sett á með lögum um opinber

fjármál. Jafnframt njóta þessir aðilar ákveðins sjálfstæðis umfram hefðbundna ríkisaðila í A1-hluta og verði undanþegnir ýmsum ákvæðum um A1-hluta, s.s. varðandi framsetningu í fjárlögum, lánareglur, framkvæmd fjárlaga o.fl., og þar giltu ákvæði líkt og gilda nú um B- og C-hluta aðila. Eftir sem áður birtast allir þessir aðilar í samstæðuyfirliti fyrir A-hluta (A1-, A2- og A3-hluta) þannig að A-hlutinn í heild verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Samstæða A-hluta kemur fram í 7. kafla þessa frumvarps.

Hér á eftir er gerð stutt grein annars vegar fyrir helstu breytingum sem felast í framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS samanborið við eldri lög og hins vegar helstu atriðunum sem valda mismun á framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS- og IPSAS-stöðlunum og hver heildarafkoma A1-hluta ríkissjóðs á árinu 2022 er áætluð samkvæmt hvorum staðli fyrir sig.

Framsetning ríkisfjármála samkvæmt GFS

Með lögum um opinber fjármál voru gerðar talsverðar breytingar varðandi framsetningu og meðferð tekna og gjalda hjá A-hluta ríkissjóðs. Fjárstreymisyfirlitið í 1. gr. fjárlaga er sem fyrr segir sett fram samkvæmt GFS-staðli en þar er lögð áhersla á að gefa heildarmynd af tekjum, gjöldum og efnahagshreyfingum hjá ríkissjóði (A1-hluta) gagnvart öðrum aðilum hagkerfisins og auðvelda mat á áhrifum opinberrar fjármálastefnu á hagkerfið. Yfirlitið felur í sér veigamiklar breytingar samanborið við framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt eldri lögum en í aðalatriðum eru þær eftirfarandi:

- a. **rekstrartekjur ríkisstofnana** eru innifaldar meðal tekna í stað þess að koma til frádráttar á gjaldahlið samkvæmt eldri framsetningu. Rekstrartekjurnar eru þó lækkaðar sem nemur innbyrðis viðskiptum milli ríkisstofnana í A-hluta en það var ekki gert í eldri framsetningu;
- b. **afskriftir skattkrafna** koma til lækkunar á viðeigandi sköttum í stað þess að teljast meðal gjalda áður;
- c. **tekjur af fjármagnstekjuskatti** eru lækkaðar sem nemur eigin greiðslum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti en hann færðist áður meðal gjalda;
- d. **verðbætur af innlendum bankainnstæðum, verðtryggðum innlendum veittum og teknum lánnum** færast um rekstrarreikning meðal vaxtatekna og vaxtagjalda. Hins vegar færast allur gengismunur af gengisbundnum bankainnstæðum, veittum og teknum lánnum um endurmatsreikning yfir á efnahag. Samkvæmt fyrri uppgjörsaðferðum voru allar verðbætur færðar utan rekstrarreiknings, þ.e. um endurmatsreikning yfir á efnahag. Áhrif þessa á rekstrarafkomu ríkissjóðs geta verið umtalsverð einkum við verðbólguaðstæður;
- e. **meðferð á breytingu lífeyrisskuldbindinga innan ársins** breytist nokkuð með tilliti til þess hvað færast um rekstrarreikning eða um endurmat yfir á efnahagsreikning. Þessi breyting á reikningskilaaðferð hefur ekki áhrif á stöðu lífeyrisskuldbindinga í árslok. Samkvæmt GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingu um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum, svo sem vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri færast um endurmat yfir á efnahag. Samkvæmt eldri uppgjörsaðferðum voru breytingar á lífeyrisskuldbindingum, sem mátti rekja til launabreytinga ársins, færðar um endurmatsreikning á efnahag en aðrar breytingar færðar um rekstrarreikning;
- f. **endurgreiðslur á virðisaukaskatti til opinberra aðila utan A-hluta**, eins og sveitarfélaga, færast ekki til lækkunar á virðisaukaskatti heldur sem tilfærslur til

viðkomandi aðila á gjaldahlið.

- g. **varanlegir rekstrarfjármunir** teljast meðal eigna og afskrifast í samræmi við líftíma sinn. Í þessu felst að kaup og sala slíkra eigna færast ekki um rekstrarreikning eins og í fyrri reikningsskilum;
- h. **hlutdeildaraðferð er beitt við mat á eignarhluta ríkissjóðs í félögum og stofnunum.** Er það töluverð breyting frá fyrri uppgjörsaðferðum sem almennt breyttu ekki eignamati á slíkum fyrirtækjum í efnahagsreikningi ríkissjóðs nema þegar hætt var við ofmati á virði eignarhlutar eða við sérstakar aðstæður.

Helstu frávik á framsetningu ríkisfjármála samkvæmt GFS- og IPSAS-staðli

Báðum stöðlunum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni en áherslur þeirra eru ólíkar. Í aðalatriðum sýna niðurstöður samkvæmt stöðlunum tveimur, GFS og IPSAS, sömu niðurstöður í efnahagsreikningi á hreinni eign í árslok. Hins vegar er í ákveðnum tilvikum mismunandi færslumeðferð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat á efnahagsreikningi. Ræðst það einkum af ólíkum markmiðum staðlanna þar sem GFS-staðlinum er ætlað að draga fram efnahagsleg áhrif viðkomandi einingar á hagkerfið á meðan IPSAS-staðallinn miðast við að sýna fjárhagslega afkomu og stöðu viðkomandi rekstraraðila. Frávik á milli staðlanna eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- a. allur gengismunur færist um endurmatsreikning yfir á efnahag samkvæmt GFS-staðli en samkvæmt IPSAS-staðli færist hann um rekstrarreikning;
- b. IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum ársins færist um rekstrarreikning, svo sem vegna áhrifa af ávinnslu nýrra réttinda á árinu, launabreytinga og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Færslumeðferð samkvæmt GFS-staðli er lýst undir lið e) hér að framan en stærstu frávikin eru þau að þar eru áhrif launabreytinga á skuldbindingarnar færðar um endurmatsreikning yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga í efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama samkvæmt stöðlunum báðum;
- c. samkvæmt báðum stöðlunum er gerð krafa um eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum. Eignamat á öllum eignum, skuldum og varanlegum rekstrarfjármunum ríkissjóðs, þar með talið mannvirkjum á borð við vegakerfið, er umfangsmikið verkefni sem unnið er að en er ekki lokið að fullu. Innleiðing fyrrgreindra staðla fela í sér breytingar á framsetningu og innihaldi efnahagsreikninga hjá einstökum ríkisaðilum og þá sérstaklega er varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna. Í stað þess að þessir fjármunir gjaldfærast við kaup eru þeir eignfærðir eins og vikið var að hér á undan. Það felur í sér að á móti eignfærslunni færast eignamyndunarframlag í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag. Yfir líftíma eignarinnar er hún síðan afskrifuð árlega og á móti þeirri gjaldfærslu er jafnan tekjufærður sambærilegur hluti af eignarmyndunarframlaginu. Í árlegum reikningsskilum fyrir þessar eignir er því lögð áhersla á að jafna saman gjöldum og tekjum í rekstrarreikningi og eignum og skuldum í efnahagsreikningi yfir líftíma viðkomandi eignar;
- d. samkvæmt IPSAS-staðli eru afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna gjaldfærðar og hafa þannig áhrif á heildarafkomu en samkvæmt GFS-staðlinum eru afskriftir færðar til gjalda á meðal rekstrarútgjalda en til lækkunar á fastafjárútgjöldum í sama mæli. Samkvæmt GFS-staðlinum hafa afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna þannig ekki áhrif á heildarafkomu;

- e. IPSAS-staðallinn gerir ráð fyrir því að fjárfesting fari aðeins um efnahagsreikning en GFS-staðallinn gerir auk þess ráð fyrir gjaldfærslu. Þannig hafa fjárfestingar áhrif á heildarafkomu samkvæmt GFS-staðlinum en ekki samkvæmt IPSAS-staðlinum;
- f. samkvæmt GFS-staðlinum er sala fastafjármuna dregin frá fjárfestingu ársins á gjaldahlið;
- g. samkvæmt IPSAS staðli er afskrift óinnheimtra skattkrafna og annarra tekna færð sem útgjöld. Samkvæmt GFS staðli er hún færð til lækkunar á viðkomandi tekjum. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu óháð því hvorum staðlinum er fylgt;
- h. samkvæmt IPSAS-staðli er endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila færð til lækkunar á tekjum af virðisaukaskatti. Samkvæmt GFS-staðli er slík endurgreiðsla færð sem gjöld. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu óháð því hvorum staðlinum er fylgt;
- i. báðir staðlarnir gera almennt ráð fyrir að hlutdeildaraðferð sé beitt við mat á eignarhlutum í félagum og stofnunum. Niðurstöðutölur í árslok í efnahagsreikningi eru hinar sömu en frávik er á milli þess hvernig staðlarnir fara með breytingar ársins með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða endurmatsreikning yfir á efnahag. IPSAS-staðallinn gerir kröfu um að öll breytingin færist um rekstrarreikning. GFS-staðallinn gerir hins vegar ráð fyrir að sá hluti breytingarinnar, sem rekja má til viðskipta ársins, færist um rekstrarreikning á meðan aðrar breytingar svo sem matsbreytingar færist um endurmatsreikning yfir á efnahag.

Samanburður á afkomu ríkissjóðs skv. GFS og IPSAS

Meðfylgjandi yfirlit sýnir yfirfærslu tekna og gjalda frá GFS yfir í IPSAS framsetningu og áætlaðan heildarjöfnuð A1-hluta ríkissjóðs á hvorum staðli fyrir sig. Eins og sjá má er munur á áætlaðri afkomu á milli þessara tveggja staðla. Vakin er athygli á því að í þessari samantekt er ekki lagt mat á möguleg áhrif hlutdeildar í afkomu annarra hlutdeildarfélaga sem kunna að hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðu ársins samkvæmt IPSAS staðlinum til hækkunar eða lækkunar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2024
Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	1.348.532
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.367.780
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-19.248
Fastafjárútgjöld	27.046
Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.394.826
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-46.294
Aðlaganir á tekjuhlð	-34.740
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	24.680
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-16.900
Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS ³	-42.520
Aðlaganir á gjaldahlð	83.165
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu ⁴	14.494
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	24.680
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-16.900
Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar	60.051
Sala fastafjármuna ⁵	750
Aðlögun vegna tapaðra krafna	90
Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli	1.313.791
Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli	1.477.990
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu	-14.494
Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli	-75.420
Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli ⁶	26.512
Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli	1.414.589
Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli	-100.797

¹ Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

² Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

³ Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningskilum nemi 42.520 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

⁴ Í samstæðureikningi og í fjárstreymisýfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

⁵ Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

⁶ Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

Töfluviðauki

	Bls.
1. Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta).....	370
2. Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta).....	372
3. Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta).....	373
4. Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir hagrænni skiptingu.....	374
5. Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefнасviðum.....	375
6. Eignir og skuldir ríkissjóðs (A1-hluta).....	376
7. Samanburður á afkomu ríkissjóðs (A1-hluta) skv. GFS og IPSAS.....	377
8. Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta.....	378
9. Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta.....	379
10. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild.....	380
11. Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar.....	381
12. Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir.....	382

Tafla 1	Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)				
	Reikn. 2021	Reikn. 2022 ³	Fjárlög 2023	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Þjóðhagsgrunnur ¹ , m.kr.					
Heildartekjur	898.198	1.122.451	1.147.926	1.259.919	1.348.532
Skatttekjur	701.496	874.406	896.422	991.359	1.059.651
Skattar á tekjur og hagnað	295.626	400.070	387.800	446.400	456.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9.160	9.981	11.113	11.058	12.077
Eignarskattar	9.825	14.035	10.554	15.254	16.512
Skattar á vöru og þjónustu	369.512	430.222	465.837	495.954	550.180
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	4.122	5.982	5.027	6.477	6.778
Aðrir skattar	13.251	14.116	16.091	16.216	17.503
Tryggingagjöld	97.414	115.564	128.424	132.373	141.215
Fjárframlög	7.967	1.937	7.106	6.534	7.124
Aðrar tekjur	91.321	130.544	115.974	129.653	140.542
Eignatekjur	34.384	76.767	68.489	86.228	94.340
þ.a. vaxtatekjur	8.186	22.976	25.424	36.009	36.278
þ.a. arðgreiðslur	16.082	44.510	33.167	39.267	45.230
Sala á vöru og þjónustu	43.125	41.315	41.236	37.094	40.318
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	13.812	12.463	6.249	6.331	5.884
Heildargjöld	1.139.257	1.211.163	1.267.506	1.301.036	1.394.826
Rekstrarútgjöld	1.110.054	1.182.937	1.241.442	1.276.350	1.367.780
Laun	242.657	255.094	283.923	281.988	310.847
Kaup á vöru og þjónustu	176.762	186.907	205.030	212.987	225.639
Afskriftir	56.179	62.305	59.489	65.037	68.224
Vaxtagjöld ²	62.474	118.412	94.677	124.077	110.693
Framleiðslustyrkir	50.538	60.593	62.896	64.296	70.255
Fjárframlög	430.774	409.525	438.227	434.505	473.765
Félagslegar tilfærslur til heimila	24.755	25.285	27.304	25.214	29.359
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	65.915	64.815	69.895	68.246	78.998
Fastafjárútgjöld	29.203	28.227	26.064	24.686	27.046
Fjárfesting í efnislegum eignum	85.382	90.532	85.553	89.723	95.270
Afskriftir (-)	-56.179	-62.305	-59.489	-65.037	-68.224
Frumjöfnuður	-186.771	6.724	-50.327	46.950	28.121
Vaxtajöfnuður	-54.288	-95.436	-69.253	-88.068	-74.415
Heildarjöfnuður	-241.059	-88.712	-119.579	-41.118	-46.294

¹ Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breyttri framsetningu.

² Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 18 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2024.

³ Ríkisreikningur 2022 sem aðlagður hefur verið að hagskýrslustaðli GFS sbr. séryfirlit 2 í ríkisreikningi. Afskriftir fastafjármuna eru samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofu Íslands til þess að viðhalda samanburðarhæfni við eldri hagtolur og áætlun fjárlaga, en afskriftir hafa ekki áhrif á heildarafkomu samkvæmt hagskýrslustaðli GFS.

Tafla 1 - framhald

Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

	Reikn. 2021	Reikn. 2022 ³	Fjárlög 2023	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Þjóðhagsgrunnur ¹ , % af VLF					
Frumtekjur	27,4	29,0	28,4	29,2	29,0
Frumgjöld	33,1	28,8	29,7	28,1	28,4
Frumjöfnuður	-5,7	0,2	-1,3	1,1	0,6
Vaxtatekjur	0,3	0,6	0,6	0,9	0,8
Vaxtagjöld ²	1,9	3,1	2,4	3,0	2,4
Vaxtajöfnuður	-1,7	-2,5	-1,8	-2,1	-1,6
Heildartekjur	27,6	29,6	29,0	30,1	29,8
Heildargjöld	35,0	31,9	32,0	31,1	30,8
Heildarjöfnuður	-7,4	-2,3	-3,0	-1,0	-1,0

¹ Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breyttri framsetningu.

² Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 18 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2024.

³ Ríkisreikningur 2022 sem aðlagður hefur verið að hagskýrslustaðli GFS sbr. séryfirlit 2 í ríkisreikningi. Afskriftir fastafjármuna eru samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofu Íslands til þess að viðhalda samamburðarhæfni við eldri hagtolur og áætlun fjárlaga, en afskriftir hafa ekki áhrif á heildarafkomu samkvæmt hagskýrslustaðli GFS.

Tafla 2

Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Greiðslugrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
<i>Rekstrarhreyfingar</i>			
Innheimta	1.106.314	1.213.650	1.297.435,7
Skatttekjur	893.310	987.577	1.057.156,8
Tryggingagjöld	123.865	130.490	139.346,0
Fjárframlög	7.106	6.534	7.124,2
Fjármunatekjur	25.259	35.676	35.974,3
Aðrar tekjur	56.773	53.373	57.834,4
Greiðslur	1.182.068	1.187.759	1.307.060,3
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	611.203	623.964	675.019,4
Rekstrartilfærslur	487.111	476.670	520.390,7
Fjármagnstilfærslur	37.598	37.598	52.904,4
Fjármagnskostnaður	46.157	49.527	58.745,8
Handbært fé frá rekstri	-75.755	25.892	-9.624,6
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Fjárfesting	-66.616	-71.016	-72.308,1
Sala eigna	75.800	800	48.300,0
Veitt löng lán	-29.528	-28.850	-29.750,0
Innheimtar afborganir af veittum lánum	7.053	4.246	6.085,0
Mótttekinn arður	33.167	39.267	45.230,3
Fyrirframgreiðsla til LSR	-8.000	-8.000	-8.000,0
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-1.412	-1.412	-1.606,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	10.464	-64.965	-12.048,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-65.291	-39.073	-21.673,4
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Tekin langtímalán	155.342	213.375	107.112,0
Afborganir af teknum lánum	-96.563	-145.556	-146.400,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	58.779	67.819	-39.288,0
Breyting á handbæru fé	-6.512	28.745	-60.961,4

Tafla 3

Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2023	Áætlun 2023	Frumvarp 2024	br. frá fjárl. m.kr.	br. frá fjárl. %
Skatttekjur	896.422	991.359	1.059.651	163.228	18,2
Skattar á tekjur og hagnað	387.800	446.400	456.600	68.800	17,7
Tekjuskattur, einstaklingar	238.600	257.700	277.200	38.600	16,2
Tekjuskattur, lögaðilar	105.000	124.500	120.000	15.000	14,3
Sérstakur fjársýsluskattur	3.300	5.300	5.800	2.500	75,8
Fjármagnstekjuskattur	40.900	58.900	53.600	12.700	31,1
Skattar á launagr. og vinnuafll	11.113	11.058	12.077	964	8,7
Fjársýsluskattur	3.630	3.680	3.770	140	3,9
Aðrir skattar á launagreiðslur og vinnuafll	7.483	7.378	8.307	824	11,0
Eignarskattar	10.554	15.254	16.512	5.958	56,5
Erfðafjárskattur	8.800	13.500	14.500	5.700	64,8
Aðrir eignarskattar	1.754	1.754	2.012	258	14,7
Skattar á vöru og þjónustu	465.837	495.954	550.180	84.343	18,1
Virðisaukaskattur	351.000	373.500	416.400	65.400	18,6
Stimpilgjöld	6.190	6.140	6.450	260	4,2
Vörugjöld af ökutækjum	8.400	14.800	8.850	450	5,4
Vörugjöld af bensini	9.940	10.700	10.900	960	9,7
Kolefnisgjald	7.600	7.560	14.030	6.430	84,6
Olúugjald	14.840	15.100	15.500	660	4,4
Áfengisgjald	25.240	25.630	26.590	1.350	5,3
Tóbaksgjald	5.575	5.100	5.100	-475	-8,5
Aðrir umhverfisskattar	9.952	9.952	10.527	575	5,8
Önnur vörugjöld	2.235	2.223	2.339	105	4,7
Sértækir þjónustuskattar	8.892	8.892	13.666	4.775	53,7
Kílómetragjald	1.630	1.700	1.800	170	10,4
Bifreiðagjald	10.515	10.500	12.250	1.735	16,5
Aðrir neyslu og leyfisskattar	3.829	4.158	5.778	1.948	50,9
Tollar og aðflutningsgjöld	5.027	6.477	6.778	1.751	34,8
Aðrir skattar	16.091	16.216	17.503	1.412	8,8
Bankaskattur	5.800	5.900	6.500	700	12,1
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	3.130	3.120	3.340	210	6,7
Útvarpsgjald	5.775	5.810	6.210	435	7,5
Ýmsir aðrir skattar	1.386	1.386	1.453	67	4,9
Tryggingagjöld	128.424	132.373	141.215	12.791	10,0
Fjárframlög	7.106	6.534	7.124	18	0,3
Aðrar tekjur	115.974	129.653	140.542	24.568	21,2
Eignatekjur	68.489	86.228	94.340	25.850	37,7
Vaxtatekjur	25.424	36.009	36.278	10.854	42,7
Arður og hluti af tekjum ríkisfyrirtækja	33.167	39.267	45.230	12.064	36,4
Veiðigjald	9.776	10.336	12.207	2.431	24,9
Aðrar eignatekjur	122	616	624	502	412,1
Sala á vöru og þjónustu	41.236	37.094	40.318	-918	-2,2
Sektir og skaðabætur	3.217	3.561	3.657	440	13,7
Fjármagnstilfærslur	1.812	1.588	1.759	-53	-2,9
Ýmsar tekjur	1.220	1.182	469	-751	-61,6
Heildartekjur ríkissjóðs	1.147.926	1.259.919	1.348.532	200.605	17,5
þ.a. skatttekjur og tryggingagjöld	1.024.846	1.123.732	1.200.866	176.019	17,2
Sjóðshreyfing	1.139.480	1.252.917	1.342.666	203.186	17,8

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir hagrænni skiptingu¹

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikn. 2021	Reikn. 2022	Fjárlög 2023	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Rekstrarframlög	611.097	692.129	648.694	702.656	723.781
Laun og launatengd gjöld	255.964	278.754	304.279	302.687	332.870
Lífeyrisskuldbindingar ²	79.142	126.412	61.102	107.495	79.978
Afskriftir skattkrafna ²	21.922	5.579	22.370	22.370	24.680
Önnur gjöld	254.069	281.384	260.943	270.104	286.253
Fjármagnskostnaður	35.083	103.543	79.696	106.097	92.239
Rekstrartilfærslur	481.207	466.150	502.174	490.780	536.123
Lífeyristryggingar	139.275	152.648	171.883	161.503	182.022
Atvinnuleysistryggingasjóður	77.720	34.858	28.627	26.377	34.938
Sjúkratryggingar	51.893	54.616	59.798	63.368	68.505
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	31.553	33.810	39.983	39.983	43.346
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	21.273	26.906	28.302	28.302	31.763
Fæðingarorlof	20.253	22.542	24.864	24.864	23.903
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	15.037	17.284	17.282	17.282	18.234
Barnabætur	14.673	15.317	14.565	14.075	16.000
Húsnæðisbætur	7.037	7.239	9.553	8.653	9.053
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	4.845	5.568	6.481	6.481	7.133
Aðrar rekstrartilfærslur	97.649	95.363	100.836	99.892	101.226
Fjármagnstilfærslur	34.502	32.536	37.598	37.598	53.449
Rannsóknir og nýsköpun	21.535	24.098	27.621	27.646	27.385
Stofnframlög vegna félagslegra íbúða	3.729	1.301	1.736	1.736	7.436
Ofanflóðasjóður	2.703	2.390	2.501	2.501	3.201
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.640	1.624	1.955	2.850	2.305
Hafnabótasjóður	1.336	1.872	1.540	1.540	1.644
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	911	199	579	579	379
Aðrar fjármagnstilfærslur	2.649	1.052	1.666	746	11.099
Fjárfestingarframlög³	62.379	63.611	66.706	71.106	72.398
Vegagerðin	37.036	32.687	24.030	24.330	27.128
Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans	5.025	9.668	13.400	18.400	23.931
Öldrunarstofnanir, almennt	1.259	977	5.658	4.658	500
Framkvæmdir á Alþingisreit	976	749	1.206	1.206	568
Höfuðstöðvar viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu ...	-	256	419	419	1.381
Önnur fjárfestingarframlög	18.083	19.274	21.994	22.094	18.890
Samtals heildargjöld	1.224.267	1.357.969	1.334.867	1.408.236	1.477.990
Samtals frumgjöld	1.189.184	1.254.426	1.255.171	1.302.139	1.385.751

¹ Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

² Innleiðing IPSAS reikningskilastaðals í ríkisreikningi fyrir árið 2017 leiðir til breyttrar meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna. Í ríkisreikningi 2021 og 2022 voru afskriftir skattkrafna færðar sem önnur gjöld en sem rekstrartilfærslur í fjárlögum. Frá og með fjárlögum 2023 er framsetning samræmd.

³ Fjárfestingarframlög eru ekki gjaldfærð í ríkisreikningi heldur verða þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma viðkomandi eignar.

Tafla 5

Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum¹

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikn. ²	Reikn. ²	Fjárlög	Áætlun	Frumvarp ³
	2021	2022	2023	2023	2024
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.591	6.590	7.169	7.202	6.674
02 Dómsstólar	3.408	3.690	3.839	3.923	4.038
03 Æðsta stjórnarsýsla	2.698	2.803	2.855	2.937	2.719
04 Utanríkismál	13.125	15.713	16.786	17.020	15.733
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	35.221	39.213	27.256	27.897	29.896
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	4.287	3.988	3.323	3.498	3.463
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	26.063	28.919	34.892	35.787	31.506
08 Sveitarfélög og byggðamál	23.443	28.956	30.369	30.369	33.594
09 Almanna- og réttaröryggi	39.642	41.203	38.860	42.762	41.128
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	18.782	23.507	20.046	27.635	26.250
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	58.268	57.290	52.418	54.068	56.340
12 Landbúnaður	20.604	22.151	21.379	22.027	22.961
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.036	7.468	6.866	7.058	7.728
14 Ferðajónusta	5.562	2.575	2.377	2.394	2.148
15 Orkumál	5.110	6.969	8.461	8.487	14.651
16 Markaðsefirlit og neytendamál	3.031	3.198	3.549	3.573	3.866
17 Umhverfismál	26.180	30.034	29.892	30.463	30.827
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	18.397	22.450	20.993	21.569	21.216
19 Fjölmíðlun	5.144	5.561	6.282	6.285	6.950
20 Framhaldsskólastig	39.381	41.461	42.141	44.611	44.752
21 Háskólastig	55.900	61.264	60.196	61.928	65.193
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála	5.252	5.179	5.493	5.588	5.579
23 Sjúkrahúsþjónusta	132.928	150.258	143.477	156.468	164.752
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	75.788	77.182	78.541	79.110	87.204
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	60.775	65.121	77.119	79.630	79.398
26 Lyf og lækningavörur	33.370	35.404	36.514	39.914	41.298
27 Örorra og málefni fatlaðs fólks	81.485	89.974	100.539	97.172	107.073
28 Málefni aldraðra	92.091	99.663	115.017	108.027	122.445
29 Fjölskyldumál	49.002	55.213	58.314	60.739	62.914
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	100.971	49.225	38.460	36.855	44.195
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	17.198	14.834	18.861	17.387	25.023
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	15.001	14.808	11.298	11.650	11.858
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	114.264	230.002	140.908	213.702	172.327
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	21.922	5.579	57.487	27.615	70.226
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	7.349	10.528	12.887	12.887	12.067
Samtals	1.224.267	1.357.969	1.334.867	1.408.236	1.477.990

¹ Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

² Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

³ Framsetning ríkisreiknings 2022 tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Tafla 6

Eignir og skuldir ríkissjóðs (A1-hluta)

Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	2020	2021	2022	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Skuldir ríkissjóðs	1.244.558	1.461.867	1.598.112	1.701.437	1.698.991
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskírteini	844.799	873.320	1.005.161	1.067.973	1.095.687
Aðrir innlendir aðilar	133.670	223.102	250.493	264.172	271.754
Erlend lán	245.858	344.100	314.508	341.507	298.595
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	20.231	21.345	27.950	27.784	32.956
Kröfur ríkissjóðs	172.220	135.670	179.259	207.467	223.539
Veitt lán	61.593	62.167	87.583	119.699	151.264
Viðskiptareikningur, nettó	110.627	73.503	91.676	87.768	72.276
Hreinar lántökur ríkissjóðs	1.072.338	1.326.197	1.418.853	1.493.970	1.475.452
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða	214.152	304.564	228.195	247.050	185.800
Handbært fé, annað, nettó	134.615	56.468	83.428	80.000	80.000
Hrein staða ríkissjóðs	-723.571	-965.165	-1.107.230	-1.166.920	-1.209.652
Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög	906.811	852.311	777.311	777.923	731.229
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	183.240	-112.854	-329.919	-388.997	-478.423
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	875.560	1.079.490	1.258.539	1.346.603	1.400.235
<i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>					
Skuldir ríkissjóðs	42,6	45,0	42,1	40,6	37,5
Kröfur ríkissjóðs	5,9	4,2	4,7	5,0	4,9
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	6,3	-3,5	-8,7	-9,3	-10,6
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	30,0	33,2	33,1	32,1	30,9

Tafla 7 Samanburður á afkomu ríkissjóðs (A1-hluta) skv. GFS og IPSAS

	Frumvarp 2024
Rekstrargrunnur, m.kr.	
Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	1.348.532
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.367.780
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-19.248
Fastafjárútgjöld	27.046
Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.394.826
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-46.294
Aðlaganir á tekjuhlöð	-34.740
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	24.680
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-16.900
Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS ³	-42.520
Aðlaganir á gjaldahlöð	83.165
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu ⁴	14.494
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	24.680
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-16.900
Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar	60.051
Sala fastafjármuna ⁵	750
Aðlögun vegna tapaðra krafna	90
Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli	1.313.791
Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli	1.477.990
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu	-14.494
Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli	-75.420
Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli ⁶	26.512
Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli	1.414.589
Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli	-100.797

¹ Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

² Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

³ Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningsskilum nemi 42.520 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

⁴ Í samstæðureikningi og í fjárstreymisýfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagareinum 3 og 4 í frumvarpinu.

⁵ Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

⁶ Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

Tafla 8 Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2023	Frumvarp 2024	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	24.191	25.780	1.589
Rekstrargjöld	16.429	18.433	2.005
Fjármunatekjur	97.438	76.433	-21.004
Fjármagnsgjöld	108.070	84.465	-23.605
Framlög í afskriftasjóð	11.798	10.375	-1.423
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-14.668	-11.061	3.606
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.651	1.704	53
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	110	110	0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	726	792	67
Hagnaður (-tap)	-13.632	-10.040	3.592
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-13.632	-10.040	3.592
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	28.067	2.053	-26.014
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	47	740	694
Handbært fé frá rekstri	14.481	-7.247	-21.728
Veitt löng lán	30.142	37.962	7.820
Afborganir af veittum löngum lánnum	42.683	39.814	-2.869
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	1.005	-996	-2.000
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	0	300	300
Annað inn	11.181	51.720	40.539
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	24.727	52.877	28.150
Tekin löng lán	18.200	23.000	4.800
Afborganir af teknum löngum lánnum	95.124	82.888	-12.235
Stofnframlög	0	0	0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað út	10.760	13.691	2.931
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-87.684	-73.579	14.104
Breyting á handbæru fé	-48.475	-27.949	20.527
Handbært fé í ársbyrjun	64.625	16.149	-48.475
Handbært fé í árslok	16.149	-11.799	-27.949

Tafla 9 Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2023	Frumvarp 2024	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	21.616	22.299	683
Rekstrargjöld	35.032	40.674	5.642
Fjármagnsjöfnuður	-7.701	-8.110	-410
Afskriftir	1.325	1.397	71
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-22.442	-27.882	-5.440
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	21.775	26.684	4.909
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	1.814	1.950	136
Tekjuskattur	206	217	11
Hagnaður (-tap)	940	535	-406
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	559	885	326
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	1.978	1.702	-276
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.117	-246	870
Handbært fé frá rekstri	1.421	2.342	921
Veitt löng lán	36	39	3
Afborganir af veittum löngum lánum	555	592	37
Veitt stutt lán	237	256	19
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-3.998	-4.210	-212
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	-252	-272	-20
Annað	-7.664	-15.591	-7.927
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-11.631	-19.776	-8.144
Tekin löng lán	2.634	6.371	3.737
Afborganir af teknum löngum lánum	1.559	1.305	-254
Stofnframlög	500	0	-500
Arðgreiðsla í ríkissjóð	0	0	0
Annað	7.044	11.398	4.353
Fjármögnunarhreyfingar samtals	8.620	16.464	7.844
Breyting á handbæru fé	-1.591	-970	621
Handbært fé í ársbyrjun	9.485	7.894	-1.591
Handbært fé í árslok	7.894	6.924	-970

Tafla 10

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild¹

	Reikn. 2021	Reikn. 2022 ³	Áætlun 2023	Frumvarp 2024
Þjóðhagsgrunnur ² , m.kr.				
Heildartekjur	949.722	1.197.087	1.359.854	1.431.101
Skatttekjur	701.496	874.406	991.359	1.059.651
Skattar á tekjur og hagnað	295.626	400.070	446.400	456.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafli	9.160	9.981	11.058	12.077
Eignarskattar	9.825	14.035	15.254	16.512
Skattar á vöru og þjónustu	369.512	430.222	495.954	550.180
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	4.122	5.982	6.477	6.778
Aðrir skattar	13.251	14.116	16.216	17.503
Tryggingagjöld	97.414	115.564	132.373	141.215
Fjárframlög	7.484	1.937	6.534	7.124
Aðrar tekjur	143.328	205.180	229.588	223.111
Eignatekjur	80.631	148.255	147.246	136.029
þ.a. vaxtatekjur	54.433	94.464	97.027	77.968
þ.a. arðgreiðslur	16.082	44.510	39.267	45.230
Sala á vöru og þjónustu	45.683	41.315	57.497	61.750
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	17.014	15.611	24.844	25.332
Heildargjöld	1.195.843	1.294.091	1.413.663	1.486.901
Rekstrarútgjöld	1.164.639	1.265.865	1.385.283	1.456.037
Laun	244.809	255.094	296.441	325.785
Kaup á vöru og þjónustu	177.720	186.907	230.138	242.394
Afskriftir	56.179	62.305	65.037	68.224
Vaxtagjöld ⁴	117.535	201.097	203.429	168.526
Framleiðslustyrkir	51.049	60.836	65.172	71.072
Fjárframlög	430.345	409.525	433.005	472.014
Félagslegar tilfærslur til heimila	24.755	25.285	25.214	29.359
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	62.247	64.815	66.849	78.664
Fastafjárútgjöld	31.204	28.227	28.380	30.864
Fjárfesting í efnislegum eignum	87.383	90.532	93.417	99.088
Afskriftir (-)	-56.179	-62.305	-65.037	-68.224
Frumjöfnuður	-183.019	9.629	52.592	34.758
Vaxtajöfnuður	-63.102	-106.633	-106.401	-90.558
Heildarjöfnuður	-246.121	-97.004	-53.810	-55.800

¹ Skv. endurskoðaðri flokkun á starfsemi hins opinbera á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals (GFS), sbr. nánari umfjöllun í kafla 6 í fjárlagafrumvarpi 2024.

² Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breyttri framsetningu.

³ Ríkisreikningur 2022 sem aðlagður hefur verið að hagsskýrslustaðli GFS sbr. séryfirlit 2 í ríkisreikningi. Afskriftir fastafjármuna eru samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofu Íslands, en afskriftir hafa ekki áhrif á heildarafkomu. Áætlun um rekstur aðila í A2- og A3-hluta ríkissjóðs eru skv. bráðabirgðauppgjöri Hagstofu Íslands frá því í mars.

⁴ Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 18 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2024.

Tafla 11 Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar

	Fjárlög 2023 ¹	Endurmat 2023 ²	Fjárlög 2024 ²
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	1,7	2,3	2,2
Samneysla	0,9	2,0	2,0
Fjárfesting	1,8	2,3	3,4
Þjóðarútgjöld alls	1,6	2,5	2,4
Útflutningur vöru og þjónustu	3,7	8,3	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	3,2	5,1	2,8
Verg landsframleiðsla	1,8	4,0	2,6
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-2,3	-1,1	-1,6
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Visitala neysluverðs	5,6	8,7	4,9
Laun	5,5	8,9	5,6
Gengisvisitala	-0,6	3,9	0,1
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	3,9	3,7	4,0

¹ Þjóðhagsspá í nóvember 2022.

² Uppfærð þjóðhagsspá í júní 2023 með stöðu ríkisfjármála.

Tafla 12 Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir

	Fjárlög 2023 ¹	Endurmat 2023 ²	Fjárlög 2024 ²
Helstu þjóðhagsstærðir, ma. kr.			
Einkaneysla	2.076,7	2.189,1	2.354,8
Samneysla	1.037,3	1.068,7	1.170,1
Fjárfesting	895,2	966,0	1.043,5
Þjóðarútgjöld alls	4.010,0	4.229,2	4.568,8
Útflutningur vöru og þjónustu	1.771,2	1.949,1	2.068,6
Innflutningur vöru og þjónustu	1.826,5	1.988,8	2.108,5
Verg landsframleiðsla	3.954,8	4.189,5	4.528,9
Viðskiptajöfnuður	-91,0	-46,1	-72,5

¹ Þjóðhagsspá í nóvember 2022.

² Uppfærð þjóðhagsspá í júní 2023 með stöðu ríkisfjármála.

